

Fjallabyggð fyrir Héðinsfjarðargöng

Samgöngur, samfélag og byggðaþróun

Ritstjórar

Þóroddur Bjarnason og Kolbeinn H. Stefánsson



Háskólinn
á Akureyri

Bókin er gefin út með styrk frá Rannsóknasjóði Vegagerðarinnar

Öll réttindi áskilin

© Höfundar 2010

Umbrot: Sveinn Arnarsson

Prentun: Ásprent

Hönnun Kápu: Völundur Jónsson

Afritun og dreifing án endurgjalds er heimil.

Rafræn útgáfa bókarinnar: www.byggdathroun.is

ISBN: 978-9979-834-87-8

Efnisyfirlit

<i>Samgöngubætur og byggðapróun á norðanverðum Tröllaskaga</i>	4
Þóroddur Bjarnason og Kolbeinn Stefánsson	

I. HLUTI: SAMGÖNGUR

<i>Umferð á norðanverðum Tröllaskaga: Erindi og áfangastaðir vegfarenda</i>	16
Jón Þorvaldur Heiðarsson, Kjartan Ólafsson, Sveinn Arnarsson og Þóroddur Bjarnason	
<i>Umferðarspá fyrir Héðinsfjarðargöng</i>	30
Jón Þorvaldur Heiðarsson	
<i>Ferðamenn í Fjallabyggð sumarið 2009</i>	38
Edward Huijbens	

II. HLUTI: BÚSETA OG BÚSETUÞRÓUN

<i>Búsetuþróun í Fjallabyggð 1929–2009</i>	50
Þóroddur Bjarnason, Kjartan Ólafsson og Kolbeinn H. Stefánsson	
<i>Föst búseta og hlutabúseta í Fjallabyggð</i>	58
Kjartan Ólafsson og Þóroddur Bjarnason	
<i>Búsetufyrirætlanir íbúa Fjallabyggðar</i>	65
Þóroddur Bjarnason	

III. HLUTI: EFNAHAGSLÍF Í FJALLABYGGÐ

<i>Atvinnulíf og samgöngur í Fjallabyggð</i>	72
Kolbeinn H. Stefánsson	
<i>Áhrif samgöngubóta á fasteignamarkað sérstaklega afskekktar byggðarlaga</i>	82
Vífill Karlsson	
<i>Viðhald samfélags? Hlutverk frístundahúsaeigenda í samfélögum á jaðarsvæðum</i>	93
Edward H. Huijbens	
<i>Áhrif hagsveiflna á atvinnustig afskekktar landsvæða á Íslandi</i>	106
Vífill Karlsson	

IV. HLUTI: STJÓRNSÝSLA OG OPINBER ÞJÓNUSTA

<i>Sveitarfélagið Fjallabyggð og Héðinsfjarðargöng</i>	116
Grétar Þór Eypórsson	
<i>Starfsemi ríkis og sveitarfélags í Fjallabyggð</i>	125
Grétar Þór Eypórsson, Arnbjörg Pétursdóttir og Martha Elena Laxdal	
<i>Heilbrigðisþjónusta í Fjallabyggð</i>	133
Sonja Stelly Gústafsdóttir, Sigríður Halldórsdóttir og Kristjana Fenger	
<i>Skólamál í Fjallabyggð</i>	147
Grétar Þór Eypórsson	

V. HLUTI: SAMFÉLÖGIN Í FJALLABYGGÐ

<i>Félagslegur auður Fjallabyggðar</i>	152
Kolbeinn H. Stefánsson og Sveinn Arnarsson	
<i>Kynferði og samgöngubætur</i>	161
Þóra Kristín Þórsdóttir og Kjartan Ólafsson	
<i>Nokkur orð um mikilvægi þess að fá að sofa heima hjá sér</i>	170
Björn Þorláksson	

Samgöngubætur og byggðapróun á norðanverðum Tröllaskaga

Þóroddur Bjarnason
Kolbeinn H. Stefánsson

Inngangur

Árið 2006 var hafist handa við gerð jarðganga milli Ólafsfjarðar og Siglufjarðar um Héðinsfjörð. Í mati á væntanlegum samfélagsáhrifum Héðinsfjarðarganga voru færð fyrir því rök að göngin muni styrkja Eyjafjarðarsvæðið sem vaxtarsvæði og sem mótvægi gagnvart höfuðborgarsvæðinu (Hjalti Jóhannesson, Kjartan Ólafsson, og Grétar Þór Eypórsson, 2001). Með göngunum verði einnig til samfelld atvinnusvæði sem nái frá Akureyri til Siglufjarðar og hafi ríflega 20 þúsund íbúa. Það geti meðal annars leitt til fjölbreyttari starfa og minna atvinnuleysis, hærri launa, lægra vöruverðs og fjölbreyttari verslunar og þjónustu, auk þess sem margvísleg ný tækifæri skapist í ferðaþjónustu á Norðurlandi. Árið 2006 sameinuðust Ólafsfjörður og Siglufjörður jafnframt í sveitarfélaginu Fjallabyggð en opnun ganganna var forsenda þess að sú sameining hefði veruleg áhrif í raun (Grétar Þór Eypórsson, 2010a). Til lengri tíma titið er gert ráð fyrir því að göngin muni hafa margvísleg áhrif á samfélag, menningu og lífsstíl á norðanverðum Tröllaskaga.

Ólafsfjörður og Siglufjörður hafa um langt skeið þurft að glíma við hnignun í frumframleiðslu og umtalsverða fólksfækkun sem dregið hefur úr lífsgæðum á svæðinu. Vonast er til að með göngunum verði þessari þróun snúið við og er það ein meginröksemin fyrir þeirri umtalsverðu fjárfestingu sem í þeim felst. Hér er því á ferðinni einstakt tækifæri til þess að meta árangur af slíkum stórförum í þágu byggðarlaga sem eiga undir högg að sækja. Rannsóknarverkefninu *Samgöngubætur og byggðapróun: Félagsleg, efnahagsleg og menningarleg áhrif Héðinsfjarðarganga á mannlíf á norðanverðum Tröllaskaga* er ætlað að leggja heildstætt mat á stöðu Fjallabyggðar og þær breytingar sem vænta má á samgöngumynstri, búsetuþróun, efnahagslífi, opinberri þjónustu og félagslegum auði í kjölfar opunar ganganna. Jafnframt er verkefninu ætlað að styrkja fræðilegan grundvöll fyrir mat á samfélagslegum áhrifum jarðgangagerðar á landinu almennt.

Rannsóknin hófst haustið 2008 og er áætlað að það standi til ársloka 2012. Það er unnið með tilstyrk Rannsóknasjóðs Vegagerðarinnar sem veitti styrk til framkvæmdar þess árin 2009 og 2010. Tólf kennarar og sérfræðingar við Háskólann á Akureyri hafa tekið virkan þátt í framkvæmdinni. Þóroddur Bjarnason, prófessor í félagsfræði, átti frumkvæði að rannsókninni og hefur stýrt henni frá upphafi. Edward Huijbens, dósent í landfræði og forstöðumaður Rannsóknamiðstöðar ferðamála, sinnti þeim þáttum sem snúa að ferðaþjónustu og frístundabyggð á norðanverðum Tröllaskaga. Grétar Þór Eypórsson, prófessor í stjórnmálafræði, hefur haft með höndum þá þætti sem snúa að sveitarstjórnarmálum og skipulagi sveitarfélagsins. Jón Þorvaldur Heiðarsson, lektor í hagfræði, og Hjalti Jóhannesson landfræðingur hafa lagt áherslu á þá þætti sem snúa að umferðarmynstri á norðanverðum Tröllaskaga. Kjartan Ólafsson, lektor í félagsfræði, hefur einkum sinnt lýðfræðilegum og aðferðafræðilegum þáttum verkefnisins. Kolbeinn Stefánsson hefur sinnt öllum þáttum verkefnisins og ritstjórn þessarar bókar en jafnframt lagt sérstaka áherslu á félagslegan auð í Fjallabyggð. Sonja Stelly Gústafsdóttir hefur ásamt Sigríði Halldórsdóttur og Kristjönu Fenger lagt mat á stöðu heilbrigðismála Fjallabyggðar. Vífill Karlsson, lektor í hagfræði, hefur rannsakað sérstaklega efnahagslíf og fasteignamarkað Fjallabyggðar. Loks hefur Þóra Kristín Þórsdóttir, aðjúnt í aðferðafræði, einkum beint sjónum sínum að stöðu kvenna og ungs fólks í Fjallabyggð.

Auk ofantalins starfsfólks Háskólans á Akureyri hafa 36 nemendur skólans fram til þessa tekið þátt í verkefninu á mismunandi stigum þess. Án þeirra vinnu hefði þetta verkefni aldeil orðið að veruleika og verður þeim seint fullþakkað. Haustið 2008 tóku Atli Hafþórsson, Dagmar

Markúsdóttir, Ellen J. Sæmundsdóttir, Erla Jóhannesdóttir, Fjóla D. Gunnarsdóttir, Guðfinna Árnadóttir, Ingibjörg E. Björnsdóttir, Ingibjörg Jónsdóttir, Kristbjörg A. Eiðsdóttir, Sigríður E. Rafnsdóttir, Sveinn Arnarsson og Þuríður Pétursdóttir þátt í undirbúningi verkefnisins í tengslum við nám sitt við Háskólann á Akureyri. Með þeirri vinnu var grunnur lagður að umsókn um styrk til Rannsóknasjóðs Vegagerðarinnar. Sumarið 2009 unnu Fjóla D. Gunnarsdóttir, Sveinn Arnarsson og Ingibjörg Hjartardóttir sem starfsmenn verkefnisins en Anna L. Ásgeirsdóttir, Bjarni Þóroddsson, Björn Þorláksson, Friðgeir Sverrisson, Hjálmar S. Brynjólfsson, Hjördís Guðmundsdóttir, Raket Þorleifsdóttir, Sif Sigurðardóttir, Steinn Kristjánsson, Valgerður Þóroddsdóttir og Þórdís E. Rögnvaldsdóttir tóku einnig þátt í umferðar- og ferðamannakönnunum það sumar. Haustið 2009 var spurningakönnun lögð fyrir alla íbúa í Fjallabyggð og umferðarkönnun var endurtekin í nóvember. Það haust unnu Ásta A. Pétursdóttir, Bergur M. Bragason, Elísabet Þ. Jónsdóttir, Elvy G. Hreinsdóttir, Erla Jóhannesdóttir, Gunnar Ómarsson, Helgi J. Helgason, Hjördís Guðmundsdóttir, Martha E. Laxdal, Ragna S. Pétursdóttir, Sigríður E. Rafnsdóttir, Sigrún Á. Sigurðardóttir, Silvia L. Izaguirre, Sveinn Arnarsson og Unnur Ó. Unnsteinsdóttir við þessa gagnasöfnun í tengslum við nám sitt við Háskólann á Akureyri. Sumarið 2010 unnu Björn Þorláksson, Sveinn Arnarsson og Valgerður Þóroddsdóttir að ýmsum þáttum verkefnisins og haustið 2010 unnu loks Björn Þorláksson og Sveinn Arnarsson að útgáfu þessarar bókar og undirbúningi gagnasöfnunar meðal brottfluttra íbúa Fjallabyggðar. Sveinn Arnarsson hafði umsjón með umbroti þessarar bókar en prófarkarlestur önnuðust Björn Þorláksson og Finnur Friðriksson, lektor við HA.

Búsetuþróun

Á undangengnum áratugum hafa búferlaflutningar á Íslandi einkennst af fólksflutningum frá landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins, en talsvert hefur þó dregið úr þeim á síðustu árum. Náttúruleg fólksfjölgun vegur víðast hvar upp á móti fjölda brottfluttra umfram aðflutta og því hefur íbúum landsbyggðarinnar fjölgað jafnt og þétt frá upphafi 20. aldar til þessa dags. Einstakir staðir á landsbyggðinni hafa þó glímt við umtalsverða fólksfækkun og er þar einkum um að ræða sveitarfélög í strjálbýli og byggðakjarna með innan við 500 íbúa (Þóroddur Bjarnason, 2007).

Þegar búsetuþróun á norðanverðum Tröllaskaga er skoðuð yfir lengri tíma er ljóst að þrátt fyrir erfiðar samgöngur á landi fjölgaði íbúum á norðanverðum skaganum hratt á fyrri hluta tuttugustu aldar og var það fyrst og fremst vegna nálægðar við gjöful fiskimið. Mannfjöldi á Siglufirði náði hámarki árið 1948 þegar ríflega þrjú þúsund manns voru þar með skráða búsetu en mun fleiri kunna að hafa haft þar tímabundna búsetu á þeim tíma (Þóroddur Bjarnason o.fl., 2010). Að Ólafsfirði meðtöldum voru um fjögur þúsund skráðir íbúar á norðanverðum Tröllaskaga árið 1948. Ólafsfirðingum fjölgaði nokkuð fram eftir 20. öldinni en á svæðinu öllu fækkaði fólki og voru íbúarnir ríflega tvö þúsund samanlagt árið 2009 og hafði þá fækkað um helming á sextú árum. Margir samverkandi þættir koma þar við sögu en breytingar í sjávarútvegi og sívaxandi mikilvægi samgangna á landi hafa þar gegnt lykilhlutverki. Jafnframt því að vera í umtalsverðri fjarlægð frá stærri þjónustukjörnum voru þessi byggðarlög á norðanverðum Tröllaskaga einnig einangruð hvort frá öðru og njóta því lítils stuðnings af nábylinu.

Það er einnig fróðlegt að setja búsetuþróun í Fjallabyggð á síðustu árum í samhengi við búsetuþróun á öðrum stöðum á Íslandi á sama tíma. Af þeim 19 byggðakjörnum utan suðvesturhornsins sem töldu meira en 1000 íbúa árið 1998 hafði fólki fjölgað um meira en 1% á ári fram til 2008 í sjö byggðakjörnum, fækkað um meira en 1% í tveimur byggðakjörnum og nánast staðið í stað (breyting innan við $\pm 1\%$ á ári) í 9 byggðakjörnum (Hagstofa Íslands, 2009a). Í þessu sambandi skera Ólafsfjörður og Siglufjörður sig úr sem þeir tveir meðalstóru byggðakjarnar þar sem fólksfækkun hefur orðið mest á undangengnum árum (Þóroddur

ÞÓRODDUR BJARNASON OG KOLBEINN H. STEFÁNSSON

Bjarnason o.fl., 2010). Á Siglufirði bjuggu 1632 einstaklingar 1. desember 1998 en 1282 þann 1. desember 2008 og hafði fólki því fækkað um 20% eða 2% á ári að meðaltali (Hagstofa Íslands, 2009a). Á Ólafsfirði bjuggu 1098 einstaklingar 1. desember 1998 en 847 þann 1. desember 2008 og hafði fólki því fækkað um 22% eða 2,2% á ári að meðaltali.

Árið 2006 voru Ólafsfjörður og Siglufjörður sameinaðir í sveitarfélagið Fjallabyggð með 2261 íbúa. Á fyrstu þremur árunum eftir sameininguna fækkaði íbúum í hinu sameinaða sveitarfélagi um 195 eða um tæp 3% á ári að meðaltali. Því er ljóst að fólksfækkun á norðanverðum Tröllaskaga er umtalsverð og heldur svo fram sem horfir má búast við því að íbúafjöldi hins sameinaða sveitarfélags verði tæplega 1600 að tíu árum liðnum, eða svipaður og á Siglufirði fyrir tíu árum (Þóroddur Bjarnason o.fl., 2010). Slíkur framreikningur mannfjöldans kann þó að vera varasamur og bíða þarf allmörg ár áður en hægt yrði að meta áhrif Héðinsfjarðarganga á mannfjöldapróun af nokkurri vissu. Engu að síður bendir könnun meðal íbúa Fjallabyggðar haustið 2009 til þess að margir íbúar sveitarfélagsins hugsi sér til hreyfings, einkum ungar konur (Þóroddur Bjarnason, 2010). Ólafsfirðingar horfa helst til Akureyrar um framtíðarúsetu en Siglufirðingar til Reykjavíkur.

Þess ber einnig að geta að tölur Hagstofu Íslands kunna að gefa nokkuð skekkt mynd af íbúafjölda einstakra byggðakjarna. Ekki hefur verið gert manntal á Íslandi síðan 1981 og því byggja tölur um mannfjölda í einstökum byggðakjörnum á lögheimili samkvæmt íbúaskrá. Ýmsar ástæður geta þó verið fyrir því að fólk sem flytur búferlum vegna náms eða vinnu kjósi að halda lögheimili sínu óbreyttu eða hirði ekki um að breyta því. Af þeim sökum er líklegt að allmargir þeirra sem hafa lögheimili í Fjallabyggð séu búsettir annars staðar og aðrir sem búsettir eru þar hafi lögheimili annars staðar. Með bættem samgöngum kann að fjölga í þessum hópi. Engar rannsóknir hafa fram til þessa verið gerðar á áreiðanleika skráningar Hagstofunnar að þessu leyti en manntal sem gert var í tengslum við þetta verkefni haustið 2009 bendir til þess að fjöldi íbúa með heilsársbúsetu í Fjallabyggð sé talsvert ofmetinn í gögnum Hagstofunnar (Kjartan Ólafsson og Þóroddur Bjarnason, 2010).

Þá eru engar áreiðanlegar upplýsingar fyrir hendi um hlutabúsetu á Íslandi. Svo virðist sem allnokkur hluti þjóðarinnar búi til lengri eða skemmri tíma á fleiri en einum stað þótt aðeins sé unnt að skrá eitt lögheimili, líkt og gildir í hinum Norðurlöndunum (Müller, 2007). Til viðbótar við þá sem hafa heilsársbúsetu í Fjallabyggð er því óþekktur fjöldi sem dvelst þar reglulega og kemur ekki fram í gögnum Hagstofunnar. Á Siglufirði er allt að fjórðungur alls íbúðarhúsnæðis nýttur sem frístundahúsnæði (Huijbens, 2010b). Að stórum hluta er hér um að ræða fólk sem á uppruna sinn að rekja til byggðarlagsins en um ákveðinn hóp gildir að eignarhald á húsnæði eru einu tengsl hans við Siglufjörð. Með kaupum á frístundahúsnæði hafa eigendur þess áhrif á fasteignaverð og koma með fjármuni inn í samfélagið þótt þeir greiði þar ekki útsvar.

Samkvæmt tölum frá Fasteignamati ríkisins (2009) hækkaði fasteignamat atvinnuhúsnæðis um 71% á Ólafsfirði og um 76% á Siglufirði á tímabilinu 1996 til 2006. Á sama tíma hækkaði fasteignamat íbúðarhúsnæðis á Ólafsfirði um 80% en aðeins um 48% á Siglufirði. Byggingavísitala á landinu öllu hækkaði um 60% á þessu tímabili. Ekki er fyllilega ljóst hvernig þessi þróun tengist efnahagslegum breytingum á þessum stöðum, en vera kann að misjöfn fólksfækkun og hlutabúseta vegna betri samgangna milli Ólafsfjarðar og þéttbýlis í Eyjafirði skýri hana að hluta. Fasteignaverð kann að hækka í samræmi við styrkingu efnahagslífs í Fjallabyggð, jafnframt því sem aukin hluta- og frístundabúseta kann að leiða til hækkandi fasteignaverðs eftir opnun Héðinsfjarðarganga. Rannsókn Vífils Karlssonar (2010a) á áhrifum samgöngubóta á fasteignamarkað afskekktara byggða bendir þó til þess að áhrifin verði fremur þau að velta aukist á fasteignamarkaði en að fasteignaverð hækki mikið frá því sem nú er.

Samgöngumynstur

Samfélögin yst á Tröllaskaga hafa um langan aldur verið fremur einangruð og hefur það sett sitt mark á þau. Vinnumarkaður hefur t.a.m. verið afmarkaður og þannig hafa áföll í atvinnulífi oft haft mikil áhrif á búsetu í slíkum byggðarlögum, eins og saga síldveiða á Siglufirði sýnir. Þá er þjónusta í minna mæli sótt út fyrir byggðarlögin og stofnanir hlutfallslega öflugri en í sambærilegum samfélögum sem búa við minni einangrun.

Með Héðinsfjarðargöngunum verður þessi einangrun að hluta til rofin og samfélögin verða hluti af stærri heild Eyjafjarðarsvæðisins. Héðinsfjarðargöngin munu að öllum líkindum hafa í för með sér gjörbreytingu á samgöngumynstri á norðanverðum Tröllaskaga (Jón Þorvaldur Heiðarsson, 2010; Jón Þorvaldur Heiðarsson o.fl., 2010). Þessar breytingar munu annars vegar eiga við um almenna umferð utanaðkomandi fólks sem leggur leið sína um svæðið til skemmtiferða, í viðskiptaerindum eða af persónulegum ástæðum. Hins vegar munu göngin hafa margvísleg og hugsanlega ófyrirséð áhrif á ferðavenjur íbúa svæðisins. Í mati á samfélagsáhrifum ganganna var því spáð að umferðin gæti sex- til sjöfaldast (Hjalti Jóhannesson, Kjartan Ólafsson og Grétar Þór Eypórsson, 2001) en nýrri umferðarspá bendir til þess að hún gæti jafnvel tífaldast (Jón Þorvaldur Heiðarsson, 2010).

Búast má við því að íbúar beggja byggðakjarna leiti í vaxandi mæli á milli þeirra eftir margvíslegri þjónustu, jafnframt því sem atvinnusókn á milli byggðakjarnanna verður mjög auðveld (Kolbeinn H. Stefánsson, 2010). Þegar fram líða stundir má jafnframt búast við blöndun búsetu og auknum fjölskyldu- og vinatengslum um göngin. Til viðbótar við aukin tengsl á milli byggðakjarnanna tveggja má búast við því að tengsl Siglufjarðar við Eyjafjarðarsvæðið aukist og að tengsl Ólafsfjarðar við Skagafjarðarsvæðið aukist einnig nokkuð. Þá munu greiðari samgöngur og möguleikar á hringakstri um Tröllaskaga að líkindum auka straum ferðamanna um svæðið umtalsvert (Edward Huijbens, 2010a).

Atvinnulíf

Atvinna á Siglufirði og Ólafsfirði hefur að talsverðu leyti byggst upp á sjávarútvegi, en slíkum störfum hefur farið fækkandi undanfarin ár vegna aukinnar vinnslu á fiski um borð í togurum og tilfærslu á kvóta. Iðnaður og þjónustustörf hafa líka skapað atvinnu á þessu svæði og þar hefur verið aukning í ferðaþjónustu. Nokkurt atvinnuleysi hefur verið á Ólafsfirði og Siglufirði en atvinnuástand hefur þó farið batnandi á allra síðustu árum (Vinnumálastofnun, 2009). Á tímabilinu 2000–5 voru að jafnaði 45 einstaklingar skráðir atvinnulausir á svæðinu en 2006–8 voru þeir að jafnaði 21. Vinna við gerð Héðinsfjarðarganga kann að skýra þessa breytingu að nokkru. Allnokkrar árstíðarbundnar sveiflur eru í atvinnuleysi á þessu svæði en 2000–8 voru að jafnaði 23 skráðir atvinnulausir í júlí en 53 í janúar ár hvert. Það er þó fremur fátítt að íbúar Fjallabyggðar vinni daglega utan sinnar heimabyggðar (Kolbeinn H. Stefánsson, 2010).

Þjónusta og verslun á Ólafsfirði og Siglufirði er nokkuð fjölbreytt miðað við stærð þessara byggðakjarna. Það á sérstaklega við um Siglufjörð þar sem er að finna margvíslegar sérvöruverslanir sem hafa þrífist í skjóli erfiðra samgangna. Með Héðinsfjarðargöngum tvöfaldast það svæði sem einstakar verslanir og þjónustufyrirtæki geta sinnt en um leið mun samkeppni aukast til mikilla muna. Þannig má til dæmis teljast ólíklegt að fimm hárgreiðslustofur, þrjú bifreiðaverkstæði og þrjár byggingarvöruverslanir muni dafna til frambúðar í ríflega tvö þúsund manna byggðarlagi. Til viðbótar við innbyrðis samkeppni fyrirtækja í hinu sameinaða sveitarfélagi eru líkur á því að samkeppni við þjónustu á Akureyri muni aukast. Því kann fyrirtækjum af þessu tagi að fækka jafnframt því sem vöruverð kann að lækka. Grundvöllur þeirra fyrirtækja sem eftir standa kann jafnframt að verða sterkari. Ekki er ljóst hvernig þessari þróun vindur fram né hver útkoman verður í hvorum þéttbýliskjarna fyrir sig.

ÞÓRODDUR BJARNASON OG KOLBEINN H. STEFÁNSSON

Talsverðar vonir eru bundnar við að efling ferðaþjónustu vegi upp á móti ofangreindri þróun (Edward Huijbens, 2010). Uppbygging ferðaþjónustu á jaðarsvæðum hefur verið töluvert skoðuð og hvað þarf til að árangur náist. Með opnun nýrra leiða skapast möguleikar til þjónustu nýsköpunar og nýrrar sóknar í markaðssetningu svæðisins, sem og möguleikar fyrir ný fyrirtæki að spretta upp og fyrir þau sem þegar eru í þjónustu að nýta betur fjárfestingar sínar (Edward Huijbens, 2008, 2010; Hjalager o.fl., 2008; Edward Huijbens og Ögmundur Knútsson, 2007). Með Héðinsfjarðargöngum verður aðgengileg hringleið ferðamanna um norðanverðan Tröllaskaga með áhugaverðum söfnum, hrikalegri náttúru, sögustöðum og sjávarbyggðum. Ólafsfjörður og Siglufjörður bjóða nú þegar upp á margvíslega möguleika í ferðaþjónustu. Stór hluti þeirrar verslunar og þjónustu sem ferðamenn nýta sér er sú sama og íbúar samfélagsins nýta sér og má þar nefna dagvöruverslun, sundstaði og veitingahús. Áhrif bættra samgangna á ferðaþjónustu eru því samtvinnuð áhrifum þeirra á efnahagslíf samfélagsins almennt.

Héðinsfjarðargöngin kunna að skapa ýmis ný atvinnutækifæri í Fjallabyggð, ekki síst vegna nýrra tækifæra í ferðaþjónustu og betri rekstrargrundvallar starfandi fyrirtækja í slíkri þjónustu. Íbúar sveitarfélagsins eru jafnframt bjartsýnir á að göngin muni hafa jákvæð áhrif á vinnumarkaðinn og á það sérstaklega við um ungar konur (Kolbeinn H. Stefánsson, 2010). Þá auka göngin möguleika íbúa Fjallabyggðar til að sækja vinnu í önnur sveitarfélög og getur það styrkt stöðir samfélagsins með því að íbúar flytji síður á brott vegna tímabundins atvinnuleysis. Slík þróun er hins vegar háð ytra efnahagslegu samhengi og það er ekki ljóst hvaða áhrif sú efnahagskreppa sem reið yfir Ísland haustið 2008 mun hafa á atvinnuástand í Fjallabyggð til lengri tíma lítið. Efnahagslegur samdráttur á landsvísi getur raunar haft jákvæð áhrif á atvinnustig í afskekktum byggðarlögum sem byggja að verulegu leyti á frumframleiðslu (Vífill Karlsson, 2010b). Þegar kreppan er gengin yfir má hins vegar vera að Héðinsfjarðargöngin verði til þess að Fjallabyggð njóti hagvaxtar á landsvísi í meira mæli en fyrr auk þess sem þau kunna að auðvelda svæðinu að takast á við þær þrengingar sem nú ganga yfir.

Opinber þjónusta

Áhrif Héðinsfjarðarganga á opinbera þjónustu kunna að verða tvíþent. Samlegðaráhrif og hagræðing í rekstri ríkis og sveitarfélaga eru helstu rökin fyrir sameiningu sveitarfélaga. Í sameinuðum sveitarfélögum þar sem samgöngur eru auðveldar hefur margvísleg opinber þjónusta því færst frá smærri byggðakjörnum til þeirra stærri. Á hinn bóginn bjóða samlegðaráhrif vegna samgöngubóta upp á möguleika á fjölþættari og öflugri þjónustu við íbúa svæðisins og geta þannig aukið lífsgæði þeirra umtalsvert. Í hinu sameinaða sveitarfélagi Fjallabyggðar er nánast alla þjónustu ríkis og sveitarfélags að finna tvítekna í byggðakjörnunum tveimur og nánast óhjákvæmilegt að slík þjónusta verði tekin til gagngerrar endurskoðunar í kjölfar opunar ganganna. Framvinda þess pólitíska ferlis mun verða afar áhugaverð, ekki síst hvað varðar þátttöku íbúanna og áhrif þeirra á hina endanlegu niðurstöðu.

Við sameiningu Siglufjarðar og Ólafsfjarðar í sveitarfélagið Fjallabyggð hefur verið leitast við að dreifa stjórnsýslu sveitarfélagsins sem jafnast milli byggðakjarnanna tveggja og frá upphafi var gert ráð fyrir að fjölskyldumálefni yrðu þungamiðja stjórnsýslunnar (Hjalti Jóhannesson og Trausti Þorsteinsson, 2006). Í aðdraganda sameiningar sveitarfélaga árið 2005 var unnin úttekt á mögulegum áhrifum sameiningar sveitarfélaga við Eyjafjörð í eitt. Þar kom m.a. fram að vænta mætti sparnaðar af sameiningu Siglufjarðar við hin sveitarfélögin þar sem Siglufjörður hafði lítið getað sparað með samvinnu við önnur sveitarfélög vegna einangrunar sinnar (Grétar Þór Eyþórsson, Jón Þorvaldur Heiðarsson og Hjalti Jóhannesson, 2004). Ýmsir þættir stjórnsýslunnar eru raunar tvíteknir á stöðunum tveimur en líklegt má telja að breyting verði á því eftir að Héðinsfjarðargöngin hafa verið opnuð (Grétar Þór Eyþórsson, Arnbjörg Pétursdóttir og Martha Elena Laxdal, 2010).

Rekstur leik- og grunnskóla er stór hluti útgjalda sveitarfélaga og hagræðing í skólamállum er því nánast óhjákvæmilegur fylgifiskur sameiningar sveitarfélaga (Grétar Þór Eyþórsson, 2010b). Á Ólafsfirði eru starfsmenn grunnskólans 31 en 38 á Siglufirði. Þá starfa 15 manns við leikskólann á Ólafsfirði en 13 á Siglufirði. Alls eru starfsmenn leik- og grunnskóla því nærri hundrað talsins en heildarfjöldi nemenda í þessum skólum er um fjögur hundruð. Með sameiningu grunnskólanna á Ólafsfirði og Siglufirði kann starfsfólki að fækka en þjónusta að aukast en ekki liggur fyrir að sú leið verði farin. Nú þegar hefur verið tekin ákvörðun um að samkenna eldri bekkjum beggja byggðakjarna á Siglufirði. Þá er ljóst að auðveldara verður að sinna sérfræðipjónustu við skólana og samstarf við nágrennasveitarfélög í Eyjafirði gæti aukist.

Bætt heilbrigðisþjónusta og tryggara aðgengi að slíkri þjónustu allan ársins hring eru meðal mikilvægustu áhrifa samgöngubóta á landsbyggðinni (Sonja Stelly Gústafsdóttir, Sigríður Halldórsdóttir og Kristjana Fenger, 2010). Með Héðinsfjarðargöngum skapast möguleikar á hagræðingu, eflingu og meiri sérhæfingu þeirrar þjónustu sem þegar er í boði á Ólafsfirði og Siglufirði, jafnframt því sem auðveldara verður að sækja fjölbreyttari heilbrigðisþjónustu til Akureyrar. Könnun meðal íbúa Fjallabyggðar haustið 2009 leiddi í ljós að þeir eru almennt fremur ánægðir með þá heilbrigðisþjónustu sem þeim stendur til boða (Sonja Stelly Gústafsdóttir, Sigríður Halldórsdóttir og Kristjana Fenger, 2010).

Hugmyndir eru uppi um að sameina heilbrigðisstofnanir á Norðurlandi í því skyni að hagræða í rekstri og efla þjónustu. Framtíð heilbrigðisstofnana í Fjallabyggð og skipulag heilbrigðisþjónustu á norðanverðum Tröllaskaga er því nokkuð óljós. Á sjúkrasviði Heilbrigðisstofnunar Siglufjarðar starfa 35–40 hjúkrunarfræðingar, læknar, sjúkraliðar og annað starfsfólk en á öldrunargangi starfa að jafnaði fimm starfsmenn. Á sjúkrasviði er veitt alhliða hjúkrun og læknishjálp. Þar er fæðingarherbergi og aðstaða sængurkvenna auk aðgerðarstofu fyrir smærri aðgerðir. Á Ólafsfirði er heilsugæslustöð þar sem 7 starfsmenn sinna almennri heilsugæsluþjónustu. Þar er einnig dvalar- og hjúkrunarheimili með sjö starfsmenn að jafnaði. Með tilkomu Héðinsfjarðarganga má búast við hagræðingu í rekstri þessara stofnana, ekki síst í ljósi hugmynda um sameiningu heilbrigðisstofnana á Norðurlandi í eina stofnun.

Héðinsfjarðargöngin munu hafa margvísleg áhrif á velferðarþjónustu á borð við stuðning við barnafjölskyldur, börn og unglinga, fatlaða og eldri borgara. Slík þjónusta er í edli sínu staðbundin og því ólíklegt að bættar samgöngur við Akureyrarsvæðið muni hafa mikil áhrif á hana. Hins vegar er nánast óhjákvæmilegt að hagrætt verði í slíkri þjónustu innan Fjallabyggðar með tilkomu ganganna. Með opnun Héðinsfjarðarganga skapast jafnframt forsendur fyrir umtalsverðri hagræðingu í starfsemi lögreglu og slökkviliðs á norðanverðum Tröllaskaga. Þá eru björgunarsveitir starfræktar í báðum byggðakjörnum og líklegt má teljast að samvinna milli þeirra aukist til hagsbóta fyrir öryggi íbúanna og ferðamanna á norðanverðum Tröllaskaga. Ekki er líklegt að þörf sé á fjölbreyttari þjónustu á þeim sviðum og því má vænta þess að fyrst og fremst verði um sparnað að ræða. Engu að síður er ástæða til þess að fylgjast með breytingum sem verða á umfangi og kostnaði við slíka þjónustu, sem og viðhorfum íbúanna til öryggis síns.

Félagslegur auður

Styrkur og eiginleikar félagslegra tengsla milli einstaklinga hafa mikil áhrif á eiginleika tiltekins samfélags (Coleman, 1988; Durkheim, [1897] 1951). Þróun vestrænna samfélaga í átt að auknum vinnutíma fólks, einstaklingsmiðaðri neysluhyggju og stöðugt meiri kröfum til efnislegra gæða hefur leitt til þess að einstaklingar einangrast og fjarlægjast hver annan. Samfélög verða þannig sundurlausari og grefur undan samkennd og félagslegur auður samfélaga verður minni. Þetta hefur einkum einkennt samfélög í borgum og stærri bæjafélögum (Sennett, [1971] 1996).

ÞÓRODDUR BJARNASON OG KOLBEINN H. STEFÁNSSON

Stöðug samskipti milli einstaklinga í tilteknu félagslegu rými skapa grundvöll fyrir sterkum félagslegum gildum og viðmiðum, trausti og gagnkvæmum stuðningi af því tagi sem nefnt hefur verið 'félagslegur auður' (Coleman, 1988; Putnam, 2000). Félagslegur auður af þessu tagi hefur umtalsverð jákvæð áhrif á heilsu og líðan fólks, efnahagslega og félagslega velferð, og afstöðu fólks til lífsins og heimabyggðar sinnar (Elín Aradóttir og Kjartan Ólafsson, 2004b). Íslenskar sjávarbyggðir hafa löngum einkennst af nánum og oft flóknum innbyrðis tengslum íbúanna. Um leið hafa margir djúpar rætur í sínum heimabæ og bera til hans sterkar tilfinningar. Því má gera ráð fyrir því að félagslegur auður sé víða umtalsverður í slíkum byggðarlögum en það hefur þó ekki verið rannsakað fram til þessa. Fjallabyggð virðist hins vegar vera rík af félagslegum auði og það gerir samfélagið vel í stakk búíð til að nýta sér þau tækifæri sem felast í hinu sameinaða sveitarfélagi og Héðinsfjarðargöngunum (Kolbeinn H. Stefánsson og Sveinn Arnarsson, 2010).

Þátttaka í frjálsum félagasamtökum og sjálfbodaliðastarfi er mikilvæg uppspretta félagslegs auðs í samfélaginu (Putnam, 2000). Í slíku starfi hittist fólk reglulega utan daglegs amsturs heimilis og atvinnu og vinnur saman að sameiginlegum markmiðum. Á Ólafsfirði og Siglufirði er fjölbreytt flóra frjálsra félagasamtaka, t.d. á sviði almennra félagsmála, slysavarna, líknarmála, kjaramála, söngstarfs, leiklistar og margvíslegra íþróttá á borð við knattspyrnu, frjálsar íþróttir, skíði, golf, skotfimi og hestamennsku. Jafnframt er margbreytilegt menningarlíf á báðum stöðum og haldnar eru árvissar tónlistar- og menningarhátíðir með virkri þátttöku bæjarbúa. Hátt hlutfall íbúa beggja staða er í Þjóðkirkjunni, eða 95% á Ólafsfirði og 88% á Siglufirði samanborið við 79% á landsvísu árið 2008 (Hagstofa Íslands, 2009b).

Þótt sameiginleg gildi og viðmið, gagnkvæmur stuðningur og traust séu að mörgu leyti eftirsóknarverð geta slík samþætt samfélög einnig útilokað ákveðna hópa íbúa frá þátttöku í samfélaginu, t.d. á grundvelli uppruna, skoðana eða hegðunar sem ekki samræmist sterkum kröfum samfélagsins. Víða á Vesturlöndum kvarta til dæmis ungar stúlkur í fámennum byggðarlögum undan sterku félagslegu taumhaldi, stöðugu eftirliti og miskunnarlausri útskúfun þeirra sem ekki uppfylla væntingar samfélagsins (Kjartan Ólafsson og Ingólfur V. Gíslason, 2006; Stockdale, 2002). Ekki virðist þó vera mikill munur á þéttbýli og dreifbýli á Íslandi hvað varðar viðhorf unglinga til jafnréttismála (Þóroddur Bjarnason og Andrea S. Hjálmsdóttir, 2008).

Brottlutningur ungra kvenna er eitt helsta einkenni fámennra samfélaga á Vesturlöndum (Berglund, Johansson og Molina, 2005) og í íslenskum sveitum og sjávarbyggðum eru stúlkur líklegri en drengir til að hyggjast flytja á brott (Seyfrit, Þóroddur Bjarnason og Kjartan Ólafsson, 2009; Þóroddur Bjarnason og Þóroldur Þórlindsson, 2006; Þóroddur Bjarnason, 2009). Í Fjallabyggð er talsverður skortur á ungum konum (Þóroddur Bjarnason, Kjartan Ólafsson og Kolbeinn H. Stefánsson, 2010) og stór hluti þeirra ungu kvenna sem þar búa hefur áhuga á því að flytja á brott. Að hluta til skýrist þetta af því að einhæfum og illa launuðum kvennastörfum. Á Íslandi endurspeglast þetta í því að óútskýrður launamunur kvenna á höfuðborgarsvæðinu er tæp 10% en tæp 30% á landsbyggðinni (Einar Mar Þórðarson o.fl., 2008). Þá hefur verið á það bent að sá félagslegi auður sem felst í samhjálpi og stuðningi í fámennum samfélögum byggist að verulegu leyti á ólaunaðri vinnu kvenna (Dahlström, 1996). Þannig sé ætlast til þess að konur í fullri vinnu sinni jafnframt margvíslegum umönnunarstörfum við börn, aldraða og sjúka sem sinnt sé af launuðu fagfólki í þéttbýlinu. Staða kvenna í íslenskum sjávarbyggðum hefur nokkuð verið skoðuð á undanförunum árum (sjá Linda Rafnsdóttir, 2004) en staða kvenna í Fjallabyggð hefur þó ekki verið skoðuð. Niðurstöður rannsókna gefa eftir sem áður tilefni til þess að ætla að tvöfalt fjölmennara byggðarlag og greiðari aðgangur að þéttbýli í Eyjafirði muni styrkja stöðu kvenna á þessu svæði (Þóra Kristín Þórsdóttir og Kjartan Ólafsson, 2010).

Líkt og á Íslandi í heild hefur hlutfall erlendra ríkisborgara vaxið hratt á norðanverðum Tröllaskaga. Árið 1998 voru 1.3% íbúa Siglufjarðar og 2.2% af íbúum Ólafsfjarðar erlendir ríkisborgarar. Árið 2008 var þetta hlutfall tæplega 7% í hinu sameinaða sveitarfélagi samanborið

við tæp 8% á landinu í heild (Hagstofa Íslands, 2009c). Árið 2006 voru 38 erlendir ríkisborgarar á Siglufirði en 4 á Ólafsfirði samkvæmt gögnum Hagstofu Íslands. Árið 2008 voru þeir hins vegar samtals 132, þar af 121 frá Austur-Evrópu; flestir frá Tékklandi, Slóvakíu og Póllandi. Verkamenn við Héðinsfjarðargöngin eru væntanlega stór hluti þessa hóps en tiltölulega lítið er vitað um stöðu þeirra erlendu ríkisborgara sem sest hafa að til frambúðar í Fjallabyggð. Hins vegar vekur það nokkra athygli að þótt íbúar Fjallabyggðar séu almennt hlyntir því að aðkomufólk setjist að í sveitarfélaginu virðist ríkja nokkur tregða gagnvart því að erlent aðkomufólk setjist þar að (Kolbeinn. H. Stefánsson og Sveinn Arnarsson, 2010).

Áhrif samgöngubóta á borð við Héðinsfjarðargöngin á félagslegan auð þeirra samfélaga sem skyndilega tengjast hafa heldur ekki verið rannsökuð fram til þessa. Hugsanlegt er að aukin þéttni hins sameinaða samfélags auki félagslegan auð samfélaganna en sömuleiðis er hugsanlegt að hann minnki. Til dæmis er ekki fyllilega vitað hver viðhorf íbúa Ólafsfjarðar og Siglufjarðar eru hvorra til annarra þótt svo virðist sem ákveðinn ríður kunni þar að vera til staðar. Með samgöngubótum og tíðari samskiptum íbúa í byggðarkjörnunum tveimur kann vaxandi traust að byggjast upp í hinu sameinaða sveitarfélagi. Hins vegar er einnig hugsanlegt að tortryggni og togstreita milli byggðakjarnanna tveggja aukist og það dragi úr jákvæðum áhrifum ganganna.

Þær miklu samfélagsbreytingar sem Héðinsfjarðargöngunum fylgja munu væntanlega hafa margvísleg áhrif á afstöðu íbúanna til heimabyggðar, innbyrðis samskipti þeirra og félagslega þátttöku. Sá félagslegi auður sem felst í gagnkvæmum stuðningi og trausti í samfélaginu kann því að breytast umtalsvert á næstu árum. Þessar breytingar eru líklegar til að fela í sér bæði jákvæða og neikvæða þætti. Sterk tengsl við heimabyggð eru grundvöllur byggðafestu og framtíðaruppbyggingar í samfélaginu. Íbúar sem tengjast byggðinni sterkum, jákvæðum böndum eru líklegir til að leita allra leiða til þess að vera þar um kyrrt og efla og bæta mannlífið til hagsbóta fyrir samfélagið í heild. Jákvæð viðhorf til heimabyggðar, tengsl við fjölskyldu, vini og aðra íbúa, og traust til annarra eru meðal þeirra þátta sem félagslegur auður samfélagsins byggir á. Með opnun Héðinsfjarðarganga verða tengsl íbúa við hinn byggðakjarnann jafnframt mikilvæg fyrir framtíðaruppbyggingu hins sameinaða sveitarfélags. Aukin samgangur milli Ólafsfjarðar og Siglufjarðar kann að leiða til jákvæðari viðhorfa íbúanna hvorra til annarra, byggja upp fjölskyldu- og vinatengsl og auka traust í samfélaginu. Hins vegar er einnig hugsanlegt að tortryggni milli byggðakjarnanna aukist, tengsl einstaklinga á milli þeirra verði lítil og traust minnki í samfélaginu. Þetta verkefni gefur kost á því að fylgjast með slíkum breytingum og greina þá þætti sem hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á þessa þróun.

Um bókina

Útgáfa þessarar bókar markar lok fyrri hluta rannsóknarinnar á félagslegum, efnahagslegum og menningarlegum áhrifum Héðinsfjarðarganga á Fjallabyggð. Þessi ítarlega kortlagning á samfélaginu á norðanverðum Tröllaskaga mun að nokkrum árum liðnum gegna lykilhlutverki við greiningu á áhrifum ganganna. Þær rannsóknarniðurstöður sem hér birtast hafa þó jafnframt gildi í sjálfum sér enda hefur íslensku byggðarlagi sjaldan eða aldrei verið gerð jafn ítarleg skil frá félagsvísindalegu sjónarhorni. Þannig gefur þessi bók einstaka innsýn í samfélagsgerð og lífshætti í sveitarfélagi utan höfuðborgarsvæðisins. Íslenskir félagsvísindamenn beina sjónum sínum almennt að tilteknum viðfangsefnum eða íslensku samfélagi í heild en viðamiklar rannsóknir þar sem ólíkar hliðar tiltekna samfélags eru skoðaðar út frá sjónarhornum mismunandi fræðigreina hafa fram til þessa ekki verið gerðar hér á landi. Það er því von okkar að þessi bók marki ekki aðeins áfanga í þessu tiltekna verkefni heldur verði hún einnig til þess að auka áhuga á félagsvísindalegum rannsóknum á hinum dreifðu byggðum landsins og verði þannig lyftistöng fyrir byggðarannsóknir almennt.

ÞÓRODDUR BJARNASON OG KOLBEINN H. STEFÁNSSON

Bókinni er skipt í fimm hluta. Í fyrsta hlutanum beinum við sjónum okkar að samgöngum. Í kaflanum „Umferð á norðanverðum Tröllaskaga: Erindi og áfangastaðir” draga þeir Jón Þorvaldur Heiðarsson, Kjartan Ólafsson, Sveinn Arnarsson og Þóroddur Bjarnason upp nákvæma mynd af umferðarmynstri á svæðinu á grundvelli umferðarteljara Vegagerðarinnar og niðurstaðna umferðarkannana og spurningalistakönnunar meðal íbúa Fjallabyggðar. Í kaflanum „Umferðarspá fyrir Héðinsfjarðargöng” beitir Jón Þorvaldur Heiðarsson reiknilíkönnum hagfræðinnar til að spá fyrir um nýtingu ganganna. Í kaflanum „Ferðamenn í Fjallabyggð sumarið 2009” greinir Edward Huijbens frá niðurstöðum úr svörum við spurningalista sem var lagður fyrir ferðamenn í Fjallabyggð sumarið 2009, en á grundvelli þeirra verður meðal annars hægt að meta áhrif ganganna á straum ferðamanna um byggðarlagið.

Í öðrum hlutanum er fjallað um búsetu og búsetuþróun. Í kaflanum „Búsetuþróun í Fjallabyggð 1929–2009” lýsa Þóroddur Bjarnason, Kjartan Ólafsson og Kolbeinn Stefánsson lykilstærðum mannfjöldapróunar í Fjallabyggð og þeim mannfjöldabreytingum sem búast hefði mátt við ef Héðinsfjarðargöngin hefðu ekki komið til. Í kaflanum „Föst búseta og hlutabúseta í Fjallabyggð” greina þeir Kjartan Ólafsson og Þóroddur Bjarnason frá niðurstöðum manntals sem gert var til að meta hve hátt hlutfall íbúa Fjallabyggðar hefur þar fasta búsetu um allt árið í kring og hvað skýrir fjarveru þeirra sem hafa hana ekki. Á grundvelli þessa manntals verður hægt að meta áhrif ganganna á mannfjöldapróun af meiri nákvæmni en á grundvelli óleiðréttra gagna Þjóðskrár. Í kaflanum „Búsetufyrirætlanir íbúa í Fjallabyggð” fjallar Þóroddur Bjarnason svo um búsetufyrirætlanir íbúa Fjallabyggðar, en gangi vonir heimafólks eftir má ætla að slíkar fyrirætlanir breytist við opnun ganganna enda verði Fjallabyggð um margt ákjósanlegri búsetukostur.

Í þriðja hluta bókarinnar er rýnt í efnahagslíf Fjallabyggðar. Í kaflanum „Atvinnulíf og samgöngur í Fjallabyggð” gerir Kolbeinn Stefánsson grein fyrir afstöðu íbúa sveitarfélagsins til vinnumarkaðarins og áhrifa ganganna á atvinnulífið. Því næst fjallar Vífill Karlsson um möguleg áhrif ganganna á fasteignaverð í Fjallabyggð í kafla sem ber heitið „Áhrif samgöngubóta á fasteignamarkað sérstaklega afskekktu byggðarlaga”. Greining Vífils byggir á reiknilíkani sem hann hefur þróað og spáir fyrir um áhrif samgöngubóta á fasteignamarkaði. Á undanförunum árum hefur það færst í aukana að fólk á höfuðborgarsvæðinu komi sér upp húseign í minni sveitarfélögum og noti hana í frístundum sínum. Slíkar frístundabyggðir hafa margvísleg áhrif á mannlíf sveitarfélaga og er Fjallabyggð engin undantekning. Í kaflanum „Viðhald samfélags? Hlutverk frístundahúseigenda í samfélögum á jaðarsvæðum” fjallar Edward Huijbens um áhrif slíkrar frístundabúsetu og hvaða þýðingu hún hefur fyrir byggð á norðanverðum Tröllaskaga. Í næsta kafla fjallar Vífill Karlsson um „Áhrif hagsveiflna á atvinnustig afskekktu landsvæða á Íslandi” og kortleggur möguleg áhrif þeirrar efnahagskreppu sem nú gengur yfir á atvinnu- og efnahagslíf Fjallabyggðar, en slík áhrif kunna að vera önnur og flóknari en ætlað hefur verið.

Í fjórða hlutanum beinist svo athyglin að stjórnsýslu og opinberri þjónustu. Í kaflanum sem ber heitið „Sveitarfélagið Fjallabyggð og Héðinsfjarðargöng” skoðar Grétar Þór Eyþórsson stjórnsýslu Fjallabyggðar og rýnir í möguleg áhrif Héðinsfjarðarganga á skipulag hennar. Í kaflanum „Starfsemi ríkis og sveitarfélags í Fjallabyggð” kortleggja Grétar Þór Eyþórsson, Arnbjörg Pétursdóttir og Martha Elena Laxdal opinbera þjónustu sem íbúar Siglufjarðar og Ólafsfjarðar fá frá bæði ríki og sveitarfélagi. Heilbrigðisþjónusta og skólamál eru mikilvægar stöðir opinberrar þjónustu í byggðarlaginu og í kaflanum „Heilbrigðisþjónusta í Fjallabyggð” fjalla Sonja Stelly Gústafsdóttir, Sigríður Halldórsdóttir og Kristjana Fenger um heilbrigðisþjónustuna en í kaflanum „Skólamál í Fjallabyggð” fjallar Grétar Þór Eyþórsson um skólamálin.

Samfélagið sem slíkt er viðfangsefni fimmta og síðasta hlutans. Fyrst greina Kolbeinn Stefánsson og Sveinn Arnarsson frá niðurstöðum hluta spurningakönnunar sem var lögð fyrir íbúa Fjallabyggðar. Í kafla sem ber yfirskriftina „Félagslegur auður í Fjallabyggð” fjalla þeir um félagslega virkni og samheldni innan byggðakjarna Fjallabyggðar, samheldni á milli byggðakjarna

og hugmyndir íbúa þeirra hverra um aðra. Mannfjöldagreiningar benda til þess að ef það á að takast að snúa við byggðaðróun í Fjallabyggð þurfi sveitarfélagið að vera ákjósanlegur búsetu-kostur fyrir konur á barneignaldri. Staða kynjana og þau áhrif sem göngin kunna að hafa á hana geta því skipt höfuðmáli fyrir þróun mannfjöldans í fyrirsjáanlegri framtíð. Þetta er viðfangsefni Þóru Kristínar Þórsdóttur og Kjartans Ólafssonar í kaflanum „Áhrif Héðinsfjarðarganga á stöðu kynjana í Fjallabyggð“. Bókinni lýkur svo á stuttri hugvefju frá Birni Þorlákssyni, rithöfundu, blaðamanni og nemanda í þjóðfélagsfræði við Háskólann á Akureyri, um mikilvægi þess að fólk fái að sofa heima hjá sér.

Heimildir

- Berglund, Anna-Karin, Johansson, Susanne og Molina, Irene. 2005. *Med periferien i sentrum – en studie af lokal velferd, arbeidsmarkeder og kjønnsrelasjoner i den nordiske periferien*. Norut NIBR.
- Coleman, James S. 1988. Social capital in the creation of human capital. *American Journal of Sociology*, 94, 95–120.
- Dahlström, M. 1996. Young Women in a Male Periphery – Experiences from the Scandinavian North. *Journal of Rural Studies*, 12, 259–271.
- Dahlström, M., Aldea-Partanen, A., Fellman, K., Hedin, S., Javakhishvili Larsen, N., Hjalti Jóhannesson, et al. 2006. *How to make a living in insular areas – six nordic cases*. Nordregio.
- Durkheim, Emile. 1951 [1897]. *Suicide: A Study in Sociology*. London: Routledge.
- Edward H. Huijbens. 2008. Markaðssetning svæða á Íslandi - Mikilvægi svæðisbundinna tengslaneta og samskipta þeirra í millum. Í Ingjaldur Hannibalsson (ritstj.), *Rannsóknir í Félagsvísindum IX*. Reykjavík: Félagsvísindadeild Háskóla Íslands.
- Edward Huijbens. 2010a. Ferðamenn í Fjallabyggð sumarið 2009. Kafli í *Fjallabyggð fyrir Héðinsfjarðargöng: Samgöngur, samfélag og byggðaðróun*, ritstj. Þóroddur Bjarnason og Kolbeinn H. Stefánsson. Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Edward Huijbens. 2010b. Viðhald samfélagsins? Hlutverk frístundahúsaeigenda í samfélögum á jaðarsvæðum. Kafli í *Fjallabyggð fyrir Héðinsfjarðargöng: Samgöngur, samfélag og byggðaðróun*, ritstj. Þóroddur Bjarnason og Kolbeinn H. Stefánsson. Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Edward H. Huijbens og Ögmundur Knútsson. 2007. Nýsköpun í íslenskri ferðaþjónustu – hlutverk einstaklinga og hið opinbera. Í *Rannsóknir í Félagsvísindum VIII*. Reykjavík: Félagsvísindadeild Háskóla Íslands.
- Edward H. Huijbens, G. Helgadóttir og K.S. Björnsdóttir. 2007. *Menningartengd ferðaþjónusta í Eyjafirði*. Akureyri: Ferðamálastetur Íslands og Hólaskóli.
- Edward H. Huijbens og J.G. Helgason. 2007. Mobilising innovative practices – the case of innovation in the Icelandic tourism industry. Kafli í *16th Nordic Symposium on Tourism and Hospitality Research – Conference Proceedings*, ritstj. S. Gössling. Helsingborg: Lund University.
- Einar Mar Þórðarson, Heiður Hrund Jónsdóttir, Fanney Þórsdóttir, Ásdís A. Arnalds og Friðrik H. Jónsson. 2008. Kynbundinn *laumamunur á íslenskum vinnumarkaði*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Elín Aradóttir og Kjartan Ólafsson. 2004a. *Bjartsýni og búferlaflutningar. Greinargerð og hugleiðingar um niðurstöður nokkurra kannana árið 2004*. Akureyri: Bygðarannsóknastofnun.
- Elín Aradóttir og Kjartan Ólafsson. 2004b. *Samfélagsandi og nýsköpunarstarf. Rannsókn á völdum landsbyggðarsvæðum*. Akureyri: Bygðarannsóknastofnun.
- Fasteignamat ríkisins. 2009. *Fasteignamat á Siglufirði og Ólafsfirði árin 1996, 2001 og 2006*.
- Grétar Þór Eyþjórsson. 2010a. Sveitarfélagið Fjallabyggð og Héðinsfjarðargöng. Kafli í *Fjallabyggð fyrir Héðinsfjarðargöng: Samgöngur, samfélag og byggðaðróun*, ritstj. Þóroddur Bjarnason og Kolbeinn H. Stefánsson. Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

ÞÓRODDUR BJARNASON OG KOLBEINN H. STEFÁNSSON

- Grétar Þór Eypjórsson. 2010b. Skólamál í Fjallabyggð. Kafli í *Fjallabyggð fyrir Héðinsfjarðargöng: Samgöngur, samfélag og byggðapróun*, ritstj. Þóroddur Bjarnason og Kolbeinn H. Stefánsson. Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Grétar Þór Eypjórsson, Arnbjörg Pétursdóttir og Martha Elena Laxdal. 2010. Starfsemi ríkis og sveitarfélags í Fjallabyggð. Kafli í *Fjallabyggð fyrir Héðinsfjarðargöng: Samgöngur, samfélag og byggðapróun*, ritstj. Þóroddur Bjarnason og Kolbeinn H. Stefánsson. Háskólinn á Akureyri.
- Grétar Þór Eypjórsson, Jón Þorvaldur Heiðarsson og Hjalti Jóhannesson. 2004. *Eyfirðingar í eina sæng? – Mat á sameiningu sveitarfélaga í Eyjafirði í eitt*. Akureyri: RHA.
- Grétar Þór Eypjórsson og Hjalti Jóhannesson. 2002. *Sameining sveitarfélaga - ábrif og afleiðingar. Rannsókn á sjö sveitarfélögum*. Akureyri: Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri.
- Guðbjörg Linda Rafnsdóttir. 2004. Íslenskur sjávarútvegur við aldahvörf. Kafli í *Íslensk félagsfræði: Landnám alþjóðlegrar fræðigreinar*, ritstj. Þóroddur Bjarnason og Helgi Gunnlaugsson. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Hagstofa Íslands. 2009a. *Byggðakjarnar, póstnúmer og hverfi*. Sótt 23. janúar 2009, <http://www.hagstofan.is/Hagtolur/Mannfjoldi/Byggdakjarnar,-postnumer,-hverfi>.
- Hagstofa Íslands. 2009b. *Trúfélög*. Sótt 23. janúar 2009, <http://www.hagstofan.is/Hagtolur/Mannfjoldi/Trufelag>.
- Hagstofa Íslands. 2009c. *Ríkisfang, fæðingarland og uppruni íbúa*. Sótt 23. janúar 2009, <http://www.hagstofan.is/Hagtolur/Mannfjoldi/Rikisfang-Faedingarland>.
- Hjalager, A-M., Edward H. Huijbens, Flagestad, A., Björk, P. og Nordin, S. 2008. *Innovation Systems in Nordic Tourism*. Oslo: Nordisk Innovations Centre.
- Hjalti Jóhannesson, Kjartan Ólafsson, og Grétar Þór Eypjórsson. 2001. Jarðgöng og vegagerð á norðanverðum Tröllaskaga – mat á samfélagsáhrifum. Akureyri: RHA.
- Hjalti Jóhannesson, og Trausti Þorsteinsson. 2006. *Fjölskyldusvið Fjallabyggðar, tillögur að skípulagi og helstu verkefnum*. Akureyri: Rannsókn- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri.
- Hjördís Sigursteinsdóttir og Kjartan Ólafsson. 2004. *Ábrif Hvalfjarðarganga á samfélag og byggð á Vesturlandi*. Akureyri: Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri.
- Jón Þorvaldur Heiðarsson. 2007. *Vaðlabeidargöng – Mat á umferðaraukningu við opnun þeirra*. Akureyri: Rannsókn- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri.
- Jón Þorvaldur Heiðarsson. 2008. *Strató milli Akureyrar og nágrennabyggða*. Akureyri: Rannsókn- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri.
- Jón Þorvaldur Heiðarsson. 2010. Umferðarspá fyrir Héðinsfjarðargöng. Kafli í *Fjallabyggð fyrir Héðinsfjarðargöng: Samgöngur, samfélag og byggðapróun*, ritstj. Þóroddur Bjarnason og Kolbeinn H. Stefánsson. Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Jón Þorvaldur Heiðarsson, Kjartan Ólafsson, Sveinn Arnarsson og Þóroddur Bjarnason. 2010. Umferð á norðanverðum Tröllaskaga: Erindi og áfangastaðir vegfarenda. Kafli í *Fjallabyggð fyrir Héðinsfjarðargöng: Samgöngur, samfélag og byggðapróun*, ritstj. Þóroddur Bjarnason og Kolbeinn H. Stefánsson. Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Kjartan Ólafsson og Ingólfur V. Gíslason. 2006. Gendered patterns of internal migration in Iceland. Kafli í *Nordic-Scottish University Network for Rural and Regional Development (NSN), Proceedings of NSN's Annual Conference*, ritstj. Elín Aradóttir. Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Kjartan Ólafsson og Þóroddur Bjarnason. 2010. Föst búseta og hlutabúseta í Fjallabyggð. Kafli í *Fjallabyggð fyrir Héðinsfjarðargöng: Samgöngur, samfélag og byggðapróun*, ritstj. Þóroddur Bjarnason og Kolbeinn H. Stefánsson. Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Kolbeinn H. Stefánsson. 2010. Atvinnulíf og samgöngur í Fjallabyggð. Kafli í *Fjallabyggð fyrir Héðinsfjarðargöng: Samgöngur, samfélag og byggðapróun*, ritstj. Þóroddur Bjarnason og Kolbeinn H. Stefánsson. Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

- Kolbeinn H. Stefánsson og Sveinn Arnarsson. 2010. Félagslegur auður Fjallabyggðar. Kafli í *Fjallabyggð fyrir Héðinsfjarðargöng: Samgöngur, samfélag og byggðaðróun*, ritstj. Þóroddur Bjarnason og Kolbeinn H. Stefánsson. Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Müller D.K. 2007. Second homes in the Nordic countries: between common heritage and exclusive commodity. *Scandinavian Journal of Hospitality and Tourism*, 7, 193-201.
- Putnam, Robert D. 2000. *Bowling Alone – The Collapse and Revival of American Community*. New York: Simon and Schuster.
- Sennett, R. [1971] 1996. *The Fall of Public Man*. New York: Norton.
- Seyfrit. Carole L., Þóroddur Bjarnason og Kjartan Ólafsson. 2009. Migration intentions of rural youth in Iceland: Can a large-scale development project stem the tide of out-migration? Bíður birtingar í *Society and Natural Resources*.
- Sonja Stelly Gústafsdóttir, Kristjana Fenger og Sigríður Halldórsdóttir. 2010. Heilbrigðismál Fjallabyggðar. Kafli í *Fjallabyggð fyrir Héðinsfjarðargöng: Samgöngur, samfélag og byggðaðróun*, ritstj. Þóroddur Bjarnason og Kolbeinn H. Stefánsson. Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Stockdale, A. 2002. Out-Migration from Rural Scotland: The Importance of Family and Social Networks. *Sociologia Ruralis*, 42, 41–64.
- Vegagerðin 2000. *Umferð á þjóðvegum 2000*. Sótt 15. janúar 2009, <http://www.vegagerdin.is/upplýsingar-og-utgafa/umferdin/umfthjodvegum/>.
- Vegagerðin. 2007. *Umferð á þjóðvegum 2007*. Sótt 15. janúar 2009, <http://www.vegagerdin.is/upplýsingar-og-utgafa/umferdin/umfthjodvegum/>.
- Vinnumálastofnun. 2009. Sótt 16. janúar 2009, <http://www.vinnumalastofnun.is>.
- Vífill Karlsson. 2004. *Samgöngubætur og búseta: Áhrif Hvalfjarðarganga á búsetuskilyrði og búsetuþróun á Vesturlandi*. Viðskiptaháskólinn á Bifröst. Sótt 16. nóvember 2008, www.ssv.is/Files/Skra_0006226.PDF.
- Vífill Karlsson. 2010a. Áhrif samgöngubóta á fasteignamarkað sérstaklega afskekktara byggðarlaga. Kafli í *Fjallabyggð fyrir Héðinsfjarðargöng: Samgöngur, samfélag og byggðaðróun*, ritstj. Þóroddur Bjarnason og Kolbeinn H. Stefánsson. Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Vífill Karlsson. 2010b. Áhrif hagsveiflna á atvinnustig afskekktara byggðarlaga á Íslandi: Fjallabyggð á krepputímum. Kafli í *Fjallabyggð fyrir Héðinsfjarðargöng: Samgöngur, samfélag og byggðaðróun*, ritstj. Þóroddur Bjarnason og Kolbeinn H. Stefánsson. Háskólinn á Akureyri
- Þóra Kristín Þórsdóttir og Kjartan Ólafsson. 2010. Áhrif Héðinsfjarðarganga á stöðu kynjanna í Fjallabyggð. Kafli í *Fjallabyggð fyrir Héðinsfjarðargöng: Samgöngur, samfélag og byggðaðróun*, ritstj. Þóroddur Bjarnason og Kolbeinn H. Stefánsson. Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Þóroddur Bjarnason og Andrea Hjálmsdóttir. 2008. Egalitarian attitudes towards the division of household labor among adolescents in Iceland. *Sex Roles*, 59, 49–60.
- Þóroddur Bjarnason og Þórólfur Þórlindsson. 2006. Should I stay or should I go? Migration expectations among youth in Icelandic fishing and farming communities. *Journal of Rural Studies*, 22, 290-300.
- Þóroddur Bjarnason. 2007. Þjóðflutningar á Íslandi: Núi albinói og aðrar goðsagnir um samfélög utan Reykjavíkur. *Ráðstefna um íslenska þjóðfélagsfræði*. Háskólanum á Akureyri, 28. apríl 2007.
- Þóroddur Bjarnason. 2009. London Calling? Preferred emigration destinations among Icelandic Youth. *Acta Sociologica*, 52, 149–161.
- Þóroddur Bjarnason. 2010. Búsetufyrirætlanir íbúa Fjallabyggðar. Kafli í *Fjallabyggð fyrir Héðinsfjarðargöng: Samgöngur, samfélag og byggðaðróun*, ritstj. Þóroddur Bjarnason og Kolbeinn H. Stefánsson. Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Þóroddur Bjarnason, Kjartan Ólafsson og Kolbeinn H. Stefánsson. 2010. Búsetuþróun í Fjallabyggð 1929–2009. Kafli í *Fjallabyggð fyrir Héðinsfjarðargöng: Samgöngur, samfélag og byggðaðróun*, ritstj. Þóroddur Bjarnason og Kolbeinn H. Stefánsson. Háskólinn á Akureyri.

Umferð á norðanverðum Tröllaskaga: Erindi og áfangastaðir vegfarenda

Jón Þorvaldur Heiðarsson
Kjartan Ólafsson
Sveinn Arnarsson
Þóroddur Bjarnason

Inngangur

Samfélögin yst á Tröllaskaga hafa um langan aldur verið fremur einangruð og í raun haft ákveðin samkenni með eyjasamfélögum (sjá t.d. Dahlström o.fl., 2006). Vinnumarkaður hefur verið mjög staðbundinn og þannig hafa áföll í atvinnulífi oft haft mikil áhrif á búsetu í slíkum byggðarlögum, eins og t.d. saga síldveiða á Siglufirði sýnir. Þá er þjónusta í minna mæli sótt út fyrir byggðarlögin og stofnanir hlutfallslega öflugri en í sambærilegum samfélögum sem búa við minni einangrun. Þegar Héðinsfjarðargöngin verða tekin í notkun mun vegalengdin milli Ólafsfjarðar og Siglufjarðar stytta úr 62 kílómetrum um Lágheiði að sumarlagi eða 232 kílómetrum um Öxnadalsheiði að vetrarlagi í 15 kílómetra á jafnsléttu allan ársins hring. Göngin opna jafnframt láglendisleið milli Eyjafjarðar og Skagafjarðar og auka þannig samgönguöryggi á Norðurlandi öllu.

Ferðum fólks má í grófum dráttum skipta í tvennt; annars vegar ferðir sem tengdar eru atvinnu og hins vegar aðrar ferðir sem setja má undir einn hatt sem einkaerindi. Í könnun meðal íbúa í Fjallabyggð haustið 2009 var leitast við að kortleggja ferðamynstur íbúanna. Ferðir vegna skóla mætti kannski flokka sem einkaerindi en þær hafa í raun sömu einkenni og ferðir vegna atvinnu, þ.e. þær þarf að fara flesta eða alla virka daga og fólk getur ekki með góðu móti valið hvort eða hvenær það fer. Þessi tvískipting í annars vegar daglegar eða nær daglegar ferðir vegna atvinnu eða skóla og hins vegar strjálí ferðir í einkaerindum, til dæmis til að sækja verslun eða þjónustu, hefur sett mark sitt á áætlanagerð í samgöngumálum á Íslandi. Þannig voru í tengslum við gerð langtímaáætlunar um vegagerð árið 1997 skilgreind svokölluð samgöngusvæði:

Í langtímaáætlun um vegagerð er miðað við að atvinnu- og skólasvæði verði tengd saman í samgöngusvæði eftir því sem unnt er. Samgöngusvæði tekur til svæðis umhverfis þjónustumiðstöð (þéttbýli), þar sem fjarlægðir eru ekki meiri en svo að sækja megi þjónustu til miðstöðvarinnar a.m.k. nokkrum sinnum í viku, og engir þeir þröskuldar á vegakerfinu eru fyrir hendi, sem hindra slíkt í verulegum mæli. Þjónusta við umferðina, svo sem vetrarþjónusta, á að taka mið af þessum svæðum, þannig að hún er mest innan svæða, en minni milli svæða (Hjalti Jóhannesson og Kjartan Ólafsson, 2004).

Slík skil svæða markast af fjallvegum, víðáttumiklu strjálbýli eða eyjasundum. Samgöngusvæði er almennt ekki stærra en svo, að fjarlægð innan þess að þjónustumiðstöð er ekki meiri en 70-100 km. Miðað hefur verið við, að innan atvinnu- og skólasvæðis sé hámarksfjarlægð frá miðstöð 40-50 km á snjóléttum svæðum og 20-30 km á snjóþungum svæðum. Fyrir þjónustusvæði hefur hámarksfjarlægð frá miðstöð verið metin 80-100 km á snjóléttum svæðum og 60-70 km á snjóþungum svæðum (Vegagerðin, 2000).

Miðað við þetta var Fjallabyggð í raun á tveimur aðskildum samgöngusvæðum þar sem vegalengdir, þröskuldar og lokanir vega yfir veturinn skiptu sveitarfélaginu í tvennt. Innan hvers samgöngusvæðis má svo gera greinarmun annars vegar á atvinnusvæði og hins vegar á

UMFERÐ Á NORDANVERÐUM TRÖLLASKAGA

þjónustusvæði. Það landsvæði þar sem íbúar geta daglega sótt atvinnu til tiltekens vinnustaðar telst eitt atvinnusvæði. Atvinnusvæði er ekki bundið við tiltekna þéttbýlisstaði heldur viðkomandi vinnustaði þar sem atvinnusvæði eru hugsuð út frá tilteknu fyrirtæki. (Bygðastofnun, 1994).

Talið hefur verið óvarlegt að reikna með að fólk fari í miklum mæli lengri leið til vinnu en sem samsvarar 30 mínútna akstri um veg sem er fær nema í undantekningartilvikum. Samkvæmt rannsókn Hjalta Jóhannessonar og Kjartans Ólafssonar (2004) sækja um 91% íbúa utan helstu þéttbýlissvæða landsins atvinnu um 30 mínútna akstursvegalengd eða skemur. Í rannsókn á vegum Evrópusambandsins er hins vegar miðað við 45 mínútna akstursvegalengd (Nordregio, 2004).

Ekki eru til jafn ákveðnar skilgreiningar á afmörkun þjónustusvæða, enda er edli þeirrar þjónustu og verslunar sem verið er að sækja mismunandi. Af þessum sökum eru fólk og fyrirtæki tilbúin til þess að leggja á sig misjafnlega langar ferðir til þess að sækja þjónustuna. Einnig skiptir miklu máli hvort um það er að ræða að hægt sé að samnýta ferð til þess að sækja fleiri þjónustuþætti í hverri ferð, t.d. opinbera þjónustu samhliða verslunarferð. Eftirfarandi skilgreiningu á þjónustusvæðum er að finna í Bygðaaætlun 1994–1997:

Með þjónustusvæði er átt við landsvæði þar sem íbúar sækja þjónustu á einn stað. Tegundir þjónustu eru mismunandi með tilliti til þess hversu langt hún er sótt. Menn setta sig við að lengra sé í þá þjónustu sem þeir þurfa sjaldan á að halda, en síður ef þessu er ófugt farið (Bygðastofnun, 1994, bls. 48).

Stærð þjónustusvæða fer mjög eftir sérhæfingu og fjölbreytni þjónustu sem er í boði á hverjum stað og helst jafnan í hendur við íbúafjölda viðkomandi staðar. Þannig mætti flokka þéttbýli eftir því hversu sérhæfð og fjölbreytt sú þjónusta er sem þar er í boði. Slík flokkun byggir á líkani úr hagrænni landafræði, „central place theory“. Þar er gert ráð fyrir því að tiltekin vara eða þjónusta hafi ákveðið þröskuldsgildi. Þröskuldsgildið segir til um lágmarksfjölda þeirra viðskiptavina sem þarf til þess að viðkomandi þjónusta geti staðið undir sér fjárhagslega. Tiltölulega fáa viðskiptavinir þarf til að standa undir verslun með algengustu neysluvörur, svo sem matvöru, en fleiri mögulega viðskiptavinir þarf að hafa innan þjónustusvæðis fyrir sérhæfðari vöru og þjónustu sem keypt er sjaldnar.

Við gerð bygðaaætlunar 1994–1997 var opinber þjónusta einstakra þéttbýlisstaða á landsbyggðinni flokkuð í kjördæmaþjónustu og héraðsþjónustu. Í bygðaaætluninni var kjördæmaþjónusta skilgreind þannig: „kjördæmaþjónusta er samnefni fyrir þjónustu ríkisins þar sem þjónustusvæðið er um það bil kjördæmi“, en dæmi um kjördæmaþjónustu eru skattstofur eða umdæmisskrifstofur RARIK og Vegagerðarinnar. Héraðsþjónusta „er sá hluti grunnþjónustu sem rekin er af ríkisvaldinu. Í sumum tilvikum er sú þjónusta einungis fyrir viðkomandi þéttbýlisstað en í öðrum tilvikum er þjónustusvæðið aðliggjandi hérað“. Dæmi um héraðsþjónustu er sýslumannsembætti, heilsugæsla eða lögregla. Mörk svæða fyrir héraðsþjónustu hafa oft fylgt nokkurn veginn gömlu sýslumörkunum.

Sú þjónusta sem íbúar í Fjallabyggð sækja utan sinnar heimabyggðar er einkum staðsett á fjórum stöðum – á Akureyri, Dalvík, Sauðárkróki og höfuðborgarsvæðinu. Rétt er að minna á skilgreiningu á samgöngusvæðum hér að framan þar sem segir að gera megi ráð fyrir að sækja megi þjónustu til þjónustumiðstöðvar a.m.k. nokkrum sinnum í viku og að engir þröskuldar á vegakerfinu séu fyrir hendi sem hindri slíkt í verulegum mæli. Þar er hámarksfjarlægð innan þjónustusvæðis að miðstöð metin á bilinu 80 til 100 km á snjóléttum svæðum en 60 til 70 km á snjóþungum svæðum.

Í mati á hugsanlegum áhrifum Héðinsfjarðarganganna árið 2002 var því spáð að umferð milli Ólafsfjarðar og Siglufjarðar gæti sex–sjöfaldast með tilkomu ganganna (Hjalti

Jóhannesson, Kjartan Ólafsson og Grétar Þór Eyþórsson, 2002). Greining Jóns Þorvaldar Heiðarssonar (2010) á grundvelli umferðarkannana þessa verkefnis bendir til þess að aukningin verði líklega meiri og að umferðin tífaldist eða meira. Búast má við því að íbúar beggja bæja leiti jafnvel í vaxandi mæli á milli þeirra eftir margvíslegri þjónustu, jafnframt því sem atvinnusókn á milli byggðakjarnanna verður tiltölulega auðveld. Byggðakjarnarnir hafa nú þegar verið sameinaðir í sveitarfélagið Fjallabyggð og þjónusta þess sveitarfélags mun eflaust verða samnýtt með margvíslegum hætti. Þegar fram líða stundir má jafnframt búast við blöndun búsetu og auknum fjölskyldu- og vinatengslum um göngin. Þá tengja göngin jafnframt Siglufjörð við ríflega 20 þúsund íbúa atvinnu- og þjónustusvæði Eyjafjarðar og mun umferð um svæðið án vafa aukast af þeim sökum. Til viðbótar má búast við því að tengsl Ólafsfjarðar við Skagafjarðarsvæðið aukist nokkuð. Loks skapast margvísleg tækifæri í ferðaþjónustu með hringvegi um Tröllaskaga sem mun eflaust auka sumarumferð til mikilla muna.

Í þessari rannsókn er umferð um norðanverðan Tröllaskaga metin með þrennum hætti. Í fyrsta lagi er umferð ökutækja um svæðið metin út frá upplýsingum sjálfvirkra umferðarteljara Vegagerðarinnar. Í öðru lagi eru erindi og áfangastaðir almennra vegfarenda skoðuð út frá umferðarkönnunum sem gerðar hafa verið á þessu svæði á undanförunum áratugum. Í þriðja lagi er umferðarmynstur íbúa Fjallabyggðar kortlagt á grundvelli könnunar meðal íbúa sveitarfélagsins haustið 2009. Með þessum þremur þáttum er umferð um svæðið kortlögð nákvæmlega og grunnur lagður fyrir mat á áhrifum Héðinsfjarðarganganna á mismunandi tegundir umferðar í framtíðinni.

Ökutæki á leið um norðanverðan Tröllaskaga


Umferð á norðanverðum Tröllaskaga er skrásett með sjálfvirkum teljurum á tveimur talningarstöðum. Umferðarteljari var settur upp á milli Ólafsfjarðar og Dalvíkur árið 1989 og annar teljari var settur upp á Siglufjarðarvegi við Almenningsnöf níu árum síðar eða árið 1998. Þessir vegateljarar mæla sólarhringsumferð um talningarstaðinn og gefa því haldgóðar upplýsingar um umferð til og frá Ólafsfirði um Múlagöng og til og frá Siglufirði um Strákagöng. Hægt er með þessu móti að fylgjast náið með umferðarstraumum og sjá hvernig þeir breytast milli daga, mánaða og ára. Mynd 1 sýnir sólarhringsumferðina um þessa tvo talningarstaði frá árinu 1998 eða á því tímabili þar sem upplýsingar eru til fyrir báða talningarstaðina.

Þar má fyrst benda á að umferðin um þessa tvo vegarkafla hefur ýmis sameiginleg einkenni. Þannig er umferðin til og frá Siglufirði og á veginum milli Dalvíkur og Ólafsfjarðar mjög sveiflukennnd, annars vegar milli árstíða og eins milli daga. Umferðin er að jafnaði mikil í kringum helgar að sumri og nær yfirleitt hámarki í byrjun ágústmánaðar ár hvert. Umferð til og frá Ólafsfirði um Múlagöngin var mest rúmlega 1.800 bílar þann 9. ágúst árið 2009. Það vekur athygli að þetta umferðarhámark verður ekki vegna atburðar í Ólafsfirði heldur var Fiskidagurinn mikli haldinn hátíðlegur á Dalvík þennan laugardag. Kannski má skýra þessa miklu umferð að einhverju leyti með því að íbúar í Ólafsfirði hafi í stórum stíl lagt leið sína á Dalvík en jafnframt má vera að sumir gestir Fiskidagsins úr vesturátt hafi valið að aka um Lágheiði. Til viðbótar er líklegt að einhverjir af gestum hátíðarinnar á Dalvík hafi ákveðið að bregða sér yfir til Ólafsfjarðar til að litast um.

Umferð um Múlagöngin dettur síðan niður um vetrarmánaðina og einstaka vetrardaga er engin umferð um svæðið sökum ófærðar eða lélegra veðurskilyrða. Síðastliðin tíu ár hefur umferð á talningarstaðnum norðan Dalvíkur að jafnaði verið um 300 bílar á sólarhring. Umferðin hefur þó aukist jafnt og þétt um 11 bíla að meðaltali ári á tímabilinu frá 1999 til

UMFERÐ Á NORÐANVERÐUM TRÖLLASKAGA

2009. Til samanburðar má geta þess að árið 1989 var meðalumferð á dag 191 bíl en hún var komin í 421 bíl á dag árið 2009.



Mynd 1. Umferð til og frá Ólafsfirði um Múlagöng og umferð til og frá Siglufirði um Strákagöng 1998–2009.


Umferðin á Siglufjarðarvegi um Almenningsnöf þetta sama tímabil fylgir um margt svipuðu mynstri og umferð um Ólafsfjarðarveg þótt umferð til og frá Siglufirði mælist að meðaltali mun minni en á milli Ólafsfjarðar og Dalvíkur. Umferðin er minni bæði að sumri og vetri og munurinn á sumarumferð og vetrarumferð er jafnframt meiri á Siglufjarðarvegi en Ólafsfjarðarvegi. Síðastliðin tíu ár hefur vetrarumferð á þessum talningarstað á Siglufjarðarvegi að jafnaði verið um 150 bílar á dag en árleg umferð um talningarstaðinn hefur aðeins aukist um tæplega 5 bíla á ári að meðaltali. Umferð að vetri 1998–2009 var að meðaltali 123 ökutæki á dag en minnsta umferð yfir einn tiltekinn dag var 3 ökutæki laugardaginn 16. janúar árið 1999 (Vegagerðin 2009). Umferð að sumri 1998–2009 var að meðaltali 381 ökutæki en mesta umferð var 1473 ökutæki laugardaginn 31. júlí 2004, um verslunarmannahelgi (Vegagerðin 2009). Umferðin hefur að þessu leyti breyst mjög lítið á þessu tímabili. Vetrarumferð er mjög lítil og stórar umferðarhelgar á sumrin eru ef til vill til marks um mikinn straum ferðamanna til og frá Siglufirði.

Mynd 2 sýnir ársmeðaltal sólarhringsumferðar (ÁDU) annars vegar á veginum milli Ólafsfjarðar og Dalvíkur frá árinu 1989 til ársins 2009 og hins vegar á Siglufjarðarvegi við Almenningsnöf frá 1998 til 2009. Eins og sjá má hefur umferð á fyrri veginum aukist umtalsvert á þessu tímabili eða úr 191 bíl á ári 1989 í 421 bíla á ári 2009. Mikil aukning varð á umferðinni þegar umferð um Múlagöngin hófst í desember 1990 og þau voru formlega tekin í notkun í marsmánuði árið 1991. Tveimur árum áður var meðalumferð á ári um veginn milli Ólafsfjarðar og Dalvíkur tæplega 200 ökutæki hvern dag. Árið sem göngin voru opnuð var meðalumferðin um 350 ökutæki á dag. Umferðin minnkaði nokkuð á næstu árum og kann umferð forvitinna ferðamanna sem skoða vildu nýju göngin því að skýra hluta aukningarinnar

JÓN ÞORVALDUR HEIÐARSSON O.FL.

1991. Árið 1996 fór umferðin aftur yfir 350 bíla að meðaltali á dag og varð mest 454 bílar árið 2003. Frá árinu 2004 hefur meðalumferð yfir árið verið í kringum 400–440 bílar á sólarhring. Meðalumferðin árið 2009 var 422 bílar á dag.

Meðal sólar-
hringsumferð



Mynd 2. Meðal sólarhringsumferð á Ólafsfjarðarvegi 1989-2009 og á Siglufjarðarvegi 1998–2009.

Mynd 2 sýnir að meðalumferð á ári á Siglufjarðarvegi við Almenningsnöf er mun minni en á veginum norðan Dalvíkur en hitt er líka athyglivert að umferðin á Siglufjarðarvegi breytist minna milli ára. Umferð á Siglufjarðarvegi hefur aukist hægt og bitandi síðan árið 1998 þegar talning hófst. Árið 1998 fóru að meðaltali 184 ökutæki um talningarstaðinn á dag en árið 2009 voru þau að meðaltali 232 á dag. Á tíu árum er það aukning um 26%. Á sama tíma hefur umferð á Ólafsfjarðarvegi aukist um 19%. Umferð um Siglufjarðarveg er þannig mjög breytileg eftir dögum innan sama árs en svipuð milli ára. Umferðin á veginum norðan Dalvíkur er aftur á móti sveiflukenndari milli ára.

Búast má við því að flæði umferðar um þetta svæði breytist mikið með tilkomu Héðinsfjarðarganganna. Umferð íbúa Fjallabyggðar milli Ólafsfjarðar og Siglufjarðar mun aukast umtalsvert jafnframt því sem Siglfirðingar munu væntanlega sækja inn á Eyjafjarðarsvæðið í síauknum mæli. Á móti mun opnast ný og styttri leið fyrir íbúa Ólafsfjarðar vestur um land og til höfuðborgarsvæðisins. Samanlagt má þó búast við því að umferð íbúa Fjallabyggðar um Siglufjarðarveg minnki með tilkomu ganganna en umferð þeirra um Ólafsfjarðarveg aukist. Að sumarlagi mun umferð ferðamanna hins vegar að líkindum aukast beggja vegna Tröllaskagans þar sem hringleið um Héðinsfjarðargöng býður upp á margvíslega nýja möguleika í ferðapjónustu. Umferðarteljarar Vegagerðarinnar munu geta mælt breytingar á umferðarflæðinu að því gefnu að teljari verði settur upp við Héðinsfjarðargöngin.

Umferðarkannanir á norðanverðum Tröllaskaga


Umferðarteljarar veita einungis upplýsingar um fjölda ökutækja sem fara um tiltekinn veg. Til þess að fá upplýsingar um upphafs- og endastöð, búsetu farþeganna og tilgang ferðar er hins vegar nauðsynlegt að stöðva ökutækin og spyrja spurninga sem beinast að þessum þáttum. Nokkrar umferðarkannanir af þessu tagi hafa verið gerðar á veginum milli Ólafsfjarðar og Dalvíkur í gegnum tíðina. Þrjár kannanir voru gerðar af Vegagerðinni á þessum vegi í tengslum við opnun Múlaganganna veturinn 1990–1991 (Kjartan Guðmundsson og Sigurður Hrafn Kiernan, 1995). Fyrsta könnunin var gerð árið 1989, áður en göngin voru opnuð, en þá þurfti að aka um Ólafsfjarðarmúlann. Næsta könnun var gerð 1991, þegar enn var innan við eitt ár frá opnun ganganna. Í því ljósi má telja líklegt að enn hafi verið það sem kalla mætti „forvitnisumferð“ um göngin, það er að segja ferðalangar sem gerðu sér ferð til Ólafsfjarðar beinlínis til að fara um göngin. Þriðja könnunin var gerð árið 1994, þegar vænta má að umferðin hafi verið komin í jafnvægi eftir opnun ganganna. Allar voru kannanirnar gerðar á fimmtudegi og laugardegi í júlí og október eða nóvember og náðu þannig til fjögurra daga hvert ár (Kjartan Guðmundsson og Sigurður Hrafn Kiernan, 1995).

Fimmtán árum síðar var gerð umferðarkönnun á þessum vegi í tengslum við yfirstandandi rannsókn á áhrifum Héðinsfjarðarganganna og var hún gerð í samvinnu við Vegagerðina í júlí og október 2009. Fjallað verður um niðurstöður hennar hér en Jón Þorvaldur Heiðarsson (2010) hefur jafnframt nýtt þær til að spá fyrir um breytingar á umferð á svæðinu í kjölfar opnunar Héðinsfjarðarganganna.

Umferðarkannanir sýna að fjölförmostu einstöku leggirnir um Ólafsfjarðarmúlann eru milli Ólafsfjarðar og Dalvíkur, Ólafsfjarðar og Akureyrar og loks milli Siglufjarðar og Akureyrar. Á mynd 3 er ársdagsumferð árána 1989, 1991, 1994 og 2008 skipt niður á þessa leggi á grundvelli umferðarkannana. Notuð er sama aðferð og í fyrri könnunum Vegagerðarinnar; lagður er saman bílafjöldi á legg á fimmtudegi og laugardegi og deilt í þá tölu með samanlagðri allri umferð báða dagana til þess að fá hlutfall fyrir vikuna.

Umferð milli Ólafsfjarðar og Akureyrar jókst umtalsvert eftir að Múlagöngin komu til sögunnar en hefur breyst tiltölulega hægt eftir það. Árið fyrir opnun ganganna var umferðin 83 bílar á dag að meðaltali en jókst í 142 bíla á dag að meðaltali tveimur árum síðar. Talsvert hafði dregið úr umferðinni árið 1994 og kann minnkandi forvitnisumferð að skýra það að hluta. Árið 2008 var áætluð umferð á leggnum milli Ólafsfjarðar og Akureyrar hins vegar komin upp í tæplega 160 bíla á dag. Samskipti milli Ólafsfjarðar og Dalvíkur virðast þó hafa aukist hlutfallslega meira frá því að Múlagöngin voru opnuð. Umferð milli staðanna jókst strax við opnun ganganna úr 46 í 80 bíla á dag og hélst nánast óbreytt árið 1994. Árið 2008 hafði áætluð umferð aukist í tæplega 120 bíla á dag eða um helming (50%) frá árinu 1994.

Að síðustu sést að umferðin milli Siglufjarðar og Akureyrar um Lágheiði eykst hlutfallslega mest. Hún tvöfaldast frá 1994 til 2008 og fjórfaldast frá 1989. Þetta kann að gefa vísbendingu um það að samskipti milli Siglufjarðar og Akureyrar hafi aukist mikið á síðustu 20 árum. Þó kann einnig að vera að umferðin milli þessara staða hafi í sívaxandi mæli færst frá Öxnadalshéðinni yfir á Lágheiðina með opnun Múlaganganna árið 1990, endurbótum á veginum yfir Lágheiði árið 2005 og hlýnandi veðurfari sem gerir það að verkum að Lágheiðin er opin lengur á veturna. Í umferðarkönnunum ársins 2009 kom í ljós að aðeins örfáir bílar voru á ferðinni milli Siglufjarðar og Akureyrar um Öxnadalshéðina. Þetta er í samræmi við niðurstöður umferðarkönnunar Vegagerðarinnar á Öxnadalshéði í júlí og október 2007 (Friðleifur Ingi Brynjarsson, 2008).



Mynd 3. Ársdagsumferð um Ólafsfjarðarveg samkvæmt umferðarkönnunum 1989–2009.

Árið 1995 gerði Vegagerðin umferðarkönnun á Lágheiði vegna áforma um vegabætur og jafnvel jarðgangagerð á svæðinu (Auður Þóra Árnadóttir, 1996). Könnunin var þó einungis gerð á fimmtudegi og laugardegi í júlí en ekki einnig að vetrarlagi. Hlutföll milli leggja í þessari júlíumferð voru notuð til að áætla ársdagsumferð á hverjum legg yfir heiðina. Miðað var við að heildarársdagsumferð yfir Lágheiði væri um 100 bílar. Engin sambærileg umferðarkönnun hefur verið gerð síðan á Lágheiði þó síðar hafi verið gerðar kannanir í Ketilási í Fljótum sem veita sumpart sambærilegar upplýsingar. Ársdagsumferð á helstu leggjum var áætluð með eftirfarandi hætti í þessari könnun sem var gerð árið 1995:

Í leggjum sem eru með lágar tölur er ónákvæmni nokkuð mikil og þar skiptir einn bíll til eða frá miklu máli. Það eru mestar líkur á því að efstu tölurnar tvær sýni umferðina á raunhæfan hátt. Talan 30 milli Siglufjarðar og Akureyrar er í góðu samræmi við það sem komið hefur fram í könnunum um Ólafsfjarðarveg norðan Dalvíkur.

Árið 1997 stóð Vegagerðin fyrir umferðarkönnun á gatnamótunum við Ketilás (Auður Þóra Árnadóttir, 1997) í tengslum við áframhaldandi umræðu um jarðgöng eða aðrar vegabætur á svæðinu. Þessi könnun var gerð á fimmtudegi og laugardegi í júlí en ekki einnig að vetrarlagi. Hlutföll milli leggja í þessari júlíumferð voru notuð til að áætla ársdagsumferð á hverjum legg. Umferðarteljari var ekki til staðar í Almenningsnöfum milli Ketiláss og Siglufjarðar á þessum tíma og því virðist sem þekkt ársdagsumferð um Siglufjarðarveg norðan Hofsóss samanborin við umferðina á Siglufjarðarvegi vestan Ketiláss hafi verið notuð til að skala niður sumarumferðina á hverjum legg og áætla þannig ársdagsumferð á hverjum legg fyrir sig.

Í þessari könnun er hlutfall leggjar fundið með því að leggja saman bílaföldi á legg á fimmtudegi og laugardegi og deila í þá tölu með samanlagðri allri umferð báða dagana. Könnun við Ketilás sumarið 2009 er samanburðarhæf við þessa könnun 1997 ef einungis sumarniðurstaðan er notuð og sama aðferð notuð til að áætla hlutfall leggjar. Í könnuninni 2009 er hins vegar umferðin um Almenningsnöf notuð til viðmiðunar en ekki umferðin norðan Hofsóss.

Tafla 1. Áætluð umferð um Lágheiði á grundvelli umferðarkönnunar í júlí 1995.

Leggur (umferð í báðar áttir)	Áætluð ÁDU leggjar
Siglufjörður-Akureyri	30
Siglufjörður-Ólafsfjörður	9
Akureyri-Aðrir staðir í Skagafirði en Sauðárkr., Hofsóss og Fljót	6
Ólafsfjörður-Fljót	5
Akureyri-Fljót	5
Siglufjörður-Dalvík	3
Siglufjörður-Þingeyjarsýslur	3
Akureyri-Hofsós	3
Akureyri-Sauðárkrókur	3
Aðrir leggjar	27

Í töflu 2 má sjá áætlaða ársdagsumferð á hverjum legg árin 1997 og 2008. Ársdagsumferð um Almenningsnöf fyrir árið 2009 var ekki tiltæk þegar þessi rannsókn var gerð og því er notast við ársdagsumferðina 2008, sem var 222 bílar á dag.

Eins og sjá má er töluverður munur á niðurstöðum þessara tveggja kannana. Einnig virðist vera um nokkuð mikla ónákvæmni að ræða, sérstaklega á minni leggjum. Ef tilteknir atburðir leiða af sér sérstaka umferðarstrauma einstaka daga er líklegt að mælingar á mismunandi tímum á mismunandi árum verði nokkuð frábrugðnar hver annarri. Ekki er vitað hvort um slíka viðburði var að ræða árið 1997.

Tafla 2. Áætluð umferð á Lágheiði á grundvelli umferðarkannana 1997 og 2008.

Leggur (umferð í báðar áttir)	Áætluð ÁDU leggjar 1997	Áætluð ÁDU leggjar 2008
Fljót-Fljót	76	21
Siglufjörður-Ólafsfjörður	40	15
Siglufjörður-Akureyri	38	58
Siglufjörður-Fljót	38	26
Ólafsfjörður-Sauðárkrókur	19	2
Siglufjörður-Sauðárkrókur	15	27
Siglufjörður-Skagfjörður annað	15	24
Siglufjörður-Höfuðborgarsvæði og Suðurnes	14	29
Siglufjörður-Hofsós	11	11
Fljót-Akureyri	8	2
Fljót-Sauðárkrókur	6	3
Siglufjörður-Húnavatnssýslur	6	9
Ólafsfjörður-Húnavatnssýslur	4	1
Akureyri-Skagafjörður annað	4	3
Ólafsfjörður-Höfuðborgarsvæði og Suðurnes	1	6

Ef lítið er til stærstu leggjanna má álykta að umferð milli Siglufjarðar og Akureyrar hafi aukist en umferð um Fljótin minnkað. Þó skal tekið skýrt fram að aldrei næst öll umferðin til og frá Fljótum né umferð innan Fljóta þegar gerð er umferðarkönnun í Ketilási. Einhver hluti Fljóta verður alltaf útundan og mælist ekki. Raunverulegar tölur fyrir Fljót eru því án nokkurs vafa hærri en hér kemur fram.

JÓN ÞORVALDUR HEIÐARSSON O.FL.

Ljóst er að umferðarkannanir verða mun áreiðanlegri ef þær eru teknar bæði að sumri og vetri. Að lokum er sett hér fram mat á ársdagsumferð leggja til og frá Siglufirði miðað við ársdagsumferð 222 um Almenna árið 2008 á grundvelli könnunarinnar árið 2009. Munur á hlutföllum leggja á sumrin og veturna kemur skýrt fram.

Tafla 3. Áætluð umferð til og frá Siglufirði miðað við 222 bíla ársdagsumferð um Almenna.

Svæði sem myndar legg með Siglufirði	Sumar	Vetur	Meðaltal	ÁDU á hverjum legg m.v. heildar ádu 222
Reykjavík	12%	14%	13%	29
Reykjanes og Suðurland	2%	1%	1%	3
Vesturland, Strandir og Reykhólar	3%	2%	2%	5
Vestfirðir og Barðastrandasýsla	1%	0%	0%	1
Húnaþing vestra	1%	0%	1%	1
A-Húnavatnssýsla	3%	1%	2%	4
Sauðárkrókur	13%	15%	14%	31
Varmahlíð	3%	0%	2%	4
Hólar	1%	0%	1%	1
Hofsós	4%	3%	4%	8
Fljót	12%	23%	18%	40
Skagafjörður annað	4%	3%	4%	8
Ólafsfjörður	8%	7%	8%	17
Dalvíkurbyggð	4%	1%	3%	6
Akureyri	26%	27%	26%	58
Eyjafjörður annað	0%	0%	0%	0
Þingeyjarsveit	0%	1%	1%	1
Norðurþing, Mývatn og Tjörnes	2%	1%	1%	3
Hérað, Vopnafj. og Langanesbyggð	0%	0%	0%	0
Fjarðabyggð, Seyðisfjörður o.fl.	1%	1%	1%	1
Sveitarfélagið Hornafjörður	0%	0%	0%	0

Í töflunni sést að fjórir staðir taka til sín 71% af umferðinni. Þetta eru Akureyri, en um fjórðungur umferðarinnar er til eða frá Akureyri, þar á eftir Fljót, þar sem 18% umferðarinnar eiga upphaf eða endi, og svo Reykjavík og Sauðárkrókur með 13-14% hvor staður.

Ferðamynstur íbúa í Fjallabyggð


Síðasti bitinn í því púsluspili sem varpað getur ljósi á umferð á norðanverðum Tröllaskaga eru svör íbúa í Fjallabyggð í könnun sem lögð var fyrir á öllum heimilum sveitarfélagsins haustið 2009. Þar var spurt almennt um ferðir út fyrir heimabyggð, ferðir vegna atvinnu eða skóla og ferðir til að sækja þjónustu.

Fyrst er hér litið almennt á ferðir út fyrir heimabyggð. Í könnun meðal almennings í Fjallabyggð haustið 2009 var spurt hversu oft svarendur koma til Siglufjarðar (fyrir íbúa í Ólafsfirði), Ólafsfjarðar (fyrir íbúa á Siglufirði), Dalvíkur, Sauðárkróks, Akureyrar, höfuðborgarsvæðisins og að lokum annarra landa.

Mynd 4 sýnir dreifingu svara annars vegar fyrir íbúa á Siglufirði og hins vegar fyrir íbúa í Ólafsfirði. Fyrst er rétt að staldra við þá staðreynd að rúmlega 20% íbúa á Siglufirði koma í

UMFERÐ Á NORDANVERÐUM TRÖLLASKAGA

Ólafsfjörð mánadarlega eða oftár í samanburði við um 10% íbúa í Ólafsfirði sem koma á Siglufjörð einu sinni í mánuði eða oftár. Sama mynstur kemur fram ef litið er til þess hversu oft íbúar á Siglufirði og Ólafsfirði koma að meðaltali á tiltekna staði. Akureyri er hins vegar sá staður sem íbúar á Siglufirði koma oftast til eða að jafnaði um 1-3 sinnum í mánuði. Íbúar í Ólafsfirði koma ívið oftár til Akureyrar en Dalvíkur.



Mynd 4. Hversu oft kemur þú til eftirtalinna staða?


Af mynd 4 má draga ýmsar ályktanir. Akureyri virðist vera mikilvægasti þjónustustaðurinn fyrir bæði Siglufjörð og Ólafsfjörð. Fyrir Siglufjörð er Ólafsfjörður (næsti bær til suðurs) næst mikilvægasti staðurinn og höfuðborgarsvæðið sá þriðji mikilvægasti. Athygli vekur að Siglufirðingar sækja meira til Dalvíkur en Sauðárkróks. Fyrir Ólafsfjörð virðist sem Dalvík (næsti bær til suðurs) sé næst mikilvægasti þjónustustaðurinn og höfuðborgarsvæðið sá þriðji mikilvægasti. Þetta mynstur fyrir bæina tvo er líkara en ætla hefði mátt. Fyrir báða stöðina er Akureyri mikilvægust, þá næsti bær til suðurs og höfuðborgarsvæðið í þriðja sæti.

Dagleg atvinnusókn takmarkast að mestu við staði sem eru í 45 mínútna akstursfjarlægð eða minni frá heimabyggð. Þetta þýðir í raun að enginn þéttbýlisstaður er innan daglegrar atvinnusóknar frá Siglufirði. Fyrir Ólafsfjörð er hins vegar hægt að reikna með daglegri atvinnusókn til Dalvíkur og jafnvel Akureyrar miðað við núverandi samgöngur.

Á mynd 5 má sjá dreifingu svara við spurningunni: Hversu oft ert þú að jafnaði á eftirtöldum stöðum vegna atvinnu þinnar? Eingöngu er litið til þeirra sem eru í vinnu (fullu starfi eða hlutastarfi). Flestir íbúar í Fjallabyggð sem eru í vinnu stunda hana í sinni heimabyggð og eru að meðaltali einu sinni á ári á fimm tilgreindum stöðum vegna atvinnu. Þó má sjá að þrátt fyrir erfiðar samgöngur milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar er einhver hópur fólks í hvorum bæ um sig sem er allt að nokkrum sinnum í viku á hinum staðnum vegna atvinnu sinnar.

Það vekur nokkra athygi að íbúar í Ólafsfirði eru heldur líklegri en íbúar Siglufjarðar til að koma í hinn bæinn vegna atvinnu. Hér kann að vera um hreina tilviljun að ræða en einnig er mögulegt að atvinnutækifæri séu í raun og veru fleiri á Siglufirði en í Ólafsfirði.


Hér að framan hefur mátt sjá að íbúar í Fjallabyggð eru flestir nokkuð reglulega á ferð utan heimabyggðar sinnar en ekki vegna vinnu. Af þessu má ef til vill draga þá ályktun að flestir íbúar í Fjallabyggð fari út fyrir heimabæ sinn í einkaerindum.



Mynd 5. Hversu oft kemur þú til eftirtalinna staða vegna atvinnu?

Mynd 6 sýnir dreifingu svara við spurningunni: Hversu oft sækir þú að jafnaði verslun eða þjónustu á eftirtalda staði? Það er vert að staldra fyrst við þann mun sem er á Ólafsfirði og Siglufirði. Íbúar í Ólafsfirði geta sótt verslun og þjónustu um tiltölulega stuttan veg til Dalvíkur en tæp 30% íbúa í Ólafsfirði segjast sækja verslun eða þjónustu þangað mánaðarlega eða oftár. Sterk staða Akureyrar sem þjónustukjarna á Norðurlandi kemur hins vegar glögglega í ljós meðal annars á þann hátt að tæp 80% íbúa í Ólafsfirði sækja verslun eða þjónustu þangað mánaðarlega eða oftár.


Hvað varðar mikilvægi þjónustuframboðs annars vegar og vegalengdar hins vegar til að skýra hvert íbúar í Fjallabyggð sækja verslun og þjónustu virðist ljóst að vegalengd skiptir minna máli en þjónustuframboð. Þannig sækja íbúar í Ólafsfirði þjónustu í meira mæli til Akureyrar en Dalvíkur og íbúar á Siglufirði sækja meira til Akureyrar en Sauðárkróks.



Mynd 6. Hversu oft sækir þú þjónustu til eftirtalinna staða?

UMFERÐ Á NORÐANVERÐUM TRÖLLASKAGA

Ef litið er á meðalfjölda ferða má enn fremur sjá að Ólafsfirðingar sækja þjónustu út fyrir byggðakjarnann mun oftár en Siglufirðingar. Hins vegar fara íbúar á Siglufirði fleiri ferðir til Reykjavíkur. Búast má við því að ferðamynstur íbúa á Siglufirði verði líkara því sem er í Ólafsfirði þegar fram í sækir, þ.e. að þeir sækir oftár til Dalvíkur og Akureyrar en þjónustusókn til Sauðárkróks og höfuðborgarsvæðisins verði hverfandi lítil.



Mynd 7. Væntingar íbúa í Fjallabyggð um breytingar á ferðum vegna þjónustu í kjölfar opunar Héðinsfjarðarganga.

Loks voru íbúar í Fjallabyggð beðnir um að áætla hversu oft þeir búast við að fara á fimm tilgreinda stadi til að sækja verslun eða þjónustu eftir opnun Héðinsfjarðarganga. Mynd 7 sýnir hlutfall þeirra sem annars vegar telja að ferðirnar verði fleiri en nú er og hins vegar þeirra sem telja að ferðirnar verði færri til tiltekinna staða. Ekki þarf að koma á óvart að flestir vænta þess að þeir fari oftár á milli bæjarkjarnanna tveggja eftir opnun ganganna. Þannig telja rúm 80% íbúa í Ólafsfirði að þeir muni fara oftár til Siglufjarðar eftir opnun Héðinsfjarðarganga meðan sambærilegt hlutfall íbúa á Siglufirði sem væntir þess að fara oftár til Ólafsfjarðar er tæp 60%.

Umræða

Helstu markmið með gerð Héðinsfjarðarganga eru að bæta samgöngur, auka umferðaröryggi og styrkja byggð á svæðinu með því að tengja Siglufjörð og norðaustanverðan Skagafjörð við Eyjafjarðarsvæðið. Þau gögn sem safnað hefur verið á undanfönum árum með umferðarteljurum, umferðarkönnunum og nú síðast með könnun meðal íbúa í Fjallabyggð veita mikilsverðar upplýsingar um eðli og umfang umferðar í næsta nágrenni Héðinsfjarðarganganna.

Af gögnum sem safnað hefur verið með umferðarteljurum er ljóst að umferð til og frá Ólafsfirði að vetrarlagi er mun meiri en umferð til og frá Siglufirði. Þetta endurspeglast í þeirri sókn Ólafsfirðinga inn á Eyjafjarðarsvæðið vegna atvinnu og margvíslegrar þjónustu sem má sjá í könnuninni meðal íbúa í Fjallabyggð. Siglufirðingar virðast hins vegar sækja mun minna út

JÓN ÞORVALDUR HEIÐARSSON O.FL.

fyrir heimabæ sinn en nágrannar þeirra í Ólafsfirði. Að sumarlagi er umferð til og frá Siglufirði einnig minni en til og frá Ólafsfirði en þó er meiri munur á sumar- og vetrarumferð á Siglufirði en í Ólafsfirði. Meiri straumur ferðamanna til Siglufjarðar en Ólafsfjarðar skýrir þann mun væntanlega að mestu (Edward Huijbens, 2010).

Umferð hefur aukist allnokkuð um bæði Múlagöng til Ólafsfjarðar og Strákagöng til Siglufjarðar á síðustu árum og raunar einnig um Lágheiði milli Eyjafjarðar og Skagafjarðar (Vegagerðin, 2000, 2007, 2010). Meðalumferð á dag um Ólafsfjarðargöng var 422 bílar árið 2009 og var það 22% aukning frá árinu 2000 og 6% aukning frá því árið 2007. Meðalumferð á dag um Strákagöng var 227 bílar árið 2009 og var það 11% aukning frá árinu 2000. Meðalumferð á dag um strákagöng árið 2007 var hins vegar 257 bílar.

Um Lágheiði fóru að meðaltali 143 bílar á dag árið 2007 og var það 64% aukning frá 2000. Til samanburðar fóru 1015 bílar að meðaltali um Öxnadalsheiði árið 2009, sem var 53% aukning, og 983 bílar um Víkurskarð, sem var 59% aukning frá árinu 2000. Umferð er mjög árstíðabundin, einkum til Siglufjarðar, en árið 2009 var meðalumferð að sumri um Strákagöng 376 bílar á sólarhring en 128 að vetri. Sambærilegar tölur fyrir Ólafsfjarðargöng eru 618 bílar að meðaltali á dag að sumri en 328 að vetri. Þessar tölur endurspeglar meiri sókn íbúa í Ólafsfirði en á Siglufirði í þjónustu utan byggðarlagsins.

Í umferðarkönnun þessa verkefnis sumarið 2009 kom í ljós að í hópi þeirra sem áttu leið til Ólafsfjarðar voru Ólafsfirðingar 35%, íbúar höfuðborgarsvæðisins 22%, Akureyringar 19%, aðrir Íslendingar 17% og erlendir ferðamenn 7% (Jón Þorvaldur Heiðarsson o.fl., 2010). Meðal þeirra sem fóru til Siglufjarðar voru íbúar höfuðborgarsvæðisins hins vegar í meirihluta eða 34%. Heimamenn voru aðeins 22%, Akureyringar 8%, aðrir Íslendingar 24% og erlendir ferðamenn 12%. Athygli vekur að íbúar Fjallabyggðar á leið milli byggðakjarnanna tveggja í sveitarfélaginu voru aðeins 2–3% heildarumferðarinnar. Í nóvember 2009 voru heimamenn rúmur helmingur þeirra sem lögðu leið sína til Ólafsfjarðar eða Siglufjarðar.

Á næstu árum munu áhrif Héðinsfjarðarganganna á umferðarmynstur á þessu svæði koma í ljós. Búast má við því að samskipti Ólafsfirðinga og Siglufirðinga aukist til muna og að Siglufirðingar sækja í auknum mæli atvinnu og þjónustu til Dalvíkur og Akureyrar. Hins vegar er óljóst hvort Ólafsfirðingar munu í einhverjum mæli sækja minna til Dalvíkur og jafnvel Akureyrar þegar stutt láglendisleið opnast til Siglufjarðar. Sömuleiðis er óljóst á þessu stigi málsins hvort Dalvíkingar munu í einhverjum mæli sækja meira norður til Fjallabyggðar þegar tvö þúsund manna byggðarlag verður þar að veruleika. Loks er talsverð óvissa um áhrif þessara samgöngubóta á þróun ferðamannastraums um norðanverðan Tröllaskaga og raunar Norðurland í heild.

Heimildir

- Auður Þóra Árnadóttir. 1996. *Umferðarkönnun á Ólafsfjarðarvegi um Lágheiði 1995*. Reykjavík: Vegagerðin.
- Auður Þóra Árnadóttir. 1997. *Umferðarkönnun á vegamótum Siglufjarðarvegar og Ólafsfjarðarvegar við Ketilás í Fljótum 1997*, Drög. Reykjavík: Vegagerðin
- Byggðastofnun. 1994. *Breyttar áherslur í byggðamállum: Stefnumótandi byggðaaáttun 1994-1997*. Reykjavík: Byggðastofnun.
- Dahlström, M. 1996. Young Women in a Male Periphery – Experiences from the Scandinavian North. *Journal of Rural Studies*, 12, 259–271.
- Hjalte Jóhannesson og Kjartan Ólafsson. 2004. *Samgöngubætur og félags- og efnahagsleg áhrif þeirra – þróun matsaðferða*. Akureyri: Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri.

UMFERÐ Á NORÐANVERÐUM TRÖLLASKAGA

- Hjalti Jóhannesson, Kjartan Ólafsson, og Grétar Þór Eyþórsson. 2002. *Jarðgöng og vegagerð á norðanverðum tröllaskaga – mat á samfélagsáhrifum*. Akureyri: Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri.
- Jón Þorvaldur Heiðarsson. 2008. *Stratí milli Akureyrar og nágrannabyggða*. Akureyri: Rannsókn- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri.
- Jón Þorvaldur Heiðarsson. 2010. Umferðarspá fyrir Héðinsfjarðargöng *Samgöngur og byggðapróun: Félagssleg, efnahagsleg og menningarleg staða Fjallabyggðar*, ritstj. Þóroddur Bjarnason og Kolbeinn Stefánsson. Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Kjartan Guðmundsson og Sigurður Hrafn Kiernan. 1995. *Umferðarkannanir á Ólafsfjarðarvegi norðan Dalvíkur 1989, 1991 og 1994*. Reykjavík: Vegagerðin.
- Nordregio. 2004. *Espon 1.1.1 Potentials for policentric development in Europe, project report*. Stockholm: Nordregio.
- Vegagerðin. 2000. *Jarðgangaáætlun*. Reykjavík: Vegagerðin.
- Vegagerðin, umferðartalning hvern dag 2000 (bls. 154–158) Sótt af vef Vegagerðarinnar þann 25. júní 2009,
[http://vgwww.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/r_cross_umferd_2000/\\$file/r_cross_umferd_2000.pdf](http://vgwww.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/r_cross_umferd_2000/$file/r_cross_umferd_2000.pdf).
- Vegagerðin, umferðartalning hvern dag 2008 (bls. 228–232). Sótt af vef Vegagerðarinnar þann 25. júní 2009,
[http://vgwww.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/r_cross_umferd_2008/\\$file/r_cross_umferd_2008.pdf](http://vgwww.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/r_cross_umferd_2008/$file/r_cross_umferd_2008.pdf).

Umferðarspá fyrir Héðinsfjarðargöng

Jón Þorvaldur Heiðarsson

Inngangur

Umferðarspár hafa lengi verið gerðar víða um heim. Tilgangurinn er margvíslegur. Fyrst má nefna að grunnforsenda hönnunar samgöngumannvirkis er að áætla sem best hver notkunin á því verður til þess að gerð þess verði við hæfi. Einnig eru gerðar áætlanir um umferð almennt á tilteknu landsvæði, t.d. einu landi, til að yfirvöld geti séð hvers má vænta í framtíðinni. Slíkar umferðarspár horfa til þróunar í bílaeign, mannfjölgun og fleiru eins og má sjá t.a.m. í Umferðarspá 2005-2045 (Friðleifur Ingi Brynjarsson, 2006). Í flestum tilfellum hafa verið gerðar umferðarspár fyrir þau jarðgöng sem gerð hafa verið á Íslandi. Oft hafa þessar umferðarspár reynst nokkuð varfærnar og umferð orðið meiri en spáð var og eru Hvalfjarðargöng dæmi um það.

Héðinsfjarðargöng munu verða til þess að umferðarmynstrið um Tröllaskaga gjörbreytist. Þegar Siglufirði verður breytt úr endastöð í gegnumstreymispunkt er breytingin á vegakerfinu svo byltingarkennd að það er að mörgu leyti erfitt að sjá fyrir hvernig umferðin verður eftir að göngin verða opnuð. Hversu mikil verður umferðin um Héðinsfjarðargöngin? Verða þar örfáar hræður á ferð að nýta sér framkvæmd sem kostaði fleiri milljarða? Það er sú mynd sem sumir gagnrýnendur og skopteiknara hafa dregið upp. Eða verður umferðin meiri en flestir gerðu ráð fyrir? Í þessum kafla er reynt að varpa ljósi á hvers má vænta í umferð um Héðinsfjarðargöng og til þess notaðar aðferðir sem höfundur veit ekki til að hafi verið notaðar áður. Þegar göngin verða síðan opnuð kemur í ljós hver umferðin verður. Höfundur er því á vissan hátt að leggja höfuðið á höggstokkinn. Ef umferð verður allt önnur en hér er spáð verður auðvelt að afhöfða vísindamanninn.

Fyrir gerð Héðinsfjarðarganga voru skýrslur birtar þar sem m.a. var fjallað um væntanlega umferð um göngin. Sérstaklega má nefna tvær þessara skýrslna; annars vegar skýrslu samráðshóps um endurbyggingu vegar um Lágheiði frá 1999 og hins vegar skýrslu sem unnin var af Hjalta Jóhannessyni, Grétari Þór Eypórssyni og Kjartani Ólafssyni árið 2001.

Aðferðafræði

Til að meta líklega umferð um Héðinsfjarðargöng er hér notað svokallað samskiptalíkan til að meta umferðina til og frá Siglufirði en almennar ályktanir eru dregnar um umferð sem fer bæði í gegnum Siglufjörð og Héðinsfjarðargöng. Einnig er ályktað um líklega umferð í Héðinsfjarðargöngum með einföldum samanburði við umferðina í Múlagöngum.

Samskiptalíkanið (einnig kallað þyngdarlögmálslíkanið) byggir á því að samskipti milli tveggja staða séu í réttu hlutfalli við margfeldið á íbúatölu staðanna og í öfugu hlutfalli við fjarlægðina á milli þeirra í vissu veldi. Einnig má setja veldi á íbúafjöldann í vissum tilvikum (sjá t.d. Haynes og Fotheringham, 1984). Út kemur þá nokkurs konar samskiptatala.

Með vegstyttingu hækkar samskiptatalan og má gera ráð fyrir að umferð vaxi hlutfallslega jafn mikið. Til að fá út mat á umferð með samskiptatölu, t.d. meðalumferð á dag á ársgrundvelli (ársdagsumferð, ÁDU), sem er algengasta mælieiningin varðandi umferð, þarf að margfalda samskiptatöluna með vissum stuðli.

UMFERÐARSPÁ FYRIR HÉÐINSFJARÐARGÖNG

Formúlan lítur þá svona út:

$$Umferð = \text{stuðull} \cdot \frac{\text{Mannfjöldi á svæði A} \cdot \text{Mannfjöldi á svæði B}}{(\text{vegalengd á milli svæða A og B})^{\text{óþekktur veldisvísir}}}$$

Til þess að nota samskiptalíkanið er stærsta atriðið að ákvarða hvaða veldi á að nota á vegalengdina. Þá er eðlilegt að reyna að finna út hvaða veldi á vegalengdinni einkennir núverandi umferðarmynstur. Siglufjörður er endastöð. Það einfaldar málið töluvert og gerir það auðveldara en ella að skoða hvaða veldi einkennir núverandi umferð til og frá Siglufirði. Til þess þarf að nota upplýsingar sem fengust úr umferðarkönnun verkefnisins Samgöngubætur og byggðapróun árið 2009 (sjá nánar Þóroddur Bjarnason og Kolbeinn Stefánsson, 2010).

Til þess að átta sig á mynstrinu á umferðinni til og frá Siglufirði var landinu skipt í landsvæði og vegalengdin frá Siglufirði fundin inn á viðkomandi svæði. Landsvæðin eru að nokkru leyti mynduð með hliðsjón af því hversu langt frá Siglufirði þau eru og mikilvægi þeirra gagnvart Fjallabyggð. Þannig er Hofsóss til dæmis sérstakt landsvæði vegna nálægðar við Fjallabyggð en Vestfirðir og Barðastrandarsýsla eru eitt landsvæði.

Frá Siglufirði er hægt að aka til allra átta á bundnu slitlagi nema yfir Lágheiði. Vegurinn yfir Lágheiði, frá Ketilási í Fljótum til Ólafsfjarðar, er malarvegur á 32 km kafla. Auk þess er vegurinn yfir Lágheiði mun seinfarnari en góður malarvegur. Yfir sjálfa heiðina er um brattar brekkur að fara og brýr og beygjur eru á þann veg að meðalhraði er lítill. Má gera ráð fyrir að á þessum 32 km kafla sé meðalhraðinn 20 km/klst. lægri en á bundnu slitlagi. Ferðatíminn á þessum 32 km er því svipaður og á 42 km vegi sem hægt er að aka á 90 km/klst. Bæði aksturskostnaður og ferðatími hafa áhrif á ferðaákvarðanir fólks en aksturskostnaðurinn er að mestu háður vegalengdinni. Ef gert er ráð fyrir að bæði atriðin vegi jafn þungt má gera ráð fyrir að vegurinn yfir Lágheiði, þegar hann er á annað borð fær, virki eins og 5 km hindrun. Því er gert ráð fyrir að núverandi vegur yfir Lágheiði jafngildi hefðbundnum þjóðvegi með bundnu slitlagi sem er 5 km lengri.

Hér verður að taka fram að niðurstöður umferðarkönnunarinnar sýna umferðina eins og hún er þegar Lágheiðin er ágætlega fær. Könnunin mælir ekki umferðina þegar Lágheiðin er illfær eða ófær. Þegar niðurstaða umferðarkönnunarinnar er yfirfærð á allt árið er því verið að horfa á umferðarstrauma eins og þeir væru ef heiðin væri alltaf fær. Við þær aðstæður er miðað við að hindrunin sé 5 km um Lágheiðina.

Í töflu 1 má sjá svæðin sem voru notuð. Í töflunni má einnig sjá niðurstöður úr umferðarkönnuninni sem gerð var við Ketilás árið 2009. Sýnt er hversu stórt hlutfall umferðin á hverjum legg er af heildarumferð. Siglufjörður-Fljót er einn leggur, Siglufjörður-Reykjavík annar o.s.frv. Samtals er tuttugu og einn leggur skilgreindur. Umferðarkönnunin var gerð annars vegar í júlí og hins vegar í október og voru bílar stöðvaðir á fimmtudegi og laugar-degi. Hlutföllin á fimmtudegi voru yfirfærð á alla fimm virka daga vikunnar en hlutföllin á laugardegi voru notuð bæði fyrir laugardeg og sunnudag. Þannig eru meðalhlutföll vikunnar fundin.

Þó sumarið sé stutt og veturnir langir er sumarumferðin samt sem áður um helmingur ársumferðarinnar. Það er því einfaldlega gert ráð fyrir því að skipting umferðar til og frá Siglufirði yfir allt árið sé meðaltalið að sumri og vetri. Þessa skiptingu má sjá á næstu töflu. Árið 2008 var ÁDU á Siglufjarðarvegi við Almenningsnóf 222 bílar á dag (Vegagerðin, 2008a). Miðað við þá tölu skiptist umferðin til og frá Siglufirði eins og síðasti dálkurinn sýnir.

Þegar búið er að setja samskiptalíkanið upp (finna mannfjölda á hverju svæði annars vegar og á Siglufirði hins vegar) má leita að þeim veldisvísi sem fer næst því að lýsa raunverulegri umferð. Það er gert á þann hátt að skoða muninn á gildunum sem líkanið gefur og gildunum úr umferðarkönnuninni sem sjá má í töflu 1.

Tafla 1. Skipting umferðar milli Siglufjarðar og annarra landsvæða.

Landsvæði sem myndar legg með Siglufirði	Sumar skv. umferðarkönnun	Vetur skv. umferðarkönnun	Meðaltal	ÁDU á hverjum legg
Reykjavík	11,90%	14,20%	13,10%	29
Reykjanes og Suðurland	2,30%	0,50%	1,40%	3
Vesturland, Strandir og Reykhólar	2,70%	1,60%	2,10%	5
Vestfirðir og Barðastrandarsýsla	0,60%	0,00%	0,30%	1
Húnaþing vestra	0,90%	0,20%	0,60%	1
A-Húnavatnssýsla	2,60%	1,20%	1,90%	4
Sauðárkrókur	13,30%	14,60%	13,90%	31
Varmahlíð	3,20%	0,20%	1,70%	4
Hólar	1,30%	0,00%	0,60%	2
Hofsós	4,20%	3,30%	3,80%	8
Fljót	12,30%	23,40%	17,90%	40
Skagafjörður annað	4,30%	3,00%	3,70%	8
Ólafsfjörður	7,80%	7,30%	7,60%	17
Dalvíkurbyggð	3,90%	1,10%	2,50%	6
Akureyri	25,70%	26,70%	26,20%	58
Eyjafjörður annað	0,20%	0,00%	0,10%	0
Þingeyjarsveit	0,40%	0,80%	0,60%	1
Norðurþing, Mývatn og Tjörnes	1,60%	1,20%	1,40%	3
Hérað, Vopnafj. og Langanesbyggð	0,20%	0,00%	0,10%	0
Fjarðabyggð, Seyðisfj. og fl.	0,60%	0,60%	0,60%	1
Sveitarfélagið Hornafjörður	0,00%	0,00%	0,00%	0
Samtals	100%	100%	100%	222

Tölugildið á þessum mismun á öllum leggjunum er lagt saman og valið það veldi sem lágmarkar þá summu. Einnig væri hægt að nota fervik, þ.e. setja mismuninn á hverjum legg í annað veldi og leggja saman fyrir alla leggina. Lágörkun á þessari summu gefur ákaflega líkt veldi og þegar tölugildið er notað.

Umferð til og frá Siglufirði fyrir göng og einkenni hennar

Þegar umferð til og frá Siglufirði fyrir göng er skoðuð á þann hátt sem er lýst hér að framan, kemur í ljós að veldið sem einkennir umferðina er mjög hátt eða **3,35**. Með þessu veldi gefur líkanið að hlutfallsleg umferð á hverjum legg ætti að vera eftirfarandi:

Eins og sjá má á töflunni er mesti munurinn á mæliniðurstöðum og líkaninu á leggnum Siglufjörður-Dalvík eða 9,0 prósentur. Almenn er umferðin vestur eftir meiri og umferðin austur eftir minni en líkanið gefur til kynna. Það bendir til þess að ófærð og lokun Lágheiðar hafi þau áhrif að hefð skapist fyrir meiri samskiptum til vesturs en austurs. Sú hefð komi fram þrátt fyrir að umferð sé mæld þá daga sem Lágheiðin er ágætlega fær. Einnig má vera að hindrunin um Lágheiði sé meiri en sem svarar 5 km. Það sem við fyrstu sýn gerir það að verkum að veldið þarf að vera svona hátt til að endurspeglar umferðina fyrir göng er hversu mikil umferðin er milli Fljóta og Siglufjarðar. Ef leggurinn Siglufjörður-Fljót er tekinn út og nýtt veldi fundið fyrir afganginn af umferðinni er það lægra en samt sem áður hátt eða **2,83**.

Önnur niðurstaða fæst ef eingöngu þeir leggir eru notaðir í samskiptalíkanið sem lágu um Lágheiði (og Héðinsfjarðargöngin hafa áhrif á), þ.e. frá Siglufirði til Ólafsfjarðar til og með leggnum milli Siglufjarðar og Hornafjarðar.

UMFERÐARSPÁ FYRIR HÉÐINSFJARÐARGÖNG

Tafla 2. Skipting umferðar milli Siglufjarðar og annarra landsvæða samkvæmt samskiptalíkani.

Landsvæði sem myndar legg með Siglufirði	Hlutfallsúmfærð á legg skv. umferðarkönnun	Hlutfallsúmfærð skv. líkani (veldi 3,35)	Mismunur
Reykjavík	13,10%	7,50%	5,6
Reykjanes og Suðurland	1,40%	1,10%	0,3
Vesturland, Strandir og Reykhólar	2,10%	0,80%	1,3
Vestfirðir og Barðastrandarsýsla	0,30%	0,10%	0,2
Húnaþing vestra	0,60%	0,40%	0,2
A-Húnavatnssýsla	1,90%	2,00%	-0,1
Sauðárkrókur	13,90%	10,20%	3,7
Varmahlíð	1,70%	0,40%	1,3
Hólar	0,60%	0,70%	-0,1
Hofsós	3,80%	3,30%	0,5
Fljót	17,90%	16,70%	1,2
Skagafjörður annað	3,70%	4,20%	-0,5
Ólafsfjörður	7,60%	10,80%	-3,2
Dalvíkurbyggð	2,50%	11,50%	-9
Akureyri	26,20%	26,20%	0
Eyjafjörður annað	0,10%	2,80%	-2,7
Þingeyjarsveit	0,60%	0,40%	0,2
Norðurþing, Mývatn og Tjörnes	1,40%	0,80%	0,6
Hérað, Vopnafj. og Langanesb.	0,10%	0,20%	-0,1
Fjarðabyggð, Seyðisfj. og fl.	0,60%	0,10%	-0,5
Sveitarfélagið Hornafjörður	0,00%	0,00%	0

Veldið sem einkennir þessa umferð er **2,09**. Þetta veldi einkennir þá umferðarstrauma sem ætlunin er að skoða breytinguna á með tilkomu Héðinsfjarðargönganna. Í næstu töflu má sjá hlutfallslega umferð eingöngu milli leggjana sem lágu yfir Lágheiði, annars vegar samkvæmt líkani og hins vegar samkvæmt umferðarkönnun. Nú er hlutfallið milli þess sem mælist og þess sem líkanið gefur sýnt í síðasta dálknum en ekki mismunur eins og áður.

Tafla 3. Umferð yfir Lágheiði milli Siglufjarðar og annarra landsvæða samkvæmt samskiptalíkani.

Landsvæði sem myndar legg með Siglufirði	Hlutfallsúmfærð á legg skv. umferðarkönnun	Hlutfallsúmfærð skv. líkani (veldi 2,09)	Hlutfall milli umferðar í könnun og útkomu úr líkani
Ólafsfjörður	19,30%	10,80%	1,8
Dalvíkurbyggð	6,40%	15,40%	0,42
Akureyri	67,20%	58,70%	1,14
Eyjafjörður annað	0,30%	6,80%	0,04
Þingeyjarsveit	1,50%	1,30%	1,12
Norðurþing, Mývatn og Tjörnes	3,60%	3,60%	1
Hérað, Vopnafj. og Langanesbyggð	0,20%	1,60%	0,13
Fjarðabyggð, Seyðisfj. og fl.	1,50%	1,50%	0,98
Sveitarfélagið Hornafjörður	0,00%	0,30%	0

Umferðarspá um Hédinsfjarðargöng, umferð til og frá Siglufirði

Veldið á vegalengdinni í samskiptalíkaninu sem einkennir umferð til og frá Siglufirði fyrir göng er 3,35. Þá er hægt að skoða hvað umferðin á leggjunum sem lágu yfir Lágheiði eykst mikið með tilkomu Hédinsfjarðarganga og styttingu um 47 km milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar með samskiptalíkani þar sem veldið á vegalengdinni er 3,35 (í líkaninu er styttingin 52 km vegna viðbótar 5 km sem settir eru á Lágheiði eins og áður var lýst). Sú aukning er gríðarleg. Með þessum forsendum ættu nokkur þúsund bílar að fara dag hvern um Hédinsfjarðargöng eingöngu til og frá Siglufirði. Þetta getur varla talist raunhæf niðurstaða en er þó í þá átt að umferðin um Hédinsfjarðargöng gæti orðið nokkuð mikil.

Sé hins vegar spálíkaninu eingöngu beitt á þá leggi sem lágu um Lágheiði en hafa nú færast að mestu yfir í Hédinsfjarðargöngin er veldið sem fyrr sagði 2,09. Eins og bent var á er að mörgu leyti eðlilegra að nota þetta veldi á þessa leggi burtséð frá því hvaða veldi einkennir umferðina á öðrum leggjum sem ekki munu nýta sér Hédinsfjarðargöngin. Tafla 4 sýnir umferðarspá fyrir þessa leggi í samanburði við umferð fyrir göng samkvæmt umferðarkönnun (ÁDU 222).

Tafla 4. Spáð umferð til og frá Siglufirði um Hédinsfjarðargöng.

	Umferð skv. umferðarkönnun	Umferð samkvæmt líkani	Hlutfall úr töflu 3	Umferð samkvæmt líkani með sköln
Ólafsfjörður	17	214	1,8	384
Dalvíkurbyggð	6	96	0,42	40
Akureyri	58	151	1,14	173
Eyja fjörður annað	0	16	0,04	1
Þingeyjarsveit	1	2	1,12	2
Norðurþing, Mývatn og Tjörnes	3	6	1	6
Hérað, Vopnafj. og Langanesb.	0	2	0,13	0
Fjarðabyggð, Seyðisfj. o.fl.	1	2	0,98	2
Sveitarfélagið Hornafjörður	0	0	0	0
Samtals	87	489		608

Hér gefur líkanið að sú umferð til og frá Siglufirði sem fara mun um Hédinsfjarðargöngin verði 489 bílar á dag, sem telja má raunhæft. Einnig má taka með í reikninginn að umferðin fyrir göng er ýmist meiri eða minni til mismunandi staða en líkanið gerir ráð fyrir. Sem dæmi var 80% meiri umferð milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar en líkanið gerir ráð fyrir. Þetta má sjá í töflu 3. Ef umferðin verður áfram hlutfallslega jafn mikið meiri eða minni en líkanið gefur til kynna verður hún eins og kemur fram í síðasta dálki töflu 4 (hann er fenginn með því að margfalda útkomuna úr líkaninu með tölunum sem koma fram í síðasta dálkinum í töflu 3). Ef þetta á við má búast við að meðalumferð verði 608 bílar á dag. Það er ekki augljóst hvor talan er marktækari. Segja má að líkanið gefi til kynna að umferðin til og frá Siglufirði um Hédinsfjarðargöngin verði líklega um 500-600 bílar á dag.

Glöggir lesendur geta einnig séð hvað þessi umferðarspá þýðir fyrir umferð um Múlagöng. Af umferðinni til og frá Siglufirði er áætlað að ÁDU 70 hafi farið um Múlagöngin (87-17). Líkanið gefur til kynna að þessi umferðarstraumur fari upp í ÁDU 275 (489-214). Það er umferðaraukning um ÁDU 205 um Múlagöng. Ef mið er hins vegar tekið af sköluðu umferðartölunum er aukning þessa umferðarstraums um Múlagöng ÁDU 154. Umferðarspáin gefur því til kynna mun meira umferðarálag um einbreið Múlagöngin en áður.

Umferðarspá um Hédinsfjarðargöng, gegnumstreymisumferð

Umferðin til og frá Siglufirði er ekki eina umferðin sem fara mun um göngin. Við bætist umferð milli Ólafsfjarðar og svæða vestan Tröllaskaga alla leið til Reykjavíkur. Styttra verður frá Ólafsfirði til Reykjavíkur um Hédinsfjarðargöng en um Öxnadalshéiði. Einnig verður einhver samsvarandi umferð milli Dalvíkur og Skagafjarðar sem og umferð milli Fljóta og Eyjafjarðar. Þessi umferð fór um Lágheiði þegar hún var fær. Heiðin var hins vegar yfirleitt ekki fær allan veturinn og því er líklegt að þessi samskipti aukist þegar vegasambandið verður öruggara. Telja má víst að vetrarþjónustu verði hætt með öllu á Lágheiði nú eftir að Hédinsfjarðargöng eru komin í gagnið. Um 5 km lengra er um Hédinsfjarðargöng frá Ólafsfirði í Ketilás en um Lágheiði. Munurinn er það lítill að líklegt er að meginþorri umferðarinnar sem fór um Lágheiði muni fara um Hédinsfjarðargöng. Vegurinn þá leiðina er mun betri þó ekki sé víst að það sé í öllum tilfellum fljótarnari leið. Það er því líklegt að umferð sem var yfir Lágheiði muni að mestu flytjast í Hédinsfjarðargöng.

Vegagerðin áætlar að umferðin yfir Lágheiði hafi verið ÁDU 123 árið 2008 (Vegagerðin, 2008b). Eins og áður hefur komið fram er áætlað að umferð um Lágheiði til og frá Siglufirði hafi verið ÁDU 87, sé miðað við niðurstöðu umferðarkönnunar og umferðina árið 2008. Mismunurinn er ÁDU 36. Það er líklegt að þessi umferð muni að megininu til flytjast í Hédinsfjarðargöngin. Auk þess er líklegt að þessi umferð aukist eitthvað með öruggari samgöngum um Hédinsfjarðargöng í stað Lágheiðar.

Þá má búast við því að gegnumstreymisumferð fyrir Tröllaskagann (umferð sem hvorki á upphafs- né endapunkt á Tröllaskaga) muni aukast frá því sem var með tilkomu ganganna. Þetta er umferð ferðamanna og þetta getur einnig verið umferð sem kemur til af því að Öxnadalshéiði er illfær eða ófær. Með Hédinsfjarðargöngum opnast láglandisleið milli Eyjafjarðar og Skagafjarðar en slíkt hefur ekki áður verið í boði. Einu leiðirnar á milli þessara héraða hafa verið Öxnadalshéiði og Lágheiði. Erfitt er að segja til um hversu mikið þetta streymi ferðamanna verður umfram það sem var. Í öllu falli verður nokkur hringur til staðar fyrir þá sem ferðast milli höfuðborgarsvæðisins og Norðurlands austan Tröllaskaga.

Frá Blönduósi er nú hægt að velja á milli tveggja leiða til Akureyrar. Annars vegar 144 km leið um núverandi hringveg og hins vegar 217 km leið um Þverárfjall og Hédinsfjarðargöng. Báðir kostirnir voru reyndar í boði með því að fara malarveginn um Lágheiði en hætt er við að margur íslenskur ferðamaðurinn líti nú fyrst á þessa leið sem raunverulegan kost þar sem bundið slitlag er alla leið og Siglufjörður er í leiðinni. Nokkur umferð vegna skíðaferðamanna er einnig möguleg. Aðstæður á skíðasvæðinu á Siglufirði eru stundum þær bestu á landinu og munu þær nýtast mun betur þegar stutt er í þjónustugetuna á Akureyri.

Það er erfitt að spá af nokkru öryggi um það hvað gegnumstreymisumferð um Siglufjörð verður mikil. Þó má gera ráð fyrir að hún verði 50–100 bílar á dag. Við það verður heildarumferð um Hédinsfjarðargöng á bilinu 550–700 bílar á dag.

Umræða

Í stuttu máli er niðurstaða þessarar skoðunar eftirfarandi: Samskiptalíkan notað eingöngu á umferð til og frá Siglufirði sem fór yfir Lágheiði gefur til kynna að umferð til og frá Siglufirði um Hédinsfjarðargöngin verði ÁDU 500-600. Ennfremur er ályktað sem svo út frá ýmsum vísbendingum að við það bætist önnur umferð sem fer í gegnum bæði Siglufjörð og Hédinsfjarðargöng og verði ÁDU 50-100. Samtals verði því umferðin um Hédinsfjarðargöngin **ÁDU 550-700**. Einkenni allrar umferðar til og frá Siglufirði (þ.e. hátt veldi á vegalengdinni í

JÓN ÞORVALDUR HEIÐARSSON

samskiptalíkani) benda til þess að umferð geti orðið enn meiri en þetta. Það er þó talið heldur ólíklegt.

Það má spyrja hversu áreiðanleg þessi spá er. Hefur spá af þessum toga eitthvert gildi eða er þetta bara leikur að tölum sem getur endað á hvaða veg sem er? Samskiptalíkanið byggir í raun ekki á félagsfræðilegum eða viðskiptafræðilegum grunni. Það er þó á ýmsan hátt rökrétt. Ef fólk á svæði A hefur einhver samskipti við fólk á svæði B er líklegt að þau samskipti séu svipuð og samskipti milli svæða A og C ef svæði C er jafn fjölmennt og svæði B og á svipuðum slóðum. Það er líklegt að samskipti Akureyringa séu álíka mikil við Hafnfirðinga og Kópavogsbúa þar sem svæðin eru svipað fjölmenn og á svipuðum stað. Á sama hátt er líklegt að samskipti svæða A og B tvöfaldist ef svæði B tvöfaldast í mannfjölda. Það er því rökrétt að samskiptin séu í hlutfalli við margfeldið á mannfjölda svæðanna A og B. Einnig er rökrétt að samskipti séu meiri milli fólks eftir því sem það er samgöngulega nær hvert öðru. Hvernig það samband er er þó ekki augljóst. Að setja fram að samskipti séu í öfugu hlutfalli við fjarlægðina í veldi sem er fundið út frá raunverulegri hegðun, er tilraun til að endurspeglar þetta samband. Það er nálgun á raunveruleika sem er flóknari.

Hér má benda á mikilvægt atriði varðandi samskiptalíkanið. Ef umferð hegðar sér raunverulega í samræmi við það og ef veldið á vegalengdinni í líkaninu er stærra en einn þá hefur það í för með sér að vegstyttingar leiða af sér að fleiri kílómetrar eru eknir en áður. Umferðaraukningin yfirgnæfir styttingu leiðarinnar. Vegstytting verður þá til þess að meira er ekið í heildina og útblástur verður meiri en áður. Afleiðingin af vegstyttingu er þá ekki minni akstur og minni útblástur. Þetta er hins vegar efni í aðra grein og verður ekki farið út í þetta nánar hér.

Til að meta réttmæti umferðarspárinnar um Héðinsfjarðargöng með samskiptalíkani má gera aðra einfalda umferðarspá með samanburði á Múlagöngum og Héðinsfjarðargöngum. Um Múlagöngin var meðalfjöldi bíla á dag (ÁDU) um 400. Stærstur hluti umferðarinnar var vegna umferðar milli Ólafsfjarðar og Eyjafjarðar eða um $\frac{3}{4}$ skv. umferðarkönnun. Það er um ÁDU 300. Þar sem Siglufjörður er um 50% stærri staður en Ólafsfjörður mætti ætla að samsvarandi umferð frá Siglufirði um Héðinsfjarðargöng verði ÁDU 450. Ef önnur umferð verður ÁDU 100 eins og í tilfelli Ólafsfjarðar má gera ráð fyrir að umferðin um Héðinsfjarðargöng verði um ÁDU 550. Þessi einfaldi samanburður gefur svipaða niðurstöðu og spá með samskiptalíkani og bendir því til þess að sú spá sé raunhæf.

Hvað þýðir það ef þessi umferðarspá gengur eftir? Í fyrsta lagi má segja að þá hafi hrakspámar ekki ræst. Það verði fleiri en örfáar hræður á ferðinni um Héðinsfjarðargöng. Arðsemi ganganna er einnig meiri ef umferðin er mikil því það bendir til þess að greiðsluvilji vegfarenda sé meiri en ef umferð er lítil. Ef umferðarspáin gengur eftir er það einnig merkilegt í félagsfræðilegu tilliti. Hópur fólks (Siglufirðingar) mun þá skyndilega hafa margfalt meiri samskipti við annað fólk en áður vegna samgöngubóta. Það á einnig við um Ólafsfirðinga sem munu hafa meiri samskipti við Siglufirðinga. Meiri samskipti fólks hljóta að teljast jákvæð. Aukin samskipti í formi viðskipta leiða nánast alltaf til ábata fyrir samfélög. Ennfremur bendir umferðarspáin til þess að vandamál geti skapast í hinum einbreiðu Múlagöngum verði umferðin 550 til 600 bílar á dag að meðaltali, færri á veturna en fleiri á sumrin.

Umferðarspár eru mikilvægar til að hægt sé að taka skynsamlegar ákvarðanir í samgöngumálum, eins og bent var á í inngangi. Það er von höfundar að ef sú aðferðafræði sem hér hefur verið notuð fyrir Héðinsfjarðargöng reynist vel. Þá verður hægt að nota hana og þróa enn frekar við aðra jarðganga- og vegagerð á Íslandi. Það verður lærdómsríkt að sjá hvað var réttilega ályktað og hvað var ranglega ályktað í þessu tilfelli til að bæta skilning á áhrifum jarðganga almennt.

Heimildir

Friðleifur Ingi Brynjarsson (2006). *Umferðarspá 2005-2045*. Vegagerðin.

Hjalti Jóhannesson, Grétar Þór Eypórsson og Kjartan Ólafsson (2001). *Jarðgöng og vegagerð á norðanverðum Tröllaskaga – Mat á samfélagsáhrifum*. Akureyri: Rannsóknarstofnun Háskólans á Akureyri.

Haynes, K. E. og Fotheringham, A.S. (1984). *Gravity and spatial interaction models*. Beverly Hills: SAGE Publications, Inc.

Samráðshópur um endurbyggingu vegar um Lágheiði og tengd málefni (1999). *Vegtengingar milli byggðarlaga á norðanverðum Tröllaskaga*. Vegagerðin.

Vegagerðin (a) (2008). *Umferð á Þjóðvegum: Sólarbringsumferð á föstum talningarstöðum*. Sótt á vef vegagerðarinnar í janúar 2010, vefslóð:
[http://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/r_cross_umferd_2008/\\$file/r_cross_umferd_2008.pdf](http://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/r_cross_umferd_2008/$file/r_cross_umferd_2008.pdf)

Vegagerðin (b) (2008). *Umferð á Þjóðvegum: Meðaltöl*. Sótt á vef vegagerðarinnar í janúar 2010, vefslóð:
[http://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/Umferdartolur_2008/\\$file/Umferdartolur%202008.pdf](http://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/Umferdartolur_2008/$file/Umferdartolur%202008.pdf)

Ferðamenn í Fjallabyggð sumarið 2009

Edward H. Huijbens

Inngangur

Fjöldi ferðalaga má sjá í tölum Alþjóðaferðamálaráðsins (WTO, 2009). Árið 1950 voru um 15 milljón komur (e. *arrivals*) taldar í heiminum, árið 2005 voru þær 806 milljónir og 924 milljónir árið 2008. Aukningin milli 2005 og 2008 er nærri 15% en meðaltalið á ári frá 1950 er 6,5%. Ríflega helmingur af komum ferðafólks (57%) er í Evrópu allri en komur í Norður-Evrópu eru um 6,7%. Alþjóðaferðamálaráðið gerir ráð fyrir árlegri aukningu um 4,1% í ferðalögum milli landa allt til ársins 2020. Samkvæmt þeirri spá mun Evrópa halda hlutdeild sinni sem mest sóttu heimsálfan þrátt fyrir aukna samkeppni við önnur svæði. Það þýðir að um 700 milljónir komufarþega verða í Evrópu árið 2020 og þar af rúmar 82 milljónir í Norður-Evrópu, að því gefnu að ofangreind hlutföll haldist.

Ef horft er til Íslands hefur árleg fjölgun gesta til landsins numið 6,4% að meðaltali frá árinu 1960 (Ásgeir Jónsson, 2004: 51). Árið 2006 komu rúmlega 431.000 gestir en 502.000 árið 2008 (Ferðamálastofa, 2009) og vöxturinn hér hefur því endurspeglad þá miklu aukningu sem er í ferðalögum í heiminum almennt. Samhliða þessari þróun hefur ferðaþjónusta sem atvinnugrein vaxið í landinu og gjaldeyrstekjur aukist stöðugt, en ferðaþjónusta aflaði árið 2006 47 milljarða sem er vel rúm tvöföldun á tíu ára tímabili, en 1997 voru tekjurnar um 21 milljarður. Gunnar Þór Jóhannesson og Edward Huijbens (2010, sjá einnig Gunnar Þ. Jóhannesson, Edward Huijbens og Sharpley, 2010) fara ítarlega yfir þróun ferðaþjónustu á Íslandi og helstu tækifæri og áskoranir sem við greininni blasa í nútíð og framtíð.

Hvað varðar efni þessa kafla er rétt að átta sig á samhengi ferðaþjónustu við búsetu á landsbyggðinni. Uppbygging þéttbýliskjarna var upphaflega grundvöllur á hagræði í nýtingu staðbundinna framleiðsluþátta. Á sumum stöðum var það nálægð við góð fiskimið sem gaf fólki ástæðu til þess að setjast þar að. Annars staðar skapaði nálægð við blómleg landbúnaðarhéruð þörf fyrir þjónustu, verslun og úrvinnslu. Á mörgum stöðum lagðist þetta tvennt til, landbúnaður og fiskveiðar. Þróun síðustu ára hefur verið í þá átt að bættar samgöngur hafa dregið úr þjónustuhlutverki þessara byggðarkjarna úti á landi og ennfremur hefur vægi staðsetningar fyrir nýtingu ýmissa auðlinda minnkað. Ferðaþjónustan er af þeim sökum mjög mikilvæg fyrir landsbyggðina vegna þess að hún byggir á notkun aðfanga sem ekki er hægt að flytja úr stað, s.s. náttúrufegurð. En náttúrufegurð, sögulegar minjar og svo framvegis verður víða að telja til mjög mikilvægra staðbundinna gæða sem geta staðið undir byggð víða um landið. Ferðaþjónustan er þannig ein af fáum greinum þar sem landsbyggðin hefur enn raunverulega hlutfallslega yfirburði vegna landfræðilegra aðstæðna. Greinin er í þessu tilliti nær eini augljósi vaxtarbroddurinn í flestum byggðum landsins og hlýtur þess vegna að tengjast byggðastefnu stjórnvalda með afgerandi hætti.


Hins vegar er ferðaþjónustan – eins og nafnið gefur til kynna – þjónusta. Stærri staðir hafa yfirburði í þjónustu sökum meiri hagkvæmni og breiddar í vöruúrvali. Ýmiss konar stærðarhagkvæmni og samlegðaráhrif verða þess valdandi að framleiðni fyrirtækja er meiri eftir því sem þau eru fleiri saman. Ferðamenn sækja að sama skapi í staði sem veita fjölbreytta þjónustu og um leið sækjast fyrirtæki sem gera út á ferðamenn eftir staðsetningu þar sem ferðamenn eru flestir. Þjónustufyrirtækin eru þar sem markaðurinn er stærstur og hvorki þarf að flytja þjónustuna til neytenda né neytendur til þjónustunnar (Ásgeir Jónsson o.fl. 2006: 6).

Skilgreining ferðamanna

Á Íslandi skilgreinir Ferðamálastofa ferðamann sem þann er dvelur að minnsta kosti eina nótt á áfangastað en þó skemur en eitt ár. Ferðamaðurinn er því ekki dagsferðamaður, þ.e. sá er dvelur ekki á áfangastað, né nauðsynlega ferðalangur sem gæti til að mynda verið farandverkamaður eða innflytjandi. Þessi skilgreining byggir á skilgreiningum Ferðamálastofu (2010), sem eru í samræmi við alþjóðleg viðmið (WTO, 2008: 9-10, notað í Holloway, 2006: 7; Tribe, 2005: 3; Weaver & Lawton, 2002: 25).

Þessar skilgreiningar sem Ferðamálastofa notar eru afar gagnlegur grunnur til að átta sig á hugtökum og nýttast með þeirri lýsingu sem unnin verður í framhaldinu. Þó er nauðsynlegt að benda á að þrátt fyrir að ferðamaðurinn sé samkvæmt því sem segir hér fyrir ofan nokkuð afmarkaður snýst ferðamennska engu að síður um ferðalög allra þeirra sem ferðast eða óska þess að ferðast og nota þjónustu á stöðum fjarri daglegu umhverfi sínu (Mathieson & Wall, 1982). Ferðalög gera því sýnileg tengsl ólíkra staða og landfræði ferðamennsku er þannig lykill til að skilja hvata hennar og birtingarmyndir (sjá Hall & Page, 2006: 75-78, en einnig Hall, 2005).

Ýmsir aðilar safna talnagögnum um ferðaþjónustu og fer megnið af þeirri gagnaöflun fram hjá Hagstofunni (2010a) en einnig hjá Ferðamálastofu (2009). Að auki hafa helst tvö einkafyrirtæki staðið í gagnaöflun en það eru Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar og Markaðs- og miðlarannsóknir, en bæði hafa unnið fyrir Ferðamálastofu og má finna yfirlit yfir skýrslur þeirra á vef hennar (sjá Ferðamálastofa, 2010a). Þær tölur sem helst er hægt að nota til að átta sig á fjölda ferðamanna á hverjum stað eru gistináttatölur, en hverjum þeim sem veitir gistingu, hvort sem er flöt fyrir tjald eða uppþúið rúm, ber að skila gistináttaskýrslum til Hagstofu. Þetta er vissulega afmarkaður hópur ferðalanga, því í þessum tölum eru ekki taldir þeir sem gista hjá vinum og ættingjum eða í orlofshúsum verkalýðsfélaga, né dagsferðamenn sem ekki gista á staðnum. Hagstofa gefur aðeins út gistináttatölur fyrir landshluta og til þess að fá skýrari mynd eftir einstökum sveitarfélögum þarf að óska sérstaklega eftir því frá Hagstofunni. Var það gert fyrir þennan kafla og fengust upplýsingar um uppgefnar gistinætur fyrir Siglufjörð og Ólafsfjörð árin 1998-2008. Gerð er grein fyrir þeim í mynd 1 hér fyrir neðan.



Mynd 1. Gistinætur á Ólafsfirði og Siglufirði 1998-2008.

Á mynd 1 hefur verið sett inn aðhvarfslína og þannig má sjá að þó þróun í fjölda gistinguáttu sé brokkgeng er hún upp á við þegar á heildina er litið. Hins vegar eru umtalsverðar sveiflur milli ára. Tvö ár standa þó klárlega upp úr þegar kemur að gistinguáttum Íslendinga. Það eru árin 2004 og 2005 og má hugsanlega skýra það með viðburðum eða óvenju góðri og skipulagðri skráningu, en slíkar vangaveltur verða að vera í höndum heimamanna.

Rögnvaldur Guðmundsson (2005) segir að samanlagðar gistinguáttur erlendra og innlendra ferðamanna á Norðurlandi árið 2004

...hafi verið um 1,5 milljónir árið 2004, þar af um 71% meðal Íslendinga en 29% meðal erlendra ferðamanna, en að þær hafi verið um 1,3 milljónir talsins árið 2001. Af öllum gistinguáttum ferðamanna á Norðurlandi árið 2004 er áætlað að 45% þeirra hafi verið í Eyjafirði, 26% í Þingeyjarsýslum, 16% í Skagafirði og 13% í Húnavatnssýslum (bls. 4).

Hér skal haft í huga að Rögnvaldur telur allar gistinguáttur einnig þær sem eru meðal vina og ættingja og ekki er greitt fyrir. Hagstofan fær hins vegar aðeins upplýsingar frá þeim sem veita þjónustu gegn gjaldi en samkvæmt hennar tölum voru heildarnætur á Norðurlandi árið 2004 415 þúsund, þar af 190 þúsund meðal Íslendinga (46%) og 225 þúsund meðal útlendinga (54%). Samkvæmt ferðavenjurannsókn Hagstofunnar (2009a) meðal Íslendinga árið 2008 eru milli 20% og 30% gistinguáttu í ókeypis gistingu að sumri, meðan þetta hlutfall að vetri er 30-40%. Ef gengið er út frá því að þriðjungur gistinguáttu árið 2008 sé því ókeypis og miðað við að það hlutfall hafi ekki breyst mikið frá 2004, sem og við 15% vöxt milli ára líkt og var þessi á ár á Íslandi og í heiminum, má sjá að heildarfjöldi gistinguáttu á Norðurlandi árið 2008 er um 970.000.

Ef tölur Hagstofunnar eru skoðaðar í samanburði við mynd 2 má ráða að um 3,5% gistinguáttu Íslendinga og innan við 1% gistinguáttu erlendra ferðalanga á Norðurlandi hafi verið í Fjallabyggð árið 2004, en innan við 0,6% fyrir báða hópa árið 2008 – að því gefnu að gistinguáttur skiptist nokkurn veginn jafnt þeirra á milli líkt og 2004.

Erfitt er að átta sig á fjölda ferðafólks sem sækir Fjallabyggð heim af þeim reikningum sem hér hafa verið sýndir. Besta leiðin til að átta sig á slíkum fjölda er beinlínis að telja þá sem ferðast og er það einfalt mál í Fjallabyggð þar sem aðkomuleiðir eru fáar. Samkvæmt niðurstöðum umferðarkönnunar sem gerð var sumarið 2009 (sjá Jón Þorvaldur Heiðarsson o.fl., 2010) voru 26% þeirra sem fara um svæðið í sumarleyfi og teljast ferðamenn í hefðbundnum skilningi (sbr. mynd 1). Miðað við heildarfjölda þeirra sem stöðvaðir voru í umferðarkönnuninni má því áætla að um 32.000 manns sækir Fjallabyggð heim á hverju sumri á ferðalögum, bæði útlendingar og Íslendingar.

Hægt er að spegla þessar fjöldatölur í könnun Markaðs- og miðlarannsóknna (2009) meðal Íslendinga en sumarið 2009 var þar spurt um ferðaáform fólks frá 18-80 ára. Tæplega tveir þriðju (60%) kvaðst ætla að sækja Norðurland heim, eða um 138 þúsund manns. Ekki er hægt að gefa sér að allir sem þátt tóku í umferðarkönnun séu Íslendingar en af samanburði þeim sem hér hefur verið sýndur, bæði við tölur Hagstofu, umferðarkönnun og könnun Markaðs- og miðlarannsóknna, er þó um einhverja vísbendingu að ræða um þann hluta heildarferðalaga um Norðurland sem Fjallabyggð laðar til sín.

Könnun meðal ferðafólks

Sumarið 2009 var gerð spurningakönnun meðal ferðafólks á Siglufirði og Ólafsfirði. Um var að ræða tveggja blaðsíðna könnun þar sem spurt var um ferðaáætlun um svæðið og á staðnum, og um viðhorf og upplifun af staðnum, auk þess sem upplýsinga var aflað um um persónuhagi,

FERÐAMENN Í FJALLABYGGÐ

kyn, fæðingarár, menntun og mánaðartekjur svarenda. Listarnir voru lagðir fyrir ferðamenn fyrrihluta og seinnihluta dags hvern vikudaganna sjö. Þegar fleiri en einn voru saman á ferð var spurningalistinn aðeins lagður fyrir einn einstakling í hópnum. Hver fyrirlagnartörn stóð í fjórar klukkustundir og var leitað eftir svörum frá öllum ferðamönnum sem voru á ferli á þeim tíma. Á virku dögum var lagt fyrir á sömu tímum á báðum stöðunum en vegna fólkboltamóts yngri flokka (sk. Nikulásarmót) á Ólafsfirði var fyrirhugaðri fyrirlögn helgina 18. – 19. júlí frestað til helgarinnar 25. –26. júlí. Jafnframt var gögnum safnað meðal ferðamanna á Síldarævintýrinu á Siglufirði um verslunarmannahelgina 1. – 3. ágúst 2009.

Í heildina fékkst 351 gilt svarblað úr könnuninni, 309 á Siglufirði en aðeins 42 á Ólafsfirði. Þetta bendir eindregið til þess að mikinn meirihluta ferðamanna í Fjallabyggð sé að finna á Siglufirði en ferðamannastraumur til Ólafsfjarðar sé hlutfallslega lítill. Spurt var í könnuninni: „Hversu margir ferðast saman að þér meðtöldum?“. Voru 53 ferðalangar einir á ferð en að þeim meðtöldum endurspegla svör könnunarinnar viðhorf 909 ferðalanga í Fjallabyggð. Langflestir þeirra voru á Siglufirði og því er lýsing á ferðamönnum í Fjallabyggð að verulegu leyti lýsing á ferðamönnum á Siglufirði. Kynjahlutfall svarenda var nokkuð jafnt. Tafla 1 hér að neðan tekur saman helstu breytur um hverjir svarendur voru.

Tafla 1. Lýsing svarenda í könnun meðal ferðafólks í Fjallabyggð sumarið 2009.


	Ísland	Þýskaland	Frakkland	Norðurlönd	Ítalía	Sviss	Holland
Þjóðerni(%)	57,50%	11,10%	5,10%	4,00%	2,90%	2,90%	1,10%
	<16	16–24	25–34	35–44	45–54	55–67	68 +
Aldur (%)	0,30%	4,90%	17,50%	21,30%	25,80%	24,70%	5,50%
	Grunnskólapróf		Framhaldsskólapróf		Háskólapróf		Annað
Menntun (%)	18,50%		28,20%		52,40%		0,90%
	<150	150–299	300–449	450 – 599	600 – 749	750 – 899	> 900
	þúsund	þúsund	þúsund	þúsund	þúsund	þúsund	þúsund
Tekjur (ISK)	6,80%	15,70%	10,00%	7,40%	3,10%	0,90%	0,90%
	<1.000	1.000–1.999	2.000–2.999	3.000–3.999	4.000–4.999	1.000–1.999	> 5.000
Tekjur (EUR)	2,30%	4,60%	8,50%	5,70%	2,80%	5,10%	--

Af töflu 1 er ljóst að mest eru það fullorðnir og vel menntaðir Íslendingar sem sækja Fjallabyggð heim. Til að átta sig á hvaða samfélagshópar sækja Fjallabyggð heim er einnig áhugavert að skoða hvað fólk gefur upp sem mánaðarlegar meðaltekjur sínar.

Í könnuninni var fólki leyft að svara hvort heldur var í krónum eða evrum og einnig gat fólk svarað í öðrum gjaldmiðlum og skrifað þá á svarblaðið. Öll slík svör úr öðrum gjaldmiðlum

hafa verið umreiknuð í evrur og sett í viðeigandi flokk í töflu 1. Sjá má á töflunni að frekar er það fólk í lægri tekjuhópum sem virðist vera á ferðinni.


Mynd 2 sýnir helstu ástæður þess að ferðamenn heimsóttu Fjallabyggð. Í samræmi við þær kannanir sem gerðar hafa verið meðal gesta sem sækja landið heim (Ferðamálastofa, 2009: 12) standa náttúra og menning þar upp úr sem helstu ástæður heimsóknar til Fjallabyggðar. Eins og sjá má að neðan eru aðrar helstu ástæður ferðar tilteknir menningarviðburðir og heimsóknir á fornar slóðir eða til vina og ættingja.



Mynd 2. Helsta ástæða heimsóknar í Fjallabyggð.

Gestir í Fjallabyggð nýttu sér ódýra kosti í gistingu og ferðamáta. Nærri 97% voru á ferð í eigin bíl, og þá oftast tveir saman (39,6%), og 2% á hjóli, en engar áætlunarferðir með bíl, flugi eða bát eru í boði til Fjallabyggðar. Nær þriðjungur (31%) gisti á tjaldsvæði og nærri fimmtungur (17,1%) gisti hjá vinum eða ættingjum. Gistiheimili nýttu sér um 5%, en margir (15,1%) voru í dagsferð um sveitarfélagið og gistu því annars staðar. Mynd 3 að neðan sýnir yfirlit yfir það hve lengi svarendur dvöldu í Fjallabyggð. Þeir sem voru skemur en einn sólarhring, en þeir voru rúmur helmingur svarenda (54%), voru beðnir um að gera grein fyrir dvalarlengd í klukkustundum.

Þeir sem komu í Fjallabyggð voru spurðir hvar þeir hefðu verið nóttina áður og hvar þeir hygðust vera næstu nótt eftir dvöl þeirra í Fjallabyggð (tafla 2). Í töflunni er þannig tekið saman ferðamynstur þeirra sem könnunin náði til og er áhugavert að bera það saman við niðurstöður umferðarkönnunar sem gerð var á norðanverðum Tröllaskaga sumarið 2009 (Jón Þorvaldur Heiðarsson o.fl., 2010). Af þessum gögnum má sjá að stór hluti fólks sem er á ferðinni kemur af höfuðborgarsvæðinu. Í könnun meðal ferðafólks var ekki spurt hvar það ætti lögheimili en umferðarkönnun sýnir hve margir eru af höfuðborgarsvæði ef ekki er um heimamenn að ræða. Ef könnun Rögnvaldar Guðmundssonar frá 2004 er skoðuð sést að af öllum ferðamönnum sem fóru um Norðurland gistu 45% í Eyjafirði og 16% í Skagafirði, sem rímar vel við niðurstöður í töflu 2.



Mynd 3. Dvalarlengd svarenda í Fjallabyggð í klukkustundum og dögum.

Spurt var í könnuninni: „Hve miklu fé hefur þú eytt hér í annað en gistingu?“ Tafla 3 tekur saman það sem svarendur gáfu upp sem eyðslu utan við gistingu þegar þeir voru í heimsókn í Fjallabyggð og setur í samhengi við dvalarlengd þeirra. Gera má ráð fyrir að þeir sem svöruðu hafi einnig svarað fyrir samferðamenn sína enda oft hjón og/eða fjölskyldur á ferð.

Tafla 2. Hvar gista var nóttina fyrir komu og hvar fólk hugðist gista eftir dvöl í Fjallabyggð.

Hvar	Nóttin fyrir %	Nóttin eftir %
Eyja fjörður	42,5	36,9
Austar	8,4	4,9
Skagafjörður	18,1	14,7
Vestar	10,3	8,6
Reykjavík/Hbs	19,7	22,1
Annað/óákveðið	1	12,8

Eins og sjá má af fyrsta dálki töflu 4 sem sýnir heildar prósentutölur fyrir eyðslu eyðir mikill meirihluti gesta (72%) undir 10.000 krónum utan við gistingu meðan á dvöl þeirra stendur, enda dvelur mikill meirihluti svarenda skemur en einn dag. Ef rýnt er frekar í þá sem gista og þá horft aðeins til þeirra sem eru einn dag eða lengur sést að mestu eyða þeir sem eru í þrjá daga, en þeir eiga 14,7% allra útgjalda þeirra sem á staðnum dvelja dag eða lengur. Næstir koma þeir sem eru 2 daga, en þeir eiga 12%. Hins vegar eiga þeir sem dvelja lengur en þrjá daga lítið af útgjöldunum (18%), jafnvel þó þessi hópur telji nærri þriðjung svarenda (32,7%, sjá mynd 3). Gefur það mögulega vísbendingu um að þeir sem koma til að dvelja í nokkurn tíma séu undir það búnir og hafi verslað, t.d. í lágvöruverðsverslunum, sem ekki er að finna í byggðakjörnunum, meðan þeir sem eru þrjá daga eða skemur láti duga það sem á staðnum er.


Meðaltal uppgefinnar eyðslu utan gistingar var um 11.000 krónur. Ef gengið er út frá þeim fjölda sem ályktað var um í inngangi að sækja Fjallabyggð heim á hverju sumri má mjög gróflega áætla að ferðafólk skili rúmum 350 milljónum inn í byggðina á hverju sumri, utan við gistingu. Flokkarnir í töflu 3 eru samanburðarhæfir við flokka er koma fram í spurningakönnun sem

gerð var meðal brottfararfarþega á Akureyrarflugvelli í millilandaflugi Iceland Express sumarið 2009 (Eyrún Jenný Bjarnadóttir og Jón Gestur Helgason, 2009). Þar kom í ljós að meðaleyðsla ferðalangs á sólarhring var 34.624 krónur, en þar er gisting meðtalin.

Tafla 3. Eyðsla gesta í Fjallabyggð að frátalinni gistingu samanborið við dvalarlengd í dögum.

Upphæð í ISK	Dvalarlengd í dögum (Tölur sýna hlutfall heildar)								
	Alls	1	2	3	4	5	6	7	>7
<1.000	12,4	1,5	2,1	0,3	0,3	0	0,3	0,3	0
1.001-2.500	11,7	1,2	0,9	0,3	0,3	0	0	2,1	0
2.501-5.000	27,7	1,5	1,8	2,7	0,9	0,6	0	0,3	0
5.001-10.000	20,2	0,3	3,9	3,6	1,2	1,5	0	0,3	0
10.001-15.000	8,4	0	0,9	3	0,6	0	0	1,2	0,3
15.001-20.000	6,1	0	0,9	2,1	0,6	0	0	0,3	0
20.001-30.000	4,1	0	1,2	1,2	0,3	0,6	0	1,2	0
30.001-40.000	2,5	0	0	0,6	1,2	0	0	0,3	0,3
40.001-50.000	1,2	0	0	0,3	0,6	0	0	0,3	0
>50.000	3	0	0,3	0,6	0	0,3	0	0,3	0,9
Samtals %	97,3 ¹	4,5	12	14,7	6	3	0,3	7,2	1,5


Rúmur helmingur (54,4%) þeirra sem svarar hefur komið áður til Fjallabyggðar. Í þessu samhengi er vert að velta fyrir sér hvað dregur fólk í heimsókn til Fjallabyggðar og hvernig það lýsir svo reynslu sinni af heimsókninni. Þegar fólk var spurt hvað það ætlaði sér að gera í Fjallabyggð, ætluðu nánast allir sér að ganga um bæinn, flestir ætluðu að sækja viðburði og nokkrir að slaka á (mynd 4).



Mynd 4. Spurt var: Hvað ætlar þú að gera hér? Merkja mátti í fleiri en einn reit.

¹ Nokkrir gáfu sem svar að þeir vissu ekki hve miklu þeir höfðu eytt, eða svöruðu ekki.

Gönguferðir og heimsóknir á söfn eða viðburði standa hér greinilega upp úr þó svo fólki sé einnig umhugað um að slaka á og hluti þess er að borða úti og þurfa ekki að sinna eldamennsku sjálfur. Mynd 5 sýnir mat ferðamanna á heimsókninni.



Mynd 5. Spurt var: Hversu ánægð(ur) ertu með eftirfarandi í bænum?

Aðeins söfn og sögusetur fá afgerandi góða einkunn hjá þeim sem sækja þau heim, en mikill meirihluti (um 92%) gesta segja þau frábær (72%) eða góð (19%). Á sama tíma fá veitingastaðir, gönguleiðir og leiðsögn og merkingar frekar svipaða dóma. Rúmlega þrjú fjórðu (77%) þeirra sem sækja veitingastaði segja þá vera frábæra (44%) eða góða (33%). Tveir þriðju (66%) þeirra sem fóru í gönguferð um bæinn mátu leiðsögn góða eða frábæra, 70% töldu upplýsingar góðar eða frábærar og 73% sögðu gönguleiðir góðar eða frábærar. Hvað varðar samgöngur og ástand akvega eru flestir á því að það sé gott, þótt yfir 10% telji vegina slæma. Það kemur nokkuð á óvart þar sem nærri helmingur kom úr Eyjafirði eða austar (tafla 4) og hefur mjög líklega komið yfir Lágheidiðna sem getur ekki talist góður vegur.

Eitt af því sem skiptir máli varðandi upplifun ferðafólks af áfangastað er hvernig það metur fjölda annars ferðafólks á staðnum. Í ferðamálafræðum er ferðafólki skipt í tiltekna hópa byggt á væntingum þess til áfangastaða og þá sérstaklega hvort það vilji mikla eða litla ferðabjónustu. Eitt af því sem gefur vísbendingu um hvernig ferðafólk sækir staðinn heim er upplifun þess af öðrum gestum og þá sérstaklega fjölda þeirra. Hér að ofan hefur fjöldi gesta í Fjallabyggð verið áætlaður en máli skiptir hvort gestum þyki sá fjöldi mikill eða lítill. Þegar spurt var hvað svarendum fannst um fjölda ferðafólks á svæðinu þótti rúmum helmingi (57%) þeir vera hæfilega margir en aðrir (38%) sögðu þá fáa eða jafnvel of fáa.


Þannig virðist stór hluti gesta sem koma líta svo á að fáir eða jafnvel of fáir ferðamenn séu í Fjallabyggð. Það gefur vísbendingu um að svigrúm sé til að laða fleira fólk í byggðina án þess að spilla upplifun þeirra sem sækja hana þegar og að bæta megi við þjónustuframboð. Hins vegar er ljóst að varlega þarf að fara þar sem rúmum helmingi fannst hæfilega margir vera á staðnum og 5% fannst beinlínis of margir. Hvað varðar viðbrögð við þessu er það heimamanna að ákveða hvort þeir vilja laða til sín þjónustusækið ferðafólk eða fólk sem vill upplifa kyrrð, ró og hina „upprunalegu“ Fjallabyggð.

Einnig var spurt um upplifun af staðnum og þar var svarendum gefið frelsi til að tjá sig með einu orði. Eftir þemagreiningu orðanna kom fram tafla 4 að neðan, þar sem segja má að þau falli í átta flokka.

Tafla 4. Þemagreining orða sem lýsa upplifun af staðnum.

Þema	%
Fegurð	33,7
Skemmtun	17,5
Friðsæld	14,7
Saga og menning	10,8
Veður	10,9
Útsýni	2,7
Staðsetning	1,5
Annað	8,2

Í könnun Markaðs- og miðlarannsóknna (2009) meðal Íslendinga var náttúran efst í huga flestra (60%), veðrið næst (49%) en svo persónuleg tengsl (37%), en þessi röðun rímar vel við töflu 4. Ef skoðuð er könnun Capacent Gallup (2006) fyrir Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar sést að Íslendingar tengja Norðurland mest við fallega og hreina náttúru og eru mjög jákvæðir gagnvart landshlutanum. Veðrið á hug sumra (um 10%) í sömu könnun, en mannlíf og menning er efst í huga heldur fárra (undir 4%) (Capacent Gallup, 2006). Rögnvaldur Guðmundsson (2006) kannaði hug erlendra gesta til Norðurlands og þar koma svipaðar niðurstöður fram; um helmingur metur náttúruna sem sérstæða en 16% tala um veðrið.



Mynd 6. Spurt var: Á skalanum 1-5 hvernig mundir þú meta heimsókn þína? (1-misheppnuð, 5-frábær).

Ef nánar er rýnt í sömu könnun sést að ef spurt er um það versta sem Norðurland hefur að bjóða talar rúmur þriðjungur um veðrið (næst koma slæmir vegir með um 16%). Í könnun Rögnvaldar er menning og mannlíf sjaldan talið til kostna eða sérstöðu Norðurlands (4%). Meðal þeirra erlendu ferðamanna sem höfðu sótt Norðurland heim var Siglufjörður í áttunda sæti yfir eftirminnlegustu staði, en 3% nefndu hann.

Ef rýnt er í orðin sem standa á bakvið yfirflokkana í töflu 4 lýsa flestir staðnum sem þeir svar á sem einfaldlega „fallestum“, en margir koma einnig til að „skemmta sér“ og aðrir kunna að meta „kyrrð“ og „ró“. Mörgum þótti byggðin „áhugaverð“ og sögðu þar eitt og annað að sjá, en álíka margir sáu bara „þoku“, „rigningu“ og „kulda“, sem má vera að hafi verið það veður sem var þegar þeir svöruðu. Fæstir tíndu til atriði er vörðuðu „víðan sjóndeildarhring“ og „hrikalegt landslag“.

Almennt meta svarendur heimsókn sína í Fjallabyggð sem góða eða jafnvel frábæra og má sjá það skýrt á mynd 6 að þeir gestir sem sækja byggðina heim eru flestir ánægðir. Aftur endurspeglar það því að 57% gesta telja fjölda annarra gesta hæfilegan og virðast því ekki upplifa þrengsli, óþægindi, s.s. hávaða eða truflun, né erfiðleika við að verða sér úti um vörur og þjónustu. Allt þetta skiptir máli fyrir jákvætt viðhorf fólks til ferðaþjónustu á svæðinu.

Umræða

Út frá þeirri lýsingu á ferðalöngum sem greint hefur verið frá hér að ofan, upplifun þeirra, væntingum og þörfum má draga upp lauslega mynd af dæmigerðum ferðalöngum í Fjallabyggð. Þar virðist um að ræða íslensk, vel menntuð lægri meðaltekjuhjúón með tjaldvagn eða húsbíl sem eru að sækja heim á fornar slóðir, upplifa menningu eða sækja tiltekinn viðburð. Þessi lýsing rímar vel við þá sem sjá má úr tölum Markaðs- og miðlarannsóknna (2009) meðal Íslendinga.

Af útlendingum er stærsti hópurinn Þjóðverjar en næstir koma Frakkar, sem fellur vel að heildarmynd erlends ferðafólks á Norðurlandi (Rögnvaldur Guðmundsson, 2005). Á undanförunum árum hefur það færst mjög í vöxt að útlendingar ferðist um á eigin vegum í einkabílum, sem koma þá með Norrænu, eða bílaleigubílum (Bjarni Reynarsson, 2006). Um helmingur (45%) svarenda gisti í Fjallabyggð og var um að ræða dvöl upp á einn til þrjú daga, sem er nokkru minna en sú meðaldvalarlengd upp á 3,8 daga sem Rögnvaldur Guðmundsson (2005) lýsir fyrir Norðurland allt, en nærri þeim 2–3 meðaldvalarlengdardögum sem er að finna í gögnum Hagstofunnar (2009a) meðal Íslendinga á Norðurlandi. Hafa ber í huga að eftir hrúnið 2008 ætlaði nærri helmingur Íslendinga að eyða fleiri gistinóttum á ferðum sínum um landið (Markaðs- og miðlarannsóknir, 2009). Utan við gistingu var meðaleyðslan um 11.000 krónur hjá svarendum en ef gengið er út frá þeim fjölda sem ályktað var um í inngangi að saki Fjallabyggð heim á hverju sumri má mjög gróflega áætla að ferðafólk skili rúmum 350 milljónum inn í byggðina á hverju sumri.

Hins vegar virðast þeir gestir sem koma líta svo á að fáir eða jafnvel of fáir ferðamenn séu í Fjallabyggð og gefur það, ásamt lauslegri lýsingu að ofan á dæmigerðum ferðamanni, vísbendingu um að svigrúm sé til að laða fleira fólk í byggðina án þess að spilla upplifun þeirra sem sækja hana þegar. Til þess að þessir gestir skili einhverju inn í byggðina verður þó að tryggja framboð þjónustu. Niðurstöðurnar gefa vísbendingu um að það sé ekki mikil slík þjónusta fyrir hendi, nema þá helst söfn og viðburðir. Fáir koma til að kaupa sér einhverja þjónustu og flestir vilja bara röltu um og slaka á og þá helst snæða á veitingahúsi. Ásgeir Jónsson o.fl. (2006) sýna fram á að gjaldeyrstekjur af erlendum ferðamönnum eru hvað lægstar á dvalardag yfir sumarmánuðina og þeir spyrja hvort:

lágur gjaldeyrstekjur á dvalardag yfir sumarmánuðina ráðist meðal annars af því að meirihluti ferðamanna á þessu tímabili sé staddur á landsbyggðinni. Eru tækifærin til fjárútláta einfaldlega of fá á landsbyggðinni? (bls. 23).

Ferðaþjónusta sem atvinnugrein snýst um að þjónusta fólk og búa til ferðavörur sem höfða til upplifunar og skynjunar fólks. Þannig snýst ferðaþjónusta um að gera því kleift að skilja eftir sig fé umfram það sem bætist við venjulega veltu í dagvöruverslunum. Tækifærin eru augljóslega fyrir hendi enda eru þeir sem byggðina sækja mjög ánægðir með upplifun sína. Álykta má sem svo að ferðaþjónusta sé á algerum upphafsreit og möguleikar til þróunar miklir en þá þarf sýnin að vera skýr um það hvaða markhóp skal þjóna og reyna að viðhalda honum og ánægju hans. Með opnun Héðinsfjarðarganga opnast hringleið um Tröllaskaga sem margir telja geta orðið valmöguleika þeirra sem gista í Eyjafirði. Eins og nefnt hefur verið gistir nærri helmingur þeirra sem ferðast um Norðurland í Eyjafirði og eftirminnilegir staðir austan Eyjafjarðar ná mestri athygli ferðafólks. Náttúra Mývatnssveitar og einstakt aðgengi að dýralífi frá Húsavík standa þar upp úr, en með Héðinsfjarðargöngum opnast hringur um helstu söguslóðir Norðurlands og helstu birtingarmyndir íslensks nútíma; sjávarþorp við ysta haf. Möguleikar til uppbyggingar menningartengdrar ferðaþjónustu eru gífurlegir og má sjá fyrir sér hring frá Eyjafirði sem hefst á Gásam, þar sem kynnt yrði upphaf verslunar og siglinga og miðaldasaga. Þaðan mætti fara á Dalvík og í Svarfaðardal til að upplifa landbúnað og sjávarútveg í blómlegum dal. Í Ólafsfirði upplifir fólk sali fjalla og miðnætursólar en fer svo áfram á menningarviðburði á Siglufirði, sem margir snúast um síldarminjar. Þaðan er hægt að halda á Hofsós og kynna sér sögu vesturferða á 19. öld. Skoða svo hjarta menningar og lista á Norðurlandi um aldir að Hólum, fara í útreiðartúr í Skagafirði og jafnvel flúðasiglingu og koma svo aftur í Eyjafjörð um Öxnadal, þar sem mætti kynna sér þá sögu og náttúru sem veitti Jónasi Hallgrímssyni innblástur. Þróun slíkrar ferðavöru og samvinna um útfærslu og markaðssetningu hennar og margra fleiri er forsenda blómlegrar ferðaþjónustu.

Heimildir

- Ásgeir Jónsson 2004. Þjóðhagslegur ábati ferðaþjónustu og hlutverk ríkisins. *Landabréfið*, 20(1), 51-67.
- Ásgeir Jónsson, Njáll Trausti Friðbertsson og Þórhallur Ásbjörnsson 2006. *Hagræn ábrif ferðaþjónustu. Greint eftir svæðum á Íslandi*. Akureyri: Ferðamálastofur Íslands.
- Bjarni Reynarsson 2006. *Erlendir ferðamenn á Íslandi - Þróun á ferðavenjum og ábrif á samgöngukerfi*. Reykjavík: Land-ráð sf.
- Capacent Gallup 2006. *Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar – Vaxtarsamningur viðhorfsrannsókn*. Reykjavík: Capacent Gallup.
- Eyrún Jenný Bjarnadóttir og Jón Gestur Helgason 2009. *Millilandaflug um Akureyrarflugvöll – könnun meðal brottfararfarþega hjá Iceland Express sumarið 2009*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.
- Ferðamálastofa 2009. *Ferðaþjónusta á Íslandi í tölum*. Reykjavík: Ferðamálastofa.
- Ferðamálastofa 2010: *Hugtök og skilgreiningar*. Sótt 11. janúar 2010 af: http://www.ferdamalastofa.is/display.asp?cat_id=253.
- Ferðamálastofa 2010a: *Útgefið efni*. Sótt 24. júní 2010 af: http://www.ferdamalastofa.is/ResearchLoader.asp?cat_id=564.
- Gunnar Þ. Jóhannesson & Edward Huijbens. 2010. Tourism in times of crisis: Exploring the discourse of tourism development in Iceland. *Current Issues in Tourism*, 13(5), 419-434.
- Gunnar Þ. Jóhannesson, Edward Huijbens & Sharpley, R. 2010. Icelandic Tourism: Opportunities and Threats. *Tourism Geographies*, 12(2), 278-301.
- Hagstofan 2009. Tröllaskagi 1998-2008 – gistinætur allar tegundir gististaða. Tölvupóstur frá Hildi Kristjánsdóttur, sendur 7. október 2009.

- Hagstofan 2009a. *Ferðavenjurannsókn 2007-2008 – Hagtíðindi – Ferðamál og samgöngur 2009:2*. Reykjavík: Hagstofan.
- Hagstofan 2010. *Hagtölur – Mannfjöldi – Yfirlit*. Sótt 22. janúar 2010 af: <http://www.hagstofan.is/Hagtolur/Mannfjoldi/Yfirlit>.
- Hagstofan 2010a *Hagtölur – Ferðamál, samgöngur og upplýsingatækni – Ferðaþjónusta*. Sótt 24. júní 2010 af: <http://www.hagstofan.is/Hagtolur/Ferdamal-samgongur-upplysingatae/Ferdathjonusta>.
- Hall, C.M. 2005. Reconsidering the Geography of Tourism and Contemporary Mobility. *Geographical Research*, 43(2), 125-139.
- Hall, C.M. & Page, S.J. 2006. *The Geography of Tourism and Recreation – Environment, place and space*. London: Routledge.
- Holloway, J.C. 2006. *The Business of Tourism*. Harlow: Prentice Hall.
- Markaðs- og miðlarannsóknir 2009. *Ferðaáform Íslendinga*. Reykjavík: Markaðs- og miðlarannsóknir.
- Mathieson, A. & Wall, G. 1982. *Tourism: Economic, Physical and Social impacts*. London: Longman.
- Rögnvaldur Guðmundsson 2005. *Norðurland – ferðamenn og gistinætur 2001-2004*. Reykjavík: Rannsóknir og Ráðgjöf ferðaþjónustunnar.
- Rögnvaldur Guðmundsson 2006. *Ímynd Norðurlands og Eyjafjarðar – álit erlendra ferðamanna 2006*. Reykjavík: Rannsóknir og Ráðgjöf ferðaþjónustunnar.
- Tribe, J. 2005. *The Economics of Recreation, Leisure & Tourism*. Amsterdam: Elsevier.
- Weaver, D. & Lawton, L. 2002. *Tourism Management*. Milton: John Wiley & Sons.
- WTO 2008. *International Recommendations for Tourism Statistics 2008*. Madrid & New York: World Tourism Organisation.
- WTO 2009. *Tourism Market Trends 2008 – World Overview and Tourism Topics*. Madrid & New York: World Tourism Organization.

Búsetuþróun í Fjallabyggð 1929–2009

Þóroddur Bjarnason
Kjartan Ólafsson
Kolbeinn Stefánsson

Inngangur

Iðnbylting í íslenskum sjávarútvegi hleypti af stað þjóðflutningum í upphafi tuttugustu aldar sem enn sér ekki fyrir endann á. Með vélvæðingu bátaflotans og útgerð togara sköpuðust forsendur fyrir því að stunda fiskveiðar sem aðalatvinnu allan ársins hring (Ólafur Ásgeirsson, 1988). Jafnframt voru möguleikar á því að stofna fjölskyldu og sjá henni farborða mun fjölbreytilegri við sjávarsíðuna en í þéttbýlum sveitum landsins (Stefán Hrafn Jónsson, 2004). Sjávarþorp spruttu fram við ströndina undan sveitahéruðum og á útnesjum þar sem stutt var á göfufiskimið og samgöngur á sjó voru auðveldar. Með vélvæðingunni eflidist jafnframt útgerð í Reykjavík til muna og staða bæjarins sem þungamiðja verslunar, stjórnsýslu og menningar eflidist með vaxandi fólksfjölda og aukinni velmegun þjóðarinnar.

Aldamótaárið 1900 voru Íslendingar um 78 þúsund en rúmum hundrað árum síðar hafði mannfjöldinn fjórfaldast (Hagstofan, 2009a). Náttúruleg fólksfjölgun og umtalsverður straumur fólks annars staðar af landinu varð til þess að íbúum höfuðborgarsvæðisins fylgði úr rúmum átta þúsundum árið 1901 (Hagstofan, 2009a) í rúm 200 þúsund árið 2008 (Hagstofan 2009c), eða frá því að vera 10% af þjóðinni í 64% á 108 árum. Sú goðsögn að fólki utan höfuðborgarsvæðisins hafi fækkað á þessu tímabili virðist byggjast á þessari hlutfallslegu fækkun íbúa á landsbyggðinni og umtalsverðum, sýnilegum straumi fólks til höfuðborgarsvæðisins. Náttúruleg fjölgun á landsbyggðinni hefur hins vegar verið talsvert meiri en brottflutningar á þessu tímabili. Árið 1900 bjuggu 72 þúsund Íslendingar utan núverandi höfuðborgarsvæðis (Hagstofan, 2009b) en 2008 voru þeir orðnir 114 þúsund og höfðu aldrei verið fleiri frá því landið byggðist (Hagstofan, 2009c).

Á Norðurlandi fylgði íbúum úr 20 þúsundum árið 1901 í tæp 29 þúsund árið 1950 (Hagstofa Íslands, 2009d) og 36 þúsund árið 2008 (Hagstofa Íslands, 2009c). Svipuð þéttbýlisvæðing átti sér þó stað á Norðurlandi og annars staðar á landinu. Þannig voru Akureyringar (að meðtöldu Glerárþorpi) um þúsund talsins árið 1900, um átta þúsund árið 1950 (Hagstofa Íslands, 2009b) og ríflega sautján þúsund árið 2008 (Hagstofa Íslands, 2009c). Á norðanverðum Tröllaskaga fylgði fólki einnig umtalsvert á fyrri hluta tuttugustu aldar og voru íbúar Siglufjarðar og Ólafsfjarðar samanlagt um fjögur þúsund árið 1950 (Hagstofan, 2009b). Íbúum á þessu svæði hefur hins vegar fækkað um næstum helming og eru nú rétt rúmlega tvö þúsund talsins (Hagstofa Íslands, 2009c). Síðastliðinn áratug hefur fólksfækkun í þessum tveimur byggðakjörnum verið rúmlega tvö prósent á ári en á sama tíma hefur til dæmis íbúafjöldi Saudárkróks og Dalvíkur nánast staðið í stað og Akureyringum hefur fylgð um hálf talsins á ári að meðaltali (Hagstofan, 2009c).

Fólksfækkun á norðanverðum Tröllaskaga skýrist af mörgum samverkandi þáttum. Þannig hefur sjávarútvegur sem undirstaða byggðar á þessu svæði veikst af völdum náttúrulegra og félagslegra þátta á borð við breytingar á síldargöngum og síðar hrun síldarstofnsins, minnkandi fiskafla, kvótakerfi og minnkandi landvinnslu vegna breytinga á sölu og vinnslu sjávarafurða (Hjalti Jóhannesson, Valtýr Sigurbjarnarson og Ögmundur Knútsson, 2006). Aðrar atvinnugreinar hafa átt erfitt uppdráttar á þessu svæði þar sem samgöngur á landi hafa verið erfiðar, fjarlægðir umtalsverðar og fólksfjöldi á mörkum þess að geta staðið undir fjölbreyttri

verslun og þjónustu. Möguleikar íbúanna á því að sækja atvinnu eða fjölbreyttari þjónustu út fyrir byggðakjarnana hafa jafnframt takmarkast af landfræðilegri einangrun þeirra frá fjölmennari byggðarlögum. Fyrir yngri kynslóðirnar hafa takmarkaðir möguleikar til mennta og starfa, skortur á þjónustu og dægradvöl og einangrun frá meginstraumi nútímasamfélagsins reynst öflugir hvatar til búferlaflutninga (Florida, 2002; Stefán Ólafsson og Kolbeinn Stefánsson, 2005).

Þótt Siglufjörður hafi komist í þokkalegt vegasamband við Skagafjörð með opnun Strákaganga árið 1967 eru engu að síður 96 kílómetrar þaðan til Sauðárkróks, 123 kílómetrar til Akureyrar að sumri um Lágheiði en 191 kílómetrar um Öxnadalshéiði að vetri og 386 kílómetrar til Reykjavíkur (Vegagerðin, 2009). Landleiðin frá Ólafsfirði inn í Eyjafjörð opnaðist með nýjum vegi um Ólafsfjarðarmúlann árið 1966 en sú leið var þó ekki hættulaus vegna skriðu- og snjóflóðahættu. Það var því ekki fyrr en með opnun Múlaganganna árið 1990 sem Ólafsfjörður komst í nokkurn veginn eðlilegt vegasamband við aðra landshluta allan ársins hring og eru nú 17 kílómetrar þaðan til Dalvíkur, 61 kílómetri til Akureyrar og 430 kílómetrar til Reykjavíkur. Milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar eru 62 kílómetrar um Lágheiði að sumri en 232 kílómetrar um Öxnadalshéiði að vetrarlagi (Vegagerðin, 2009). Jafnframt því að vera bæði á enda þjóðvegarins í umtalsverðri fjarlægð frá stærri þjónustukjörnum eru þessi tvö fámennu byggðarlög á norðanverðum Tröllaskaga því einnig einangruð hvort frá öðru mestan hluta ársins og njóta því lítils stuðnings af nábýlinu.

Árið 2006 var hafist handa við gerð Héðinsfjarðarganga en eftir opnun þeirra eru aðeins 15 kílómetrar milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar. Þessi rúmlega tíu kílómetra löngu göng hafa verið umdeild (Guðjón Jónsson, 2001; Guðmundur Karl Jónsson, 2005; Hjalti Þórðarson, 2000; Jón Bjarnason, 2000; Kristján L. Möller, 1998; Stefán Friðbjarnarson, 2005; Trausti Sveinsson, 2005) en kostnaður við þau var um tíu milljarðar króna. Göngunum er meðal annars ætlað að styrkja byggð á þessu svæði með því að gera mögulega sameiningu þessara tveggja byggðakjarna í eitt sveitarfélag, tengja Siglufjörð við atvinnu- og þjónustusvæði Eyjafjarðar og stuðla að auknum ferðalögum innlendra og erlendra ferðamanna um Tröllaskagann (Hjalti Jóhannesson, Grétar Þór Eypórsson og Kjartan Ólafsson, 2001). Vonir standa til að með þessari framkvæmd verði neikvæðri mannfjöldaþróun síðustu áratuga einnig snúið við og fólksfjölgun á norðanverðum Tröllaskaga geti orðið með svipuðu móti og annars staðar í Eyjafirði.

Til þess að hægt sé að meta áhrif Héðinsfjarðarganganna á mannfjöldaþróun á þessu svæði er nauðsynlegt að kortleggja þróun síðustu áratuga og þær lýðfræðilegu breytingar sem vænta mætti á næstu áratugum ef ekkert yrði að gert. Hér verður mannfjöldaþróun í Siglufirði og Ólafsfirði á tímabilinu 1928–2008 rakin á grundvelli gagna Hagstofu Íslands, samsetningu mannfjöldans lýst og spáð fyrir um þróun mannfjöldans fram til 2028 á grundvelli samsetningar hans, fjölda aðfluttra og brottfluttra og dánar- og fæðingartíðni þjóðarinnar.

Aðferð og gögn

Hér er byggt á gögnum Hagstofu Íslands um mannfjölda eftir sveitarfélögum á tímabilinu 1928–2008 (Hagstofan, 2009b, 2009c), búferlaflutninga til og frá einstökum byggðakjörnum 2000–2008 (Hagstofan, 2009e) og aldur íbúa einstakra byggðakjarna 1998–2008 (Hagstofan, 2009f). Við framreikning á mannfjölda í Fjallabyggð fram til ársins 2029 er miðað við fæðingartíðni íslenskra kvenna á barnsburðaraldri á einstökum aldursárum árið 2008 (Hagstofan, 2009g), dánartíðni íslenskra karla og kvenna á einstökum aldursárum árið 2008

ÞÓRODDUR BJARNASON O.FL.

(Hagstofan, 2009h) og meðaltal flutningstíðni í Fjallabyggð á einstökum aldursárum á tímabilinu 2004–2008 (Hagstofan, 2009i)

Niðurstöður

Eins og sjá má á töflu 1 þrefaldaðist fjöldi Íslendinga úr 105 þúsundum árið 1928 í ríflega 315 þúsund árið 2008. Hlutfallslega fjölgaði fólki mest um 23% milli áratuga frá 1948 til 1958 en í rauntölum var fjölgunin hins vegar mest um 43 þúsund manns frá 1998 til 2008. Á höfuðborgarsvæðinu fjölgaði fólki úr 30 þúsund í 198 þúsund á milli 1928 og 2008. Mest var fjölgunin þar hlutfallslega milli áratuga frá 1938 til 1948 eða um 43%. Í rauntölum fjölgaði mest um rúm 33 þúsund manns á höfuðborgarsvæðinu frá 1998 til 2008.

Tafla 1. Fólksfjöldi á Íslandi og völdum byggðarlögum á tímabilinu 1928–2008.

	Allt landið	Höfuðborgarsvæði	Akureyri	Sauðárkrókur	Siglufjörður	Ólafsfjörður	Dalvík
1928	104.812	30.447	3.724	721	1.760	638	512
1938	118.888	42.818	5.360	965	2.828	896	630
1948	138.502	61.342	7.232	992	3.103	938	762
1958	170.156	84.377	8.422	1.105	2.691	875	873
1968	202.191	107.492	10.355	1.446	2.321	1.063	1.029
1978	224.384	119.522	12.889	2.079	2.091	1.160	1.234
1988	251.690	141.938	13.972	2.478	1.858	1.179	1.430
1998	272.381	164.606	15.088	2.600	1.605	1.090	1.505
2008	315.459	197.945	17.134	2.598	1.282	847	1.411

Á Siglufirði fjölgaði fólki um tæp 61% frá 1928 til 1938 og tæp 10% frá 1938 til 1948. Flestir urðu íbúarnir 3.103 árið 1948 en eftir það fækkaði íbúum um 10–14% á hverjum áratug fram til 1998. Á næstu tíu árum fækkaði íbúum Siglufjarðar um 20% og voru þeir 1.282 árið 2008. Á Ólafsfirði fjölgaði fólki mest um 40% frá 1928 til 1938 og tæp 22% frá 1958 til 1968. Þar bjuggu tæplega tólf hundruð manns árið 1988 en þeim fækkaði eftir það um tæp 8% milli 1988 og 1998 og rúm 22% frá 1998 til 2008. Samanlagt bjuggu mest 4.041 einstaklingar í þessum tveimur byggðakjörnum árið 1948 en árið 2008 voru þeir 2.129 og höfðu ekki verið færri frá því árið 1924. Til samanburðar fjölgaði fólki um 418% á Akureyri, um 260% á Sauðárkróki og um 176% á Dalvík á tímabilinu 1928–2008.

Tafla 2. Flutningsjöfnuður í völdum byggðakjörnum á Norðurlandi 2000–2008

	FLUTNINGUR TIL BYGGÐAKJARNANS				FLUTNINGUR FRÁ BYGGÐAKJARNANUM			
	Sauðárkrókur	Siglufjörður	Ólafsfjörður	Dalvík	Sauðárkrókur	Siglufjörður	Ólafsfjörður	Dalvík
2000	6,6%	6,7%	4,3%	8,7%	7,0%	6,6%	8,5%	9,6%
2001	5,8%	3,8%	4,6%	6,3%	7,0%	7,8%	5,8%	8,5%
2002	5,5%	4,3%	6,0%	6,8%	6,6%	7,6%	6,1%	4,8%
2003	6,0%	5,1%	2,6%	6,5%	5,5%	6,0%	7,4%	8,2%
2004	6,0%	5,1%	3,7%	7,0%	6,4%	7,6%	4,5%	12,3%
2005	5,4%	5,0%	4,0%	10,0%	7,8%	8,0%	7,9%	12,1%
2006	5,8%	10,2%	5,2%	8,9%	6,7%	9,7%	7,0%	8,2%
2007	5,5%	6,9%	6,4%	9,1%	7,9%	10,0%	11,2%	8,2%
2008	5,9%	5,2%	3,5%	7,4%	5,5%	7,4%	8,0%	9,8%
2000–2008	5,8%	5,8%	4,5%	7,9%	6,7%	7,9%	7,4%	9,1%

BÚSETUÞRÓUN Í FJALLABYGGÐ

Tafla 2 sýnir hlutfall íbúa Sauðárkróks, Siglufjarðar, Ólafsfjarðar og Dalvíkur sem flutt hafa til og frá þessum byggðakjörnum á þeim níu árum sem Hagstofa Íslands (2009c) veitir upplýsingar um. Flutningsjöfnuðurinn er nokkuð breytilegur milli ára en að meðaltali flytja 5,8% íbúa Siglufjarðar og 4,5% íbúa Ólafsfjarðar til þessara staða á hverju ári en 7,4% og 8,0% flytja þaðan. Flutningsjöfnuðurinn er því að meðaltali óhagstæður um 2,1% á Siglufirði og 2,9% á Ólafsfirði samanborið við 0,9% á Sauðárkróki og 1,2% á Dalvík. Siglufjörður og Ólafsfjörður skera sig ekki úr hópi annarra sambærilegra staða hvað brottflutninga varðar en aðflutningar eru umtalsvert minni til þessara byggðakjarna (Þóroddur Bjarnason, 2007).

Tafla 3. Meðalaldur á Íslandi og völdum byggðakjörnum á tímabilinu 1998–2008.

	Allt landið	Höfuðborgarsvæði	Akureyri	Sauðárkrókur	Siglufjörður	Ólafsfjörður	Dalvík
1998	34,5	35,6	34,5	34,1	36,6	34,6	32,9
1999	34,6	35,7	34,7	34,5	36,9	35,1	33,5
2000	34,8	35,7	34,9	34,4	37,1	36,0	33,8
2001	35,0	35,9	35,1	35,0	37,7	36,1	34,4
2002	35,5	36,2	35,2	35,2	38,7	36,7	34,6
2003	35,5	36,4	35,4	35,7	39,0	37,5	35,1
2004	35,7	36,6	35,6	35,9	39,5	37,8	35,3
2005	35,9	36,7	35,7	36,3	40,3	38,5	35,9
2006	36,1	36,8	36,0	36,7	41,2	39,3	36,4
2007	37,1	36,9	36,0	37,3	42,2	40,0	36,7
2008	36,2	36,9	36,1	37,4	43,0	40,7	36,7

Eins og sjá má á töflu 3 hefur meðalaldur Siglufirðinga og Ólafsfirðinga hækkað umtalsvert á síðasta áratug samfara fólksfækkun í þessum byggðakjörnum. Árið 1998 var meðalaldur á Ólafsfirði 34,6 ár eða nánast jafnhár meðalaldri þjóðarinnar í heild. Meðalaldur Siglufirðinga var um 36,6 ár eða rétt rúmum tveimur árum yfir landsmeðaltali. Á næsta áratug hækkaði meðalaldur Ólafsfirðinga og Siglufirðinga hins vegar um rúm sex ár á meðan meðalaldur þjóðarinnar hækkaði um rúmlega eitt og hálf ár.

Tafla 4. Fjöldi barna yngri en 18 ára og fullorðinna eldri en 65 ára á tímabilinu 1998–2008.


	YNGRI EN 18 ÁRA			ELDRI EN 65 ÁRA		
	Strákar	Stelpur	Alls	Karlar	Konur	Alls
1998	405	389	794	171	211	382
1999	395	378	773	164	209	373
2000	372	359	731	166	203	369
2001	361	348	709	166	196	362
2002	329	334	663	174	201	375
2003	312	321	633	176	201	377
2004	295	304	599	178	198	376
2005	289	280	569	176	204	380
2006	259	262	521	173	213	386
2007	233	245	478	180	220	400
2008	215	228	443	186	222	408

ÞÓRODDUR BJARNASON O.FL.

Árið 2008 var meðalaldur á Ólafsfirði 3,3 árum hærri en á Sauðárkróki og fjórum árum hærri en á Dalvík. Það ár var meðalaldur á Siglufirði jafnframt 5,6 árum hærri en á Sauðárkróki og 6,3 árum hærri en á Dalvík.

Tafla 4 sýnir nánar breytingar á fjölda yngstu og elstu aldurshópanna í Fjallabyggð á tímabilinu 1998–2008. Þar má sjá að á tímabilinu 1998–2008 fækkaði börnum yngri en 18 ára úr 794 í 443 eða um 44%. Á sama tíma fjölgaði eldri borgurum úr 382 í 482 eða um 7%. Árið 1998 voru því ríflega tvöfalt fleiri börn en eldri borgarar í þessum byggðakjörnum en árið 2008 voru börnin aðeins fleiri en eldri borgararnir.

Mynd 1 sýnir nánar þær breytingar sem urðu á samsetningu mannfjöldans frá 1998 til 2008. Þar má sjá að tiltölulega litlar breytingar hafa orðið á fjölda íbúa yfir fertugu á þessu tímabili. Hins vegar er það skarð sem sjá mátti í aldurshópnum milli tvítugs og þrítugs árið 1998 orðið talsvert dýpra fyrir sömu árganga milli þrítugs og fertugs árið 2008. Það bendir til þess að áfram hafi saxast jafnt og þétt úr þessum árgöngum eftir hefðbundinn framhaldsskólaaldur. Með svipuðum hætti hefur fækkað í þeim árgöngum sem voru milli tíu og tuttugu ára árið 1998 og er aldurshópurinn milli tvítugs og þrítugs heldur fámennari en sami aldurshópur var árið 1998.




Mynd 1. Samsetning mannfjöldans í Fjallabyggð árin 1998 og 2008.

Þá sýnir mynd 1 glögg þá breytingu sem orðið hefur á fjölda barna á þessu tíu ára tímabili. Árið 1998 voru að jafnaði rúmlega 46 börn í hverjum árgangi á leikskólaaldri en árið 2008 voru þau að jafnaði tæplega sextán talsins. Þessi mikla fækkun ungra barna er ekki tilkomin vegna minnkandi frjósemi í Fjallabyggð heldur má rekja hana að öllu leyti til fámennra árganga á barnsburðaraldri. Fjölgi fólki á barnsburðaraldri ekki umtalsvert á næstu árum má þar af leiðandi búast við því að áfram verði innan við tuttugu börn í hverjum árgangi leik- og grunnskólabarna í Fjallabyggð.

Ljóst má vera að mannfjöldinn í Fjallabyggð er langt frá því að vera í jafnvægi og þyrfti frjósemi raunar að aukast úr 2,1 barni á hverja konu í 4,4 börn til þess að núverandi mannfjöldi héldist stöðugur að óbreyttri flutnings- og dánartíðni. Jafnframt er aldursdreifing mannfjöldans

með þeim hætti að jafnvel þótt enginn flytti til eða frá sveitarfélaginu næstu tuttugu ár myndi meðalaldurinn hækka um tæp þrjú ár.



Mynd 2. Fyrirsjáanlegar breytingar á samsetningu mannfjöldans í Fjallabyggð frá 2008 til 2028 að óbreyttri fæðingar-, flutnings- og dánartíðni.

Á mynd 2 má sjá framreiknaða samsetningu mannfjöldans í Fjallabyggð fram til 2028 miðað við óbreytta fæðingar- og dánartíðni og óbreytta aldursbundna tíðni flutninga til og frá sveitarfélaginu. Miðað við þær forsendur myndi íbúum Fjallabyggðar fækka úr 2.129 í 1.282 og meðalaldurinn hækka um rúm tíu ár á næstu tuttugu árum.

Búast má við því að innan við tíu börn verði í hverjum árgangi árið 2028 og þeim fari áfram fækkandi enda er mannfjöldinn ekki í jafnvægi miðað við þessar forsendur. Tiltölulega fjölmennir árgangar fólks sem nú er á miðjum aldri munu komast á eftirlaunaaldur á þeim tíma og því má búast við því að fjöldi eldri borgara breytist lítið sem ekkert fram til ársins 2028. Eftir það mætti hins vegar búast við mun fámennari árgöngum eldri borgara sem leiddi til lækkandi meðalaldurs en jafnframt hraðrar fækkunar íbúa.

Umræða

Mannfjöldapróun í Ólafsfirði og Siglufirði endurspeglar þær breytingar sem orðið hafa á atvinnuháttum og samfélagsgerð á Íslandi frá fyrstu áratugum tuttugustu aldar. Blómaskeið þessara byggðakjarna byggðust á tækniþróun og umtalsverðri fjárfestingu í sjávarútvegi sem skiluðu vaxandi sjávarafla og talsvert eftirsóknarverðum lífskjörum í mörgum sjávarbyggðum á Íslandi. Á fyrstu áratugum aldarinnar voru samgöngur víða um land mun auðveldari á sjó en landi og afar erfiðar landfræðilegar aðstæður á Tröllaskaga stóðu þessum byggðarlögum því ekki sérstaklega fyrir þrifum. Einangrun þeirra jókst hins vegar hlutallslega eftir því sem vegakerfi landsins batnaði og þegar halla tók undan fæti í sjávarútvegi reyndust aðrir möguleikar á atvinnuuppbyggingu takmarkaðir.

Akfarir vegir voru opnaðir úr Fljótunum til Siglufjarðar um Siglufjarðarskarð árið 1947 og til Ólafsfjarðar um Lágheiði árið 1948. Þessir vegir voru þó fremur illfærir og aðeins opnir að

ÞÓRODDUR BJARNASON O.FL.

sumarlagi. Ólafsfjörður var tengdur vegakerfi landsins inn í Eyjafjörð með opnun vegar um Ólafsfjarðarmúlann árið 1966 en ári síðar tengdist Siglufjörður við Skagafjörð með göngum í gegnum fjallið Stráka. Hvor staður um sig varð því afskekkt endastöð í Skagafirði annars vegar og Eyjafirði hins vegar og allt að þriggja klukkustunda fjarlægð á milli þeirra að vetrarlagi. Þessi landfræðilega einangrun hefur án efa átt drjúgan þátt í fólksfækkun síðustu áratuga enda skerðir hún aðgengi íbúanna að þeirri fjölbreyttu þjónustu og afþreyingu sem einkennir nútímasamfélagið og takmarkar bæði möguleika á atvinnuuppbyggingu á svæðinu og atvinnusókn íbúanna utan heimabyggðar.

Á síðasta áratug hefur íbúum í Fjallabyggð fækkað að meðaltali um tvö prósent á ári og eru þeir nú rétt rúmlega tvö þúsund talsins. Á sama tíma hefur meðalaldur íbúanna hækkað um rúmlega sex ár og börnum hefur fækkað um nær helming. Fólksflutningar frá sveitarfélaginu eru svipaðir því sem gerist í öðrum byggðarlögum en fækkun íbúa skýrist fyrst og fremst af óvenjulega lágu hlutfalli fólks sem flytur til sveitarfélagsins. Að óbreyttu verða íbúar Fjallabyggðar innan við þrettán hundruð talsins að tuttugu árum liðnum. Ekki virðist raunhæft að ætla að aukin frjósemi geti snúið þessari þróun við, enda yrði hver kona í Fjallabyggð að eignast 4,4 börn um ævina til þess að íbúum fækkaði ekki (Þóroddur Bjarnason, 2009).

Vonir standa til að byggð á þessu svæði styrkist verulega með sameiningu sveitarfélaganna í Fjallabyggð, tengingu Siglufjarðar við atvinnusvæði Eyjafjarðar með Héðinsfjarðargöngum og opnun hringleiðar um Tröllaskaga. Búast má við margvíslegum samfélagsbreytingum á þessu svæði landsins á næstu árum og líklegt má telja að nokkuð dragi úr fólksfækkun á svæðinu á næstu árum. Væntingar heimamanna um fólksfjölgun munu hins vegar ekki ganga eftir nema það takist að laða fleiri íbúa til bæjarins, og þá sérstaklega konur á barneignaaldri, hvort sem um væri að ræða fólki sem ekki hefði nein fyrri tengsl við Fjallabyggð eða brottflutta íbúa sem sneru aftur til heimahaganna. Í því samhengi skiptir höfuðmáli fyrir framtíð Fjallabyggðar að íbúarnir geti sótt fjölbreytta atvinnu, menntun, verslun og afþreyingu innan eða utan sveitarfélagsins. Göngin geta skapað forsendur fyrir slíkri þróun en einnig þarf að koma til markvisst átak við að byggja upp þessa þætti samfélagsins.

Heimildir

- Florida, Richard. 2002. The Economic Geography of Talent. *Annals of the Association of American Geographers* 92, 743-755.
- Guðjón Jónsson. 2001. Jarðgöng: Pólítísk greiningapoka á Tröllaskaga. *Morgunblaðið*, 22. desember, 2001. Sótt af 23. júní 2009 af http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=644225.
- Guðmundur Karl Jónsson. 2005. Stærsta samgönguhneyksli Íslandssögunnar. *Morgunblaðið*, 25. október, 2005. Sótt 23. júní 2009 af http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=1045699.
- Hagstofa Íslands. 2009a. *Lykiltölur mannfjöldans 1703–2009*. Sótt 23. júní 2009 af <http://www.hagstofan.is/Hagtolur/Mannfjoldi/Yfirlit>.
- Hagstofa Íslands. 2009b. *Mannfjöldi í einstökum byggðarkjörnum og strjálbyli eftir landsvæðum ár hvert 1889–1990*. Sótt 23. júní 2009 af <http://www.hagstofan.is/Hagtolur/Mannfjoldi/Byggdakjarnar,-postnumer,-hverfi>.
- Hagstofa Íslands. 2009c. *Mannfjöldi eftir sveitarfélagi, kyni og aldri 1. desember 1997–2008*. Sótt 23. júní 2009 af <http://www.hagstofan.is/Hagtolur/Mannfjoldi/Sveitarfelog>.
- Hagstofa Íslands. 2009d. *Mannfjöldi eftir sveitarfélögum 1901–1990*. Sótt 23. júní 2009 af <http://www.hagstofan.is/Hagtolur/Mannfjoldi/Sveitarfelog>.

- Hagstofa Íslands. 2009e. *Búferlaflutningar eftir byggðakjörnum, strjálbýli og keyni 2000–2009*. Sótt 24. júní 2009 af <http://www.hagstofan.is/Hagtolar/Mannfjoldi/Buferlaflutningar>.
- Hagstofa Íslands. 2009f. *Mannfjöldi eftir byggðarkjörnum, keyni og aldri 1. desember 1997–2008*. Sótt 24. júní 2009 af <http://www.hagstofan.is/Hagtolar/Mannfjoldi/Byggdakjarnar,-postnumer,-hverfi>.
- Hagstofa Íslands. 2009g. *Lifandi fæddir, öll börn og frumburðir eftir aldri móður 1971–2008*. Sótt 24. júní 2009 af <http://www.hagstofan.is/Hagtolar/Mannfjoldi/Faeddar-og-danir>.
- Hagstofa Íslands. 2009h. *Dánir eftir sveitarfélögum, keyni og aldri 1981–2008*. Sótt 24. júní 2009 af <http://www.hagstofan.is/Hagtolar/Mannfjoldi/Faeddar-og-danir>.
- Hagstofa Íslands. 2009i. *Búferlaflutningar eftir sveitarfélögum og keyni 1986–2009*. Sótt 24. júní 2009 af <http://www.hagstofan.is/Hagtolar/Mannfjoldi/Buferlaflutningar>.
- Hjalti Jóhannesson, Grétar Þór Eypórsson og Kjartan Ólafsson. 2001. *Jarðgöng og vegagerð á norðanverðum Tröllaskaga: Mat á samfélagsáhrifum*. Akureyri: Rannsóknarstofnun Háskólans á Akureyri.
- Hjalti Jóhannesson, Valtýr Sigurbjarnarson og Ögmundur Knútsson. 2006. *Sameining Ólafsfjarðarbæjar og Siglufjarðarkaupstaðar: Tillögur að skipulagi stjórnkerfis og þjónustu ásamt mati á hagkvæmni*. Akureyri: Rannsóknarstofnun Háskólans á Akureyri.
- Hjalti Þórðarson. 2000. Vegbætur á utanverðum Tröllaskaga. *Morgunblaðið*, 22. desember, 2000. Sótt 23. júní 2009 af http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=579724
- Jón Bjarnason. 2000. Samgöngur: Jarðgöng og samgöngubætur um Tröllaskagann. *Morgunblaðið*, 20. júlí, 2000 Sótt 23. júní 2009 af http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=548644.
- Kristján L. Möller. 1998. Jarðgöng milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar. *Morgunblaðið*, 23. maí, 1998. Sótt 23. júní 2009 af http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=399477
- Ólafur Ásgeirsson. 1988. *Iðnbylting hugarfarsins 1900–1940*. Reykjavík: Bókaútgáfa Menningarsjóðs.
- Stefán Friðbjarnarson. 2005. Héðinsfjarðargöng: Efnahagsleg, félagsleg og söguleg rök. *Morgunblaðið*, 27. maí, 2005. Sótt 23. júní 2009 af http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=1019583.
- Stefán Hrafn Jónsson. 2004. Lýðfræði Íslands. Bls. 137–155 í Þóroddur Bjarnason og Helgi Gunnlaugsson (ritstj.), *Íslensk félagsfræði: landnám alþjóðlegrar fræðigreinar*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Stefán Ólafsson og Kolbeinn Stefánsson. 2005. *Hnattvæðing og þekkingarþjóðfélag. Ísland í breyttu þjóðfélagsumbhverfi 1*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Trausti Sveinsson. 2005. Vitlaus jarðgöng. *Morgunblaðið*, 23. apríl, 2005. Sótt 23. júní 2009 af http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=1013705.
- Vegagerðin. 2009. *Tafla yfir ýmsar leiðir*. Sótt 23. júní 2009 af <http://www.vegagerdin.is/vegakerfid/vegalengdir/tafla-yfir-ymsar-leidir/>.

Föst búseta og hlutabúseta í Fjallabyggð

Kjartan Ólafsson
Þóroddur Bjarnason

Inngangur

Manntöl eru sú leið sem notast hefur verið við um aldir til að afla upplýsinga um þá sem búsettir eru á tilteknum landsvæðum en slíkar upplýsingar eru nauðsynlegar við alla stjórnsýslu. Fyrsta manntal á Íslandi var tekið árið 1703 og er elsta varðveitta manntal þar sem skráð var nafn, aldur, staða innan heimilis og heimilisfang allra íbúa í tilteknu landi (Hagstofa Íslands, 1997; 1958). Prestar önnuðust skráninguna og voru upplýsingarnar færðar í kirkjubækur en í þær höfðu einnig verið færðar upplýsingar um fædda og dána hvert ár (Hagstofa Íslands, 1997). Eftir þetta voru manntöl gerð með nokkuð reglulegum hætti fram til 1960 en þá var reglulegum manntölum hætt (Hagstofa Íslands, 1958, 1997; Ómar Harðarson, 2008).

Framan af önnuðust prestar og hreppstjórar manntöl. Prestar afhentu endanlegt manntal til sýslumanna, stiftsmenn og biskup sáu um yfirstjórn og eftirlit manntalsins en bæjarfógetinn í Reykjavík sá um yfirstjórn og eftirlit í Reykjavík (Hagstofa Íslands, 1958, 1997). Hagstofa Íslands tók að sér úrvinnslu og umsjá manntala árið 1910 en Fjármálaskrifstofa stjórnarráðsins hafði áður farið með umsjá þeirra um skeið. Eftir það voru manntöl tekin tíunda hvert ár til 1960. Þjóðskrá var sett á laggirnar árið 1952 en grunnur hennar var manntalið sem fór fram 1. desember 1950 og síðan þá hefur mannfjöldatölum verið viðhaldið með sérstökum skýrslum um flutning, fæðingar, skírnir, hjónavígslur og mannlát (Hagstofa Íslands, 1997). Þjóðskrá er almannaskráning um hagi Íslendinga og breytingar á þeim, svo sem fæðingar, nöfn, hjúskaparstöðu, heimili og andlát (Þjóðskrá, e.d.).

Ef miðað er við að tilgangurinn með gerð manntals sé að tryggja að stjórnvöld hafi á hverjum tíma upplýsingar um hverjir búsettir eru í landinu er þjóðskrá snjöll leið til að ná því markmiði án þess að leggja í þann kostnað sem óhjákvæmilega er samfara því að gera regluleg manntöl. Þegar gert hefur verið manntal sem er áreiðanleg heimild um þá sem búsettir eru í landinu er unnt að uppfæra þá skrá með því að afla upplýsinga um fædda og dána, aðflutta og brottflutta.

Með manntalinu 1960 var unnt að leita eftir staðfestingu á því hvort þetta hefði í raun og veru tekist en þá voru upplýsingar í manntalinu og þjóðskránni bornar saman og leiðrétt ef um ósamræmi var að ræða (Hagstofa Íslands, 1960). Þessi samanburður fór fram með þeim hætti að afrit voru tekin af öllum persónuspjöldum þjóðskrár þann 1. desember og þær upplýsingar voru notaðar við úrvinnslu manntalsins. Ef ósamræmi reyndist vera á milli þjóðskrár og manntals var það skoðað og annað fært til samræmis við hitt (Hagstofa Íslands, 1969). Samanburðurinn leiddi í ljós að alls voru 4.000 einstaklingar ranglega skráðir í þjóðskrá. Um 1.500 einstaklingar voru skráðir með fleiri en eitt lögheimili í manntalinu en aðrir 1.800 einstaklingar voru hvergi skráðir með lögheimili í manntalinu. Um 1.200 manns vantaði alveg og nokkur dáið börn voru skráð í manntalið fyrir mistök.

Þegar þjóðskráin hafði verið leiðrétt reyndust búa um 1.600 manns færri í landinu en þjóðskrá sagði til um það ár (Hagstofa Íslands, 1969). Þessi munur hefur meðal annars verið skýrður með fjölda þeirra sem skráðir voru með lögheimili á Íslandi en voru í raun búsettir í útlöndum. Sumir þeirra óskuðu sértaklega eftir að vera með skráð lögheimili á Íslandi og greiða iðgjald til almannatrygginga en aðrir voru með skráð lögheimili í landinu vegna þess að sveitarstjórn hafði ekki tekið þá af íbúaskrá. Samanburður íbúatölu manntals og þjóðskrár fyrir

FÖST BÚSETA OG HLUTABÚSETA Í FJALLABYGGÐ

einstök sveitarfélög sýndi að í 36 sveitarfélögum voru fleiri íbúar í þjóðskrá en í manntali en í 191 voru íbúar færri í manntali samanborið við þjóðskrá (Hagstofa Íslands, 1969).

Manntal var gert á Íslandi árið 1981 en tókst hins vegar ekki sem skyldi og hefur því ekki verið birt opinberlega (Ómar Harðarson, 2008). Samanburður milli þjóðskrár og manntalsins ársins 1981 hefur þó leitt í ljós að þá voru í þjóðskrá skráðir 1.338 einstaklingar með lögheimili í landinu sem þó voru ekki búsettir þar í raun og veru. Þessi greining á upplýsingum í þjóðskrá um íbúafjölda í landinu bendir þannig til þess að sú skekkja sé óveruleg eða um 0,9% árið 1960 og um 0,6% árið 1981. Hins vegar má spyrja hvort þjóðskráin sé jafn örugg heimild um það hvar í landinu fólk býr. Ýmsar ástæður geta verið fyrir því að fólk flytji ekki lögheimili sitt þegar það flytur búferlum. Í sumum tilvikum getur verið um athugunarleysi að ræða en jafnframt getur fólk verið að lýsa yfir vilja sínum til að snúa til baka eða talið sig vera að sýna heimabyggðinni samstöðu með því að hafa þar lögheimili og greiða útsvar til bæjarfélagsins. Þá dvelja margir langdvölum utan heimabyggðar vegna náms eða vinnu en hafa þar engu að síður lögheimili. Vísendingar um þetta er að finna í manntalinu frá 1960 en þær skekkjur sem þar eru taldar tengjast einmitt helst því að lögheimili er ekki rétt skráð.

Heimili og lögheimili

Í 1. grein laga um lögheimili (nr. 21/1990) telst lögheimili einstaklings vera „þar sem hann hefur fasta búsetu, hefur bækistöðvar, stundar tómsundur, hefur heimilismuni sína og hefur svefnstað þegar hann er ekki fjarverandi vegna orlofs eða veikinda.“ Ef vafi leikur á því hvar einstaklingur á lögheimili, til dæmis ef hann hefur bækistöð í fleiri en einu bæjarfélagi í einu, skal hann eiga lögheimili þar sem hann dvelst meiri hluta ársins (Lög um lögheimili nr. 21/1990). Þó eru undantekningar frá þessu. Námsmenn sem stunda nám utan þess bæjarfélags sem þeir eiga lögheimili í geta þannig átt lögheimili þar áfram svo lengi sem þeir eiga þar bækistöð og taka ekki upp fasta búsetu annars staðar (Lög um lögheimili nr. 21/1990).

Lög um þjóðskrá og almannaskráningu (nr. 54/1962) kveða á um að sveitarstjórnir beri ábyrgð á að fylgjast með raunverulegri búsetu og lögheimili einstaklinga innan sveitarfélagsins. Þjóðskráin telur sig því ekki ábyrga fyrir því að lögheimili manna sé rétt skráð í þjóðskrá (Hagstofa Íslands, 1969). Sú athugun sem gerð var á áreiðanleika þjóðskrárinnar í framhaldi af manntalinu árið 1960 gaf til kynna að þjóðskráin sé ekki fullkomin skrá yfir einstaklinga sem eiga fasta búsetu hér á landi og virðist hún ofmeta þann fjölda lítillaga. Innan sveitarfélaga ofmetur þjóðskrá oftast mannfjölda en ekki í öllum tilvikum (Hagstofa Íslands, 1969). Helsta skýringin á skekkjunni á milli þjóðskrár og raunverulegs mannfjölda, bæði í landinu sem heild og í einstökum sveitarfélögum, hefur verið talin seinkun á flutningatilkynningum en jafnframt hefur þessi skekkja verið talin svo lítil að ekki sé ástæða til sérstakra aðgerða til að leiðrétta hana (Hagstofa Íslands, 1969, 2009).

Ef skekkjur í þjóðskrá stafa fyrst og fremst af seinkuðum flutningstilkynningum má ef til vill setja fram þá almennu kenningu að íbúafjöldi í landinu sem heild sé lítillaga ofmetinn á þeim tímabilum sem brottfluttir eru fleiri en aðfluttir og að hið sama eigi við um sveitarfélög; þar sé íbúafjöldi lítillaga ofmetinn í sveitarfélögum þar sem brottfluttir eru umfram aðflutta en vanmetinn í sveitarfélögum þar sem aðfluttir eru fleiri en brottfluttir. En þá má spyrja annars vegar hversu stór þessi skekkja getur orðið og hins vegar hvort mögulegt sé að í þjóðskránni séu skekkjur sem ekki eru til komnar vegna tímabundinna breytinga á búsetu, t.d. vegna náms, eða seinkaðra flutningstilkynninga vegna einstaklinga sem eru nýlega fluttir.

Fjallabyggð

Fjallabyggð er sveitarfélag á norðanverðum Tröllaskaga þar sem eru bæirnir Siglufjörður og Ólafsfjörður. Mannfjöldaþróun í Ólafsfirði og Siglufirði endurspeglar þær breytingar sem orðið hafa á atvinnuháttum og samfélagsgerð á Íslandi frá fyrstu áratugum tuttugustu aldar. Blómaskeið þessara byggðakjarna byggðust á tækniþróun og umtalsverðri fjárfestingu í sjávarútvegi sem skiluðu vaxandi sjávarafli og talsvert eftirsóknarverðum lífskjörum í mörgum sjávarbyggðum á Íslandi en þegar halla tók undan fæti í sjávarútvegi reyndust aðrir möguleikar á atvinnuuppbyggingu takmarkaðir.

Á síðasta áratug hefur íbúum í Fjallabyggð fækkað að meðaltali um tvö prósent á ári og eru þeir nú rétt rúmlega tvö þúsund talsins. Á sama tíma hefur meðalaldur íbúanna hækkað um rúmlega sex ár og börnum hefur fækkað um nærri helming. Fólksflutningar frá sveitarfélaginu eru svipaðir því sem gerist í öðrum byggðarlögum en fækkun íbúa skýrist fyrst og fremst af óvenjulega lágu hlutfalli fólks sem flytur til sveitarfélagsins (Þóroddur Bjarnason, Kjartan Ólafsson og Kolbeinn Stefánsson, 2009). Að óbreyttu verða íbúar Fjallabyggðar innan við þrettán hundruð talsins að tuttugu árum liðnum. Ekki virðist raunhæft að ætla að aukin frjósemi geti snúið þessari þróun við, enda yrði hver kona í Fjallabyggð að eignast 4,4 börn um ævina til þess að íbúum fækkaði ekki (Þóroddur Bjarnason o.fl., 2009).

Þessar upplýsingar og framtíðarspá um fólksfjöldaþróun byggjast á þeirri forsendu að upplýsingar um íbúafjölda og samsetningu mannfjöldans í þjóðskrá séu réttar eða skekkjur séu í það minnsta óverulegar.

Gögn

Hér á eftir er notast við gögn sem safnað var í sveitarfélaginu Fjallabyggð í júlí og ágúst árið 2009. Á grundvelli þjóðskrár eins og hún var þann 1. júlí 2009 var gerður listi yfir alla einstaklinga sem skráðir voru til heimilis í Fjallabyggð á þeim tíma þar sem aðeins kom fram nafn, heimili og aldur viðkomandi. Fyrir hvern einstakling í þessari skrá var leitað eftir svörum (ýmist frá þeim sjálfum eða aðilum sem til þekktu) við eftirfarandi:

Af sl. 12 mánuðum hversu marga hefur viðkomandi verið búsettur á Siglufirði eða Ólafsfirði?

Ef viðkomandi hefur verið búsettur á lögheimili í minna en sex mánuði, á viðkomandi sér þá svefnstað annars staðar svo vitað sé?

Ef viðkomandi hefur verið búsettur á lögheimili í minna en sex mánuði er þá vitað hvort viðkomandi stundar skóla eða vinnu annars staðar?

Til viðbótar var athugað hvort einhverjir einstaklingar væru búsettir í Fjallabyggð án þess að eiga þar lögheimili. Ennfremur var nýting húsnæðis skráð. Fyrir íbúðahús og íbúðir þar sem enginn var skráður með lögheimili var þannig skráð hvort húsnæðið væri notað sem frístundahús eða hvort það væri ónotað.

Niðurstöður

Þann 1. júlí 2009 voru 2.111 einstaklingar skráðir með lögheimili í Fjallabyggð en þar af voru 74 erlendir verkamenn sem unnið höfðu við gerð Héðinsfjarðarganga en voru í raun fluttir burt. Þessir aðilar eru gott dæmi um hvernig seinkaðar flutningstilkynningar leiða til ofmats á íbúafjölda, í þessu tilviki um 3,5%. Ofmat af þessu tagi var til dæmis mjög greinilegt í mannfjölda á Austurlandi þar sem allt að eitt ár virðist hafa liðið frá því að einstaklingar sem

FÖST BÚSETA OG HLUTABÚSETA Í FJALLABYGGÐ

unnu við stóriðjuframkvæmdir fluttu af landi brott og þar til brottflutningurinn kom fram í opinberum mannfjöldatölum. Framkvæmdir sem leiða til tímabundinnar búsetu stórra hópa útlendinga eru hins vegar nokkur undantekning og hér verður því litið svo á að þessir einstaklingar hafi ekki verið íbúar í Fjallabyggð í hefðbundnum skilningi. Á íbúaskránni voru ennfremur fimm einstaklingar sem voru nýlega látnir (0,2%) og er hér litið svo á að þessir einstaklingar séu heldur ekki búsettir í Fjallabyggð í hefðbundnum skilningi.

Tafla 1 sýnir hversu marga af sl. 12 mánuðum til og með júlí 2009 skráðir og óskráðir íbúar í Fjallabyggð hafa dvalið þar. Þar má í fyrsta lagi sjá að 13 einstaklingar hafa haft viðveru í Fjallabyggð án þess að vera þar með skráð lögheimili, þar af hafa 11 verið búsettir þar í sex mánuði eða lengur eða eru nýfluttir (0,4% af skráðum íbúum). Einnig má sjá að 136 einstaklingar sem skráðir eru með lögheimili í Fjallabyggð hafa ekki verið búsettir þar í heilt ár (6,4%) og aðrir 112 hafa verið búsettir þar í einn til fimm mánuði (5,3%). Seinkun flutningstilkynninga virðist ekki geta skýrt þær niðurstöður að 136 einstaklingar séu skráðir með lögheimili í Fjallabyggð án þess að hafa dvalið þar síðastliðið ár, en aðeins 9 einstaklingar hafi haft þar búsetu í sex mánuði eða lengur án þess að vera skráðir þar í þjóðskrá. Á árunum 1998-2008 flutti að meðaltali 181 einstaklingur lögheimili sitt frá Fjallabyggð en um 126 einstaklingar fluttu lögheimili til sveitarfélagsins. Flutningsjöfnuðurinn er því neikvæður um 56 einstaklinga á ári en ofskráðir eru riflega tvöfalt fleiri eða 127.

Tafla 1. Búseta skráðra og óskráðra íbúa í Fjallabyggð í júlí 2009.

Hve marga af sl. 12 mánuðum búsett(ur) í Fjallabyggð	Lögheimili í Fjallabyggð		
	Nei	Já	Samtals
0		136	136
1		11	11
2		2	3
3		15	15
4	2	83	86
5		1	1
6	1	8	9
7		1	1
8	1	6	7
9		2	2
10	4	7	11
11		2	2
12	3	1.758	1.761
Nýfluttir	2		
Samtals	13	2.032	2.045
Erlendir verkamenn		74	74
Nýlega látnir		5	5
Samtals	13	2.111	2.124

Til að greina nánar þann hóp sem búsettur er í Fjallabyggð verður nú gerður greinarmunur á tveimur hópum. Annars vegar þeim sem hafa verið búsettir í Fjallabyggð í sex mánuði eða fleiri af síðustu 12 mánuðum fyrir athuginina, hvort sem þeir eru skráðir þar með lögheimili eða ekki. Þessi hópur eru þeir sem búa að staðaldrí í Fjallabyggð. Hins vegar eru svo þeir sem hafa verið búsettir í Fjallabyggð í minna en sex mánuði af síðustu 12 mánuðum fyrir

KJARTAN ÓLAFSSON OG ÞÓRODDUR BJARNASON

athuginina, hvort sem þeir eru skráðir þar með lögheimili eða ekki. Þessir einstaklingar teljast ekki búa að staðaldri í Fjallabyggð.

Tafla 2 sýnir að sé miðað við sex mánuði eru samtals 1.795 einstaklingar búsettir í Fjallabyggð að staðaldri, eða 14,9% færri en samkvæmt skráningu þjóðskrár. Þetta eru um 88% af þeim fjölda einstaklinga sem skráðir eru með lögheimili í sveitarfélaginu (að frádregnum verkamönnum sem verið höfðu þar búsettir tímabundið og þeim sem voru nýlega látnir). Miðað við þessa sömu skilgreiningu eru 1.014 einstaklingar búsettir að staðaldri á Siglufirði og 781 á Ólafsfirði. Á Siglufirði er fjöldi þeirra sem búsettir eru á staðnum að staðaldri um 85% af þeim fjölda sem þar er skráður með lögheimili en á Ólafsfirði er sambærileg tala 92%.

Tafla 2. Lögheimili og búseta íbúa í Fjallabyggð í júlí 2009.

Hve marga af sl. 12 mánuðum búsett(ur) í Fjallabyggð	Lögheimili í Fjallabyggð		
	Nei	Já	Samtals
Býr ekki að staðaldri í Fjallabyggð	2	248	250
Býr að staðaldri í Fjallabyggð	11	1.784	1.795
Samtals	13	2.032	2.045

Ef litið er til kynferðis má sjá að í samanburði við þá 1.033 karla sem skráðir eru með lögheimili í Fjallabyggð eru 890 karlar búsettir þar að staðaldri eða um 86% af skráðum fjölda. Af 999 konum sem skráðar eru með lögheimili í Fjallabyggð eru 905 konur hins vegar búsettir þar að staðaldri eða um 90% af skráðum fjölda. Miðað við þetta virðast konur að jafnaði líklegri en karlar til að skrá lögheimili þar sem þær hafa aðsetur sitt.

Til að greina hvort samræmi milli fjölda þeirra sem eru með skráð lögheimili í Fjallabyggð og fjölda þeirra sem þar eru búsettir að staðaldri er háð aldri er skráðum íbúum skipt í fimm aldursflokka sem ætlað er að endurspeglar ólík aldursskeið. Í fyrsta hópnum eru börn að 18 ára aldri. Í öðrum hópnum er ungt fólk á aldrinum 18-25 ára sem líklegt er til að vera í skóla og hafa ekki stofnað fjölskyldu. Í þriðja hópnum er fólk á aldrinum 26-45 ára sem að jafnaði er líklegt til að hafa stofnað fjölskyldu og hafið atvinnuþátttöku. Í fjórða hópnum er fólk á aldrinum 46-65 ára sem telja má líklegt að eigi eldri eða uppkomin börn en er þó enn á vinnumarkaði. Í fimmta hópnum er svo eldra fólk (mismunur á heildarfjölda íbúa í töflum 2 og 3 stafar af því að upplýsingar vantar um aldur tíu einstaklinga).

Tafla 3. Lögheimili og búseta íbúa í Fjallabyggð í júlí 2009 eftir aldri.

Flokkadur aldur	Búsettir í Fjallabyggð að staðaldri			Búsettir á staðnum sem hlutfall af skráðum á viðkomandi aldri
	Nei	Já	Samtals	
0-17 ára	19	403	422	95%
18-25 ára	137	101	238	42%
26-45 ára	56	364	420	87%
46-65 ára	25	512	537	95%
66 ára og eldri	11	407	418	97%
Samtals	248	1.787	2.035	88%

Tafla 3 sýnir að mismunur á fjölda þeirra sem eru skráðir með lögheimili í Fjallabyggð og fjölda þeirra sem þar eru búsettir að staðaldri stafar fyrst og fremst af verulegu fráviki fyrir aldurshópinn 18-25 ára en einnig af nokkru fráviki fyrir aldurshópinn 26-45 ára. Búast má við því að innan við tíu börn verði í hverjum árgangi árið 2028 og þeim fari áfram fækkandi enda

FÖST BÚSETA OG HLUTABÚSETA Í FJALLABYGGÐ

er mannfjöldinn ekki í jafnvægi miðað við þessar forsendur. Tiltölulega fjölmennir árgangar fólks sem nú er á miðjum aldri munu komast á eftirlaunaaldur á þeim tíma og því má búast við því að fjöldi eldri borgara breytist lítið sem ekkert fram til ársins 2028. Eftir það mætti hins vegar búast við mun fámennari árgöngum eldri borgara sem leiddi til lækkandi meðalaldurs en jafnframt hraðrar fækkunar íbúa. Í aldurshópnum 18-25 ára eru 57 sem hafa ekkert búíð í Fjallabyggð á síðustu 12 mánuðum og 80 sem hafa búíð þar í einn til fimm mánuði. Með öðrum orðum hafa aðeins 40% einstaklinga í aldurshópnum 18-25 ekkert búíð í Fjallabyggð í 12 mánuði. Telja má líklegt að í hinum hluta þessa aldurshóps sé að verulegu leyti um námsmenn að ræða. Í aldurshópnum 26-45 ára eru hins vegar 48 einstaklingar sem hafa ekkert búíð í Fjallabyggð á síðustu 12 mánuðum. Fyrir þennan aldurshóp eru þeir sem ekkert hafa búíð í Fjallabyggð síðustu 12 mánuði því um 86% hópsins sem ekki býr í Fjallabyggð að staðaldri.

Umræða

Í lögum nr. 21/1991 um lögheimili er kveðið á um að lögheimili manns sé sá staður þar sem hann hefur fasta búsetu og ennfremur að maður teljist hafa fasta búsetu á þeim stað þar sem hann hefur bækistöð sína, dvelst að jafnaði í tólmstundum sínum, hefur heimilismuni sína og svefnstaður hans er þegar hann er ekki fjarverandi um stundarsakir vegna orlofs, vinnuferða, veikinda eða annarra hliðstæðra atvika.

Löng hefð er fyrir því að nota upplýsingar úr þjóðskrá til að greina búferlaflutninga milli sveitarfélaga og landshluta á Íslandi og til að meta íbúafjölda í einstökum sveitarfélögum. Þessi notkun á upplýsingum úr þjóðskránni byggist á þeirri forsendu að einstaklingar hagi því almennt svo að skrá lögheimili sitt þar sem þeir hafa fasta búsetu og að frávik frá þeirri meginreglu séu smávægileg og ekki kerfisbundin. Sú athugun sem hér hefur verið rædd og gerð var á skráðri og raunverulegri búsetu fólks í sveitarfélaginu Fjallabyggð sumarið 2009 bendir hins vegar til þess að líklega sé kerfisbundin skekkja í mati á íbúafjölda í einstökum sveitarfélögum á grundvelli þjóðskrár. Ennfremur að þessi skekkja komi fram sem kerfisbundið ofmat á íbúafjölda á svæðum þar sem brottflutningur fólks hefur verið viðvarandi um langt árabíl. Setja má fram þá tilgátu að þessi skekkja stafi af nokkrum þáttum. Í fyrsta lagi sé um að ræða seinkaðar flutningstilkynningar.

Skekkjur af þessum toga eru ekki ýkja alvarlegar fyrir mat á íbúafjölda í sveitarfélögum eða greiningu á búferlaflutningum og hafa aðeins þau áhrif að tiltekna breytingar á mannfjölda mælast einu til tveimur árum síðar en þær áttu sér raunverulega stað. Í öðru lagi sé um að ræða skekkjur vegna einstaklinga sem stunda nám fjarri heimili. Skekkjur af þessum toga koma að líkindum einna helst fram sem kerfisbundið ofmat á fjölda ungs fólks og geta þannig haft áhrif á mannfjöldaspár fyrir einstök sveitarfélög. Í þriðja lagi sé um að ræða skekkjur vegna einstaklinga sem ekki eru búsettir þar sem þeir eru með skráð lögheimili og hafa jafnvel ekki gert um árabíl.

Aðgerðum á borð við Héðinsfjarðargöngin, sem tengja nú Ólafsfjörð og Siglufjörð, er meðal annars ætlað styrkja byggð á þessu svæði og snúa við fólksfækkun síðustu áratuga. Kerfisbundið ofmat þjóðskrár á fólksfjölda Fjallabyggðar gerir það að verkum að varasamt er að nota hana til að meta slík áhrif. Snúi brottfluttur íbúar byggðarlagsins aftur heim í stórum stíl gæti fjölgað um allt að 18% í Fjallabyggð án þess að þess yrði vart í þjóðskrá. Því er nauðsynlegt að gera manntal á þeim svæðum þar sem meta á áhrif byggðaaðgerða á fólksfjölda.

Heimildir

Guðmundur Jónsson og Magnús S. Magnússon. (ritstjórar). 1997. *Hagskinna: Sögulegar hagtölur um Ísland*. Reykjavík: Hagstofa Íslands.

Hagstofa Íslands. 1958. *Manntal á Íslandi 1. desember 1950*. Reykjavík: Hagstofa Íslands.

Hagstofa Íslands. 1969. *Manntal á Íslandi 1. desember 1960*. Reykjavík: Hagstofa Íslands.

Lög um lögheimili nr. 21/1990.

Lög um þjóðskrá og almannaskráningu nr. 54/1962.

Ómar Harðarson. 2008. *Mannfjöldinn, heimili og húsnæði: Um tengingu íbúa og íbúða*. Erindi flutt á fundi á vegum Fasteignamats ríkisins undir yfirskriftinni „Hvernig finn ég staðinn? Er sama hvernig staðföng eru skráð, skilgreind og birt?“

Þjóðskrá. (e.d.). Sótt 15. júní 2009 af www.thjodskra.is.

Þóroddur Bjarnason, Kjartan Ólafsson og Kolbeinn Stefánsson. 2009. Lýðfræði Fjallabyggðar, 1928–2028. *Rannsóknir í félagsvísindum X: Félagsráðgjafardeild og stjórn málafræðideild*. Halldór S. Guðmundsson og Silja Bára Ómarsdóttir (ritstjórar). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Búsetufyrirætlanir íbúa Fjallabyggðar

Þóroddur Bjarnason

Inngangur

Íslenskt samfélag einkennist af umtalsverðum fólksflutningum innan lands og utan. Á síðustu áratugum hafa umskipti vegna fólksflutninga verið um 7% af íbúafjölda í flestum þéttbýliskjörnum landsins (Hagstofa Íslands, 2009; Þóroddur Bjarnason, 2007). Fólksflutningar til og frá landinu hafa jafnframt stóraukist og námu þeir á árinu 2009 um 3% af íbúafjölda landsins. Á tímabilinu 2000–2009 fluttu að meðaltali 8% íbúa Siglufjarðar og Ólafsfjarðar frá þessum byggðakjörnum en 6% fluttu til þeirra. Umskiptin voru því 6% en fólksfækkun 2% á ári (Þóroddur Bjarnason, Kjartan Ólafsson og Kolbeinn Stefánsson, 2009). Í samanburði við önnur byggðarlög af svipaðri stærð virðist fólksfækkun í Fjallabyggð skýrast af lágu hlutfalli fólks sem flytur til baka fremur en af háu hlutfalli fólks sem flytur á brott.

Fyrirætlanir um búferlaflutninga mótast í flóknu samspili einstaklinga við fjölskyldu sína og vini, nærsamfélagið, félagsgerðina og þá margvíslegu menningarstrauma sem leika um nútímasamfélög. Tengslanet einstaklinga byggja í sívaxandi mæli á grunni áhugamála, markmiða og tilfinninga einstaklinga fremur en landfræðilegrar nálægðar (Beck, 1992). Mótun búsetufyrirætlana er á vissan hátt ferli sem hjálpar ungu fólki að hugsa um framhaldsnám, framtíðarstarf og stofnun fjölskyldu (Elder o.fl., 1996). Val á framtíðarbúsetu er hluti af mótun sjálfsmyndar í síbreytilegum heimi (Þóroddur Bjarnason og Þórólfur Þórindsson, 2006). Í sívaxandi mæli verður ungt fólk að taka meðvitaða ákvörðun um að vera um kyrrt ekki síður en um að flytja á brott (Glendinning o.fl., 2003).

Fyrirætlanir um búferlaflutninga hafa reynst spá fremur vel fyrir um raunverulega búferlaflutninga víða um heim (Card, 1982; DeJong, 2000; DeJong o.fl., 1986; Simmons, 1986; Sandu og DeJong, 1996). Sambandið milli fyrirætlana og flutninga er hins vegar langt frá því að vera einhlítt (Gardner o.fl., 1986). Þannig hætta sumir við að flytja á meðan aðrir hætta við að vera um kyrrt. Í sumum tilvikum breytast tímasetningar eða áfangastaður búferlaflutninga og í öðrum tilvikum flytur fólk aftur til baka eftir lengri eða skemmri dvöl utan heimabyggðar (Glendinning o.fl., 2003; Myklebust, 1993). Sambandið milli fyrirætlana og flutninga er skilyrt af ýmsum þáttum á borð við fyrri reynslu af búferlaflutningum, fjárhagsstöðu og lagalegum takmörkunum, þrýstingi frá vinum og fjölskyldu og breytingum á aðstæðum einstaklinga (Card, 1982; DeJong, 2000; DeJong o.fl., 1986; Gardner o.fl., 1986).

Búferlaflutningar vegna menntunar, starfs eða annarra ástæðna þýða ekki endilega lengur að öll tengsl við vini og fjölskyldu séu slitin eða að öll von um að snúa heim sé gefin upp á bátinn. Búferlaflutningar draga engu að síður úr samskiptum við vini og fjölskyldu í heimabyggð og gera þannig stuðningsnet einstaklinga gisnara (Elder o.fl., 1996; Pretty o.fl., 1996). Því kemur ekki á óvart að sterk og jákvæð félagsleg tengsl dragi úr áhuga á því að flytja búferlum (Glendinning o.fl., 2003; Hamilton og Seyfrit, 1994; Hektner, 1995; Rudkin o.fl., 1994). Hin hliðin á því máli er sú að neikvæð tengsl við nærsamfélagið auka líkurnar á búferlaflutningum. Þannig einkennast fámenn, þétt samfélög einnatt af skorti á friðhelgi og fáum tækifærum til að máta sig í mismunandi hlutverkum (Gabriel, 2002; Glendinning o.fl., 2003). Sterkt félagslegt taumhald nærsamfélagsins í strjálbýli kann til dæmis að vera lykilorð í því að hrekja burtu ungar stúlkur, samkynhneigða og aðra hópa sem taumhaldið beinist sérstaklega gegn (Stockdale, 2002).

ÞÓRODDUR BJARNASON

Fyrirætlanir um búferlaflutninga skipta hins vegar ekki aðeins máli til að spá fyrir um framtíðarbúsetu tiltekinna einstaklinga. Viðhorf til framtíðarbúsetu geta endurspeglad stemninguna í samfélaginu í heild og þannig verið mun næmari mælikvarði á breytingar í tilteknu samfélagi en raunverulegir búferlaflutningar á tilteknu ári. Unglingasamfélagið getur verið sérstaklega mikilvægt í þessu tilliti þar sem ákvarðanir um framtíðina brenna að mörgu leyti heitar á unglungum en þeim sem eldri eru. Sýnt hefur verið fram á að slíkar fyrirætlanir í unglingsamfélaginu spá fyrir um fólksfjöldaþróun á næsta áratug í íslenskum byggðarlögum (Þóroddur Bjarnason, 2004). Því má líta á búsetufyrirætlanir sem mælingu á búsetufestu samfélaga óháð því hvort fyrirætlanir tiltekinna einstaklinga spái fyrir um hegðun þeirra.

Hér á eftir verða búferlafyrirætlanir íbúa Fjallabyggðar skoðaðar nánar. Á síðasta áratug hefur íbúum í Ólafsfirði og á Siglufirði fækkað um ríflega fimm hundruð manns eða um 20%, meðalaldur íbúanna hækkað um rúmlega sex ár og börnum fækkað um nærri helming. Sérstaklega hafa brottflutningar höggvið stórt skarð í aldurshópin 20–39 ára sem árið 2008 taldi 463 einstaklinga samanborið 509 í aldurshópnum 0–19 ára og 603 í aldurshópnum 40–59 ára (Þóroddur Bjarnason, Kjartan Ólafsson og Kolbeinn Stefánsson, 2009). Annars vegar verður byggt á svörum 15–16 ára nemenda í grunnskólum Fjallabyggðar við spurningum um framtíðaráform sem lagðar voru fyrir alla nemendur í 10. bekk á Íslandi vorið 2007 og hins vegar spurningakönnun sem lögð var fyrir alla íbúa Fjallabyggðar haustið 2009.

Aðferð og gögn

Upplýsingar um viðhorf unglunga í Fjallabyggð og annars staðar á landinu til framtíðarbúsetu eru fengnar úr *ESPAD* spurningakönnuninni sem lögð var fyrir nemendur í 10. bekk grunnskóla í febrúar og mars 2007 (Þóroddur Bjarnason, 2009). Nafnlausir spurningalistar voru lagðir fyrir alla nemendur sem mættir voru í skólann á fyrirlagnardag og settu þeir útfyllta spurningalista í trúnaðarumslög að útfyllingu lokinni. Gild svör bárust frá 3.665 og var svarhlutfall um 80%. Í þessari könnun var meðal annars spurt um líklega framtíðarbúsetu og voru svörin flokkuð í (1) Um kyrrt, (2) Höfuðborgarsvæði, (3) Annað innanlands og (4) Önnur lönd. Til samanburðar við svör unglunga í Fjallabyggð voru valin sex önnur sveitarfélög. Svör unglunga í Dalvíkurbyggð, Ísafjarðarbæ, Fjarðabyggð og Vestmannaeyjum voru notuð til að áætla búsetuáform unglunga í öðrum byggðarlögum sem byggt hafa að verulegu leyti á sjávarútvegi. Þá voru svör unglunga á Akureyri og í Reykjavík notuð til að fá samanburð við búsetuáform unglunga í þéttbýli norðanlands og sunnan.

Könnunin *Samgöngubatur og byggðapróun 2009* byggist á spurningalistakönnun sem lögð var fyrir íbúa í Ólafsfirði og Siglufirði í nóvember og desember 2009. Íbúar í byggðakjörnum tveimur voru heimsóttir og spurningalistar lagðir fyrir alla 18 ára og eldri sem voru heima. Spurningalistar voru í framhaldinu sendir í pósti til þeirra íbúa sem ekki hafði náðst til með heimsóknnum ásamt frímerktu svarumslagi. Endanlegar heimtur voru 732 listar eða 53% þeirra íbúa 18 ára og eldri sem búsettir eru í Fjallabyggð að staðaldri (Kjartan Ólafsson og Þóroddur Bjarnason, 2009). Hér eru notaðar tvær spurningar úr þessari könnun. Annars vegar er spurt um hversu líklegt íbúar telji að þeir muni í framtíðinni flytja á brott fyrir fullt og allt. Hins vegar er spurt hvort þeir gætu hugsað sér að búa í hinum byggðakjarnanum í Fjallabyggð, á Dalvík, Sauðárkróki, Akureyri eða höfuðborgarsvæðinu eða erlendis.

Niðurstöður

Í töflu 1 má sjá búsetuáform unglunga í Fjallabyggð í samanburði við jafnaldra þeirra í þeim sveitarfélögum sem valin voru til samanburðar. Um 32% unglunganna í Fjallabyggð ætla að verða um kyrrt í sveitarfélaginu sem er svipað hlutfall og meðal unglunga í Dalvíkurbyggð, Ísafjarðarbæ og Fjarðabyggð. Þetta hlutfall er hins vegar 50% í Vestmannaeyjum og 59% á Akureyri. Meðal unglunga á þessum aldri í Reykjavík ætla um 71% að búa áfram á höfuðborgarsvæðinu. Á bilinu 18–23% unglunga í sveitarfélögunum á Norðurlandi (Akureyri, Dalvík og Fjallabyggð) búast við því að flytja til höfuðborgarsvæðisins, en 41% í Fjarðabyggð og 43% í Ísafjarðarbæ. Fjallabyggð og Dalvíkurbyggð skera sig úr að því leyti að um þriðjungur unglunga þar býst við því að búa annars staðar innanlands en í heimabyggð eða á höfuðborgarsvæðinu, samanborið við 1–7% í hinum sveitarfélögunum. Á bilinu 20–24% unglunga á Akureyri, í Ísafjarðarbæ og Reykjavík búast við því að búa erlendis samanborið við 9–15% í hinum sveitarfélögunum.

Tafla 1. Búsetuáform 15–16 ára unglunga á völdum stöðum á Íslandi árið 2007.

	Um kyrrt	Höfuðborgarsvæði	Annað innanlands	Önnur lönd
Fjallabyggð	32%	23%	32%	13%
Dalvíkurbyggð	39%	18%	34%	9%
Ísafjarðarbær	30%	43%	3%	24%
Fjarðabyggð	39%	41%	6%	14%
Vestmannaeyjar	50%	32%	3%	15%
Akureyri	59%	20%	1%	20%
Reykjavík	---	71%	7%	22%

Þessar niðurstöður sýna að búsetufyrirætlarnir unglunga í Fjallabyggð eru mjög svipaðar fyrirætlunum jafnaldra þeirra í nágrannasveitarfélaginu Dalvíkurbyggð, þrátt fyrir að íbúapróun í síðarnefnda sveitarfélaginu hafi verið mun jákvæðari á síðari árum. Unglingar í þessum tveimur bæjarfélögum eru einnig álíka líklegir til að ætla að vera um kyrrt og unglingar í Ísafjarðarbæ eða Fjarðabyggð. Norðlensku unglingarnir eru hins vegar líklegri til að búast við því að búa annars staðar á Íslandi en á höfuðborgarsvæðinu. Þótt ekki sé hægt að ráða af gögnumum hvar þau búist við að búa utan höfuðborgarsvæðisins má leiða að því líkum að Akureyri gegni þar lykilhlutverki.

Tafla 2 sýnir búsetuáform íbúa 18 ára og eldri í Ólafsfirði og á Siglufirði. Athygli vekur að nánast enginn munur er á áformum einstakra aldurshópa milli þessara tveggja byggðakjarna nema í yngsta aldurshópnum. Meðal 18–25 ára íbúa Siglufjarðar ætla 56% líklega eða mjög líklega að flytja á brott fyrir fullt og allt, samanborið við 39% íbúa Ólafsfjarðar í sama aldurshópi. Um 18% íbúa Fjallabyggðar á aldrinum 26–40 ára og 8% aldurshópsins 41–66 ára ætla líklega eða mjög líklega að flytja en enginn íbúi 67 ára eða eldri. Þessi dreifing samsvarar í grófum dráttum brottflutningum í einstökum aldurshópum. Flestir flytja í burtu í yngstu aldurshópnum og hlutfall þeirra sem eru enn búsettir í bænum en hyggjast flytja lækkar jafnt og þétt með hækkandi aldri. Í elsta aldurshópnum eru þeir farnir sem ætla sér að flytjast á brott.

Þá er marktækur munur á hlutfalli karla og kvenna í yngri aldurshópnum sem ætla líklega eða mjög líklega að flytja á brott fyrir fullt og allt. Munurinn felst einkum í því að í 18–25 ára aldurshópnum ætla 60% kvenna en aðeins 39% karla líklega eða mjög líklega að flytja á brott.

Jafnframt ætla 21% kvenna og 14% karla í aldurshópnum 26–40 ára að gera slíkt hið sama. Í öðrum aldurshópum er ekki merkjanlegur munur á slíkum fyrirætlunum milli karla og kvenna.

Tafla 2. Hlutfall íbúa 18 ára og eldri í Ólafsfirði og á Siglufirði sem ætla líklega eða mjög líklega að flytja á brott fyrir fullt og allt, nóvember 2009.

	Ólafsfjörður	Siglufjörður	Karlar	Konur
18–25 ára	39%	56%	39%	60%
26–40 ára	17%	18%	14%	21%
41–66 ára	9%	8%	8%	9%
67 ára eða eldri	0%	0%	0%	0%
Alls	11%	13%	8%	11%

Tafla 3 sýnir hlutfall þeirra íbúa í Fjallabyggð sem ætla líklega eða mjög líklega að flytja á brott og gætu mjög vel hugsað sér að búa á einstökum stöðum. Íbúar Ólafs- og Siglufjarðar sem á annað borð vilja flytja á brott hafa tiltölulega lítinn áhuga á því að setjast að á öðrum smærri stöðum. Af þeim Ólafsfirðingum sem ætla líklega að flytja á brott gætu 9% mjög vel hugsað sér að setjast að á Siglufirði. Með svipuðum hætti gætu 4% Siglufirðinga í sömu stöðu mjög vel hugsað sér að setjast að á Ólafsfirði. Þá vekur athygli að enginn kynjamunur er á hlutfalli þeirra sem búast við að flytja á brott og gætu mjög vel hugsað sér að setjast að í hinum byggðakjarnanum.

Tafla 3. Hlutfall íbúa 18 ára og eldri í Ólafsfirði og á Siglufirði sem ætla líklega eða mjög líklega að flytja á brott fyrir fullt og allt og gætu mjög vel hugsað sér að búa á einstökum stöðum, nóvember 2009.

	Ólafsfjörður	Siglufjörður	Karlar	Konur	Alls
Hinn kjarnann	9%	4%	6%	6%	6%
Dalvík	13%	2%	3%	8%	6%
Sauðárkrókur	3%	6%	3%	6%	5%
Akureyri	66%	26%	40%	40%	40%
Höfuðborgarsvæðið	28%	36%	40%	29%	33%
Erlendis	31%	51%	40%	46%	44%

Jafnframt geta 5–6% þessara íbúa Fjallabyggðar mjög vel hugsað sér að setjast að á Dalvík eða Sauðárkróki. Sá staður sem er nálægari viðkomandi byggðakjarna virðist vera eilítið ákjósanlegri búsetukostur því um 13% Ólafsfirðinga en aðeins 2% Siglufirðinga í þessari stöðu nefna Dalvík. Á hinn bóginn gætu 6% Siglufirðinga en 3% Ólafsfirðinga sem líklega flytja á brott vel hugsað sér að búa á Sauðárkróki.

Svo virðist sem konur séu nokkru tilbúnari en karlar til að flytjast búferlum til nálægra byggðakjarna. Mun fleiri þeirra sem búast við að flytja nefna Akureyri, höfuðborgarsvæðið eða önnur lönd sem ákjósanlegan búsetukost eða um 40% karla og kvenna. Umtalsverður munur er þó milli byggðakjarnanna tveggja að þessu leyti. Meðal Ólafsfirðinga ber Akureyri höfuð og herðar yfir aðra áfangastaði sem nefndir eru en tveir af hverjum þremur sem búast við að flytja frá Ólafsfirði gætu mjög vel hugsað sér að búa á Akureyri samanborið við einn af hverjum fjórum Siglufirðingum í sömu stöðu. Hins vegar eru slíkir Siglufirðingar líklegri til að nefna höfuðborgarsvæðið eða 36% á móti 28% Ólafsfirðinga í þessum hópi. Jafnframt virðist höfuðborgarsvæðið njóta mun meiri vinsælda meðal karlanna en kvenna eða meðal 40% karla á

móti 29% kvenna. Þá gætu 51% þessara Siglufirðinga mjög vel hugsað sér að setjast að erlendis samanborið við 31% Ólafsfirðinganna og er kynjamunur er lítill meðal þeirra sem horfa með jákvæðum huga til framtíðarbúsetu erlendis.

Umræða

Landfræðilegur og félagslegur hreyfanleiki er eitt megineinkenni nútímasamfélaga og hafa sumir fræðimenn raunar gengið svo langt að halda því fram að nútímamaðurinn geti aðeins blómstrað með því að slíta bönd nærsamfélagsins (Bauman, 1995, 2001). Svo mikið er víst að einstaklingar taka í sívaxandi mæli ákvörðun um það hvaða samfélagi þeir kjósa að tilheyra á grundvelli smekks og viðhorfa til lífsins (Beck, 1992; Gibbons, 2003; Putnam, 2000). Árið 1999 voru sextán ára unglingar á Siglufirði og í Ólafsfirði 44 talsins, tíu árum síðar voru tuttugu og sex ára íbúar í Fjallabyggð aðeins 22 talsins eða réttur helmingur upphaflega hópsins (Hagstofa Íslands, 2010b). Samkvæmt niðurstöðum þessarar rannsóknar ætla 68% unglinga á aldrinum 15–16 ára og 50% ungs fólks á aldrinum 18–25 ára að flytja á brott frá Fjallabyggð fyrir fullt og allt. Talsverður munur kemur þó fram á milli byggðakjarnanna tveggja og er hlutfall þeirra sem ætla að flytja á brott mun herra á Siglufirði en í Ólafsfirði.

Að öllu óbreyttu virðist því sem ekki muni draga úr fólksflutningum frá Fjallabyggð á næstu árum. Opnun Héðinsfjarðarganganna haustið 2010 gæti þó breytt mannfjöldapróun á svæðinu umtalsvert. Með tengingu byggðakjarnanna tveggja, stækkun atvinnusvæðis Eyjafjarðar og opnun hringleiðar um Tröllaskaga geta skapast margvísleg tækifæri sem dregið geta úr fólksflutningum frá svæðinu. Þó er mikilvægt að hafa í huga að ungt fólk þarf að fá tækifæri til að finna sinn samastað í umróti hnattvæðingarinnar og stór hluti hvers árgangs mun óhjákvæmilega yfirgefa smærri byggðarlög um lengri eða skemmri tíma. Því ætti það ekki að vera sérstakt markmið að koma í veg fyrir að ungt fólk yfirgefi Fjallabyggð heldur miklu frekar að tryggja möguleika þess á því að snúa til baka, jafnframt því að gefa aðkomufólki færi á því að skjóta þar rötum til framtíðar.

Niðurstöður þessarar rannsóknar sýna að íbúar Fjallabyggðar sem hugsá sér til hreyfings hafa yfirleitt ekki mikinn áhuga á því að setjast að á öðrum smærri stöðum. Þó gætu 13% þeirra sem líklega flytja frá Ólafsfirði vel hugsað sér að setjast að á Dalvík sem er aðeins í 17 kílómetra fjarlægð. Áhugavert væri að kanna nánar hvaða þættir það eru sem gera Dalvík að meira aðlaðandi búsetukosti fyrir þennan hóp. Akureyri er þó helsti valkostur Ólafsfirðinga sem hyggjast flytja búferlum og undirstrikar það sterk tengsl Ólafsfjarðar og Akureyrar. Um það bil tveir af hverjum þremur Ólafsfirðingum í þessum hópi nefna Akureyri sem góðan valkost en aðeins rúmlega einn af hverjum fjórum gæti mjög vel hugsað sér að búa á höfuðborgarsvæðinu. Hins vegar gæti aðeins einn af hverjum fjórum Siglufirðingum mjög vel hugsað sér að búa á Akureyri en einn af hverjum þremur nefnir höfuðborgarsvæðið. Þá er athyglisvert að 40% karla en aðeins 29% kvenna í þessum hópi gæti mjög vel hugsað sér að setjast að á höfuðborgarsvæðinu.

Árið 1885 komst Ernst Ravenstein að raun um það að konur væru tölfræðilega líklegri en karlar til þess að flytja úr strjálbýli í þéttbýli í Bretlandi. Á þeim 125 árum sem liðin eru síðan hafa ótal rannsóknir sýnt fram á svipað mynstur víða á Vesturlöndum (sjá t.d. Dahlström, 1996; Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, 2004; Hamilton og Seyfrit, 1994; King og Shuttleworth, 1995; Stefán H. Jónsson, 2004; Stockdale, 2002). Því hefur raunar verið haldið fram að lágt hlutfall kvenna sé eitt sterkasta einkenni dreifbýlla byggðarlaga í alvarlegum vanda (Hamilton og Ottsted, 1998). Í íslenskum sveitum og sjávarþorpum eru stúlkur helmingi líklegri en piltar til að búast við því að flytja búferlum (Þóroddur Bjarnason og Þórólfur Þórlindsson, 2006). Þessar

ÞÓRODDUR BJARNASON

niðurstöður eru í samræmi við fólksfjöldaþróun á Íslandi síðustu ár þar sem umtalsvert fleiri karlar en konur búa á flestum dreifbýlisstöðum (Hagstofa Íslands, 2010b).

Í Fjallabyggð er kynjahlutfall mjög ójafnt meðal fólks á barnsburðaraldri. Þann 1. desember 2009 voru til dæmis 144 karlar en 101 kona á aldrinum 20–29 ára skráð til heimilis í Fjallabyggð, eða 1,4 karl á hverja konu (Hagstofa Íslands, 2010b). Samkvæmt niðurstöðum könnunar meðal íbúa Fjallabyggðar haustið 2009 er hér um viðvarandi vandamál að ræða. Þannig ætluðu 39% karla og 60% kvenna á aldrinum 18–25 ára líklega eða mjög líklega að flytja á brott fyrir fullt og allt. Gangi það eftir verður 1,5 karl á hverja konu í þessum aldurshópi í framtíðinni. Takist ekki að leiðrétta þennan kynjahalla mun það hafa alvarlegar afleiðingar fyrir byggðafestu og framtíð Fjallabyggðar. Eigi Fjallabyggð að verða meira aðlaðandi búsetukostur fyrir ungar konur skipta bættur aðgangur að fjölbreyttri menntun, þjónustu og afþreyingu og minni kröfur um ólaunaða vinnu kvenna í samfélaginu ekki síður máli en fleiri og fjölbreyttari atvinnutækifæri (Dahlström, 1996). Vera kann að sameining Ólafsfjarðar og Siglufjarðar og tenging hins sameinaða sveitarfélags Fjallabyggðar við þjónustuvæði Eyjafjarðar geti stuðlað að slíkum jákvæðum breytingum á aðstæðum og möguleikum kvenna í samfélaginu.

Heimildir

- Bauman, Zygmunt. 1995. *Life in Fragments: Essays in Postmodern Morality*. Oxford: Blackwell.
- Bauman, Zygmunt. 2001. *Community: Seeking Safety in an Insecure World*. Cambridge: Polity Press.
- Beck, Ulrich. 1992. *Risk Society: Towards a New Modernity*. London: Sage.
- Card, Josaphine J. 1982. The correspondence between migration intentions and migration behaviour: data from the 1970 cohort of Filipino graduate students in the United States. *Population and Environment*, 5, 3–25.
- Dahlström, Margareta. 1996. Young women in a male periphery – experiences from the Scandinavian north. *Journal of Rural Studies*, 12, 259–271.
- DeJong, Gordon F. 2000. Expectations, gender, and norms in migration decision-making. *Population Studies*, 54, 307–319.
- DeJong, Gordon F., Brenda Davis Root, Robert W. Gardner, James T. Fawcett og Ricardo G. Abad. 1986. Migration intentions and behaviour: decision making in a rural Philippine province. *Population and Environment*, 8, 41–62.
- Elder, Glen H., Valerie King og Rand D. Conger. 1996. Attachment to place and migration prospects: A developmental perspective. *Journal of Research on Adolescence*, 6, 397–425.
- Etzioni, Amitai. 1995. *The Spirit of Community: Rights, Responsibilities and the Communitarian Agenda*. London: Fountain Press.
- Gabriel, Michelle. 2002. Australia's regional youth exodus. *Journal of Rural Studies*, 18, 209–212.
- Gardner, Robert W., Gordon F. DeJong, Fred Arnold og Benjamin V. Carino. 1986. The best laid schemes: an analysis of discrepancies between migration intentions and behaviour. *Population and Environment*, 8, 63–77.
- Gibbons, Michael S. 2003. Hvítarusl: Stéttvís blóraböggull fjölmenningsvitanna. *Tímarit Máls og menningar*, 64(3–4), 32–37.
- Glendinning, Anthony, Mark Nuttall, Leo Hendry, Marion Kloep og Sheila Wood. 2003. Rural communities and well-being: a good place to grow up? *Sociological Review*, 51, 129–156.
- Guðbjörg L. Rafnsdóttir. 2004. Íslenskur sjávarútvegur við aldahvörf: Félagsfræðilegur sjónarhóll. Kafli í Þóroddur Bjarnason og Helgi Gunnlaugsson (ritstj.), *Íslenskt félagsfræði: Landnám alþjóðlegrar fræðigreinar*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

BÚSETUFYRIRÆTLANIR ÍBÚA FJALLABYGGÐAR

- Hagstofa Íslands. 2010a. Búferlaflutningar eftir byggðakjörnum, strjálbýli og kyni 2000–2009. <http://www.hagstofan.is/Hagtolur/Mannfjoldi/Buferlaflutningar>, sótt 16. janúar 2010.
- Hagstofa Íslands. 2010b. Mannfjöldi eftir sveitarfélagi, kyni og aldri 1. desember 1997–2009. <http://www.hagstofan.is/Hagtolur/Mannfjoldi/Sveitarfelag>, sótt 16. janúar 2010.
- Hamilton, L. C. og Otterstad, O. 1998. Sex Ratio and Community Size: Notes from the Northern Atlantic. *Population and Environment*, 20, 11–22.
- Hamilton, Lawrence C. og Carole L. Seyfrit. 1994. Resources and hope in Newfoundland. *Society and Natural Resources*, 7, 561–578.
- Hektner, Joel M. 1995. When moving up implies moving out: rural adolescent conflict in the transition to adulthood. *Journal of Research in Rural Education*, 11, 3–14.
- King, Russell og Ian Shuttleworth. 1995. Education, identity and migration: the case of highly-educated Irish emigrants. *Etudes Migrations*, 32, 159–174.
- Kjartan Ólafsson og Þóroddur Bjarnason. 2009. Að heiman. Munur á skráðri og raunverulegri búsetu á Íslandi. *Þjóðarspejillinn 2009, Ráðstefna X um rannsóknir í félagsvísindum*, ritstj. Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Myklebust, Jon O. 1993. Det foerste aaretaket bort fra oeya. Bls. 57–81 í Kaare Heggen, Jon O. Myklebust og Tormod Oia (ritstj.) *Ungdom I Lokalmiljøe*. Ósló: Samlaget.
- Pretty, G., Cooney, G., Dugay, J., Fowler, K. og Williams, D. (1996). Sense of community and its relevance to adolescents of all ages. *Journal of Community Psychology*, 24, 365–379.
- Putnam, Robert D. 2000. *Bowling Alone: The Collapse and Revival of American Community*. New York: Simon and Schuster.
- Ravenstein, Ernst G. 1885. The laws of migration. *Journal of the Statistical Society*, 48, 167–227.
- Rudkin, Laura, Glen H. Elder, Jr. og Rand Conger. 1994. Influences on the migration intentions of rural adolescents. *Sociological Studies of Children*, 6, 87–106.
- Sandu, Dumitru og Gordon F. DeJong. 1996. Migration in market and democracy transition: migration intentions and behaviour in Romania. *Population Research and Policy Review*, 15, 437–457.
- Simmons, Alan B. 1986. Recent studies on place utility and intention to migrate: an international comparison. *Population and Environment*, 8, 120–140.
- Stefán H. Jónsson. 2004. Lýðfræði Íslands. Kafli í Þóroddur Bjarnason og Helgi Gunnlaugsson (ritstj.), *Íslenskt félagsfræði: Landnám alþjóðlegrar fræðigreinar*. Reykjavík: Háskólaútgáfan
- Stockdale, Aileen. 2002. Out-migration from rural Scotland: the importance of family and social networks. *Sociologia Ruralis*, 42, 41–64.
- Þóroddur Bjarnason og Þórólfur Þórlindsson. 2006. Should I stay or should I go? Migration expectations among youth in Icelandic fishing and farming communities. *Journal of Rural Studies*, 22, 290–300.
- Þóroddur Bjarnason. 2004. Leiðin að heiman...: Forspárgildi viðhorfa unglinga fyrir búsetuþróun á Íslandi. Bls. 303–314 í Úlfar Hauksson (ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum V: Félagsvísindadeild*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Þóroddur Bjarnason. 2007. Þjóðflutningar á Íslandi: Núi albinói og aðrar godsagnir um samfélög utan Reykjavíkur. Inngangsfyrirlestur á *Ráðstefnu um íslenska þjóðfélagsfræði*. Háskólanum á Akureyri, 27.-28. apríl 2007.
- Þóroddur Bjarnason. 2009. Vímuefnaneysla íslenskra unglinga í alþjóðlegum samanburði, 1995–2007. Akureyri: Rannsóknasetur forvarna.
- Þóroddur Bjarnason, Kjartan Ólafsson og Kolbeinn Stefánsson. 2009. Lýðfræði Fjallabyggðar, 1928–2028. *Þjóðarspejillinn 2009, Ráðstefna X um rannsóknir í félagsvísindum*, ritstj. Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Atvinnulíf og samgöngur í Fjallabyggð

Kolbeinn H. Stefánsson

Inngangur

Ein sterkustu rökin fyrir samgöngubót á borð við Héðinsfjarðargöng eru að bætta samgöngur efla atvinnulíf þeirra staða sem göngin tengja. Það er hugsanlegt að göngin eigi eftir að auka umferð ferðamanna um Siglufjörð og Ólafsfjörð. Þá er einnig hugsanlegt að þau stækki atvinnusvæði íbúa Fjallabyggðar. Öflugt og fjölbreytt atvinnulíf er lykillinn að uppbyggingu hvers samfélags. Mikil atvinnuþátttaka eflir bæði markaðinn og hið opinbera. Einkaneysla flestra er fjármögnuð af launatekjum. Ef atvinnuþátttaka er mikil og tekjur góðar getur skapast forsenda fyrir meira úrvali og betri gæðum bæði vöru og þjónustu. Að sama skapi eflast tekjustofnar sveitarfélagsins sem getur fyrir vikið veitt íbúnum betri og fjölbreyttari þjónustu og stuðlað að uppbyggingu samfélagsins. Að auki skiptir vinnumarkaðurinn lykillhlutverki í ákvörðunum fólks um búsetu (Renkow, 2003; Miller, 1976). Það skiptir litlu máli hvaða kostum samfélög eru gædd; ef fólk getur ekki fengið vinnu við sitt hæfi er viðkomandi samfélag ekki vænlegur búsetukostur. Þannig má segja að atvinnulífið sé forsenda annarra lífsgæða í hverju samfélagi.

Tafla 1. Fjöldi atvinnulausra sem hlutfall af öllum íbúum, 20–69 ára.

	Alls	Höfuðbsv.	Akureyri	Skagafjörður	Dalvík	Fjallabyggð
Janúar - apríl						
2003-2005	2,9%	3,0%	3,4%	1,7%	2,3%	3,7%
2006-2008	1,1%	0,9%	2,2%	0,7%	1,8%	2,2%
2009-2010	7,9%	8,2%	9,6%	3,6%	4,0%	4,6%
Mái - ágúst						
2003-2005	2,5%	2,9%	3,0%	1,0%	1,8%	2,8%
2006-2008	1,1%	1,0%	2,2%	0,4%	1,7%	1,1%
2009-2010	7,3%	8,2%	7,7%	2,5%	2,9%	3,7%
September - desember						
2003-2005	2,2%	2,3%	2,8%	0,9%	1,8%	3,7%
2006-2008	1,5%	1,4%	2,6%	0,6%	1,6%	1,9%
2009	7,2%	6,6%	7,9%	2,9%	2,7%	2,9%

Í töflu 1 sjáum við atvinnuleysi í Fjallabyggð samanborið við nærliggjandi svæði, höfuðborgarsvæðið og landið allt. Myndin sýnir að atvinnuleysi er árstíðabundið í Fjallabyggð. Fyrir hrún bankanna var atvinnuleysi mest frá janúar og fram í apríl en minnst yfir sumarmánuðina. Eftir bankahrún var atvinnuleysið mest á fyrsta þriðjungi ársins en minnst á þeim síðasta. Það er athyglisvert að samanburðurinn við höfuðborgarsvæðið, Akureyri og landið allt er afar hagstæður fyrir Fjallabyggð eftir hrún íslensku bankanna.

Það er fleira en laun sem skiptir fólki máli varðandi atvinnu. Auk þess að vera helsta tekjulind flestra heimila er vinna vettvangur félagslegra tengsla, sjálfsvirðingar og þroska (Jahoda, 1982; Gallie, 2004; White, 1991), svo eitthvað sé nefnt. Þetta má orða þannig að

ATVINNULÍF OG SAMGÖNGUR Í FJALLABYGGÐ

atvinnulífið sé ekki aðeins forsenda lífsgæða heldur sé það veigamikill hluti þeirra í sjálfu sér. Það má því segja að gæði vinnumarkaðarins skilgreinist af þremur þáttum: 1) að það séu störf í boði; 2) að störfín séu vel launuð; og 3) að þau falli að mismunandi áhugasviðum og þörfum ólíkra einstaklinga (Jencks, Perman & Rainwater, 1988; Gallie, 2003; Gallie, 2007; McGovern, Hill, Mills & White, 2007).

Í þessari rannsókn skoðum við nokkrar hliðar á vinnumarkaðinum í Fjallabyggð eins og íbúar sveitarfélagsins upplifa hann. Áherslan er á huglægt mat íbúanna á nokkrum lykileinkennum vinnumarkaðarins á svæðinu, vinnutengdar ferðir út fyrir sveitarfélagið og þann bæjarhluta sem fólk tilheyrir, og þær vinnumarkaðstengdu væntingar sem fólk hefur til ganganna.

Gögn

Könnunin *Samgöngubatur og byggðapróun 2009* byggist á spurningalistakönnun sem lögð var fyrir íbúa í Ólafsfirði og á Siglufirði í nóvember og desember 2009. Íbúar í byggðakjörnum tveimur voru heimsóttir og spurningalistar lagðir fyrir alla 18 ára og eldri sem voru heima. Spurningalistar voru í framhaldinu sendir í pósti til þeirra íbúa sem ekki hafði náðst til með heimsóknum ásamt frímerktu svarumslagi. Endanlegar heimtur voru 732 listar eða 53% þeirra íbúa 18 ára og eldri sem búsettir eru í Fjallabyggð að staðaldri (Kjartan Ólafsson og Þóroddur Bjarnason, 2010). Hér eru notaðar tvær spurningar úr þessari könnun. Annars vegar er spurt um hversu líklegt íbúar telji að þeir muni í framtíðinni flytja á brott fyrir fullt og allt. Hins vegar er spurt hvort þeir gætu hugsað sér að búa í hinum byggðakjarnanum í Fjallabyggð, á Dalvík, Sauðárkróki, Akureyri eða höfuðborgarsvæðinu, eða erlendis.

Ánægja með atvinnumöguleika

Það skiptir miklu máli fyrir ákvarðanir fólks um búsetu að það sé næg atvinna í boði á svæðinu og að launin séu nægilega góð. Fólksfjöldaþróun á Siglufirði ber þessari staðreynd vitni. Bæjarfélagið óx hratt á síðarárunum en alla tíð síðan hefur íbúum bæjarins fækkað jafnt og þétt (Þóroddur Bjarnason o.fl. 2010). Eins og fram hefur komið skipta aðrir þættir vinnumarkaðarins einnig máli. Fjölbreytni starfa eykur líkur á því að mismunandi einstaklingar geti fundið starf sem menntun þeirra og reynsla nýtast í. Sveigjanleiki starfa skiptir miklu máli varðandi samþættingu vinnu og heimilislífs (Perry-Jenkins, Repetti & Crouter, 2000; Hansen, 1991).

Erfitt er að leggja mat á dreifingu svara án samanburðar við önnur svæði eða tímabil. Á þessum tímapi punkti höfum við ekki gögn sem heimila slíkan samanburð, en niðurstöður könnunar sem er áætlað að leggja fyrir nú eftir að Héðinsfjarðargöng hafa verið opnuð munu gefa okkur færi á að skoða hvort íbúar telja að göngin hafi haft áhrif á vinnumarkaðinn. Greiningin sem er birt hér er því fyrst og fremst nokkurskonar grunnmæling sem gefur mynd af stöðunni eins og hún er í dag án þess að hægt sé að setja hana í víðara samhengi.

Þó við getum ekki borið niðurstöðurnar saman við önnur sveitarfélög getum við engu að síður borið saman niðurstöðurnar fyrir ólíka hópa innan Fjallabyggðar. Í töflu 2 sjáum við hvernig íbúar Fjallabyggðar meta vinnumarkaðinn í bæjarfélaginu. Svörin eru sundurgreind eftir bæjarkjörnum og kyni. Seinni samanburðurinn er sérstaklega mikilvægur fyrir Fjallabyggð, enda er ljóst að bæjarfélagið þarf að laða til sín konur á barneignaldri ef það á að takast að snúa við íbúafjöldaþróun undanfarinna ára og áratuga (Þóroddur Bjarnason o.fl. 2010).

Á heildina titið er dreifing svara mjög svipuð á milli bæjarkjarna hvað varðar fjölda og fjölbreytni starfa í boði. Tölurnar benda til þess að Siglufirðingar séu ögn jákvæðari á öllum

mælingum en þó fyrst og fremst hvað varðar sveigjanleikann. Munurinn á viðhorfum til launa er ekki nema 0,04 stig á fimm punkta skala. Þetta bendir til þess að Hédinsfjarðargögn geti bætt aðgang Ólafsfirðinga að sveigjanlegum störfum sem auðvelda samþættingu vinnu og heimilislífs. Það er ekki eins ljóst hvernig ber að meta muninn á ánægju með þau laun sem bjóðast. Þau gögn sem við erum að greina hér benda til þess að laun séu svipuð í báðum bæjarkjörnum og ef eitthvað er ögn hærri á Ólafsfirði. Það er í sjálfu sér ekki mótsagnakennt að óánægjan með tekjumöguleika sé meiri í þeim bæjarkjarna þar sem tekjurnar eru hærri. Ánægja með þær tekjur sem bjóðast er huglægt mat svarenda og sem slíkt stýrist það ekki aðeins af þeim tekjum sem eru í boði heldur einnig af væntingum svarenda (Elster, 1999).

Tafla 2. Viðhorf íbúa Fjallabyggðar til vinnumarkaðar í heimabyggð. Dreifing svara og meðaltöl sundurgreind eftir búsetu og kyni.

Fjöldi starfa í boði	Siglufjörður	Ólafsfjörður	Karlar	Konur
Mjög ánægður	12,5	8,87	11,68	10,56
Frekar ánægður	21,15	23,05	17,66	26,11
Hvorki/né	47,12	49,29	44,61	51,11
Frekar óánægður	13,46	14,54	19,46	8,33
Mjög óánægður	5,77	4,26	6,59	3,89
Meðaltal	0,21	0,18	0,08	0,31

Fjölbreytni starfa í boði	Siglufjörður	Ólafsfjörður	Karlar	Konur
Mjög ánægður	12,84	9,25	12,5	10,45
Frekar ánægður	25,19	24,91	20,73	29,1
Hvorki/né	47,65	53,38	48,48	51,69
Frekar óánægður	9,38	9,96	12,5	6,5
Mjög óánægður	4,94	2,49	5,79	2,26
Meðaltal	0,32	0,28	0,22	0,39

Sveigjanleiki starfa í boði	Siglufjörður	Ólafsfjörður	Karlar	Konur
Mjög ánægður	10,4	7,8	10,37	8,47
Frekar ánægður	23,02	16,31	17,99	22,6
Hvorki/né	52,23	61,7	53,35	58,76
Frekar óánægður	8,91	11,7	11,59	8,19
Mjög óánægður	5,45	2,48	6,71	1,98
Meðaltal	0,24	0,15	0,14	0,27

Laun fyrir störf í boði	Siglufjörður	Ólafsfjörður	Karlar	Konur
Mjög ánægður	12,99	9,89	11,48	12,11
Frekar ánægður	23,28	21,91	19,64	25,92
Hvorki/né	46,32	52,3	46,22	51,27
Frekar óánægður	12,25	12,72	15,71	8,73
Mjög óánægður	5,15	3,18	6,95	1,97
Meðaltal	0,27	0,23	0,13	0,37

Hvað varðar muninn á kynjunum benda niðurstöðurnar til þess að konur séu almennt ánægðari en karlar með alla þætti vinnumarkaðarins. Þetta getur verið vísbending um að í Fjallabyggð bjóðist konum frekar en körlum störf sem henta þörfum þeirra. Ef svo er þá gæti þetta verið vísbending um að vinnumarkaðurinn á þessu svæði sé að einhverju leyti aðlaðandi kostur fyrir konur. Rétt er þó að ítreka að hér er um huglægt mat að ræða og að huglægt mat

ATVINNULÍF OG SAMGÖNGUR Í FJALLABYGGÐ

stýrist af væntingum. Þannig er ekki sjálfgefið að konur utan Fjallabyggðar myndu meta kosti þeirra starfa sem bjóðast á sama hátt. Eitt af því sem gefur ástæðu til að ætla að svo sé er að konur eru mun færri en karlar í Fjallabyggð, en það er síður en svo fjarstæðukennt að þær konur sem hafa flutt í burtu hafi gert það vegna óánægju með atvinnutækifæri, a.m.k. að hluta. Í fræðunum er þetta nefnt sjálfsva (selection effect), sem þýðir í þessu samhengi að fólk velst ekki af handahófi til búsetu á tilteknum stöðum og því má ætla að ánægja kvenna væri mun minni ef þær konur sem fluttu í burtu byggju enn í Fjallabyggð.

Það er ekki ósennilegt að væntingar fólks til vinnumarkaðarins stýrist að einhverju leyti af því hvar það er statt í lífshlaupinu. Yngra fólk er margt hvert að leita fyrir sér og hefur vissar væntingar til framtíðarinnar og hugmyndir um þau störf sem það vill vinna. Því eldra sem fólk er því meiri líkur eru á að það hafi fundið sér stað á vinnumarkaðnum auk þess sem mat þess á störfum mótaðist að einhverju leyti af þeim aðstæðum sem voru á vinnumarkaðnum þegar það var sjálft ungt og leitandi. Munur á kynslóðunum kann að vera vísbending um að vinnumarkaðurinn sé til þess fallinn að laða til sín og halda í ungt fólk, en niðurstöðurnar geta einnig verið afleiðing af sjálfsvali fólks, þ.e. að það unga fólk sem er óánægt með vinnumarkaðinn sé þegar flutt í burtu. Þar þarf sérstaklega að horfa til ungra kvenna. Í töflu 3 má sjá mat á ólíkum þáttum vinnumarkaðarins, sundurgreint eftir aldri og kyni.

Ef við byrjum á að líta aðeins til aldurs sjáum við að hærra hlutfall fólks á aldursbilinu 25-40 ára er ánægt og óánægt með fjölda starfa í boði en fólk á hinum aldursbilunum. Almenn virðist ánægja fólks í yngsta aldursbilinu vera meiri en ánægja fólks í því elsta. Sömu sögu er að segja um fjölbreytni starfa í boði. Raunar er svipað hlutfall svarenda í elsta og yngsta aldurshópnum ánægt með fjölbreytileika starfa en munurinn felst í því að mun hærra hlutfall yngra aldursflokksins er mjög ánægt. Þetta á einnig við um sveigjanleika starfa. Myndin er breytist nokkuð þegar kemur að mati á þeim launum sem eru í boði. Minnsta ánægjan er í elsta aldurshópnum en hlutfall ánægðra er svipað í yngri aldurshópnum tveimur. Á móti kemur að minnsta óánægjan er einnig í elsta aldurshópnum.

Ef við skoðum karla sérstaklega kemur í ljós að mesta ánægjan með fjölda starfa í boði er í yngsta aldurshópnum. Reyndar er hlutfall ánægðra svipað í tveimur yngri aldursflokkunum en mun hærra hlutfall karla í yngsta hópnum er mjög ánægt. Hlutfall óánægðra er að sama skapi hæst á elsta aldursbilinu og lægst á því yngsta. Sömu sögu er að segja um fjölbreytileika starfa í boði. Þá eru niðurstöður svipaðar hvað varðar sveigjanleika starfa, nema hvað að óánægjan er mest í miðju aldursbilinu. Hvað varðar launin er ánægjan mest í yngsta aldurshópnum. Hlutfall svarenda sem eru ánægðir í eldri hópnum tveimur er svipað en mun minni hluti elsta aldurshópsins er mjög ánægður. Óánægjan er minnst í yngsta aldurshópnum og mest í þeim yngsta, þó það sé varla sjónarmunur á eldri hópnum tveimur.

Næst berum við saman kynin í yngri aldurshópnum tveimur, sem eru þeir hópar sem enn eru á barneignaldri. Í eldra aldursbilinu eru konur almennt ánægðari en karlar með alla þá þætti vinnumarkaðarins sem hér eru til skoðunar. Myndin er ögn flóknari í yngsta aldursbilinu. Karlar eru mun ánægðari en konur með þau laun sem bjóðast, sem helgast m.a. af tiltölulega háu hlutfalli karla sem metur sig sem mjög ánægt. Hærra hlutfall kvenna en karla er mjög ánægt með fjölbreytileika þeirra starfa sem bjóðast, en á móti því vegur að mun fleiri karlar eru mjög ánægðir. Karlar eru mun ánægðari með sveigjanleika þeirra starfa sem eru í boði. Hér verður að setja þann fyrirvara að væntingar kynjanna kunna að vera ólíkar. Þar sem konur axla enn meirihluta ábyrgðar á heimilishaldi og barnaupeldi (Drobnic, Blossfeld & Rohwer, 1999; Presser, 1994; Shelton & John, 1996) skiptir samþætting vinnu og heimilislífs þær meira máli og því kann vel að vera að karlar séu almennt ánægðari þrátt fyrir minni sveigjanleika. Að lokum eru karlar mun ánægðari með þau laun sem bjóðast.

Tafla 3. Viðhorf íbúa Fjallabyggðar til vinnumarkaðar í heimabyggð. Dreifing svara og meðaltöl sundurgreind eftir kyni og aldri.

Fjöldi starfa í boði	41-66 ára		25-40 ára		18-25 ára	
	kk	kvk	kk	kvk	kk	kvk
Mjög ánægður	8,24	12,7	20,69	14,29	30	9,09
Frekar ánægður	23,08	30,69	18,97	34,92	10	33,33
Hvorki/né	34,07	46,03	32,76	26,98	46,67	36,36
Frekar óánægður	25,82	6,88	17,24	19,05	13,33	12,12
Mjög óánægður	8,79	3,7	10,34	4,76	0	9,09
Meðaltal	-0,04	0,42	0,22	0,35	0,57	0,21
Fjölbreytni starfa í boði	kk	kvk	kk	kvk	kk	kvk
Mjög ánægður	8,47	11,35	26,32	17,74	26,67	9,09
Frekar ánægður	29,38	35,68	15,79	38,71	13,33	36,36
Hvorki/né	38,42	44,86	35,09	29,03	50	36,36
Frekar óánægður	16,38	5,95	12,28	12,9	10	12,12
Mjög óánægður	7,34	2,16	10,53	1,61	0	6,06
Meðaltal	0,15	0,48	0,35	0,58	0,57	0,30
Sveigjanleiki starfa í boði	kk	kvk	kk	kvk	kk	kvk
Mjög ánægður	7,34	9,19	17,54	12,9	20	6,06
Frekar ánægður	22,6	27,03	17,54	35,48	16,67	24,24
Hvorki/né	47,46	53,51	35,09	37,1	53,33	51,52
Frekar óánægður	14,69	8,11	17,54	12,9	6,67	12,12
Mjög óánægður	7,91	2,16	12,28	1,61	3,33	6,06
Meðaltal	0,07	0,33	0,11	0,45	0,43	0,12
Laun fyrir störf í boði	kk	kvk	kk	kvk	kk	kvk
Mjög ánægður	7,82	16,67	19,3	14,52	30	6,06
Frekar ánægður	26,26	32,26	14,04	33,87	16,67	27,27
Hvorki/né	36,87	43,55	40,35	29,03	33,33	42,42
Frekar óánægður	20,67	6,45	14,04	19,35	16,67	18,18
Mjög óánægður	8,38	1,08	12,28	3,23	3,33	6,06
Meðaltal	0,04	0,57	0,14	0,37	0,53	0,09

Sú mynd sem hér er dregin upp bendir almennt til þess að vinnumarkaðurinn sé ekki óhagstæður yngri fólki. Af körlum er það yngri aldurshópurinn sem kemur best út á heildina litið. Á meðal kvenna er það millialdurshópurinn sem kemur best út og konur á því aldursbili eru almennt ánægðari með alla þætti vinnumarkaðarins en karlar á sama aldursbili. Það gæti verið vísbending um að vinnumarkaðurinn í Fjallabyggð sé fýsilegur kostur fyrir konur á þessu aldursbili, sem einnig er það aldursbil sem er líklegast til að vera með börn á heimilinu. Hins vegar er full ástæða til að huga að þeirri staðreynd að konur í yngsta aldursbilinu eru, á heildina litið, óánægðari með vinnumarkaðinn en karlar á sama aldursbili. Þetta skiptir máli upp á búsetuþróun í framtíðinni enda gæti þetta verið vísbending um að ungar konur sem eru á námsaldri eða að taka fyrstu skrefin á vinnumarkaði sjái ekki nægilega spennandi framtíð í bæjarfélaginu.

ATVINNULÍF OG SAMGÖNGUR Í FJALLABYGGÐ

Tafla 4. Ferðir vegna vinnu. Dreifing svara, sundurgreind eftir búsetu og kyni.

Ólafsfirði/Siglufirði	Siglfirðingar	Ólafsfirðingar	kk	kvk
Aldrei	77,7	69,2	65,22	83,56
Sjaldnar en einu sinn	4,93	10,73	8,7	6,03
1-5 sinnum á ári	11,27	10,03	14,2	6,58
6-11 sinnum á ári	2,11	2,42	4,35	0,27
1-3 sinnum í mánuði	1,41	2,08	2,32	1,1
1-3 sinnum í viku	1,64	3,81	3,48	1,64
4-5 sinnum í viku	0,23	1,38	0,87	0,55
Oftar	0,7	0,35	0,87	0,27

Dalvík	Siglfirðingar	Ólafsfirðingar	kk	kvk
Aldrei	90,14	73,36	77,68	88,77
Sjaldnar en einu sinn	5,4	8,65	7,83	5,75
1-5 sinnum á ári	2,11	8,3	6,38	2,74
6-11 sinnum á ári	1,17	3,81	4,06	0,55
1-3 sinnum í mánuði	0,94	2,08	2,03	0,82
1-3 sinnum í viku	0	1,73	0,87	0,55
4-5 sinnum í viku	0	1,73	0,87	0,55
Oftar	0,23	0,35	0,29	0,27

Sauðárkrókur	Siglfirðingar	Ólafsfirðingar	kk	kvk
Aldrei	84,74	93,43	84,06	92,88
Sjaldnar en einu sinn	5,63	3,46	5,8	3,84
1-5 sinnum á ári	5,87	2,08	6,38	2,47
6-11 sinnum á ári	1,88	0,69	2,03	0,27
1-3 sinnum í mánuði	0,94	0	0,87	0
1-3 sinnum í viku	0,23	0	0	0,27
4-5 sinnum í viku	0,7	0,35	0,87	0,27
Oftar				

Akureyri	Siglfirðingar	Ólafsfirðingar	kk	kvk
Aldrei	71,13	61,94	58,55	76,44
Sjaldnar en einu sinn	7,75	5,88	7,83	6,3
1-5 sinnum á ári	13,62	19,03	18,55	12,6
6-11 sinnum á ári	3,76	5,19	6,67	2,19
1-3 sinnum í mánuði	1,64	5,19	4,35	1,64
1-3 sinnum í viku	0,94	1,04	2,03	0
4-5 sinnum í viku	0	0,69	0,29	0,27
Oftar	1,17	1,04	1,74	0,55

Höfuðborgarsvæðið	Siglfirðingar	Ólafsfirðingar	kk	kvk
Aldrei	68,78	71,97	66,38	73,7
Sjaldnar en einu sinn	12,44	8,65	12,46	9,59
1-5 sinnum á ári	13,85	16,96	16,52	13,7
6-11 sinnum á ári	2,11	1,73	2,61	1,37
1-3 sinnum í mánuði	1,41	0,35	1,16	0,55
1-3 sinnum í viku	0	0	0	0
4-5 sinnum í viku	0	0	0	0
Oftar	1,41	0,35	0,87	1,1

Vinna og vegalengdir

Fólk er auðvitað ekki bundið af því að vinna í sinni heimabyggð og margir sækja vinnu í nærliggjandi sveitarfélögum. Þá eru mörg störf þess eðlis að þó þau séu að mestu unnin í heimabyggð kalla þau á ferðir til annarra svæða. Í töflu 4 má sjá ferðir íbúa Fjallabyggðar til annarra svæða vegna atvinnu. Niðurstöður eru sundurgreindar eftir bæjarkjarna og kyni. Almennt benda niðurstöðurnar til þess að fáir íbúar Fjallabyggðar starfi að mestu utan heimasvæðisins, þ.e. fari til annarra svæða 1-3 vinnum í viku eða oftast vegna vinnu, þó eitthvað sé um að Ólafsfirðingar vinni að mestu á Siglufirði (þó fara ekki nema um 5,5% Ólafsfirðinga til Siglufjarðar 1-3 sinnum í viku eða oftast vegna vinnu). Hins vegar benda tölurnar til þess að eitthvað sé um að fólk eigi ósjaldan erindi til annarra svæða vegna vinnu sem er að mestu unnin í heimabyggð.

Á heildina litið ferðast Ólafsfirðingar meira vegna vinnu en Siglufirðingar. Siglufirðingar eiga þó oftast atvinnutengt erindi til Skagafjarðar. Þetta helgast af staðsetningu bæjarkjarnanna með tilliti til samgangna. Ólafsfjörður er betur staðsettur hvað varðar Akureyri og Dalvík, en Skagafjörðurinn er nær Siglufirði en Ólafsfirði. Það er athyglisvert að í báðum bæjarkjörnum á fleira fólk vinnutengt erindi til Akureyrar en til annarra staða. Þá er töluvert um að fólk eigi erindi til höfuðborgarinnar. Hvað varðar kynin er ljóst að karlar eiga oftast vinnutengt erindi út fyrir sinn bæjarkjarna. Það er ljóst að fyrir hluta þeirra sem þurfa að ferðast vegna vinnu eru Héðinsfjarðargöng umtalsverð samgöngubót sem stytta bæði vegalengdir og tíma og dregur úr ferðakostnaði. Þetta mun sennilega nýtast Siglufirðingum betur en Ólafsfirðingum þar sem göngin bæta tengingu þeirra fyrrnefndu við Eyjafjarðarsvæðið. Tenging Ólafsfjarðar við Skagafjörðinn hefur nú að sama skapi batnað, en það er vafaatriði að það muni hafa mikil áhrif þar sem Siglufirðingar, sem eru nær Skagafirðinum, eiga sjaldan erindi til Sauðárkróks (yfir 90% fara aldrei eða nær aldrei þangað vegna vinnu).

Tafla 5. Væntingar fólks til áhrifa ganganna á fjölbreytni í atvinnumálum og tekjumöguleika. Dreifing svara og meðaltöl, sundurgreind eftir búsetu og kyni.

Fjölbreytni í atvinnumálum	Allir	Karlar	Konur	Sigluf.	Ólafsf.
Mjög neikvæð	0,59	0,61	0,57	0,25	1,08
Frekar neikvæð	3,81	4,26	3,45	4,21	3,24
Hvorki/né	16,13	15,81	16,67	14,11	19,06
Frekar jákvæð	55,72	55,93	54,89	52,97	59,71
Mjög jákvæð	23,75	23,4	24,43	28,47	16,91
Meðaltal	0,98	0,97	0,99	1,05	0,88
Tekjumöguleikar	Allir	Karlar	Konur	Sigluf.	Ólafsf.
Mjög neikvæð	1,04	1,21	0,88	0,76	1,44
Frekar neikvæð	3,26	2,42	4,13	3,27	3,25
Hvorki/né	29,23	29,09	29,2	24,18	36,46
Frekar jákvæð	50,45	50,3	50,44	52,9	46,93
Mjög jákvæð	16,02	16,97	15,34	18,89	11,91
Meðaltal	0,77	0,79	0,75	0,86	0,65

Göngin munu sérstaklega gagnast því 21% Siglufirðinga sem á vinnutengt erindi til Akureyrar. Hvað þann hóp varðar nýtast göngin körlum betur en konum. Göngin breyta hins vegar ýmsum forsendum. Það er til dæmis hugsanlegt að samspil vegalengda og þeirrar staðreyndar að konur bera þungann af heimilisstörfum og barnaupveldi valdi því að konur eigi

ATVINNULÍF OG SAMGÖNGUR Í FJALLABYGGÐ

erfiðara með að sækja vinnu utan heimabyggðar. Betri samgöngur og styttri vegalengdir gætu auðveldað konum að samþætta vinnu utan heimabyggðar og heimilislíf.

Það er hins vegar ekki nóg að meta áhrif ganganna út frá ferðavenjum íbúa Fjallabyggðar fyrir opnun ganganna enda er viðbúið að ferðamynstur breytist í kjölfar opunar þeirra þar sem það verður fýsilegri kostur en áður að sinna störfum utan heimabyggðar. Á þessum tímapunkti er erfitt að spá fyrir um með vissu hver áhrifin munu verða og því verðum við að bíða þar til göngin hafa verið opnuð til að meta hvort ferðavenjur hafa breyst.

Væntingar til vinnumarkaðar

Héðinsfjarðargöng geta haft margvísileg áhrif á vinnumarkaði Fjallabyggðar. Atvinnusvæði íbúanna stækkar þar sem vegalengdir og ferðatími styttest. Þá geta bætтар samgöngur leitt til atvinnusköpunar í sveitarfélaginu sjálfu, til dæmis vegna aukins ferðamannastraums. Eins og með ferðavenjur er engin leið til að spá fyrir um þróunina með nokkurri vissu. Við getum þó skoðað þær væntingar sem íbúar Fjallabyggðar hafa til áhrifa ganganna á vinnumarkaðinn. Til að kanna þessar væntingar spurðum við svarendur hvaða áhrif þeir teldu að göngin myndu hafa á fjölbreytni í atvinnumálum og tekjumöguleika. Niðurstöðurnar eru birtar hér að neðan í töflu 5, sundurgreindar eftir kyni og bæjarkjarna.

Tölurnar í töflu 5 benda til þess að íbúar Fjallabyggðar beri miklar væntingar til áhrifa ganganna á vinnumarkaðinn. Um 79,5% telja að göngin muni hafa jákvæð áhrif á fjölbreytni í atvinnumálum og um 66,5% telja að áhrifin á tekjumöguleika verði jákvæð. Væntingar kynjanna eru svipaðar hvað varðar bæði fjölbreytni og tekjumöguleika. Væntingarnar eru miklar í báðum bæjarkjörnum, en þó minni á Ólafsfirði, sem kann að skýrast af því að aðgengi bæjarbúa að helstu áfangastöðum breytist lítið við opnun ganganna á meðan aðgengi Siglfirðinga að Eyjafjarðarsvæðinu batnar verulega.

Tafla 6. Væntingar fólks til áhrifa ganganna á fjölbreytni í atvinnumálum og tekjumöguleika. Dreifing svara og meðaltöl, sundurgreind eftir kyni og aldri.

Fjölbreytni í atvinnumálum	41-66 ára		25-40 ára		18-25 ára	
	kk	kvk	kk	kvk	kk	kvk
Mjög neikvæð	1,1	1,06	0	0	0	0
Frekar neikvæð	4,95	3,72	1,82	3,28	6,67	2,94
Hvorki/né	14,84	17,55	12,73	14,75	30	26,47
Frekar jákvæð	55,49	56,91	61,82	55,74	36,67	41,18
Mjög jákvæð	23,63	20,74	23,64	26,23	26,67	29,41
Meðaltal	0,96	0,93	1,07	1,05	0,83	0,97
Tekjumöguleikar						
Mjög neikvæð	1,09	1,07	0	0	3,45	0
Frekar neikvæð	2,19	4,28	1,75	3,28	3,45	5,88
Hvorki/né	30,05	31,02	15,79	29,51	44,83	17,65
Frekar jákvæð	51,91	52,41	57,89	47,54	24,14	52,94
Mjög jákvæð	14,75	11,23	24,56	19,67	24,14	23,53
Meðaltal	0,77	0,68	1,05	0,84	0,62	0,94

Hvað varðar þróun íbúafjölda í Fjallabyggð í framtíðinni skiptir umstalsverðu máli hvaða væntingar ungt fólk hefur til áhrifa ganganna á vinnumarkaðinn. Muninn á milli aldurshópa má sjá í töflu 6. Niðurstöðurnar eru sundurgreindar eftir kyni. Væntingar eru almennt jákvæðar, þ.e. flestir telja að áhrifin verði frekar jákvæð. Væntingarnar eru einnig miklar í öllum aldurshópum. Ef við skoðum karlmenn sérstaklega sjáum við að væntingarnar eru mestar hjá körlum á aldrinum 25-40 ára en minnstar í yngsta aldurshópnum. Hjá konum eru væntingarnar hins vegar mestar í yngsta aldurshópnum en minnstar í þeim elsta. Á heildina litið lofar þetta góðu upp á möguleika sveitarfélagsins til að halda ungum konum í heimabyggð, en eins og komið hefur fram er fjöldi kvenna á barneignaaldrir lykilatriði þegar kemur að byggðapróun í sameinuðu sveitarfélagi..

Samantekt

Sú mynd sem að hér er dregin upp bendir ekki til þess að ungt fólk telji vinnumarkaðinn í Fjallabyggð óhagstæðan sér, samanborið við eldri aldurshópa. Dreifing svara bendir þó ekki til þess að ánægja með vinnumarkaðinn sé mikil, þó erfitt sé að túlka svörin án samanburðarhæfra gagna. Ánægjan með vinnumarkaðinn er mest á meðal karla í yngsta aldursbilinu. Væntingar til þess að opnun Héðinsfjarðarganga hafi jákvæð áhrif á atvinnulífið í Fjallabyggð eru almennt miklar og mestar hjá konum á yngsta aldursbilinu. Ef áhrif ganganna verða í samræmi við væntingar gætu þessar niðurstöður verið vísbending um breyttar forsendur bæjarfélagsins til að laða að og halda í ungt fólk. Það skiptir lykilmáli fyrir þróun íbúafjölda á komandi árum. Það er þó vert að hafa í huga að það er ekki sjálfgefið að væntingar fólks gangi eftir. Það veltur á því að fyrirtæki og stofnanir í Fjallabyggð nýti þá möguleika sem skapast við betri samgöngur.

Tölur um ferðalög vegna vinnu benda til þess að það sé fátítt að íbúar Fjallabyggðar vinni daglega fyrir utan sinn bæjarkjarna. Nokkuð er um að fólk eigi hins vegar tíð erindi til annarra svæða vegna vinnu sinnar og þá einna helst til Akureyrar. Göngin munu því stytta ferðatíma og vegalengdir og draga úr kostnaði fyrir þá Siglufirðinga sem þurfa að fara til Akureyrar í atvinnutengdum erindagjörðum. Opnun ganganna getur einnig breytt ferðamynstrum. Til dæmis er viðbúið að vinnumarkaðir Ólafsfjarðar og Siglufjarðar blandist nú í kjölfar opunar ganganna. Þá getur minni kostnaður og ferðatími þýtt að samstarfsmöguleikar fyrirtækja við aðila utan heimabyggðar verði fýsilegur kostur, en það gæti fjölgað atvinnutengdum ferðum fólks til annarra svæða. Þá er hugsanlegt að göngin muni stækka atvinnusvæði íbúa Fjallabyggðar. Það á fyrst og fremst við um Siglufirðinga sem fá betri aðgang að Eyjafjarðarsvæðinu en áður. Hvort fólk leitar atvinnu utan heimabyggðar stýrist þó ekki síst af framboði starfa í heimabyggð.

Heimildir

- Drobnic, S., Blossfeld, H.-P. & Rohwer, G. (1999). Dynamics of Women's Employment Patterns Over the Family Life Course: A Comparison of the United States and Germany. *Journal of Marriage and the Family*, 61 (1), 133-146.
- Elster, J. (1999). *Alchemist of the Mind*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Gallie, D. (2003). The Quality of Working Life: Is Scandinavia Different? *European Sociological Review*, 19 (1), 61-79.
- Gallie, D. (2004). *Resisting Marginalization*. Oxford: Oxford University Press.
- Gallie, D. (2007). Welfare Regimes, Employment Systems and Job Preference Orientations. *European Sociological Review*, 23 (3), 279-293.

ATVINNULÍF OG SAMGÖNGUR Í FJALLABYGGÐ

- Hansen, G. (1991). Balancing Work and Family: A Literature and Resource Review. *Family Relations*, 40 (3), 348-353.
- Jahoda, M. (1982). *Employment and Unemployment*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Jencks, C., Perman, L. & Rainwater, L. (1988). What Is a Good Job? A New Measure of Labor-Market Success. *The American Journal of Sociology*, 93 (6), 1322-1357.
- Kjartan Ólafsson og Þóroddur Bjarnason. 2010. Föst búseta og hlutabúseta í Fjallabyggð. Kafli í *Fjallabyggð fyrir Héðinsfjarðargöng: Samgöngur, samfélag og byggðaupróun*, ritstj. Þóroddur Bjarnason og Kolbeinn H. Stefánsson. Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- McGovern, P., Hill, S., Mills, C. & White, M. (2007). *Market, Class, and Employment*. Oxford: Oxford University Press.
- Miller, S. (1976). Family Life Cycle, Extended Family Orientations, and Economic Aspirations as Factors in the Propensity to Migrate. *The Sociological Quarterly*, 17 (3), 323-335.
- Perry-Jenkins, M., Repetti, R. & Crouter, A. (2000). Work and Family in the 1990s. *Journal of Marriage and Family*, 62 (4), 981-998 .
- Presser, H. (1994). Employment Schedules Among Dual Earner Spouses and the Division of Household Labour By Gender. *American Sociological Review*, 59, 348-364.
- Renkow, M. (2003). Employment Growth, Worker Mobility, and Rural Economic Development. *American Journal of Agricultural Economics*, 85 (2), 503-513.
- Shelton, B. & John, D. (1996). The Division of Household Labour. *Annual Review of Sociology*, 22, 299-322.
- White, M. (1991). *Against Unemployment*. London: Policy Studies Institute.
- Þóroddur Bjarnason, Kjartan Ólafsson og Kolbeinn H. Stefánsson. 2010. Búsetuþróun í Fjallabyggð 1929–2009. Kafli í *Fjallabyggð fyrir Héðinsfjarðargöng: Samgöngur, samfélag og byggðaupróun*, ritstj. Þóroddur Bjarnason og Kolbeinn H. Stefánsson. Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

Áhrif samgöngubóta á fasteignamarkað sérstaklega afskekktar byggðarlaga

Vífill Karlsson

Inngangur

Hafa samgöngubætur áhrif á fasteignamarkaðinn í mjög einangruðum samfélögum? Ísland er áhugavert viðfangsefni varðandi þessa spurningu vegna stærðar þess, dreifbýlis og landfræðilegrar einangrunar. Hér eru margir einangraðir staðir og nauðsynleg gögn eru til yfir öll sveitarfélög í langt tímabil, meðal annars gögn um smærri og stærri samgöngubætur. Þessari rannsókn er ætlað að veða og meta þetta samband í þeim tilgangi að finna hrein áhrif samgöngubóta á sérstaklega afskekkt byggðarlög.

Sýnt hefur verið fram á að bættar samgöngur hækki húsnæðisverð (Baldwin o.fl., 2003; McDonald & Osuji, 1995; McMillen, 2004). Almenn er verð á landi og fasteignum hæst í miðborgum og lækkar með fjarlægð frá þeim, með einhverjum undantekningum þó (Fujita, 1989; Fujita & Thisse, 2002; McCann, 2001). Þetta er vegna þess að minni eftirspurn er eftir gæðum sveita en borga. Þess vegna hækkar íbúðaverð á afskekktari svæðum þegar þau færast nær miðborginni í kjölfar vegstyttinga eða annarra samgöngubóta sem draga úr ferðatíma.


Þessi áhrif virðast hins vegar vera bundin við þéttbýli sem eru í nálægð við stærri þjónustukjarna eins og höfuðborgarsvæðið (Vífill Karlsson, 2008). Þýðir það að áhrifin séu nánast engin á svæðum sem eru mun lengra í burtu? Ýmislegt bendir til þess að húsnæðisverð breytist hægar en markaðsaðstæður gefa tilefni til, sér í lagi þegar húsnæðisverð fer lækkandi eða ytri aðstæður þrýsta því niður á við (Hort, 2000). Mikill samdráttur í landbúnaði og sjávarútvegi á síðustu áratugum hefur dregið úr hagvexti og tekjum heimila víða í dreifbýli á Íslandi og þannig skapað neikvæðan þrýsting á staðbundið fasteignaverð. Þetta á ef til vill sérstaklega við á mjög afskekktum stöðum, þar sem hugsanlegrar velgengi nágrannasveitarfélaga nýtur ekki við.

Mynd 1 sýnir með formlegum hætti sambandið milli verðs og fjölda seldra eigna. Almenn er gert ráð fyrir því að framboð og eftirspurn mætist í punkti P_0Q_0 . Ef íbúðaverð er tregbreytilegt undir neikvæðum þrýstingi mun það verð vera áfram P_0 í stað þess að lækka niður í P_1 . Seldum íbúðum fækkar þá meira en ef verðið hefði verið sveigjanlegt, eða úr Q_0 yfir í Q_2 í staðinn fyrir Q_1 .

Þetta þýðir að verð helst áfram óbreytt en allur þrýstingurinn bitnar á fjölda seldra eigna með þeim hætti að þær verða umtalsvert færri en ef verðið hefði gefið eftir eins og almennt mætti búast við. Ef aðstæður breytast til hins betra, til dæmis með stórum vegaframkvæmdum og töluvert bættum samgöngum, getur salan aukist aftur á meðan verðið helst óbreytt.

Þó verðið hækki ekki í kjölfar samgöngubóta er ekki hægt að draga þá ályktun að virði eigna hafi ekki aukist, því fleiri eignir seljast sem voru áður óseljanlegar og heildarvirði eigna á viðkomandi stað hefur aukist eins og sjá má á mismun P_0Q_2 og P_0Q_0 , að því gefnu að framkvæmdin hefði haft tilsvareandi gagnstæð áhrif á eftirspurnina sem fyrr var lýst í tilfelli neikvæða þrýstingsins. Því er mikilvægt að beina sjónum að sölumagni fremur en söluverði þegar meta á áhrif samgöngubóta á svæðisbundinn húsnæðismarkað á afskekktum stöðum, sérstaklega þeim sem búið hafa við langvarandi samdráttarskeið. Í þessari rannsókn eru metin áhrif samgöngubóta á staðbundið húsnæðisverð annars vegar og fjölda seldra eigna hins vegar.

ÁHRIF SAMGÖNGUBÓTA Á FASTEIGNAMARKAÐ



Mynd 1. Fasteignamarkaður við tregbreytilegt verð.

Fjallabyggð og önnur afskekkt byggðarlög á Íslandi

Þótt Ísland sé 103.000 km² að stærð er stærstur hluti landsins óhentugur til búsetu. Byggð er að mestu leyti á þeim 24.700 km² sem eru innan við 200 metrum yfir sjávarmáli. Um það bil 65% landsmanna búa á höfuðborgarsvæðinu en aðrir dreifast nokkuð jafnt meðfram strandlengju landsins. Tafla 1 sýnir dreifingu bæja og þorpa á Íslandi eftir stærð og landshlutum. Tekið skal fram að hér er ekki miðað við sjálfstæð sveitarfélög heldur byggðakjarna samkvæmt skilgreiningu Hagstofu Íslands. Í Reykjavík, bjuggu 118.700 í janúar 2009. Akureyri er stærsti bærinn utan höfuðborgarsvæðisins en þar voru 17.400 íbúar á sama tíma. Þó svo Akureyri sé mikilvægur verslunarstaður og þéttbýliskjarni fyrir Norðlendinga og eflaust Austlendinga gegnir höfuðborgarsvæðið einnig mikilvægu hlutverki hvað varðar fjölbreytni í verslun og þjónustu.

Tafla 1. Stærð og staðsetning bæja og þorpa á Íslandi, desember 2010.

Bæjastærð, íbúafjöldi	Samtals	Suðurland	Vesturland	Norðurland	Austurland
0-500 íbúar	53	12	17	18	6
500-1.000 íbúar	14	4	3	4	3
1.000-10.000 íbúar	25	11	5	4	5
Fleiri en 10.000 íbúar	6	5	0	1	0
Samtals	98	32	25	27	14

Heimild: Hagstofa Íslands.

Þar sem almenningsamgöngur eru takmarkaðar verða íbúar utan höfuðborgarsvæðisins að treysta á sín eigin farartæki. Síðbreytilegt veðurfar, há fjöll, djúpir firðir og slæmir vegir skapa erfið akstursskilyrði. Íslenskir vegir hafa verið frumstæðir samanborið við önnur evrópsk lönd, en samgöngubætur á Íslandi hafa verið töluverðar undanfarin 25 ár. Í töflu 2 má sjá yfirlit yfir helstu samgöngubætur á Íslandi síðastliðin 20 ár.

Fyrirtæki í mörgum atvinnugreinum á landsbyggðinni þurfa að treysta á vöruflutninga sem þurfa bæði að vera hraðir og áreiðanlegir. Hér má nefna fyrirtæki í ferðaþjónustu, landbúnaði og sjávarútvegi. Þess vegna er samgöngukerfi landsins afar mikilvæg forsenda hagvaxtar, einkum þegar horft er til möguleika á stærðarhagkvæmni í ýmsum atvinnugreinum. Jafnframt er

VÍFILL KARLSSON

margvísleg þjónusta við hinar dreifðari byggðir staðsett í stærri þéttbýliskjörnum og líta má á framlög til vegamála sem hluta kostnaðar við slíka þjónustu.

Tafla 2. Helstu samgöngubætur í dreifbýli Íslands, 1981–2010.

Verkefni	Verklok	Tegund verks	Ytra þéttbýli	Næsta þéttbýli	Stytting í næsta þorps	Stytting til Rvk	Eðli verkefnis
Óshlíðarvegur	1982	Vegur	Bolungarvík	Ísafjörður	0	0	Endurnýjun
Ólafsvíkurenni	1984	Vegur	Hellissandur	Ólafsvík	0	0	Nýtt
Víkurskarð	1986	Vegur	Húsavík	Akureyri	0	0	Nýtt
Óseyrarbrú	1988	Brú	Stokkseyri, Eyrarbakki	Þorlákshöfn	25	6	Nýtt
Dýrafjörður	1991	Vegur	Þingeyri	Ísafjörður	7	0	Nýtt
Múlagöng	1991	Göng	Ólafsfjörður	Dalvík, Akureyri	1	1	Nýtt
Ölfusárbrú	1992	Brú	Selfoss	Hveragerði	0	0	Endurnýjun
Vestfjarðagöng	1995	Göng	Flateyri og Suðureyri	Ísafjörður	4	0	Nýtt
Gilsfjarðarbrú	1998	Brú	Ísafjörður, Patreksfjörður, Reykhólar	Búðardalur, Borgarnes, Reykjavík	42	42	Nýtt
Hvalfjarðargöng	1998	Göng	Akranes	Reykjavík	42	60	Nýtt
Gemlufallsheiði	2000	Vegur	Þingeyri	Ísafjörður	0	0	Endurnýjun
Möðrudalsöræfi	2000	Vegur	Egilsstaðir	Akureyri	0	0	Endurnýjun /nýtt
Vatnaleið	2002	Vegur	Grundarfjörður, Ólafsvík, Hellissandur	Borgarnes, Akranes	2	2	Nýtt
Brattabrekka	2003	Vegur	Búðardalur	Akranes	1	1	Endurnýjun
Kolgrafarfjörður	2005	Brú	Grundarfjörður, Ólafsvík, Hellissandur	Stykkishólmur, Borgarnes	5	5	Nýtt
Fáskrúðsfjarðargöng	2005	Göng	Fáskrúðsfjörður	Reyðarfjörður	31	0	Nýtt
Tvöföldun Reykjanesbrautar	2008	Vegur	Keflavík	Hafnarfjörður	0	0	Endurnýjun
Þróskuldur /Arnkötludalur	2009	Vegur	Hólmavík	Búðardalur	42	42	Nýtt
Mjóifjörður	2009	Brú	Súðavík	Hólmavík	33	33	Nýtt
Bolungarvíkur-göng	2010	Göng	Bolungarvík	Ísafjörður	1,3	1,3	Nýtt
Héðinsfjarðargöng	2010	Göng	Siglufjörður	Ólafsfjörður	62	0	Nýtt


Breiðar ár, djúpir firðir, há fjöll og aðrar torfærur umhverfis landið, ásamt takmörkuðum fjárveitingum til vegaf framkvæmda, hafa gert íslenskt vegakerfi óvenjulega kræklótt. Enn fremur hafa mjóir malarvegir fram á síðustu ár verið algengasta tegund vega á landsbyggðinni. Því hafa samgöngubætur á Íslandi iðulega miðast við að stytta vegalengdir með byggingu brúa og ganga og að auka umferðaröryggi með því að malbika vegi, frekar en að byggja hraðbrautir eða auka fjölda akreina eins og raunin hefur verið í öðrum þróuðum löndum. Samkvæmt gögnum

ÁHRIF SAMGÖNGUBÓTA Á FASTEIGNAMARKAÐ

Vegagerðarinnar og Hagstofu Íslands voru einungis 800 km þjóðvega með vegklæðningu árið 1981 en voru orðnir 4.400 árið 2007, eða um 50% allra vega í þéttbýli og þjóðvega í strjálbýli.

Sveitarfélagið Fjallabyggð er umfjöllunarefni þessarar rannsóknar, en því sveitarfélagi tilheyra byggðakjarnarnir Siglufjörður og Ólafsfjörður. Í janúar 2010 voru 1.214 íbúar á Siglufirði og 852 í Ólafsfirði. Íbúar voru flestir á Siglufirði árið 1948, þá 3.105, en flestir voru þeir 1.207 í Ólafsfirði árið 1983. Í Fjallabyggð er lítil búseta til sveita. Sveitarfélagið byggir afkomu sína á sjávarútvegi og voru síldarvinnslustöðvar í báðum bæjum þegar veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum voru stundaðar hér við land, en þeim lauk árið 1963. Bæirnir hafa verið einangraðir sökum landfræðilegrar legu, hárra fjalla og djúpra fjarða. Í desember 1991 voru Múlagöngin opnuð frá Ólafsfirði í átt til Dalvíkur og Akureyrar sem dró töluvert úr einangrun bæjarins. Áður en göngin voru opnuð höfðu þingmenn af svæðinu unnið í að fá Alþingi til að samþykkja jarðgangagerð á milli Ólafsfjarðar og Siglufjarðar (sjá þingsályktunartillögur Sverris Sveinssonar, þskj. nr. 795 og 62, 1990). Réttum tveimur áratugum síðar voru Héðinsfjarðargöngin vígð.

Húsnæðismarkaður Fjallabyggðar er áhugaverður í þessu samhengi. Þegar húsnæðisverði og sölumagnni var stillt upp í punktarit til nánari glöggvunar kom ýmislegt athyglisvert í ljós. Til aðgreiningar var punkturnum skipt upp eftir því hvort þeir væru fyrir eða eftir opnun Múlaganganna, árið 1991. Gráir tíglar voru fyrir opnun ganganna og svartir þríhyrningar gögn eftir opnun þeirra.




Mynd 2. Eftirspurn eftir húsnæði á Siglufirði fyrir og eftir opnun Múlaganga.

Mynd 2 sýnir fjölda seldra eigna og verð á fermetra á Siglufirði á tímabilinu 1981–2008. Augljóst er að fjöldi seldra íbúða var meiri eftir opnun ganganna. Enn fremur sést að verðið var tregbreytilegt þar sem halli eftirspurnarlínunnar virtist hverfandi lítill og fylgnin lítil.

Mynd 3 sýnir með sama hætti fjölda seldra eigna og verð á fermetra í Ólafsfirði á tímabilinu 1981–2008. Í Ólafsfirði fjölga seldum íbúðum eftir opnun ganganna. Leitnilínan er upphallandi og göngin virðast því hafa hækkað húsnæðisverð í Ólafsfirði eins og venjan er við svona framkvæmdir. Þó fylgnin sé heldur meiri á leitnilínu Ólafsfjarðar en Siglufjarðar er hún

óvenju lítil fyrir opnun ganganna. Þá er einnig athyglisvert að sjá að íbúðaverð er töluvert herra í Ólafsfirði en á Siglufirði.



Mynd 3. Eftirspurn eftir húsnæði í Ólafsfirði fyrir og eftir opnun Múlaganga.

Á móti eru töluvert færri eignir seldar í Ólafsfirði en á Siglufirði. Ekki er auðvelt að átta sig á ástæðum fyrir þessu. Þó má kannski ætla að meiri einangrun og lengra samdráttarskeið á Siglufirði hafi þrýst raunverði íbúða meira niður heldur en á Ólafsfirði og markaðurinn á Ólafsfirði því eðlilegri heldur en á Siglufirði með meiri sveigju í verði. Atvinnulíf Ólafsfjarðar var alltaf minna háð síldveiðum og byggði meira á veiðum botnfisktegunda eins og þorski. Ef stuðst er við íbúðapróun hefur samdráttarskeið Siglufjarðar verið með hléum frá 1948 en frá 1983 á Ólafsfirði eins og fyrr var getið.

Gögn

Í rannsókninni er byggt á gögnum frá Fasteignaskrá Íslands, Ríkisskattstjóra, Hagstofu Íslands og Vegagerðinni (sjá nánar Vífill Karlsson, 2008). Gagnasafnið nær til 79 sveitarfélaga á tímabilinu 1981–2006 en einstakar breytur ná til styttri tíma eða færri sveitarfélaga. Töluvert hefur verið um sameiningar sveitarfélaga á tímabilinu 1981–2006. Þess vegna var brugðið á það ráð að miða öll árin við árið 2006 en þá voru sveitarfélögin 79 talsins.

Íbúðaverð er staðgreiðsluverð íbúðar reiknað af Fasteignaskrá Íslands á föstu verðlagi. Vegalengdir voru upphaflega teknar saman af Vegagerðinni en gefnar út af Fjölvís í vasadagbók. Heildartekjur heimilanna á föstu verðlagi eru byggðar á gögnum ríkisskattstjóra, unnum af Hagstofu Íslands. Fjöldi íbúða í hverju sveitarfélagi var notaður sem staðgengilsbreyta fyrir framboð íbúða. Til þess að leiðrétta fyrir mismunandi stærð sveitarfélaga var deilt upp í töluna með mannfjölda.

Samkvæmt staðalfrávikinu (Tafla 3) er töluverður breytileiki í gögnunum. Þetta er sérstaklega áberandi í staðalfráviki sölumagns, íbúðaverðs og vegalengdar. Staðalfrávik húsnæðisverðs er um $\frac{1}{2}$ af meðaltali og vegalengd meira en $\frac{3}{4}$ af meðaltali. Staðalfrávik margra

ÁHRIF SAMGÖNGUBÓTA Á FASTEIGNAMARKAÐ

annarra breyta á borð við tekjur og aldur húsnæðis er einnig hátt. Þetta gefur tilefni til bjartsýni um áreiðanleika niðurstaðnanna.

Tafla 3. Skilgreiningar og lýsandi tölfræði gagnasafnsins.

Breyta	Lýsing	Meðaltal	Staðalfrávik
Íbúðaverð	Staðgreiðsluverð íbúða (kr.)	9.558.597	4.875.671
Vegalengd	Fjarlægð hvers sveitarfélags til Reykjavíkur	299 ,6	228 ,0
Heildartekjur	Heildartekjur heimila á mann (þ.kr.)	2.020 ,3	658 ,9
Aldur íbúða	Aldur seldra íbúða	28 ,9	15 ,9
Stærð íbúða	Stærð seldra íbúða	143 ,1	69 ,2
Fjöldi íbúða	Fjöldi íbúða í hverju húsi, meðal seldra íbúða	1 ,019	0 ,103
Hæðir íbúðar	Fjöldi hæða, staðsetning seldra íbúða m.t.t. hæðar	1 ,653	0 ,653
Herbergjafjöldi	Fjöldi herbergja meðal seldra íbúða	3 ,366	1 ,035
Tímurhús	Hlutdeild tímurhúsa meðal seldra íbúða	0 ,205	0 ,257
Svalir	Svalastærð seldra íbúða (m ²)	2 ,361	3 ,605
Bílastæði/bílskúr	Hlutdeild seldra íbúða með bílastæði eða bílskúr	0 ,443	0 ,293
Lóð	Meðallóðarstærð seldra íbúða (m ²)	537 ,3	410 ,8
Mannfjöldi	Mannfjöldi	3.360 ,6	11.779 ,6
Hvalfjarðargöng	Leppbreyta fyrir Hvalfjarðargöng tekur gildið 1 fyrir sveitarfélögin Akranes, Hvalfjarðarsveit, Borgarbyggð og Skorradalshrepp frá árinu 1998 annars 0.	0 ,210	0 ,408
Álver	Leppbreyta fyrir stóriðju á Austurlandi tók gildið 1 í sveitarfélögunum Fjarðabyggð, Fljótsdalshéraði og Fljótsdalshreppi frá árinu 2004 en annars 0.	0 ,004	0 ,066
Vextir	Vextir húsnæðislána. Tekið var vegið meðaltal ávöxtunarkröfu húsbreifa og skuldabréfa. Húsbrefin vógu 70% en skuldabréf 30%.	0 ,063	0 ,008
Framboð íbúða	Framboð húsnæðis. Heildarfjöldi íbúða deilt með mannfjölda.	0 ,390	0 ,071

Gögnin eru ársmeðaltöl. Allar tölur eru brotnar upp eftir sveitarfélögum nema vextirnir.

Niðurstöður

Þessi kafli mun skiptast eftir rannsóknarspurningunum tveimur. Í fyrri hlutanum var tekist á við rannsóknarspurninguna: *Hafa þættar samgöngur marktæk áhrif á staðbundin húsnæðisverð afskekktu staða?* Í seinni hlutanum var tekist á við rannsóknarspurninguna: *Hafa þættar samgöngur marktæk áhrif á fjölda seldra eigna á afskekktum stöðum?*

Í fyrri rannsókn (Vífill Karlsson, 2008) var sýnt fram á að jaðaráhrif samgöngubóta á húsnæðisverð eru mismunandi eftir fjarlægð frá Reykjavík. Hér er greiningin endurtekin fyrir Akureyri og nágrennasveitarfélög hennar. Tvenns konar líkön eru metin til nánari glöggvunar. Annars vegar er um að ræða líkan með föstum áhrifum (e. fixed effect) sem er hentugt til að meta áhrif innan sveitarfélaga. Til samanburðar er notað líkan með breytilegum áhrifum (e. random effect) sem er hentugra til meta áhrif innan sem og á milli sveitarfélaganna samtímis.

Sé horft til fjarlægðarbreytanna, þar sem þær eru lykillinn að svörum við rannsóknarspurningunum, skilar líkan með föstum áhrifum eingöngu mati á áhrifum styttingar vegalengdar milli sveitarfélaga til viðkomandi þjónustukjarna (Akureyri og Reykjavík) á íbúðaverð, á meðan líkan með breytilegum áhrifum bætir við umfangi á hugsanlegum mun á fasteignaverði tveggja eða fleiri staða sem eru jafnlangt frá þjónustukjarnanum. Talið er að seinni áhrifin endurspegli

sérstöðu staðsetningarinnar á meðan hin endurspeglar ávinning eða tap af breyttri afstöðu gagnvart þjónustukjarnanum. Því má segja að metill líkans með föstum áhrifum innihaldi eingöngu breytileika sveitarfélaga gagnvart fjarlægð en metill líkans með breytilegu innihaldi breytileika gagnvart bæði fjarlægð og sérstöðu. Niðurstöðurnar má sjá í töflu 4.

Tafla 4. Samband íbúðaverðs og samgöngubóta þar sem Akureyri er skilgreind sem stór þjónustukjarni. Líkön með föstum og breytilegum áhrifum 1990–2006.

Skýribreyta	Líkan 1	Líkan 2
	Breytileg áhrif (SLL)	Föst áhrif (AFL)
Heildartekjur	0,0002(3,78)	0,0001 (1,07)
Framboð húsnæðis	-1,1799(-1,69)	-3,1766 (-1,94)
Vextir	-4,7477 (-0,83)	-24,7473 (-4,90)
Fjarlægð til Akureyrar	-0,0019 (-3,40)	0,0678 (0,70)
Viðbótarfjarlægð til Reykjavíkur	-0,0000 (-0,04)	-0,0008 (-0,48)
Aldur íbúða	-0,0100 (-3,40)	-0,0080(-3,64)
Stærð íbúða	0,0026 (5,30)	0,0027 (5,75)
Fjöldi íbúða	-0,1416 (-0,88)	-0,1016 (-0,54)
Hæðir íbúðar	0,0224 (0,22)	-0,1506 (-1,69)
Fjöldi herbergja	0,0901 (3,53)	0,1113 (4,42)
Timburhús	0,2732 (1,43)	0,2290 (2,04)
Stærð svala	0,0187 (3,80)	0,0123 (2,57)
Bílastæði/bílskúr	0,3505 (2,94)	0,1967 (2,05)
Lóðastærð	-0,0001 (-1,51)	-0,0001 (-1,77)
Mannfjöldi	0,0000 (3,35)	0,0001 (0,90)
Fasti (α)	15,6690 (39,34)	
Fjöldi athugana, n	200	200
F-gildi	44,1	11,85
R ² innan	0,4367	
R ² milli	0,8066	
R ² allt	0,5411	
R ² miðjað		0,3225
R ² ómiðjað		0,3225
Sjálffylgni	Nei	No
Samfylgni	Nei	Nei
Misdreifni	Robust	Nei
	Ekki normaldreifð	Ekki normaldreifð
Dreifing leifaliða	(JB=475)	(JB=715)
Panel gögn	í ójafnvægi	í ójafnvægi
Hjálparbreytur		INBA: GGNP, CURR


Tölurnar í sviga til hægri við stuðlana eru t-gildi í líkani með föstum áhrifum en z-gildi í líkani með breytilegum áhrifum.

Líkanið með breytilegum áhrifum skilaði marktækum fjarlægðarstuðli (RDIA) en ekki líkanið með föstum áhrifum (Tafla 4). Niðurstöður fyrrnefnda líkansins gefa til kynna að staðsetningin gagnvart Akureyri skipti ekki máli þar sem metillinn er ómarktækur (t-gildi 0,7). Sama er að segja um fjarlægð gagnvart Reykjavík (t-gildi -0,48). Samgöngubætur hafa því ekki marktæk áhrif á íbúðaverð í þéttbýli í kringum Akureyri samkvæmt þessu mati. Niðurstöður síðarnefnda líkansins gefa til kynna að skinvirði Akureyrar sé hæst á meðal þeirra sveitarfélaga sem til skoðunar eru og lækki reglulega eftir því sem fjær dregur. Því má segja að Akureyri virðist hafa svipað aðdráttarafl og ýmsar stærri borgir á meginlandinu hafa gagnvart smærri stöðum í nágrenni þeirra. Það er áhugaverð niðurstaða í sjálfu sér þó hún hafi ekki verið eitt af

ÁHRIF SAMGÖNGUBÓTA Á FASTEIGNAMARKAÐ

meginviðfangsefnum þessarar rannsóknar. Meginniðurstöður greiningarinnar eru hins vegar þær að bætтар samgöngur hafi ekki áhrif á staðbundið húsnæðisverð afskekktara staða.

Er einhver rökrétt skýring fyrir því? Ein möguleg skýring tengist tregbreytilegu verði, einkum þegar ytri aðstæður hafa verið að þrýsta verðinu niður um árabíl. Næstum öll afskekkt svæði á Íslandi hafa búið við langvarandi samdrátt í framleiðslu og óhagstæða íbúáþróun. Þess vegna hefur þrýstingurinn á fasteignaverð verið neikvæður. Við þessar aðstæður má ætla að fasteignaverð geti náð ákveðnu lágmarki þegar eigendur kjósa að halda eigninni heldur en að láta hana af hendi fyrir „of lága“ fjárhæð. Það hefur verið nokkuð vinsælt á Íslandi að eiga annað hús, í mörgum tilvikum í tengslum við sumarleyfi og önnur frí (sjá Edward Huijbens, 2010). Þá hefur það notið vaxandi vinsælda meðal fyrrum íbúa að halda tengslum við rætur sínar og æskuslóðir. Þegar fólk hefur neyðst til að flytja getur verið betra fyrir það að halda húsum sínum sem öðru heimili í stað þess að selja þau fyrir lágt verð, kaupa nýtt á höfuðborgarsvæðinu og jafnvel sumarhús annars staðar.



Mynd 4. Framboð, eftirspurn og tregbreytilegt íbúðaverð (bid-rent kúrfa).

Mynd 4 sýnir áhrifin á fjölda seldra eigna. Við þessar aðstæður verður framboðsferillinn algerlega láréttur, framboðið fullkomlega verðteygið og aukin eftirspurn í kjölfar samgöngubóta leiðir ekki til hækkunar verðs ($P_0 = P_0$) heldur eykur eingöngu sölumagn (Q_0 til Q_3). Þegar framboð er svona verðteygið hafa örliðlar verðbreytingar mjög mikil áhrif á fjölda seldra eininga. Þá kann að hafa myndast eitthvert lágmarksverð sem eigendur eru ekki til í að fara undir, en um leið og herra tilboð býðst eru þeir það ákafir að selja það myndast aldrei marktækt svigrúm til almennra verðhækkana. Þá hækkar íbúðaverð vissulega ekki en heildarvirði fasteignanna gerir það, úr P_0Q_0 til P_0Q_3 . Það er verulegur ábati fyrir viðkomandi samfélag.

Þetta vekur þá spurningu hvort vegstyttingar hafi marktæk áhrif á fjölda seldra eigna á sérstaklega afskekktum stöðum þótt ekki komi fram breytingar á sölurverði þeirra. Líkanið sem notað er til að svara þessu er almennt séð sambærilegt við fyrra líkan nema hvað varðar háðu breytuna. Í stað þess að nota húsnæðisverð verður notast við fjölda seldra eigna. Þar sem margar af helstu samgöngubótum á tímabilinu 1990–2006 fólu ekki í sér vegstyttingar voru leppbreytur útbúnar til að ná mögulegum áhrifum þeirra. Þetta eru samgöngubæturnar Múlagöng, Vestfjarðagöng, Víkurskarð, Möðrudalsöræfi, Gilsfjarðarbrú, Brattabrekka, Vatnaleið og Ólafsvíkurenni. Ekki eru leppbreytur fyrir allar þær samgöngubætur sem koma

fram í Töflu 2 vegna þess hversu veigalítlar þær voru eða að samfylgni kom fram við keyrslu líkansins.

Einnig voru útbúin þrjú sett leppbreyta til að hreinsa enn frekar út möguleg skekkjuáhrif sem rekja mætti til ófullkominna skýribreyta eða skorts á mikilvægum skýribreytum. Þetta voru tímaleppbreytur, tímaleppbreytur margfaldaðar með fjarlægð frá Reykjavík og að síðustu margfeldi leppbreytu hvers sveitarfélags og fjarlægðar frá Reykjavík. Tímaleppbreytusettinu er ætlað að nema möguleg áhrif heildarhagstærða (e. macro conditions) á borð við hagvöxt eða almennt vaxtastig á fasteignaverð. Í líkaninu er gert ráð fyrir einsleitum áhrifum fjarlægðar á fasteignamarkaðinn (sölumagn), bæði á milli ára og sveitarfélaga, sem er veruleg einföldun. Hinum tveimur leppbreytusettnum er því ætlað að draga fram mismunandi áhrif sem fjarlægð getur haft frá einu ári til annars og frá einu sveitarfélagi til annars. Slík áhrif geta komið fram einfaldlega vegna þess að eldsneytisverð er breytilegt á milli ára og ekki síður hins að í stað fjarlægðar hefði verið betra að nota ferðatíma. Þá geta sveitarfélögin verið misnám fyrir fjarlægðunum af ýmsum ástæðum, eins og vegna þess að til sumra þeirra eru flugsamgöngur enn ekki til annarra, svo eitthvað sé nefnt.

Tafla 5. Samband fjölda seldra íbúða og samgöngubóta á landinu öllu. Líkan með föstum áhrifum frá 1981-2006, ásamt 2SLS útgáfu.

Skýribreyta	Líkan 7 Föst áhrif, 2SLS Tobit líkan ihs
Heildartekjur	0,0003 (2,53)
Mannfjöldi	-4,9E-05 (-4,57)
Kynjahlutfall vinnumarkaðarins	1,5481 (4,92)
Fjarlægð frá Reykjavík	-0,5060 (-6,58)
Álver á Austurlandi	0,4846 (1,79)
Múlagöng	1,1177 (3,91)
Vestfjarðagöng	-0,1828 (-0,35)
Víkurskarð	0,2117 (0,68)
Möðrudalsöræfi	-0,4332 (-1,00)
Gilfjarðarbrú	-0,5420 (-0,50)
Brattabrekka	0,0984 (0,27)
Vatnaleið	-0,0601 (-0,27)
Ólafsvíkurenni	1,4785 (4,18)
Fjöldi athugana, n	2050
Sjálffylgni	Nei
Samfylgni	Nei
Misdreifni	Nei
Panel gögn	Í jafnvægi

Gagnsafnið inniheldur öll sveitarfélög á landinu. Háða breytan er lógaritminn af fasteignaverði: LOG (HPRI). Aðferðir: Fixed effect panel gagnalíkan með hjálparbreytum. Tölfræðiforrit: STATA. Tölurnar í sviga fyrir neðan stuðlamötin eru z-gildi.

Tafla 5 sýnir niðurstöður þessarar greiningar. Niðurstöður fyrir leppbreytusettin eru ekki tilgreindar hér vegna þess að þær eru ekki áhugaverðar í sjálfum sér heldur miklu frekar ætlað að fletja út hugsanlegar skekkjur af ofangreindum áhrifum.

ÁHRIF SAMGÖNGUBÓTA Á FASTEIGNAMARKAÐ

Þessar niðurstöður benda eindregið til þess að samgöngubætur sem stytta vegalengdir hafi áhrif á fjölda seldra eigna á afskekktum stöðum. Fyrri rannsókn gaf til kynna að sambandið væri ekki línulegt og gildi eingöngu fyrir nærliggjandi sveitarfélög höfuðborgarsvæðisins (Vífill Karlsson, 2008). Hér hefur hins vegar verið sýnt fram á að þegar háða breytan er sölumagn eru áhrifin hlutfallslega allsstaðar þau sömu eins og sjá má á stuðlinum fyrir fjarlægð frá Reykjavík. Auk þess sést á leppbreytunni fyrir Ólafsfjarðargöng að þau juku sölumagn með marktækum hætti. Það gildir ekki um allar samgöngubætur sem tiltekna voru með leppbreytum. Eingöngu Ólafsvíkurenni skilar marktækum jákvæðum áhrifum.

Umræða

Markmið þessarar rannsóknar var að meta áhrif á samgöngubóta á íbúðamarkað mjög afskekktara staða sem teljast til endastöðva. Greiningin var byggð á meðaltalsverði húsnæðis á hverju ári, fjölda seldra eigna, fjarlægð frá næsta stóra þjónustukjarna, heildartekjum heimilisins og nokkrum öðrum viðeigandi skýribreytum fyrir öll sveitarfélög á Íslandi frá 1981 til 2006. Gögnin voru greind með líkani fastra áhrifa í nokkrum mismunandi útgáfum í því skyni að greina bein áhrif samgöngubóta.

Áður hafði verið staðfest að sambandið á milli húsnæðisverðs á Íslandi og samgöngubóta í formi vegstyttinga frá Reykjavík er tölfræðilega marktækt og neikvætt. Þetta samband er ekki línulegt og er því sterkast fyrir nærliggjandi sveitarfélög, veikist þegar fjær dregur og fjarar út þegar til afskekktara byggðarlaga er komið. Rökstuddur grunur var fyrir því að áhrif samgöngubóta á fasteignamarkað afskekktara byggðarlaga væru fyrir hendi en þeirra gætti í sölumagni en ekki söluverði. Því var brugðið á það ráð að endurtaka greininguna fyrir sölumagn í stað söluverðs. Tobit-líkani var beitt þar sem 0-gildi eru nokkuð algeng í sölumagni. Við þetta breyttist niðurstaðan og varð sambandið talsvert sterkt. Það er því óhætt að segja að samgöngubætur hafi jákvæð áhrif á fjölda seldra eigna alls staðar á landinu, m.a. á þeim stöðum sem eru mjög afskekktir og þeim sem telja má til endastöðva.

Almenna niðurstaðan úr þessari rannsókn er sú að í dreifbýlum löndum eins og Íslandi hafa samgöngubætur sem draga úr fjarlægð á milli sveitarfélaga og stórra þjónustukjarna tilhneigingu til að hækka staðbundið verð húsnæðis í þeim sveitarfélögum sem eru í nágrenni stóra þjónustukjarnans. Jafnvel þótt verð breyttist ekki endurspeglar fjöldi seldra eigna aukið virði þeirra.

Heimildir

- Baldwin, R. E., Forslid, R., Martin, P., Ottaviano, G. & Robert-Nicoud, F. 2003. *Economic Geography and Public Policy*. Princeton: Princeton University Press.
- Fujita, M. 1989. *Urban Economic Theory: Land Use and City Size*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Fujita, M. & Thisse, J.-F. 2002. *Economics of Agglomeration: Cities, Industrial Location, and Regional Growth*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Hort, K. 2000. Prices and turnover in the market for owner-occupied homes. *Regional Science and Urban Economics*, 30(1), 99-119.
- McCann, P. 2001. *Urban and Regional Economics*. Oxford: Oxford University Press.
- McDonald, J. F. & Osuji, C. I. 1995. The effect of anticipated transportation improvement on residential land values. *Regional Science and Urban Economics*, 25(3), 261-278.

VÍFILL KARLSSON

- McMillen, D. P. 2004. Airport expansions and property values: the case of Chicago O'Hare Airport. *Journal of Urban Economics*, 55(3), 627-640.
- Paelinck, J. 1978. Spatial econometrics. *Economics Letters*, 1(1), 59-63.
- Reynolds, A. & Shonkwiler, J. S. 1991. Testing and correcting for distributional misspecifications in the Tobit model: An application of the Information Matrix test. *Empirical Economics*, 16(3), 313-323.
- Sverrir Sveinsson. 1990 Þingskjal nr. 62. Alþingi: <http://www.althingi.is/dba-bin/unds.pl?txi=/wwwtext/html/113/s/0062.html&leito=g%F6ng#word1>
- Sverrir Sveinsson. 1990 Þingskjal nr. 795. <http://www.althingi.is/dba-bin/unds.pl?txi=/wwwtext/html/112/s/0795.html&leito=g%F6ng#word1>
- Verbeek, M. 2004. *A Guide to Modern Econometrics* (2. útgáfa.). West Sussex: John Wiley & Sons, Ltd.
- Vífill Karlsson 2008. The relationship between housing prices and transport improvements: a comparison of metropolitan and rural areas in a large but thinly populated European country. *Bifrost Journal of Social Science*, 2, 26.
- Vífill Karlsson (í vinnslu). The relationship of housing prices and transportation improvements: Location and marginal impact.
- Wooldridge, J. M. 2002. *Econometric Analysis of Cross Section and Panel Data*. Cambridge: The MIT Press.

Viðhald samfélags? Hlutverk frístundahúsaeigenda í samfélögum á jaðarsvæðum

Edward H. Huijbens

Inngangur

Fjallabyggð varð til við sameiningu Siglufjarðar og Ólafsfjarðar árið 2006, en samanlagður íbúafjöldi bæjanna var rúmlega 2.000 þann 1. desember 2010. Til þessa hafa bæjarkjarnarnir verið í tengslum um Lágheiðarveg sem er 62 kílómetra langur malarvegur sem stundum er ófær að vetri. Ef svo er þarf að fara á hringveginn og er leiðin milli bæjarkjarnanna þá 234 kílómetrar. Eftir opnun Héðinsfjarðarganga verður vegalengdin 15 kílómetrar og vegurinn opin og greiðfær allt árið. Ljóst er að með göngunum mun margt breytast. Margvísleg opinber jafnt sem einkarekin þjónusta verður sameinuð og ákveðnir þjónustuþættir leggjast jafnvel af með bættem samgöngum til Akureyrar. Samgöngumynstur, atvinnusókn og félagslegar aðstæður breytast og hið óformlega samskiptanet sem viðheldur samfélögum mun taka breytingum til lengri og skemmri tíma.

Eitt af því sem mun breytast með opnun gangnanna eru möguleikar ferðaþjónustu á norðanverðum Tröllaskaga. Ferðamennska birtist nú með tvennum hætti í byggðakjörnunum tveimur. Annars vegar eru ferðalangar sem heimsækja staðina á ferð sinni um landið. Innlendir ferðamenn koma á hátíðir og viðburði eða til að heimsækja ættingja, en hinir erlendu staldra oft stutt við enda heimsókn þeirra gjarnan hluti af stærri pakkaferð eða ferð á eigin vegum um landið á bíl eða jafnvel hjóli (sjá Edward Huijbens, 2010). Hin tegund ferðamennsku snýr að eigendum húsnæðis í bæjunum sem hafa þar ekki fasta búsetu. Yfirleitt eru þetta Íslendingar, sumir frá nágrannabyggðarlögum, en oft eiga brottfluttir íbúar eða börn og jafnvel barnabörn fyrrum íbúa hús á staðnum og nota þau í fríum, sérstaklega á sumrin. Þessi hópur ferðafólks dvelur lengur á staðnum, heldur húsum sínum við og virðist við fyrstu sýn hluti samfélagsins, en er ferðafólk engu að síður (Hall, 2005).

Slíkt ferðafólk með hálfgildings búsetu ætti að vera til bóta fyrir samfélög. Þetta ferðafólk dvelur lengur og eyðir því meiru í þjónustu og nýtir að auki hús sem annars væru ónotuð. Ef hlutfall húsnæðis í slíkri notkun verður mjög hátt vaknar hins vegar sú spurning hvort samfélagið geti borið skaða af. Þannig er hægt að skoða þátttöku eigenda frístundahúsa í samfélögum og hlutverk þeirra í viðhaldi þeirra með tvennum hætti. Hægt er að skoða bæði formlega þátttöku, t.d. efnahagslega með kaupum á vöru og þjónustu og formlegri þátttöku í félagsstarfi, og óformlega þátttöku, t.d. í samskiptum og viðhaldi hins samfélagslega nets staðanna eða því sem Örn D. Jónsson og Edward H. Huijbens (2005) hafa kallað „félagsvist“ (e. *social ecology*) og snýr að tjáningu hinna sameiginlegu væntinga og markmiða. Þar er átt við þau samskipti sem íbúar eiga sín á milli og hvernig sameiginleg markmið, væntingar og vonir íbúa birtast og eru tjáð meðal þeirra. Þetta birtist meðal annars í því félagslífi sem er til staðar í samfélaginu, til dæmis hvort hægt sé að halda úti björgunarsveit eða jafnvel briddsklúbbi þegar meirihluti íbúa er ekki allt árið á staðnum.

Í þessari rannsókn verður sjónum beint að eigendum frístundahúsa sem tilteknum hópi ferðamanna og hugað að hlutverki hans í viðhaldi Fjallabyggðar. Fjallað verður um óformlega þátttöku eigenda frístundahúsa í samfélaginu og byggja niðurstöður á viðtölum við valda eigendur frístundahúsnæðis í Fjallabyggð með sérstakri áherslu á Siglufjörð. Fram kemur að ákveðinn hópur er virkur í menningarlífi staðarins og lætur honum í té reynslu sína og innsæi. Hins vegar eru aðrir fyrst og fremst komnir til að rækta rætur sínar og hafa enga sérstaka þörf til að tengjast því samfélagi sem á staðnum er núna.

Frístundahús

Frístundahúsnæði er stór þáttur í daglegu lífi margra Vesturlandabúa. Slíkt frístundahúsnæði er af tvennum toga. Annars vegar er um að ræða umbreytt íbúðarhúsnæði og hins vegar húsnæði sem gagnert er byggt til frístunda og er oft nefnt sumarhús eða sumarbústaðir í daglegu tali.

Frístundahúsnæði í gömlum íbúðarhúsum tengist kunnuglegri sögu búferlaflutninga úr sveit í borg með breyttum atvinnuháttum á Íslandi og á Vesturlöndum almennt (Þóroddur Bjarnason, Kjartan Ólafsson og Kolbeinn Stefánsson, 2010). Vegna þessara flutninga hefur fólki fækkað mjög í sumum byggðum. Eftir standa mannlauð hús, en sumum þeirra er haldið við af brottfluttum íbúum eða niðjum þeirra og þau nýtt í frístundum. Sumarhús sem eru gagnert byggð sem slík tengjast hins vegar ákveðnum viðsnúningi á hinni kunnulegu sögu, en þar eiga í hlut borgarþáttur sem leitast eftir að komast frá amstri hversdagsins í borginni og byggja sér hús utan við hana, en þó ekki of langt í burtu. Á eftirstríðsárunum fjölgaði slíkum húsum mjög á Vesturlöndum. Sumarhús voru vissulega til fyrir stríð, en endurspegluðu þá stéttarstöðu fárra útvalinna fremur en lífsstíl almennings (Tress, 2002). Eftir 1990 kom fjörkippur í þessa fjölgun. Þessi þróun hefur verið skýrð með þáttum á borð við vaxandi eyðslufé fólks og vaxandi sveigjanleika í vinnutíma og frístundum (Stedman, Goetz og Weagraff, 2006), hækkandi meðalaldur og fleira fólk á eftirlaunum, breytingar á atvinnuháttum, sem leiða bæði til búferlaflutninga og sveigjanleika í vinnutíma, bætta samgöngur og nýja samskiptatækni, og samræmingu fasteignamarkaðar með reglum ESB (Müller, 2002).

Skipting frístundahúsnæðis í sumarhús og endurgert íbúðarhúsnæði er einföld og þægileg en nær ekki fyllilega að lýsa tegundum frístundahúsnæðis og því sem þar fer fram. Marsden (1977) býður upp á eftirfarandi tegundalýsingu:

Þar sem þau eru skilgreind sem óhreyfanlegt aukahúsnæði þar sem enginn sinnir því milli þess sem íbúar eru á staðnum. Þau eru: (1) einkaheimili oft heimsótt um helgar eða í fríum af fjölskyldu og gestum sem ekki borga; (2) húsnæði sem er þjónustað og leigt á háannatímum til að koma til móts við viðhaldskostnað á meðan fjölskylda nýtir það öðrum stundum; (3) hálfgerð einkaheimili sem eru keypt til eftirlaunaáranna en eru þangað til leigd eða notuð af fjölskyldu; (4) þjónustað frístundahús sem fjárfesting og er leigt og hirt af umboðsaðila (vitnað í af Visser, 2006, bls. 354).


Eins og sjá má á lýsingu Marsden (1977) má skilja hluta búferlaflutninga eftirstríðsáranna og sérstaklega eftir 1990 sem neytendahegðun, þ.e. sumarhús sem sérstaklega eru keypt eða byggð í þeim tilgangi að vera frístundaheimili endurspeglar neysluþarfir einstaklinga í vestrænum nútímasamfélögum. Á eftirstríðsárunum varð neysla á afþreyingu í frítíma almenn og þorri fólks hefur nú bæði frítíma og fjármagn, en það eru tveir ráðandi þættir í getu fólks til afþreyingarneyslu. Þannig eru frístundahúsin í raun vettvangur fyrir neyslu fólks sem endurspeglar almennt hvernig mörk vinnu og frítíma, heima og að heiman, eru að verða óskýrari (MacCannell, 1989). Þessi neytendahegðun sést þannig í vaxandi áhuga á að eiga sumarhús eða aðgang að húsnæði sem ekki er hluti af daglegu umhverfi einstaklinga.

Annar drifkraftur þessarar neytendahegðunar er fíring borgarþáttar frá sveitinni. Þannig verður draumur margra borgarþáttar á þá lund að sleppa frá borginni og að flóttinn þaðan veiti aðgangi að upplifunum og reynslu sem sé í grundvallaratriðum önnur en heima (Cohen og Taylor, 1992). Þannig á sumarhúsið að veita skjól frá viðjum hversdagsins, stressi og amstri (Chaplin, 1999), og býður upp á tækifæri til að tengjast náttúru eða sveitasamfélaginu sem á einhvern hátt er upprunalegra en borgin (Wang, 2007). Þessi fíring borgarmenningar endurspeglar að sama skapi samfélag þar sem vaxandi hreyfanleiki fólks, tækniþróun og hnattvæðing menningar sem nærast á ólíkum samfélögum og heimum býr til hópa

heimsborgara með veika landfræðilega sjálfsmynd og hinna sem þekkja bara rætur sínar (Gibbons, 2003).

Frístundahús og það sem þar fer fram eru þannig birtingarmynd samfélags sem er stöðugt meira á ferðinni (Hall og Müller, 2004) og hefur æ meiri getu til neyslu á afþreyingu. Þannig er nú vaxandi áhugi á auðu húsnæði á jaðarsvæðum Vesturlanda (Marcoullier, Lapping og Fureseth, 2008). Greining á íbúum frístundahúsnæðis ætti að veita glögga innsýn í nútíma samfélag, drifkrafta þess og áhrif á staði sem heimsóttir eru.

Þegar árið 1977 velti Coppock upp þeirri spurningu hvort frístundahús séu bölvun eða blessun fyrir byggðarlög, hvort heldur sem þau eru í dreifbýli eða í bæjum og þorpum. Fjölgun frístundahúsa hefur töluverð áhrif á viðkomandi samfélag. Þessi áhrif eru tvennskona. Í fyrsta lagi hafa þau áhrif á vinnu- og fasteignamarkað og önnur bein efnahagsleg áhrif sem „skekkja“ heimamarkað (Williams og Hall, 2000). Í annan stað, og öllu djúpstæðari, hefur fjölgun þeirra áhrif á daglegt líf íbúanna (Hall og Müller, 2004). Hvað varðar hið fyrra getur vöxtur frístundabyggðar gripið inn í það hnignunarferli byggðarlaga sem sýnt er á mynd 1 (Tribe, 2005, bls. 297).



Mynd 1. Hnignun byggðar.

Eins og sést á mynd 1 geta þrír þættir sett hnignunarferil af stað. Það er fyrsta lagi eftirspurn minnkar af einhverjum ástæðum, þá aðallega með minnkandi kaupgetu fólks eða fólksfækkun. Bæði atriðin tengjast atvinnulífinu og geta til dæmis stafað af hækkanði framleiðslukostnaði miðað við aðra staði eða með tæknibreytingum ýmiskonar. Afleiðing þeirra er lokun fyrirtækja. Þannig verður sveitarfélag af útsvarstekjum og fasteignasköttum, eyðslan minnkar, eftirspurn dregst saman og lífsgæðum hrakar, sem aftur leiðir til þess að fólki fækkar sem enn eykur á vandann. Þeir sem kaupa frístundahúsnæði geta eflt eftirspurn og hækkað húsnæðisverð og gætu þannig hægt á eða jafnvel snúið við hnignun eins og hún birtist á mynd 1. Á hinn bóginn hefur Aronsson (1993) bent á hvernig frístundahúsnæði í smáum þorpum er oft upphafið að endalokum þeirra sem markast af ágreiningi milli þeirra sem hafa í þorpinu varanlega búsetu og þeirra sem búa þar í frístundum sínum. Hér er þó hugsanlega verið að færa mun djúpstæðari vanda yfir á þá sem síst geta svarað fyrir sig. Eigendur frístundahúsnæðis eru í raun aðeins birtingarmynd landsbyggðarvandans sem skilið hefur eftir ónotað húsnæði um allt land sem í mörgum tilfellum liggur undir skemmdum.

Í ljósi þess sem Aronson (1993) bendir á er mikilvægt að skilja áhrif frístunabúsetu á daglegt líf íbúanna. Þá þarf að átta sig á þeim samskiptum sem íbúar eiga sín á milli og hvernig íbúar í frístundahúsum sem koma á öðrum forsendum í byggðina hafa áhrif á sameiginleg markmið, væntingar og vonir íbúa. Forsendur þessa hafa lítt verið rannsakaðar á Íslandi en Hall, Müller og Saarinen (2009) greina frá þróun frístundahúsnæðis á Norðurlöndum og tína til tilvik frá Noregi, Svíþjóð, Danmörku og Finnlandi. Hvergi í heiminum er frístundahúsaæign eins mikil og á Norðurlöndum en um helmingur Norðurlandabúa hefur aðgengi að frístundahúsnæði og það „að nýta sér það er hluti af þjóðarsálinni, fjölskyldulífi og því er haldið á lofti í ferðaþjónustu að það endurspegli norræn lífsgæði“ (bls. 176).

Hall, Müller og Saarinen (2009) lýsa drifkröftum frístundabúsetu á Norðurlöndum og staðfesta í flestu rannsókn Jaakson (1986) frá Kanada. Meðal helstu drifkrafta frístundabúsetu á Norðurlöndum eru samkvæmt þeim flótti eða viðsnúningur hversdagsleikans þar sem ys og þys borgarinnar er líkt og annars staðar á Vesturlöndum mörgu fólki um megn. Hluti þessarar firringar borgarinnar eru væntingar um að snúa aftur til náttúrunnar. Fólk er einnig að sækjast eftir því að búa til rými til að skilgreina sjálfsmynd á forsendum frístunda – komast að því hver maður er þegar vinnan og allar skuldbindingar hversdagsleikans eru ekki að sliga mann. Frístundahúsið og það rými sem það veitir er einnig staður til að safna saman vinum og ættingjum, það býr til takt og samfellu í tilveruna – þar sem það er árlegur viðburður (eða tíðari) að koma saman. Slíkur staður getur jafnvel brúað bil milli kynslóða með heimsóknum alltaf á sama stað. En að síðustu má ekki gleyma því að fyrir marga er það að eiga sumarhús einfaldlega endurspeglun á stöðu viðkomandi í samfélaginu (Hall, Müller og Saarinen, 2009, bls. 180).

Staðsetning frístundahúsnæðis fer eftir ólíkum áherslum á staðbundin gæði eftir því um hvaða land ræðir. Í Danmörku velja menn fyrst og fremst sjávarströndina á meðan Finnar velja strendur einhverra þúsund vatna landsins og Norðmenn leita til fjalla. Eyjar í skerjagarðinum eru svo sérstakt upphald Svía. Á þessum stöðum reisir fólk sér á Norðurlöndum helst sumarhús, en einnig er fjöldi húsa til sveita og í minni þorpum og bæjum nýttur til frístunda. Sama gildir á Íslandi þar sem birkikjarr, hraunjaðrar, jarðhiti og rennandi vatn ræður oft staðsetningu, en einnig hvaða bændur hafa ráðist í endurgerð jarða sinna í þágu sumarhúsaþýðingdar. Líkt og á hinum Norðurlöndunum er hins vegar fjöldi húsa í sveit og þorpum þar sem fólksfækkun hefur átt sér stað. Nánar verður vikið að þróuninni á Íslandi hér að neðan.

Ferðalög og frístundir

Það er mikilvægt að gera sér grein fyrir því að frístundahús falla undir ferðaþjónustu. Líkt og önnur ferðaþjónusta getur hún verið til framdráttar þeim samfélögum sem verða áfangastaðir, en jafnframt eru á ferðamenskunni dekkri hliðar. Þær frístundabyggðir sem áherslan er á í þessum kafla byggjast innan bæja og þorpa sem búa við fólksflóttu og hnignun atvinnulífs.

Munurinn á hefðbundinni ferðamenskun og ferðum í frístundahús felst fyrst og fremst í því að þeir sem ferðast til frístundahúsa ferðast alltaf á sama stað og skilja þar eftir arð, og hjálpa þannig til við að viðhalda þjónustustigi. Hins vegar er vandasamt að átta sig á þeim sem ferðafólki þar sem þeir tengjast ekki ferðaþjónustu beint eða markaðssetningu áfangastaða, né tilheyra tölum um ferðaþjónustu.

Marjavaara (2008) dregur saman þá þætti sem þarf að hafa í huga þegar frístundahús og ferðalög í þau eru skoðuð. Hann leggur áherslu á hversu tíðar ferðir eru og þá hvort þær eru árstíðarbundnar eða sveiflukenndar, hvernig samskiptum gesta og heimamanna er háttað,

hvernig aðgengi er og að hve miklu leyti frístundabyggðin stýrist af návist við stóra þéttbýliskjarna. Til að átta sig betur á þessum fjórum þáttum og hvað um gæti verið að ræða þegar þeir koma til álita eru þeir teknir saman í töflu 1.

Tafla 1. Ferðalög í frístundahús, þættir sem og birtingarmyndir.

Þáttur	Birtingarmynd
Sveiflukenndar ferðir	Eigendur frístundahúsa koma eðli málsins samkvæmt fyrst og fremst í frítíma sínum sem oft einskorðast við sumarfrí, helgar eða lögbundna frídaga.
Samskipti gesta og heimamanna	Spenna getur myndast milli heimamanna og gesta vegna t.d. vægis hvors hóps í pólitískri ákvarðanatöku, framandi gilda sem koma með gestum, umhverfisáhrifa af frístundabyggð, framtíðarskipulags og innviða. Stærsta málið er hvort vöxtur frístundabyggðar valdi hliðrun íbúa (e. <i>displacement</i>) þar sem íbúum er ýtt til hliðar í þágu gestanna eða jafnvel öðlun (e. <i>gentrification</i>) með komu ríkari gesta þar sem verðlag á húsnæði og dagvöru hækkar umfram kaupgetu heimamanna.
Aðgengi	Frístundahús geta verið langt í burtu og aðgengi að þjónustu því erfitt, en einnig getur verið kostnaðarsamt að veita íbúum grunnþjónustu.
Nágrenni við stórt þéttbýli	Því fjær sem frístundahús er stórum þéttbýliskjarna því meiri eru efnahagsáhrifin því erfiðara er að sækja þjónustuna þangað og hitt að staðsetning fjær þéttbýli gefur meira framandi yfirbragð.


Heimild: Byggt á Marjavaara, 2008.

Í byggðum þar sem frístundahúsnæði er áberandi eða jafnvel ráðandi eru jákvæðar og neikvæðar hliðar á öllum þeim þáttum sem taldir eru upp í töflu 1. Eins og sagt hefur verið einkennir margar þessar byggðir fólksflótti og hnignun atvinnulífs sem frístundabyggð getur að hluta bætt en að hluta ýkt. Tímabundin búseta í frístundabyggð er vissulega sveiflukennd en þó eftir fyrirsjáanlegu mynstri. Þar sem sama fólkið kemur aftur má segja að gestirnir komist meira upp í „vana“ hjá heimamönnum en ferðalangar sem koma óreglulega og yfirleitt bara einu sinni. Eigendur frístundahúsa skilja eftir sig tekjur og efla atvinnulíf staða, þjónustuframboð og oft menningarstig með nýjum hugmyndum og þátttöku í verkefnum. Marjavaara (2008) leggur áherslu á að skilja þessar jákvæðu hliðar frístundabúsetu. Rannsókn Marjavaara (2008) skoðaði jafnarsvæði í Svíþjóð og þar hrakti hann að eigendur frístundahúsnæðis stuðluðu að hækkuðu verðlagi eða flóttu (hliðrun) heimamanna út fyrir byggð eða verðmæt svæði. Rannsóknaspurning hans var þó ekki úr lausu lofti gripin, þar sem dæmi eru um slíka þróun með vaxandi ásókn borgarbúa í ákveðin dreifbýl svæði þar sem lífsgæði eru skilgreind sem eftirsóknarverð. Ekki er hægt að segja að á þessu beri á Íslandi frekar en í Svíþjóð – en nánar verður vikið að því hér að neðan.

Frístundahús á Íslandi

Lítið sem ekkert er til af rannsóknum á frístundabúsetu á Íslandi. Ef leitað er í Gegni undir orðunum sumarhús og frístundahús má finna lokaritgerðir í landfræði sem fjalla um dreifingu og þéttni frístundahúsa, hvar þau eru byggð og af hverju. Einnig má þar finna verkefni og ritgerðir úr innanhússhönnun og verkfræði um það hvernig skal byggja og fegra bústaðinn. Þessi rannsókn er því með fyrstu tilraunum til að koma málefnum frístundabúsetu inn á svið félagsvísindanna.

Eins og Þóroddur Bjarnason o.fl. (2010) hafa lýst er saga búferlaflutninga á Íslandi ekki ýkja frábrugðin því sem gerst hefur á Vesturlöndum og Norðurlöndum almennt og drifkraftar mikið til þeir sömu. Samhliða vexti þjónustusamfélagsins hefur höfuðborgarsvæðið vaxið en síðustu ár er farið að bera á því að nágrannasveitarfélög Reykjavíkur vaxi einnig. Samhliða vexti þeirra fjölgar í frístundabygðum í nágrenni höfuðborgarsvæðisins og má leiða líkum að því að þar liggi að baki svipaðir drifkraftar og á hinum Norðurlöndunum, eins og fram kemur í rannsókn Vífils Karlssonar (2010).



Mynd 2. Fjöldi skráðra sumarhúsa, eftir byggingarári frá 1880-2008.

Á mynd 2 er fjöldi sumarhúsa skráður eftir byggingarári en í júlí 2009 voru þau um 11.900. Sú samtala sem fæst úr mynd 1 á við húsnaði sem er sérstaklega skráð sem sumarhús eða frístundaheimili en húsnaði í þorpum sem er nýtt aðeins í frístundum er yfirleitt skráð sem íbúðarhúsnaði. Gera má ráð fyrir að flest þeirra sem eru frá því fyrir stríð séu bæir og hús sem upprunalega voru bú. Flest þeirra sem voru byggð eftir það voru byggð sérstaklega sem sumarhús og eru á stöðum þar sem vinsælt er að vera; við vatn, skóg eða hraunjaðar, eða þar sem slík gæði fara saman. Aðgengi að heitu vatni er aðalatriði þar sem fólk virðist almennt telja að í öllum góðum bústöðum eigi að vera heitur pottur. Þegar rætt er um frístundahús á Íslandi er oftast talað um sumarhús eða sumarbústaði og myndir koma í huga fólks af bjálkahúsi í Grímsnesi eða við Þingvallavatn. Hér er þó áherslan á þau hús sem verða eftir þegar fólk flytur frá þorpum og bæjum á landsbyggðinni.

Tafla 2. Hlutfall frístundahúsnaðis á Siglufirði og í Ólafsfirði.

	Heildarfjöldi húsa	Skilgreind frístundahús	Hlutfall
Siglufjörður	489	120	25%
Ólafsfjörður	310	30	10%
Fjallabyggð (heild)	799	150	17,5%

Í þeim byggðarlögum sem þessi rannsókn nær til hefur orðið veruleg fólksfækkun undanfarin ár (sjá Þóroddur Bjarnason o.fl. 2010). Fækkunin sem orðið hefur á Siglufirði og í Ólafsfirði hefur leitt til þess að hús standa þar mannláus. Hins vegar er mikill vandi að nálgast

raunverulega tölur um hve mörg hús eru mannlauð eða eru notuð til frístunda, þar sem þau eru yfirleitt skráð sem íbúðarhúsnæði. Til að átta sig á hlutfalli frístundahúsnæðis var gert manntal í Fjallabyggð síðsumars 2009. Manntalið fór þannig fram að gengið var hús úr húsi og búseta þar könnuð. Í töflu 2 má sjá fjölda og hlutfall skilgreinds frístundahúsnæðis í bæjunum tveimur samkvæmt manntalinu.

Samhliða manntalinu var gerð könnun meðal ferðafólks í Fjallabyggð, þar sem fólk úti á götu var spurt um tilgang ferðar, upplifun af staðnum og neyslumunstur meðan á dvöl stóð ef það var í heimsókn (sjá Edward Huijbens, 2010). Sex prósent þeirra rúmlega 350 sem spurðir voru sögðust vera á ferð um gamlar slóðir fjölskyldu eða ættingja og var nokkur hluti þeirra að íhuga fasteignakaup. Ekki fékkst nánar uppgæfið hvers eðlis þær vangaveltur voru en þessi niðurstaða gefur vísbendingu um áhuga fólks á ættarslóðum og nýtingu þess húsnæðis sem ekki er í fullri búsetu í byggðunum. Miðað við hve hátt hlutfall húsnæðis er í tímabundinni búsetu mætti hins vegar einnig spyrja hvers vegna fleiri segist ekki vera í heimsókn. Hér er um að ræða grundvallarvanda í því að líta á fólk í frístundahúsum sem ferðafólk, þar sem það lítur ekki endilega á sig sem slíkt. Þeir spyrjar sem voru að störfum horfðu einnig framhjá þessu fólk þar sem það samsamaðist betur lífinu á staðnum. Þannig er vandasamt að nálgast íbúa í frístundabyggðum með meginlegum aðferðum. Líkt og McCabe (2009) leggur til er því þungamiðja þessarar rannsóknar viðtöl þar sem lögð er áhersla á hvað fólk gerir og hvernig ferðalag þess og iðja í frístundahúsnæði mótast í ólíku samhengi. Viðtölin sem tekin voru við eigendur frístundahúsa í Fjallabyggð voru 12 og fóru flest fram á lögheimili fólks, en nokkur voru einnig tekin í húsnæði Rannsóknamiðstöðvar ferðamála. Þau voru hálf-opin stöðluð viðtöl þar sem áherslan var á spurningar um hve oft fólk fór, hvað það gerði þar, hvar það verslaði og hvernig, og almennt um lífið og tilveruna á öðrum stað í öðru samhengi.

Félagsvist

Almennt má segja að „fólk hefur tengsl við fjölda staða og sá staður sem margt fólk tengist hvað sterkustum böndum, er ekki endilega sá staður þar sem lögheimili er skráð“ (Marjavaara, 2008, bls. 45, með vísan til Kaltenborn, 1998 og Quinn, 2004). Samfélag skapar vettvang fyrir stöðug samskipti milli einstaklinga sem aftur skapa grundvöll fyrir sterkum félagslegum gildum og viðmiðum, trausti og gagnkvæmum stuðningi af því tagi sem nefnt hefur verið „félagslegur auður“ (Coleman, 1988; Putnam, 2000). Hugmyndir um félagsauð (e. *social capital*) eru þannig notaðar til að skilja hreyfikrafta samfélags og festar fólks á tilteknum stöðum (Kolbeinn Stefánsson og Sveinn Arnarsson, 2010). Ekki þarf að tíunda hve mikilvægt er að félagslegur auður hvers staðar sé virkur, en slíkt stendur undir frumkvöðlastarfi (Frazier og Niehm, 2004; Lyons, 2002), eflir atvinnulíf og styrkir staði í að móta sýn og stefnu til framtíðar (Nahapiet og Ghoshal, 1998).

Stedman, Goetz og Weagraff (2006) lýsa hinum ólíku festum (e. *mores*) sem annars vegar sá er býr í borginni og kemur í frístundahúsnæðið til að sleppa frá hversdagsleikanum hefur, og hins vegar sá sem býr í samfélaginu. Þeir útskýra hvernig eigendur frístundahúsa geta haft áhrif á samfélög sem byggja afkomu sýna á hefðbundnum atvinnuvegum. Þeir stilla upp andstæðu sem hægt er að nota tvo mælikvarða á:

Félagslegur auður mælir samfélag (*gemeinschaft*) í dreifðum byggðum og gerð þess á móti hve margir vinna í frumvinnslu sem er vísbending um stöðu hefðbundinna atvinnuvega sem byggjast á auðlindanotkun.

Með hugmyndum um félagsauð má sem sagt greina svipbrigði hins óformlega samfélagslega nets sem viðheldur bæjum og þorpum. Þannig draga Popovich og Buss (1990) upp mynd af félagsauði sem ólíkum tengslanetum á stöðum. Það hugtak sem notað verður til að greina

Þátttöku eigenda íbúa í frístundahúsnæði í samfélagi Siglufjarðar og Ólafsfjarðar byggir á félagsauði sem tengslaneti og er kallað „félagsvist“ (e. *social ecology*). Það er dregið er af mannvist (e. *human ecology*) sem hefur verið notað nokkuð í atferlisfræðum (sjá Bronfenbrenner, 1979 og Cronk, 1994).

Félagsauður sem tengslanet gerir okkur kleift að líta á eigendur frístundahúsnæðis sem fólk sem bætir gisnandi samfélagsnet þorpsins og þá er samfélagið skilið líkt og Calvino (1997, bls. 76) lýsir:

Til að skapa þau tengsl er viðhalda lífi í borginni strengja íbúarnir í Ersilía þræði frá hornum húsa sinna, hvíta eða svarta eða gráa eða svart-hvíta, allt eftir því hvort þeir standa fyrir blóðtengsl, tengsl viðskipta, valds eða miðlunar.

Gunnar Jóhannesson o.fl. (2005, bls. 8) fylgja öllu hefðbundnari og félagsvísindalegru línunum í að lýsa samfélagsneti smárra samfélaga og tvinna við það hugmyndina um félagsauð.

...félagsauður er falinn í tengslum milli einstaklinga sem eru þátttakendur í ýmsum þeim félagslegu tengslanetum sem einkenna daglegt líf ... Gagnlegra er að líta á félagsauð sem afurð stöðugs gagnkvæms samneytis einstaklinga.

Félagsauður er þannig varðveittur í samfélagsnetinu og þeim tengslum sem fólk myndar sín á milli. Félagsauðurinn er því augljóslega ekki einhver eign sem hægt er að safna eða geyma, heldur myndast hann í samskiptum og því hvernig fólk hagar þeim. Hið samfélagslega net á hverjum stað er því „tilhögun-í-tengslum-við-hvert-annað“ (Massey, 2005, bls. 111, sjá einnig Thrift, 1999, bls. 317), eða í raun net sem stöðugt er að myndast og mótast og er viðhaldið í virkum samskiptum fólks. Það má auðveldlega skilja þræðina í myndlíkingu Calvino (1997) sem sögu staðarins og í raun hvernig tengslin okkar við staði eru „... í senn samband við líðandi stund, sögulegur veruháttur og sköpun sjálfsverunnar sem sjálfstæðs geranda“ (Foucault, 1993, bls. 397). Þannig náum við að tilheyra, sem er hluti þeirra gilda sem liggja til grundvallar hugmynd um samfélagslegt net (Breton, Hartmann, Lennards og Reed, 2003). Samhliða því að tilheyra og með áherslu á athafnir fólks verður hugmyndin um samfélagsnet ekki aðeins lýsing á stöðugu samfélagi fólks með svipaðar væntingar og þarfir, heldur má þá veita rúm fyrir pólitík og ágreining, eins og Massey skýrir (2005, bls. 195).

Hvorki rými né staður getur veitt þér skjól frá heiminum. Ef tíminn felur í sér tækifæri til breytinga eða, eins og sumir telja, ógn hins óumflýjanlega, þá felur rýmið í sér hið félagslega í víðustu merkingu þess orðs: sem áskorun sem felst í tengslum okkar á milli – og þannig hvernig við erum öll aðilar að afleiðingum þeirra tengsla; hve samtíða við erum öðrum, einstaklingum og umhverfi okkar; og hinu stöðuga ferli sem myndar og mótar samfélög.

Að vera þátttakandi í því samfélagsneti sem viðheldur tilteknum stað snýst þannig ekki um að skapa forskrift að flokkun yfir þá sem tilheyra því, t.d. sá sem er innfæddur móti þeim sem kemur aðeins í frístundum sínum á ákveðinn stað. Virkni hins samfélagslega nets og þess félagsauðs sem úr því skapast veitir innsýn í tilvist og búsetu í frístundahúsnæði á grunni innsýnar í sálarlíf þeirra sem taka þátt í því (sjá Gallent, 2007, vitnar í Heidegger, 1971), sem nýtist til að spyrja ekki hvort íbúar frístundahúsa séu til gagns eða ógagns í viðhaldi samfélags.

Niðurstöður

Í viðtölunum var spurt bæði um hina formlegu þátttöku líkt og lýst hefur verið að ofan og hina óformlegu þátttöku með áherslu á samskipti, væntingar og markmið gestanna. Viðmælendur áttu það sammerkt að vera ráðsett fólk, flest með uppkomin börn og ekki of upptekið við

vinnu. Að öðru leyti var bakgrunnur þeirra harla ólíkur og má segja að fólkið hafi komið úr ólíkum hópum samfélagsins hvað varðar reynslu, störf og menntun.

Hvað hina formlegu þátttöku varðar virðist sem íbúar í frístundahúsum viðhaldi venjulegu neyslumynstri sínu frá heimaslóðum hvað snertir dagvöru, en viðmælendur töldu sig ekki eyða meiru daglega í Fjallabyggð en heima fyrir. Þeir sem eiga frístundahúsnæði á Siglufirði og í Ólafsfirði skiptast í tvo hópa hvað varðar varanlega búsetu. Annars vegar eru þeir sem eru búsettir nálægt þessum bæjum, og þá helst í Eyjafirði eða á Akureyri, og hins vegar þeir sem eru af höfuðborgarsvæðinu. Viðtöl sýndu meiri tillhneigingu þeirra sem búa nær til að dvelja stutt, þrjú til fjóra daga, en koma oftar yfir allt árið. Þeir sem þurfa að koma lengra að nýta sér frekar hin hefðbundnu frí, um sumar og páska (ekki jól), til að koma í húsnæðið. Þeir sem koma lengra að eru oft búnir að versla fyrirfram í lágvöruverðsverslunum heima fyrir og sækja lítið í verslanir á staðnum nema þá mjólk og brauð. Þeir sem búa nær eru oft í stuttum ferðum eða hreinlega bara að skjótast og þannig ekki búnir að birgja sig upp. Ef þeir hafa skipulagt ferðina eru þeir þó oft einnig búnir að kaupa dagvöru og viðhaldsefni fyrirfram.

Húsnæðið er oft gamalt eða illa farið og því þarf að lagfæra margt. Margir eru búnir að skipuleggja slíka vinnu og koma því með mikið af efni og verkfærum með sér eða sækja það í stærri verslanir, einkum á höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri. Húsnæðið hafa flestir annað hvort erft eða keypt gamalt og niðurnítt til að gera upp. Ekki er hægt að segja að beri á hækkun fasteignaverðs eða öðlun líkt og Marjavaara (2008) lýsir. Frístundahús virðast því frekar auka veltu á fasteignamarkaði en að hækka verð, líkt og Vífill Karlsson (2010) bendir á.

Hvað varðar óformlega þátttöku frístundabúa komu í ljós tveir hópar. Viðtalið hófst með spurningunni „hvar áttu heima?“ og allir viðmælendur svöruðu því til að þeir ættu heima þar sem viðtalið var tekið, þ.e. á lögheimili fólks í flestum tilvikum. Meðan á viðtalinu stóð komu hóparnir tveir hins vegar í ljós; þeir sem ekki eiga rætur að rekja til staðarins og hafa keypt sér hús til að nýta til frístunda, og hinir sem hafa erft eða keypt hús á fornum heimaslóðum. Hinir síðarnefndu töluðu um það í gegnum viðtalið að þeir væru að fara heim þegar frístundahúsið bar á góma. Hér að neðan verður þeim fyrri lýst sem heimsborgurum (sjá Gibbons, 2003) en hinum síðari sem heimamönnum en ólíkt hafast þessir tveir hópar að.

Heimsborgarar. Hjá þeim hópi sem kemur til staðanna til að kaupa sér húsnæði og á þar ekki rætur, skiptir húsið sem valið er máli. Í heimabyggð ræðst val á húsnæði af mörgum þáttum en fjarlægðir til og frá vinnu eða skóla, nánd við verslun og þjónustu og annað slíkt hefur oft talsvert að segja. Þegar kemur að frístundahúsnæði vega þessir þættir léttar og heimsborgarinn lýsir því frekar hvernig útsýni, birta eða útlit húss hafi ráðið ákvörðun um kaup. Þannig skiptir staðsetning einnig miklu máli en þá fyrst og fremst af fagurfræðilegum ástæðum. Fyrir heimsborgarann er það mikilvægt og eftirsóknavert að mannlífið er afslappaðra, líkt og einn viðmælendi tekur sérstaklega fram hér að neðan:

... takturinn í árunni hjá fólkinu er þarna allt öðruvísi sko þetta er svona eins og þegar maður kemur til Reykjavíkur þá nær maður fólki svona í fimm mínútur þá er það farið að líta á klukkuna eða út um gluggann eða eitthvað svona ... missir áttir en þegar þú kemur sko Akureyri þá hafa menn sko alveg klukkutíma eða hálf tíma klukkutíma svona Siglufirði sko þá nærðu bara hálfum deginum ef þú ert svona ef þú ert með eitthvað áhugavert og hefur eitthvað fram að fara við einhvern sko þá fórná menn bara hálfum deginum fyrir þig sko skilurðu þetta er svo öðruvísi klukkan er svo öðruvísi sko hvernig fólk metur það að hitta mann og þetta samskiptaprósess þannig að hérna.

Viðmót heimamanna skiptir heimsborgarann einnig máli en einn viðmælenda lýsti því að í hvert skipti sem hann kæmi fengi hann góðar móttökur:

... það býr þarna kona háöldruð svona um nírætt þarna á neðri hæðinni gefur mér alltaf kók og súkkulaði þegar ég kem það er svona það er náttúrulega margt þarna á Siglufirði hérna sem maður sækir í.

Af viðtölunum að dæma og í ljósi hins félagslega auðs sem er viðhaldið í gegnum tengsl fólks, félagsvistina, virðist ljóst að þeir heimsborgarar sem búa í frístundahúsum vilja tilheyra samfélaginu og koma ekki bara til að lifa í tómarúmi eigin frístunda. Þeir leita í veitingastaði og láta þjónustu eftir sér til að tengjast samfélaginu.

... maður hefur fengið sér hamborgara og svona hitt fólkið og svona þú veist það er svona alltaf það er svona viss kúltur í því að hitta fólkið og fara niður á bryggju og svona þú veist og fara í búðina og svona þetta er svona það er daldið svona menningarlegt að það svona tengir sig við þetta ...

Þeir leitast við að vera virkir þátttakendur í menningarlífi staðarins og láta í té reynslu sína og innsæi. Þann tíma sem þeir eru á staðnum sinna þeir hugmyndum sínum og hugðarefnum sem oftast en ekki tengjast staðnum, upplifunum af honum og jákvæðri reynslu. Þannig reyna þeir að leggja til viðhalds þess staðar sem þeir sóttust eftir að eyða frístundum sínum á og tengjast takti hans og „áru“, sem bæði má sjá í jákvæðu og neikvæðu ljósi.

Heimamenn. Sá hópur sem á rætur í samfélagi staðanna leitast frekar við að virkja og viðhalda tengslum á staðnum með heimsóknum til vina og ættingja. Slíkar heimsóknir hafa ekki endilega neitt annað markmið en að fá sér kaffi og spjalla um daginn og veginn. Húsin sem þetta fólk velur til frístunda hafa oft fallið því í skaut sem arfur eða það keypt þau af ættingjum eða þeim sem eignast hafði hús sem tengist fjölskyldu þess sem kaupir. Þannig kom val á húsinu ekki sérstaklega til umræðu hjá þessum hóp. Þessi hópur leitast ekki eftir frekari tengslum en þeim sem eru við fjölskyldu eða æskuvini og er því ekkert að sækja sérstaklega í að tengjast mannlífi í gegnum neyslu á veitingastöðum eða þátttöku í menningarviðburðum, nema þá sem áhorfendur.

Heimamenn er komnir „heim“ til að slappa af og komast frá þéttbýlinu þar sem þeim hefur aldrei fundist þeir eiga almennilega heima. Þessi hópur sækist eftir upplifun af einhverskonar fortíðarþrá, án þess þó að vera tilbúinn að taka upp heilsársbúsetu og kasta frá sér því sem borgin hefur upp á að bjóða.

Heimsborgarar og heimþráin

Eign á sumarbústöðum og öðrum frístundahúsum er að miklu leyti drifin áfram af neyslupörfum á Vesturlöndum og á þetta einnig við um Norðurlönd og Ísland. Hins vegar má ljóst vera að annar þáttur veldur einnig áhuga á frístundabúsetu og þá sérstaklega í þorpum og bæjum þar sem fólki fækkar. Þessi þáttur tengist rótum fólks á stöðum þar sem hluti fjölskyldunnar er enn eða þaðan sem hún er upprunin. Í fyrri tilfellinu hef ég lýst þeim hópi sem er drifinn áfram af neyslupörfum sem heimsborgurum. Hjá þeim má greina marga af hinum hefðbundnu drifkröftum sóknar í frístundahúsnæði sem finna má annars staðar. Þeir tengjast firringu borgarbúans frá sveitinni og því að flóttinn þangað veiti aðgengi að upplifunum og reynslu sem sé í grundvallaratriðum önnur en heima í borginni. Einnig virðist sem heimsborgarar telji sig tengjast náttúru eða sveitasamfélaginu á sannari hátt en í borginni. Veik landfræðileg sjálfsmýnd heimsborgarans er hins vegar í mótsögn við þann hóp sem á rætur að rekja til staðanna. Þeir virðast þjakaðir af einhverskonar heimþrá og tala um að fara heim í frístundahúsið. Þó vissulega beri á hinum hefðbundnu drifkröftum, þar sem heima (í frístundahúsinu) er allt upprunalegra og betra, er minni þörf meðal þessa hóps á þátttöku og að „sanna sig“ í augum heimamanna, ef svo má að orði komast.

Þessi heimþrá, sem ég hef kosið að kalla svo, er langt í frá að vera nýtt stef í vitund Íslendinga. Snör umskipti úr bændasamfélagi liðinna alda til iðn-, nútíma- og borgvæðingar bjuggu til miklar skýjaborgir í hugum fólks, sem fyrir mörgum hrundu til grunna við að upplifa borgina og iðnvæðingu. Ólafur Jóhann Sigurðsson lýsir þessum sviptingum tálvona landans í verkum sínum (Halldór Guðmundsson, 1988). Einnig hefur Halldór Guðmundsson (1978) lýst því hvernig þessi vonbrigði eru aflvakar drauma um horfið sveitasamfélag þar sem allt var betra og talar hann um þessa drauma sem syndafall Íslendinga. Viðar Hreinsson (2010) gengur lengra og sér í upphafningu lopa og íslensku sauðkindarinnar í dag ödipuskt föðurmorð íslenska sveitasamfélagsins. Í öllu falli virðist sem þeir sem eiga rætur að rekja til staðanna finni hjá sér þörf til að rækta og viðhalda þeim rótum, en þessi þörf birtist í að tala alltaf um að fara heim þó heima sé ekki þar.

Báðir hópar eiga það sammerkt að hafa lítil áhrif með formlegum hætti á samfélög staðanna, ef dæma má af viðtölum. Þannig auka þeir ekki við verslun í dagvöru eða varningi til heimilis, en allir stærri hlutir, viðhaldsefni og meiriháttar dagvöruinnkaup fara fram í verslunum á höfuðborgarsvæðinu eða Akureyri. Búast má við því að opnun Héðinsfjarðarganga ýti frekar undir þann möguleika, allavega frá Siglufirði. Hvað varðar formlegt félagsstarf eða samtök tekur hvorugur hópurinn neitt sérstaklega þátt í félagslífi eða er virkur í samtökum eða félagsstarfi.

Það sem helst greinir hópana að er að þeir sem koma og eiga litlar eða engar rætur á stöðunum eru frekar virkir í viðburðum og þróunarvinnu þar. Þannig virðist sem þeir reyni að koma hugðarefnum sínum og áhugamálum meira á framfæri þegar þeir eru í frístundahúsinu eða sinna þeim með þátttöku í menningar- eða þróunarverkefnum á staðnum. Að þessu leyti er hægt að fullyrða að þessi tiltekni hópur, sem ég hef kallað heimsborgara, leggi til félagsvistar Fjallabyggðar, meðan þeir sem eru þjakaðir af heimþrá efla minna félagsvist og vilji halda í drauma þess sem einu sinni var.

Heimildir

- Aronsson, L. 1993 *Mötet: En studie i Smögen av turisters, fritidsboendes och bofastas användning av tid och rum*. Karlstad: Högskolan i Karlstad.
- Bourdieu, P. 1977 *Outline of a Theory of Practice*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Breton, R., N.J. Hartmann, J.L. Lennards og P. Reed 2003. *A Fragile Social Fabric? Fairness, Trust, and Commitment in Canada*. Montreal: McGill-Queen's University Press.
- Bronfenbrenner, U. 1979. *The Ecology of Human Behaviour*. Cambridge, MA: Harvard University Press.
- Calvino, I. 1997. *Invisible Cities*. London: Vintage.
- Chaplin, D. 1999. Consuming work/productive leisure: the consumption pattern of second home environments. *Leisure Studies*, 18(1), bls. 41-55.
- Cohen, S. og Taylor, L. 1992. *Escape Attempts: the Theory and Practice of Resistance to Everyday Life*. London: Routledge.
- Coleman, J.S. 1988. Social capital in the creation of human capital. *American Journal of Sociology*, 94, bls. 95-120.
- Coppock, J.T. (ritstj.) 1977. *Second Homes: Curse or Blessing?* Oxford: Pergamon.
- Cronk, L. 1994. Is there a role for Culture in Human Behavioral Ecology. *Ethnology and Sociobiology*, 16: bls. 181-205.

EDWARD H. HUIJBENS

- Edward H. Huijbens 2010. Ferðamannakönnun í Fjallabyggð: Lýsing gesta í Fjallabyggð sumarið 2009. Kafli í Fjallabyggð fyrir Héðinsfjarðargöng, ritstj. Þóroddur Bjarnason og Kolbeinn H. Stefánsson. Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Fasteignamat ríkisins 2009. Sumarhús á Íslandi. Tölvupóstur frá Tryggva Má Ingvarssyni, sendur 7. júlí 2009.
- Foucault, M. 1993 Hvað er upplýsing? (þýð. Torfi H. Tulinius). *Skírnir*, 167(haust), bls. 387–405.
- Frazier, B og Niehm, L. 2004. Exploring business information networks of small retailers in rural communities, *Journal of Developmental Entrepreneurship*, 9(1), bls. 23-42.
- Gallent, N. 2007. Second homes, community and a hierarchy of dwelling. *Area*, 39(1) bls. 97-106.
- Gibbons, M.S. 2003. Hvítarusl: Stéttvís blóraböggull fjölmenningsarvitanna. *Tímarit Máls og Menningar*, 64, bls. 32–37.
- Gunnar Jóhannesson, U.D. Skaptadóttir og K. Benediktsson 2005. Coping with Social Capital? The Cultural Economy of Tourism in the North. *Sociologica Ruralis*, 43(1), bls. 3-16.
- Hagstofa Íslands 2009a *Population in individual urban nuclei and rural areas by region, by year 1889-1990*. Sótt 23. júní 2009 af: <http://www.hagstofan.is/Hagtolar/Mannfjoldi/Byggdakjarnar,-postnumer,-hverfi>.
- Hagstofa Íslands 2009b *Population in municipalities, gender and age 1st December 1997-2008*. Sótt 23. júní 2009 af: <http://www.hagstofan.is/Hagtolar/Mannfjoldi/Sveitarfelog>.
- Hall, C.M. og D.K. Müller 2004. *Tourism, Mobility and Second Homes: Between Elite Landscapes and Common Ground*. Clevedon: Channel View Publications.
- Hall, M.C. 2005. Reconsidering the Geography of Tourism and Contemporary Mobility. *Geographical Research*, 43(2), 125-139.
- Hall, M.C. og Williams A.M. 2002. *Tourism and Migration: New Relationships between Production and Consumption*. Dordrecht: Kluwer.
- Hall, M.C., D.K. Müller og J. Saarinen 2009. *Nordic Tourism. Issues and cases*. Clarendon: Channel View Publications.
- Halldór Guðmundsson 1978. Sjödægra, módernismi og syndafall Íslendinga. *Svart á hvítu*, 2(2) bls. 3-9.
- Halldór Guðmundsson 1988. Ólafur Jóhann Sigurðsson. *TMM*, 49(3) bls. 258-261.
- Heidegger, M. 1971. *Poetry, Language, Thought*. London: Harper & Row.
- Jaakson, R. 1986. Second home domestic tourism. *Annals of Tourism Research*, 13, 367-391.
- Jóhannesson, G., U.D. Skaptadóttir og K. Benediktsson 2005. Coping with Social Capital? The Cultural Economy of Tourism in the North. *Sociologica Ruralis*, 43(1), bls. 3-16.
- Kaltenborn, B.P. 1998. The Alternate Home: Motives of Recreation Home Use. *Norsk Geografisk Tidsskrift*, 52, bls. 121-134.
- Kolbeinn H. Stefánsson og Sveinn Arnarsson. 2010. Félagslegur auður Fjallabyggðar. Kafli í Fjallabyggð fyrir Héðinsfjarðargöng: Samgöngur, samfélag og byggðaþróun, ritstj. Þóroddur Bjarnason og Kolbeinn H. Stefánsson. Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Lyons, T. 2002. Building social capital for rural enterprise development: three case studies in the United States, *Journal of Developmental Entrepreneurship*, 7(2), bls. 193-216.
- MacCannell, D. 1989. *The Tourist – A New Theory of the Leisure Class*. New York: Schocken Books.
- Marcoullier, D.W. Lapping, M. og Fureseth, O. 2008. *Rural Housing and the Exurbanization Process*. Aldershot: Ashgate.

- Marjavaara, R. 2008. *Second Home Tourism. The Root to Displacement in Sweden*. (PhD ritgerð) Umeå: Umeå University.
- Marsden, B. 1977. Holiday homespaces of Queensland. Í I. Coppock (ritstj.), *Second homes: Curse or Blessing?* (bls. 57-73). London: Pergamon.
- Massey, D. 2005 *For Space*. London: Sage.
- McCabe, S. 2009. Who is a Tourist? Conceptual and Theoretical Developments. Í J. Tribe (ritstj.) *Philosophical Issues in Tourism* (bls. 25-42). Bristol: Channel View Publications.
- Müller, D.K. 2002. German second home development in Sweden. Í C.M. Hall og A.M. Williams (ritstj.), *Tourism and Migration: New Relationships between Production and Consumption* (bls. 169-186). Dordrecht: Kluwer.
- Nahapiet, J. og Ghoshal, S. 1998. Social Capital, Intellectual Capital and the Organizational Advantage, *Academy of Management Review*, 23(2), bls. 242-266.
- Popovich, M. og Buss, T. 1990. 101 ideas for stimulating rural entrepreneurship and new business development, *Economic Development Review*, 8(4), bls. 26-31.
- Putnam, R.D. 2000. *Bowling Alone – The Collapse and Revival of American Community*. New York: Simon and Schuster.
- Quinn, B. 2004. Dwelling Through Multiple Places: A Case Study of Second Home Ownership in Ireland. Í C.M. Hall og D.K. Müller (ritstj.) *Tourism, Mobility and Second Homes: Between Elite Landscapes and Common Ground* (bls. 113-130). Clevedon: Channel View Publications.
- Stedman, R.C., S.J. Goetz og B. Weagraff 2006. Does Second Home Development Adversely Affect Rural Life. Í W.A. Kandel og D.L. Brown (ritstj.), *Population Change and Rural Society* (bls. 277-292). Dordrecht: Springer.
- Stefán Ólafsson 1997. *Búseta á Íslandi. Rannsókn á orsökum búferlaflutninga*. Bygðastofnun.
- Thrift, N. 1999. Steps to an Ecology of Place. Í D. Massey, J. Allen og P. Sarre (ritstj.), *Human Geography Today* (bls. 295-322). Cambridge: Polity Press.
- Tress, G. 2002. Development of second-home tourism in Denmark. *Scandinavian Journal of Hospitality and Tourism*, 2, 109-122.
- Tribe, J. 2005. *The Economics of Recreation, Leisure & Tourism*. Amsterdam: Elsevier.
- Viðar Hreinsson 2010. The Crucifixion and Resurrection of the Sheep. Sótt 30. júní 2010, af: <http://provincialists.com/essay.php?e=18&f=1>
- Visser, G. 2006, South Africa has Second homes too! An exploration of the Unexplored. *Current Issues in Tourism*, 9(4&5), 351-383.
- Vífill Karlsson. 2010. Áhrif samgöngubóta á fasteignamarkað sérstaklega afskekktara byggðarlaga. Kafi í *Fjallabyggð fyrir Héðinsfjarðargöng*, ritstj. Þóroddur Bjarnason og Kolbeinn H. Stefánsson. Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Wang, Y. 2007. Customized Authenticity begins at Home. *Annals of Tourism Research*, 34(3), 789-804.
- Williams, A.M. og Hall, C.M. (2000). Tourism and migration: New relationships between production and consumption. *Tourism Geographies*, 2(1), 5-27.
- Þóroddur Bjarnason, Kjartan Ólafsson og Kolbeinn H. Stefánsson. 2010. Búsetuþróun í Fjallabyggð 1929–2009. Kafi í *Fjallabyggð fyrir Héðinsfjarðargöng*, ritstj. Þóroddur Bjarnason og Kolbeinn H. Stefánsson. Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Örn D. Jónsson og Edward H. Huijbens 2005: Félagsvist heita vatnsins. Í Ingjalður Hannibalsson (ritstj.) *Rannsóknir í Félagsvísindum VI* (bls. 577-591). Reykjavík: Félagsvísindadeild Háskóla Íslands.



Áhrif hagsveiflna á atvinnustig afskekkttra landsvæða á Íslandi: Fjallabyggð á krepputímum

Vífill Karlsson

Inngangur

Efnahagskreppa stendur yfir á Íslandi eftir eitt mesta og lengsta samfellda hagvaxtarskeið í sögu landsins. Ákaflega mismunandi skilaboð koma víðsvegar úr samfélaginu um hversu vel eða illa kreppan hefur komið við almenning og fyrirtæki. Vísbendingar hafa komið fram um að hugsanlega sé landfræðilegur munur á áhrifum kreppunnar. Í nýlegri skýrslu kemur fram að þessi áhrif séu mismunandi gagnvart þróun ársverka einstakra sveitarfélaga og þar ráði sennilega fjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu og uppbygging atvinnulífsins nokkru um (Vífill Karlsson, 2009). Því er áhugavert að kanna hvort sérstaklega einangruð samfélög eins og Fjallabyggð skeri sig verulega úr miðað við önnur landsvæði og hvort opnun Héðinsfjarðarganganna gæti breytt einhverju þar um. Í þessari rannsókn verður gerð tilraun til að spá fyrir um hversu mikil áhrif 10% samdráttur vergrar landsframleiðslu (VLF) hefur á atvinnustig á Íslandi, brotið upp eftir sveitarfélögum þess þar sem óvenju afskekktum sveitarfélögum eins og Fjallabyggð verður veitt sérstök athygli.

Mynd 1 sýnir sambandið milli þróunar hagvaxtar og ársverka á landinu öllu. Gögnunum var breytt í vísitölur og stíllt upp saman í mynd. Á þessu sést að fylgni ársverka og VLF er traust þegar horft er til skýrðrar dreifingar (R^2). Þó er eins og dragi úr henni í lok tímabilsins. Það er kannski vegna sérstöðu fyrstu ára aldarinnar sem einkenndust af hagvexti sem myndaðist við útpenslu og útrás bankakerfisins og tengdrar starfsemi. Til samanburðar er dregin upp mynd af VLF og þremur öðrum mikilvægum hagstærðum. Þessir þættir eru atvinnutekjur, atvinnuleysi og mannfjöldapróun. Fylgni atvinnutekna og VLF var svipuð og á milli ársverka og VLF. Þó virðist þetta einna síst eiga við í upphafi tímabilsins og lok þess.




Gögn Hagstofu Íslands árin 1981-2006. R^2 á milli ársverka og VLF er 0,97 en 0,98 á milli atvinnutekna og VLF.

Mynd 1. Ársverk og atvinnutekjur á landinu öllu gagnvart VLF.

Mynd 2 sýnir að atvinnuleysi dregst saman þegar VLF eykst en þetta samband hefur ekki mikla fylgni (R^2 0,42). Samkvæmt þessu má þó segja að ef VLF dregst saman um 1% eykst atvinnuleysi um 11%. Atvinnuleysi var 1% árið 2007. Því má segja að atvinnuleysi gæti orðið 11% á landinu öllu ef VLF dregst saman um 10% (þ.e. 110% hærra en árið 2007), ef þessi frumraun stæðist öflugri útfærslu þessa líkans. Fylgni íbúafjölda og VLF er líka all nokkur. Þó

ÁHRIF HAGSVEIFLNA Á ATVINNUSTIG

má segja að íbúáþróun sé ekki í neinu samræmi við „fínhyrfingarnar“ í þróun VLF, sem sést m.a. á því að íbúafjöldinn virðist þróast í sama takti þrátt fyrir breytingar á hagsveiflum til hins betra eða verra. Íbúáþróun er því í samræmi við langtíma hagþróun landsins eins og búast mátti við.



Gögn Hagstofu Íslands árin 1981-2006. R^2 á milli íbúáþróunar og VLF er 0,91 en 0,42 á milli atvinnuleysis og VLF.

Mynd 2. Atvinnuleysi og íbúáþróun á landinu öllu gagnvart VLF.

Þegar fjöldi starfandi er brotinn upp eftir atvinnugreinum í töflu 1 kemur athyglisvert mynstur fram. Í hverri atvinnugrein sjáum við á formerki stuðulsins að þrengingar draga úr heildarfjölda starfandi en ýta undir fjölda starfandi í landbúnaði, fiskveiðum og fiskvinnslu. Þetta á sérstaklega við um fiskvinnslu, bæði hvað varðar umfang breytinganna og marktækni, sem er mjög mikil (t-gildi -13,5).

Tafla 1. Fjöldi starfandi eftir atvinnugreinum og fylgni við VLF á mann.

Atvinnugrein	Breyting (stuðull)	Hlutfallsleg breyting	t-gildi
Landbúnaður (A)	-24,1	-0,4%	-2,8
Fiskveiðar (B)	-49,8	-0,9%	-6,6
Fiskvinnsla (152)	-101,8	-1,5%	-13,5
Annar iðnaður (D-E)	19,1	0,1%	1,4
Mannvirkjagerð (F)	103,8	0,9%	6,5
Verslun og viðgerðarþjónusta (G)	71,7	0,3%	4,3
Fasteigna- og viðskiptaþjónusta (J-K)	183,2	1,5%	15,2
Samgöngur og flutningar (I)	47,2	0,5%	5,9
Fræðslustarfsemi (M)	86,9	0,8%	8,4
Heilbrigðis- og félagsþjónusta (N)	117,6	0,5%	9,0
Hótel- og veitingahúsarekstur (H)	39,7	0,8%	5,3
Opinber stjórnslá (L)	41,0	0,6%	4,3
Önnur þjónusta (O-Q)	76,5	0,7%	4,2

Fylgni metin á milli fjölda starfandi í hverri atvinnugrein og VLF á tímabilinu 1991-2008. Neikvætt formerki kveður á um fjölgun starfandi þegar kreppir að en jákvætt formerki kveður á um fjölgun starfandi á hagvaxtarskeiðum. Heimild: Hagstofa Íslands

Þetta kann að markast af því að gengi krónunnar veikist gjarnan þegar kreppir að og það kemur frumvinnslu- og jafnvel iðngreinum vel. Þessi áhrif eru áberandi í fiskvinnslu. Þetta gefur okkur fulla ástæðu til að ætla að áfallið vegna kreppunnar muni ekki verða eins mikið á

landsbyggðinni, einkum við sjávarsíðuna, og á höfuðborgarsvæðinu og í öðrum þjónustukjörnum.

Tafla 2. Fjöldi starfandi eftir atvinnugrein og svæðum 1994-2006.

Svæði	Atvinnugrein	1994	2006	Mismunur	Vöxtur	Vægi 1994	Vægi 2006
Höfuðborgarsvæði							
	Frumframleiðsla	1.400	1.800	400	29%	2%	2%
	Iðnaður	16.900	20.800	3.900	23%	21%	19%
	Þjónusta	53.000	70.000	17.000	32%	65%	64%
	Þekkingariðnaður	10.000	17.600	7.600	76%	12%	16%
Landsbyggð							
	Frumframleiðsla	11.100	9.300	-1.800	-16%	20%	16%
	Iðnaður	18.700	15.200	-3.500	-19%	33%	26%
	Þjónusta	23.800	29.900	6.100	26%	42%	50%
	Þekkingariðnaður	2.800	5.000	2.200	79%	5%	8%

Frumframleiðsla er landbúnaður og fiskveiðar (A og B). Iðnaður er fiskvinnsla, mannvirkjagerð, veitur, annar iðnaður (D-F). Þekkingariðnaður er fjármálaþjónusta, tryggingar, fasteignaviðskipti (J og K). Þjónusta er allt annað (G-I og L-Q). Heimild: Hagstofa Íslands.

Tafla 2 sýnir athyglisverðar tölur yfir fjölda starfandi eftir atvinnugreinum og svæðum. Ef við horfum til síðastliðins hagvaxtarskeiðs og nokkurra undangenginna ára, tímabilið 1994-2006, kemur í ljós að störfum fækkar í frumframleiðslu og iðnaði á landsbyggðinni. Þar munar mest um störf í landbúnaði, fiskveiðum og fiskiðnaði (sjá töflu 3). Það er athyglisvert hversu mikill og jafn vöxtur þjónustu og þekkingargreina er á báðum svæðum. Vægi slíkra greina er minna á landsbyggðinni þó það vaxi hlutfallslega meira þar en á höfuðborgarsvæðinu. Fjöldi starfandi í þekkingariðnaði jókst um 9.800 á milli árunna 1994 og 2006, þar af er fjölgunin 7.600 á höfuðborgarsvæðinu. Fjölgunin var mun meiri í þjónustu, eða 23.100 starfsmenn. Hins vegar fækkaði starfsmönnum um 1.000 í iðnaði og frumvinnslu. Fækkunin er eingöngu á landsbyggðinni. Það er áhyggjuefni vegna þess hversu þungt þessar atvinnugreinar vega þar.

Í töflu 3 kemur í ljós að á landsbyggðinni dróst fjöldi starfandi í fiskvinnslu saman um 50% á landsbyggðinni, um 37% í fiskveiðum og um 22% í landbúnaði. Þetta eru mikil umskipti þegar horft er til vægis þessara greina á landsbyggðinni. Í þessum samanburði er breytingin hlutfallslega sambærileg á höfuðborgarsvæðinu í fiskiðnaði en eingöngu 10% samdráttur í fiskveiðum og 41% aukning í landbúnaði, en störf þar eru reyndar óvenju fá í samanburði við heildarfjölda starfandi á höfuðborgarsvæðinu. Þó skal á það bent að 11% allra starfa í landbúnaði eru á höfuðborgarsvæðinu á seinna tímabilinu, 13% í fiskiðnaði og 23% í fiskveiðum. Þá er athyglisvert að starfsmönnum fjölgar verulega á báðum svæðum í öllum þjónustustörfum og þekkingargreinum því óttast hefur verið að vöxtur slíkra greina væri eingöngu á höfuðborgarsvæðinu. Fara verður gætilega við lestur og túlkun þessara talna því staðsetning starfanna fer eftir lögheimili starfsmanna. Flæði er nokkurt á milli höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðarinnar. Samkvæmt nýlegri könnun Bjarna Reynarssonar starfa um 5-15% íbúa í nágrennasveitarfélögum höfuðborgarsvæðisins á höfuðborgarsvæðinu. Mikill meirihluti þessara starfa er í þekkingar- og þjónustugreinum. Þess vegna er vöxtur þeirra greina á höfuðborgarsvæðinu ein helsta ástæðan fyrir auknum fjölda starfandi í þeim greinum á landsbyggðinni á árunum 1994-2006.

Tafla 3. Fjöldi starfandi eftir atvinnugreinum og landsvæðum 1991-2008.

Svæði	Atvinnugrein	1991-2006	2003-2008	Mismunur
Alls	Landbúnaður (A)	6.683	5.517	-1.167
	Fiskveiðar (B)	6.667	4.483	-2.183
	Fiskiðnaður (DA 1520)	8.633	4.233	-4.400
	Annar iðnaður (D án DA 1520)	14.917	16.033	1.117
	Veitur (E)	1.400	1.567	167
	Mannvirkjagerð (F)	9.833	13.850	4.017
	Verslun og viðgerðarþjónusta (G)	20.033	22.650	2.617
	Hótel- og veitingahúsarekstur (H)	4.150	5.767	1.617
	Samgöngur og flutningar (I)	9.067	11.117	2.050
	Fjármálaþjónusta og tryggingar (J)	4.833	7.367	2.533
	Fasteignaviðsk. og ýmis þjón. (K)	8.050	15.883	7.833
	Opinber stjórnsýsla (L)	6.650	8.400	1.750
	Fræðslustarfsemi (M)	8.767	12.517	3.750
	Heilbrigðis- og félagsþjónusta (N)	19.733	24.967	5.233
	Önnur samfélagsleg þj. og menning (O-Q)	9.200	12.283	3.083
Höfuðborgarsv.	Landbúnaður (A)	450	633	183
	Fiskveiðar (B)	1.150	1.017	-133
	Fiskiðnaður (DA 1520)	1.000	533	-467
	Annar iðnaður (D án DA 1520)	9.367	10.433	1.067
	Veitur (E)	783	917	133
	Mannvirkjagerð (F)	5.683	8.317	2.633
	Verslun og viðgerðarþjónusta (G)	14.083	16.500	2.417
	Hótel- og veitingahúsarekstur (H)	2.833	4.133	1.300
	Samgöngur og flutningar (I)	6.183	7.983	1.800
	Fjármálaþjónusta og tryggingar (J)	3.533	5.833	2.300
	Fasteignaviðsk. og ýmis þjón. (K)	6.517	12.733	6.217
	Opinber stjórnsýsla (L)	4.133	5.483	1.350
	Fræðslustarfsemi (M)	5.167	7.917	2.750
	Heilbrigðis- og félagsþjónusta (N)	13.567	16.717	3.150
	Önnur samfélagsleg þj. og menning (O-Q)	6.733	8.700	1.967
Landsbyggð	Landbúnaður (A)	6.250	4.883	-1.367
	Fiskveiðar (B)	5.517	3.467	-2.050
	Fiskiðnaður (DA 1520)	7.667	3.667	-4.000
	Annar iðnaður (D án DA 1520)	5.550	5.617	67
	Veitur (E)	617	650	33
	Mannvirkjagerð (F)	4.183	5.533	1.350
	Verslun og viðgerðarþjónusta (G)	5.967	6.150	183
	Hótel- og veitingahúsarekstur (H)	1.333	1.650	317
	Samgöngur og flutningar (I)	2.883	3.100	217
	Fjármálaþjónusta og tryggingar (J)	1.283	1.550	267
	Fasteignaviðsk. og ýmis þjón. (K)	1.517	3.150	1.633
	Opinber stjórnsýsla (L)	2.483	2.900	417
	Fræðslustarfsemi (M)	3.567	4.633	1.067
	Heilbrigðis- og félagsþjónusta (N)	6.167	8.250	2.083
	Önnur samfélagsleg þj. og menning (O-Q)	2.483	3.550	1.067

Heimild: Hagstofa Íslands.

Í þessari rannsókn verður reynt að spá fyrir um þróun ársverka í einstökum sveitarfélögum á landinu öllu. Jafnvel þó fjöldi ársverka fylgi hagvexti þétt eftir þegar horft er til landsins alls, kann þróunin að vera ákaflega mismunandi eftir sveitarfélögum þar sem samsetning atvinnugreina er ákaflega mismunandi eftir landshlutum. Í skýrslunni verður byggt á sögulegum gögnum yfir öll sveitarfélög á tímabilinu 1981–2006. Stuðst verður við spálíkan fyrir panelgögn. Skýrslan byggir á vinnu sem unnin var hjá Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi fyrir þann landshluta (Vífill Karlsson, 2009).

Aðferð og gögn

Tölfræðilíkanin verður beitt í greiningunni. Hér er um sérstaka útgáfu að ræða sem metur öll sveitarfélög saman í einni keyrslu og nær mun nákvæmara mati en hefðbundin líkön af þessu tagi. Þetta er kallað panelgagnalíkan:

$$\ln e_{it} = \alpha_i + \ln x'_{it} + \omega_{it} \quad (1)$$

þar sem ársverk í sveitarfélaginu, e_{it} , eru háð ýmsum mikilvægum skýristærðum, x_{it} , eins og lýst er betur í fyrri greiningu minni (Vífill Karlsson, 2009). Ákveðið var að nota ólínulegt líkan, lógaritma, þannig að út úr því kæmi hlutfallslegt samband á milli skýribreytanna og háðu breytunnar. Niðurstöður slíks líkans eru auðveldari í túlkun en líkön með hefðbundinni uppsetningu auk þess sem minni hætta er á misdreifni sem var fyrirsjáanleg vegna ákveðinna eiginleika talnasafnsins.

Horft var til margra rannsókna við val á líkani og skýribreytum inn í það (Blien o.fl., 2006; Burge & Ihlanfeldt, 2009; Coates & Humphreys, 2003; Coelho o.fl., 2006; Saks, 2008; Vífill Karlsson, 2009). Gögn rannsóknarinnar eru heildarársverk, ársverk í frumvinnslugreinum og verg landsframleiðsla. Gögnin eru til yfir öll 79 sveitarfélög landsins á tímabilinu 1981–2005. Því er um að ræða rúmlega 2000 athuganir í þessu safni.

Ákveðið vandamál kom upp í gögnum yfir atvinnustig vegna þess að mikilvægt var talið að ná athugunum sem næðu yfir sem lengst tímabil til þess að hafa reynslu af bæði samdráttar- og þensluskeiðum. Í rauninni var um að ræða tvo mælikvarða – þ.e. ársverk og fjölda starfandi. Ársverk voru til fyrir öll sveitarfélög á tímabilinu 1981–1997. Eftir það voru bara til gögn yfir fjölda starfandi. Brugðist var við þessu með því að spá fyrir um gildið árið 1998 með hjálp fylgni ársverka á hverjum stað við VLF og síðan var vísitala fjölda starfandi notuð til að framreikna hana til ársins 2005.

Tafla 4. Breytur í lýsandi tölfræði.

Breyta	Lýsing	Meðaltal	Staðalfrávik
Ársverk	Ársverk í öllum atvinnugreinum að jafnaði allt árið í hverju sveitarfélagi	1.851,1	6.139,0
Ársverk í frumvinnslu	Ársverk í frumvinnslu að jafnaði allt árið í hverju sveitarfélagi	165,4	156,9
VLF	Verg landsframleiðsla (á landinu öllu)	92,6	12,8

Meðaltöl þessarar töflu eru ársmeðaltöl.

Gögnin yfir VLF voru fengin hjá Hagstofu Íslands, ársverk hjá Bygðastofnun. Í töflunni má sjá allnokkurn breytileika í gögnunni. Staðalfrávik ársverka er rúmlega þrefalt herra en meðaltal þeirra. Þá er breytileiki VLF mun minni en fyrrgreindra breyta. Það helgast af því að

ÁHRIF HAGSVEIFLNA Á ATVINNUSTIG

enginn breytileiki er á milli svæða þar sem þetta er VLF en ekki verg svæðaframleiðsla. Hinar breytur eru brotnar upp á milli svæða og þess vegna verður breytileikinn svo mikill, einkum m.t.t. fjölda íbúa svæðanna.

Þá voru útbúnar nokkrar leppbreytur (e. dummy variable) sem endurspegla viðburði sem gengið hafa yfir einstaka landshluta. Fyrsta skal telja leppbreytu fyrir Hvalfjarðargöng árið 1998 sem hafði veruleg áhrif á nærliggjandi sveitarfélög (Vífill Karlsson, 2004). Sveitarfélögin Akranes, Hvalfjarðarsveit, Skorradalshreppur og Borgarbyggð tóku gildið 1 í þeirri leppbreytu frá og með árinu 1998 en önnur gildi voru 0. Hrun hörpuskeljarstofnsins við Breiðafjörð hafði mjög mikil áhrif á Stykkishólm. Árið 2003 var fyrsta árið um langt árabil í Stykkishólmi sem engar skelveiðar voru stundaðar þar og tók því leppbreytan gildið 1 þar frá þeim tíma. Framkvæmdir við álver á Austurlandi kölluðu líka á leppbreytu þriggja sveitarfélaga frá og með árinu 2004. Þetta voru sveitarfélögin Fjarðabyggð, Fljótsdalshérað og Fljótsdalshreppur. Þá var gerð grein fyrir áhrifum snjóflóðanna á Vestfjörðum árið 1995 og 1996 með því að gefa Súðavíkurreppi og Ísafjarðarbæ leppbreytu frá og með þeim árum.

Niðurstöður

Í greiningunni var háða breyta líkansins (líkan 1) heildarársverk í viðkomandi sveitarfélögum. Skýribreyturnar voru hlutfall atvinnugreina í frumvinnslu (þ.e. sjávarútvegi og landbúnaði) og VLF á mann. Síðarnefndi stuðullinn gefur hugmynd um það hvernig VLF hefur áhrif á þróun ársverka í hverju sveitarfélagi. Auk þess voru settar inn sérstakar leppbreytur sem áttu að gera grein fyrir þekktum efnahagsáföllum eða -höppum. Þar má nefna uppbyggingu álvera, stórar vegstytingar, hrun hörpuskeljarinnar við Breiðafjörð og mannskæð snjóflóð.

Tafla 5 sýnir að metillinn var ákaflega misjafn á milli sveitarfélaga, eða á bilinu -1,9 til 3,6. Niðurstöðurnar kveða á um að 10% samdráttur í VLF geti fjölgað ársverkum í sumum sveitarfélögum um allt að 19% en dregið þau saman um allt að 36% annars staðar. Í Fjallabyggð má vænta þess að ársverkum geti fjölgað um 10,7% í kjölfar 10% samdráttar á VLF. Metillinn var neikvæður fyrir 12 sveitarfélög af þeim 50 sem voru með í matinu: Bolungarvíkurkaupstað, Ísafjarðarbæ, Vesturbyggð, Súðavíkurrepp, Grímseyjarhrepp, Arnarneshrepp, Svalbarðshrepp, Seyðisfjörð, Vopnafjarðarhrepp, Borgarfjarðarhrepp, Breiðdalshrepp og Vestmannaeyjar. Þessi sveitarfélög eiga ýmislegt sameiginlegt. Þau eru öll langt frá höfuðborgarsvæðinu og einungis eitt þeirra er við þjóðveg 1. Einu eyjarnar sem komu við sögu í gögnunum voru báðar í þessum hóp. Af 12 sveitarfélögum voru 6 endastöðvar. Hafa ber í huga að það eru aðeins 7 skýrar endastöðvar í þessum hóp (Tafla 5, merkt með stjörnum). Sú endastöð sem ekki var með neikvæðan metil, Kaldrananeshreppur, var með metilinn 0. Endastöðvar voru skilgreindar sem sveitarfélag þar sem meira en helmingur íbúa býr í þéttbýli sem er ekki í vegasambandi við dæmigerða hringleið ferðamanna. Það er því athyglisvert hvað endastöðvar og almennt einangruð svæði voru með neikvæðan metil. Niðurstöðurnar vöktu þá spurningu hvort kerfisbundið mynstur væri í þeim tengt atvinnuuppbyggingu hvers sveitarfélags. Var þá gripið til þess ráðs að stilla metli hvers sveitarfélags saman við vægi ársverka í landbúnaði, sjávarútvegi og þjónustu. Að þessu sinni var vægi fjölda starfandi eftir þessum atvinnugreinum reiknað fyrir árið 2005 og borið saman við metil hvers sveitarfélags samkvæmt töflu 5.


Mynd 3 sýnir áhugavert mynstur fyrir sjávarútveg og þjónustu en ekki fyrir landbúnað. Metillinn varð jákvæðari eftir því sem vægi þjónustu jókst en hið gagnstæða gildi í tilfelli sjávarútvegs. Þetta þýðir að líklegra sé að áfall vegna kreppunnar verði meira á þeim svæðum sem byggja afkomu sína á þjónustu en minna hjá þeim sem byggja afkomu sína á sjávarútvegi. Þetta mynstur var ekki sterkt en gaf áhugaverðar vísbendingar sem full ástæða er til að veita athygli.

Tafla 5. Niðurstöður aðhvarfsgreiningar: Panelgagnalíkan með föstum áhrifum.

Skýribreyta (skammstöfun)	Metill (Stuðull)	t-gildi
Frumvinnslugreinar	0,150	10,93
Hörpuskeljastofn	-0,078	-2,46
Hvalfjarðargöng	0,108	4,08
Álver Austurland	0,121	1,06
Snjóflóð Vestfjörðum	-0,097	-2,48
Tafinn leifaliður	0,635	15,39
Reykjavík	0,839	28,33
Kópavogur	1,488	26,95
Seltjarnarnes	0,870	17,18
Garðabær	1,165	26,18
Hafnarfjörður	1,531	29,61
Sveitarfélagið Álftanes	3,314	29,42
Mosfellsbær	1,882	27,80
Reykjanesbær	0,474	11,54
Grindavíkurbær	0,796	24,02
Sandgerði (2503)	0,628	6,32
Sveitarfélagið Garður	0,899	12,85
Sveitarfélagið Vogar	1,232	15,02
Akranes	0,160	1,51
Borgarbyggð	0,600	5,36
Grundarfjarðarbær	0,251	4,06
Stykkishólmsbær	0,220	2,17
Snæfellsbær	0,130	4,49
Bolungarvíkurkaupstaður *	-0,605	-9,64
Ísafjarðarbær	-0,190	-1,34
Tálknafjarðarhreppur	0,017	0,13
Vesturbyggð	-1,092	-12,80
Súðavíkurhreppur	-0,885	-5,06
Kaldrananeshreppur *	0,008	0,02
Sveitarfélagið Skagafjörður	2,644	10,26
Húnaþing vestra	0,710	3,24
Blönduóssbær	0,076	0,71
Höfðahreppur	0,092	0,49
Akureyri	0,390	13,54
Norðurþing	0,460	8,00
Fjallabyggð *	-1,076	-7,98
Dalvíkurbyggð	2,646	12,06
Grímseyjarhreppur *	-1,455	-8,87
Arnarneshreppur	-0,007	-0,03
Eyjafrjarsveit	0,454	8,59
Svalbarðsstrandarhreppur	0,878	9,44
Grýtubakkahreppur	0,091	0,67
Svalbarðshreppur	-0,515	-1,97
Seyðisfjörður *	-0,683	-8,98
Fjarðabyggð	1,949	7,94
Vopnafjarðarhreppur	-0,496	-7,98
Borgarfjarðarhreppur *	-1,423	-6,08
Breiðdalshreppur	-1,672	-8,67
Djúpavogshreppur	0,074	0,69
Fljótsdalshérað	3,692	13,38
Sveitarfélagið Hornafjörður	2,190	10,05
Vestmannaeyjar *	-0,177	-3,48
Sveitarfélagið Árborg	3,122	17,18
Hrunamannahreppur	0,883	18,60
Hveragerði	1,084	25,65
Sveitarfélagið Ölfus	0,700	12,87

1198 athuganir, 50 sveitarfélög á tímabilinu 1982-2005. Panelgagnalíkan með föstum áhrifum (e. fixed effect). Forrit Eviews; Breytur 0-8717 eru einstaklingsstuðlar (e. individual coefficients).

Leiðrétt R^2 0,99; F-gildi 3410; Durbin Watson gildi 1,85 (t-gildi 1,71). Háð breyta er ársverk.



Mynd 2: Ársverk og vægi þeirra í þremur atvinnugreinum á landinu öllu gagnvart stuðlum líkansins.

Það er tvennt sem bendir til þess að Fjallabyggð muni ekki koma illa út úr kreppunni. Fjallabyggð er endastöð og byggir afkomu sína á sjávarútvegi en báðir þessir þættir spá fyrir um jákvæð áhrif samdráttar á VLF. Eftir opnun ganganna er Fjallabyggð hins vegar ekki lengur endastöð. Það kann að draga úr þeirri jákvæðu stöðu sem sveitarfélagið er í að þessu leyti en eykur þar með líkurnar á að það njóti góðs af efnahagsbatanum þegar hann kemur til.

Umræða

Því hefur verið haldið fram að efnahagskreppan sem hófst haustið 2008 hafi önnur áhrif á almenning og fyrirtæki á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu. Hér hefur verið horft til áhrifa samdráttar í vergri landsframleiðslu í einstökum sveitarfélögum með áherslu á sérstaklega einangruð samfélög á borð við Fjallabyggð. Í rannsókninni var stuðst við gagnagrunn yfir öll sveitarfélög á Íslandi á árunum 1981–2006, þar sem horft var til þess hvernig atvinnustig í hverju sveitarfélagi þróaðist með hagvexti landsins alls.

Niðurstaða rannsóknarinnar var sú að hagsveiflur á landinu hafa mestu jákvæðu áhrifin á þeim svæðum þar sem vægi ársverka er mest í þjónustugreinum en miklu minni ef um frumvinnslugreinar er að ræða. Þá er staða einangraðra landsvæða eins og Fjallabyggðar ákaflega óvenjuleg. Þar er marktækt neikvætt samband hagsveiflna og atvinnustigs. Því má ætla að atvinnustig aukist á stöðum eins og Fjallabyggð á samdráttarskeiðum og dragist saman á þensluskeiðum og þar með að atvinnustig hækki þar í kreppunni. Eftir opnun Héðinsfjarðarganganna eru Ólafsfjörður og Siglufjörður hins vegar ekki lengur endastöðvar. Því má vera að Fjallabyggð njóti bæði góðs af kreppunni fyrir göng og hagvexti eftir göng þegar hagkerfið tekur við sér að nýju. Hér er átt við það að ársverkum kann að fjölga í Fjallabyggð í kjölfar kreppunnar en nú eftir opnun ganganna fækkar þeim eitthvað, en um leið og hagvaxtarskeið hefst á ný ætti þeim að fjölga aftur eins og vænta má um þau sveitarfélög sem ekki teljast til endastöðva.

Sérstaða endastöðva kann að skýrast af þrennu. Í fyrsta lagi sækja smærri byggðarlög mikla þjónustu til höfuðborgarsvæðisins eða stærstu miðstöðva einstakra landshluta. Þetta er gjarnan tekjuteygin þjónusta eins og sérvörverslun, sérhæfð þjónusta og ýmis afþreying. Þegar kreppir að skera heimilin fyrst niður útgjöld vegna slíkrar neyslu. Hins vegar sækja mjög fáir

utanaðkomandi þjónustu til endastöðva og þess vegna verður samdráttur í verslun og þjónustu ekki jafn afgerandi þar. Í öðru lagi hafa endastöðvar gjarnan hátt þjónustustig miðað við byggðarlög sambærilegrar stærðar einmitt vegna einangrunar. Þær eru oft langt frá sterkum þjónustukjarna og þá gjarnan eingöngu um eitt nágrannabyggðarlag að ræða með einhverja verslun og þjónustu í stað tveggja eða fleiri ef byggðarlagið væri á einhverri hringleið. Af þessum sökum eru verslanir og þjónusta endastöðva í minni samkeppni við nágranna sína en ella og mun öflugri fyrir vikið. Á þessum stöðum er því um óvenju mikla fjölbreytni í verslun og þjónustu að ræða miðað við samfélög af sambærilegri stærð sem ekki eru endastöðvar. Þá er líklegt að eftirspurn eftir sérvöru, sérhæfðri þjónustu og afþreyingu í heimabyggð dragist ekki eins mikið saman og ef hún er sótt annað vegna hækkandi beins ferðakostnaðar þegar kreppir að – þ.e. veiking krónunnar hefur bein áhrif á verð bensíns, olíuvara og varahluta til hækkunar.

Því má kannski segja að heimamarkaðurinn sé verslun og þjónusta „tryggari“ en utanbæjarmarkaðurinn og þar sem verslun og þjónusta á endastöðvum byggja í ríkara mæli á heimamarkaði en annarsstaðar verði samdrátturinn ekki eins mikill þar þegar kreppir að. Í þriðja lagi er ferðaþjónusta vaxandi atvinnugrein um allt land. Í kreppu breytist samsetning viðskiptavina. Íslendingar verða hlutfallslega fleiri og vegna hærri ferðakostnaðar munu þeir frekar sækja nærliggjandi áfangastaði. Samsetning erlendra ferðamanna breytist líka. Vægi ferðamanna sem ferðast ódýrt eykst. Heildarfjöldi ferðamanna mun vissulega aukast en þeim fækkar sem ferðast dýrt. Hvorutveggja bitnar á fjarlægum stöðum. Hins vegar breytir þetta litlu fyrir endastöðvar því þær hafa gjarnan orðið útundan hjá þeim ferðamönnum sem ferðast í kringum landið. Af þessum sökum mun viðspyrnan sem frumframleiðslan og annar samkeppnisiðnaður sem kreppan er ekki rakin til, vegna veikingar krónunnar, koma inn af fullum þunga á endastöðvum sem virðist skila sér í hreinni fjölgun starfa á samdráttarskeiðum og í kreppu. Með þessu kann sérstaða endastöðva að vera útskýrð og þar með hvers vegna niðurstöðurnar eru með þessum hætti.

Hafa ber í huga að niðurstaðan er almenn. Þess vegna ætti hið gagnstæða að gerast á hagvaxtarskeiðum. Þá þrengir að þeim samkeppnisgreinum sem hagvöxturinn er ekki rakin til vegna styrkingar krónunnar en greinar í verslun og þjónustu styrkjast af sömu ástæðu. Þá myndi vöxtur á höfuðborgarsvæðinu og helstu þjónustukjörnum vera meiri en í smærri byggðarlögum. Á endastöðvum myndi ársverkum fækka á ný. Þess vegna má segja Héðinsfjarðargöng muni draga úr hættu á slíkum áhrifum þegar hagvaxtarskeið hefst að nýju á Íslandi. Því má segja að Héðinsfjarðargöng séu mikilvæg Fjallabyggð sé horft til framtíðar. Kreppan gengur yfir og ekkert útlit fyrir annað en að hagvöxtur héraendis geti orðið á bilinu 2-3% að jafnaði árlega í framtíðinni. Það er því mikilvægt fyrir Fjallabyggð að komast nær hringið ferðaþjónustunnar og fá aðgang að stærra markaðssvæði fyrir vöru og þjónustu; ferðamönnum sem ferðast dýrt og Íslendingum sem leita eftir fjölbreytni í verslun og afþreyingu. Á móti munu íbúar Fjallabyggðar vissulega versla í ríkari mæli utan sveitarfélagsins en óvíst er að það vegi upp þau jákvæðu áhrif sem minnst hefur verið á, ef marka má niðurstöður þessarar greiningar.

Þetta er þó ekki að öllu leyti fullnægjandi skýring fyrir niðurstöðurnar í heild. Ennþá er erfitt að útskýra metilinn fyrir Dalvík og Höfn út frá því sem áður hefur verið sagt. Dalvík og sérstaklega Höfn verða að teljast frekar einangradir staðir en stuðullinn þar er óvenju hár og með jákvæðu formerki á meðan stuðullinn er lægri á Akureyri. Samkvæmt því sem fyrr var greint hefði þessu átt að vera öfugt farið og stuðullinn fyrir Reykjavík að vera einna hæstur. Þetta kallar á framhaldsrannsókn sem nær betur utan um þetta. Í þeirri rannsókn þarf að afla gagna yfir fleiri skýribreytur og vinna betur með mögulega innri fylgni. Hluti af skýringunni kann að vera tengdur gögnunum. Gögnin eru eins og áður sagði hneppt saman úr tveimur mælistikum, ársverkum og fjölda starfandi. Þess utan gætir ákveðinnar ónákvæmni í gögnunum.

ÁHRIF HAGSVEIFLNA Á ATVINNUSTIG

Þau eru byggð á tryggingargjaldsskýrslum og fjöldi starfandi vinnur hlutastarf eða jafnvel meira en heilt stöðugildi. Þess vegna getur atvinnustig verið að dragast saman eða aukast án þess að fjöldi starfandi nái utan um það.

Greiningin dregur fram áhugavert mynstur. Meginniðurstaðan er í samræmi við það sem ætla mátti, að þau sveitarfélög sem byggja afkomu sína á útflutningsatvinnugreinum koma betur út þegar kreppir að í hagkerfinu en þau sem byggja á þjónustugreinum. Vissulega eru ekki alger skil á milli atvinnugreinanna því afkoma þjónustugreina er líka háð afkomu útflutningsgreina. En þó má ætla að þær þjónustugreinar sem byggja að miklu leyti á innfluttum aðföngum komi til með berjast í bökkum jafnvel þó bætt afkoma útflutningsgreinanna og jákvæð áhrif þeirra auki eitthvað eftirspurn á móti. Þá er einnig rökrétt að þjónustugreinar endastöðva byggi í meiri mæli á heimamarkaði en annarra og sá markaður er miklu tryggari en eftirspurn af öðrum svæðum. Meginniðurstöður þessarar rannsóknar eru því nokkuð sennilegar þó svo að erfiðara sé að útskýra stöku metil. Frekari rannsóknir þurfa því að koma til.

Heimildir

- Blien, U., Suedekum, J. & Wolf, K. 2006. Local employment growth in West Germany: A dynamic panel approach. *Labour Economics*, 13(4), 445-458.
- Burge, G. & Ihlanfeldt, K. 2009. Development impact fees and employment. *Regional Science and Urban Economics*, 39(1), 54-62.
- Coates, D. & Humphreys, B. R. 2003. The effect of professional sports on earnings and employment in the services and retail sectors in US cities. *Regional Science and Urban Economics*, 33(2), 175-198.
- Coelho, C., Veiga, F. J. & Veiga, L. G. 2006. Political business cycles in local employment: Evidence from Portugal. *Economics Letters*, 93(1), 82-87.
- Levy, H. & Sarnat, M. 1994. *Capital Investment and Financial Decisions* (5. útgáfa). Cambridge: Prentice Hall International.
- Mathur, V. K. & Rosen, H. S. 1974. Regional Employment Multiplier: A New Approach. *Land Economics*, 50(1), 93-96.
- Prince, M. 1993. Women, men and money styles. *Journal of Economic Psychology*, 14(1), 175-182.
- Ross, S. A., Westerfield, R. W. & Jaffe, J. 1999. *Corporate Finance* (5. útgáfa). McGraw-Hill.
- Saks, R. E. 2008. Job creation and housing construction: Constraints on metropolitan area employment growth. *Journal of Urban Economics*, 64(1), 178-195.
- Sasaki, K. 1963. Military Expenditures and the Employment Multiplier in Hawaii. *The Review of Economics and Statistics*, 45(3), 298-304.
- Sinclair, M. T. & Sutcliffe, C. M. S. 1978. The first round of the Keynesian multiplier. *Scottish Journal of Political Economy*, 25(2), 177-186.
- Sinclair, M. T. & Sutcliffe, C. M. S. 1982. Keynesian income multipliers with first and second round effect: an application to tourist expenditure. *Oxford Bulletin of Economics and Statistics*, 44(4), 321-338.
- Verbeek, M. 2004. *A Guide to Modern Econometrics* (2. útgáfa). West Sussex: John Wiley & Sons.
- Vífill Karlsson. 2004. *Samgöngubætur og búseta: Ábrif Hvalfjarðarganga á búsetuskilyrði og búsetuþróun á Vesturlandi*. Borgarnes: Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi.
- Vífill Karlsson. 2009. *Kreppan á Vesturlandi: Ábrif 10% samdráttar á atvinnustig á Vesturlandi, brotið upp eftir sveitarfélögum*. Borgarnes: Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi.
- White, H. 1980. A Heteroskedasticity-Consistent Covariance Matrix and a Direct Test for Heteroskedasticity. *Econometrica*, 48(4), 22.
- Wooldridge, J. M. 2002. *Econometric Analysis of Cross Section and Panel Data*. MIT Press.

Sveitarfélagið Fjallabyggð og Héðinsfjarðargöng

Grétar Þór Eyþórsson

Inngangur

Sveitarfélagið Fjallabyggð varð til við sameiningu Siglufjarðarkaupstaðar og Ólafsfjarðarbæjar í ársbyrjun 2006. Sú sameining var fyrst og fremst grundvölluð á því að fyrir dyrum stóð gerð Héðinsfjarðarganga sem tengdu þessa tvo bæi þannig að á milli þeirra yrði aðeins 15 km akstursleið í stað 65 kílómetra um Lágheiði og um 190 km um heilsársveg um Öxnadalshéiði. Styttingin var því forsenda þess að til sameiningar sveitarfélaganna gæti komið. Fyrir sameininguna hafði Ólafsfjarðarhreppur fengið kaupstaðarréttindi árið 1944 og orðið eftir það Ólafsfjarðarbær í 62 ár. Siglufjarðarkaupstaður, sem hét áður Hvanneyrarhreppur, fékk kaupstaðarréttindi árið 1918 og því hafði Siglufjarðarkaupstaður verið til sem slíkur í 88 ár (Samband íslenskra sveitarfélaga, e.d.).

Bæði byggðarlögin, Siglufjörður og Ólafsfjörður, eru sjávarútvegs- og fiskvinnslusamfélög í hefðbundnum skilningi og því hefur þróun í sjávarútvegi, bæði vegna ytri aðstæðna í þjóðfélaginu og vegna áhrifa kvótakerfisins, sett sitt mark á atvinnu- og íbúapróunina. Þessi þróun hefur verið öllu meira áberandi á Siglufirði (sjá t.d. Hjalti Jóhannesson, Valtýr Sigurbjarnarson og Ögmundur Knútsson, 2006)

Sameining sveitarfélaganna tveggja átti sér nokkurn aðdraganda. Á árinu 2002 höfðu Siglufirðingar, einu sinni sem oftast, frumkvæði að sameiningarþreifingum, í þetta sinn með viðræðum milli sveitarstjórnarmanna á Akureyri og Siglufirði um ýmis sameiginleg mál og hugsanlega sameiningu sveitarfélaganna. Fljótlega óskuðu síðan Siglufirðingar eftir því að Ólafsfjörður og Dalvíkurbyggð tækju þátt í þessum viðræðum. Hugur Ólafsfirðinga stóð þó miklu fremur til þess að sameina sveitarfélögin við utanverðan fjörðinn; Dalvíkurbyggð, Ólafsfjörð og Siglufjörð (Hjalti Jóhannesson o.fl., 2006). Þá er rétt að geta þess að við kjördæmabreytinguna árið 2003 færðist Siglufjörður yfir í Norðausturkjördæmi á meðan önnur sveitarfélög af Norðurlandi vestra tilheyrðu nú Norðvesturkjördæmi.

Með verkefninu *Átak til eflingar sveitarstjórnarstigsins* sem hrundið var af stað af félagsmálaráðuneytinu og Sambandi sveitarfélaga árið 2003 tóku mál nokkuð aðra stefnu (Stjórnsýsluráðgjöf, 2008). Með því var stefnt að víðtækum kosningum á árinu 2005 um sameiningar sveitarfélaga vítt og breitt um landið. Á Eyjafjarðarsvæðinu náðist þó engin samstaða meðal forsvarsmanna sveitarfélaganna um tillögugerð og að lokum var gerð tillaga um sameiningu allra níu sveitarfélaganna, en Grímseyjarhreppur stóð fyrir utan, m.a. vegna þess að þar var mikil andstaða við sameiningu. Kosid var um þessa tillögu í sameiningar-kosningunum 8. október 2005 og felldu sjö af níu sveitarfélögum tillöguna um sameiningu allra sveitarfélaganna. Í Ólafsfjarðarbæ og Siglufjarðarkaupstað var sameiningin hins vegar samþykkt. Ekkert varð því úr sameiningu alls Eyjafjarðarsvæðisins, en engu að síður samþykktu sveitarstjórnir bæjanna tveggja að ganga til viðræðna um sameiningu þeirra. Þann 30. janúar 2006 var síðan kosið um sameiningu sveitarfélaganna tveggja. Urðu úrslitin ótvíræð; á Siglufirði samþykktu 86 prósent þeirra sem kusu sameiningu og í Ólafsfirði 77 prósent. Var því kosið í nýju sameiginlegu sveitarfélagi í sveitarstjórnarkosningunum vorid 2006 og um leið völdu kjósendur hinu nýja sveitarfélagi nafnið *Fjallabyggð*. Gerð jarðganganna um Héðinsfjörð, sem tengdu bæina tvo, var hafin og því var nú orðið til sveitarfélag með tvo byggðakjarna sem enn voru landfræðilega mjög aðskildir en myndu skapa heildstæðara sveitarfélag að nokkrum árum liðnum.

Áhrif sameiningarinnar og jarðganganna á samfélagið

Þær almennu röksemdir sem lúta að því að sameina sveitarfélög hafa hér á landi einkum snúist um aukna hagræðingu í rekstri og að minni sveitarfélög geti myndað öflugri heildir gagnvart ríkisvaldinu, þá ekki síst öflugri heildir til að sporna gegn neikvæðri byggðapróun. Síðari röksemdin er því einna helst röksemd sem á við um sveitarfélög í hinum dreifðari byggðum landsins. Þá má einnig nefna þau rök að með stækkun með sameiningum aukist bolmagn til eflingar stjórnsýslunnar með aukinni fagmennsku (Grétar Þór Eypórsson, 1998; Grétar Þór Eypórsson, 2003; Grétar Þór Eypórsson og Hjalti Jóhannesson, 2002).

Í tengslum við rannsókn sem Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri gerði árið 2004 á forsendum sameiningar allra sveitarfélaga í Eyjafirði í eitt var gerð umfangsmikil skoðanakönnun í öllum sveitarfélögum. Í einni af fjölmörgum spurningum var fólk beðið að gefa upp hvort það væri hlynnt eða mótfallið sameiningunni, auk þess að gera grein fyrir þeirri afstöðu sinni í opinni spurningu sem á eftir fylgdi (Grétar Þór Eypórsson, 2005; Grétar Þór Eypórsson, Jón Þorvaldur Heiðarsson og Hjalti Jóhannesson, 2004). Fyrir svæðið sem heild eru langalgengustu röksemdir þeirra sem hlynntir voru sameiningunni á ofangreindum nótum. Þannig nefndu 34 prósent röksemd sem kölluð var *Sterkari heild. Öflugri í byggðamálum* og 27 prósent nefndu *Hagræðing. Aukin hagkvæmni*. Á Siglufirði voru röksemdirnar *Sterkari heild. Öflugri í byggðamálum* og *Atvinnumál* tíðastar og í Ólafsfirði þær sömu (Grétar Þór Eypórsson, 2005). Má því ljóst vera að í augum fólks í sveitarfélögum tveimur var stór sameining fyrst og fremst byggðarlegt og atvinnulegt atriði. Þetta er mjög í samræmi við hinar almennu röksemdir fyrir því að sameina sveitarfélög og kenningar um það af hverju fólk er hlynnt slíku. Leiða má að því líkur að íbúar í núverandi Fjallabyggð, einkanlega Siglufirðingar, hafi ekki síst horft til þeirra áhrifa sem sameining og opnun Héðinsfjarðarganga myndu hafa.

Röksemdir af þessu tagi komu fram í undirbúningsferli að ákvörðun um samgöngubætur á norðanverðum Tröllaskaga. Í matsskýrslu sem Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri vann fyrir Vegagerðina árið 2001 vegna mats á umhverfisáhrifum nokkurra jarðganga og vegagerðarkosta á norðanverðum Tröllaskaga benda höfundar sérstaklega á að helstu samvinnu-, samrekstrar- og samnýtingarmöguleikar vegna jarðganga séu í rekstri sveitarfélagsins (Hjalti Jóhannesson o.fl. 2001, bls. 81-82).

Í skýrslu sem unnin var fyrir stýrihóp um sameiningu sveitarfélaga við Eyjafjörð árið 2004 er tekið undir þetta og að auki bent á að ekki síður sköpuðust færi fyrir ríkisvaldið að hagræða með tilkomu jarðganganna (Grétar Þór Eypórsson o.fl., 2004, bls. 72-73). Þarna er einnig rætt um hagræðingu í skólamálum vegna sameiningar við Siglufjörð vegna þess að samanlagður nemendafjöldi á báðum þessum stöðum gæti myndað hagstæða rekstrareiningu. Þá er minnst á hagræðingarmöguleika í rekstri hafna þar sem er líklegt væri að vægi Ólafsfjarðarhafnar minnkaði. Undirstrikað er að fyrst og fremst sé um áhrif Héðinsfjarðarganga að ræða (Grétar Þór Eypórsson o.fl., 2004). Í sömu skýrslu er bent á að við sameiningu alls Eyjafjarðar í eitt sveitarfélag breyttist staða Siglufirðinga meira en staða annarra íbúa sveitarfélaganna á svæðinu. Breytingin mundi helst verða sú að þessi þjónusta yrði hluti af stærri heild og starfsmenn hennar hluti af stærra teymi en þá var á Siglufirði (Grétar Þór Eypórsson o.fl., 2004).

Í lokaritgerð frá Háskólanum á Akureyri árið 2005 bar Bjarkey Rut Gunnlaugsdóttir saman tvo sameiningarkosti með kosti og galla þeirra fyrir Siglufirðinga í huga. Helstu niðurstöður hennar voru m.a. að hagræðingarmöguleikarnir væru meira tengdir tilkomu Héðinsfjarðarganga en sameiningu sveitarfélaganna (Bjarkey Rut Gunnlaugsdóttir, 2005). Þá komst hún einnig að því að meiri stjórnunarkostnaður sparaðist við stærri sameininguna en þá minni (Bjarkey Rut Gunnlaugsdóttir, 2005). Þessi hagræðing væri sú stærsta sem rekja mætti til sameiningar, en eins og áður segir hvíldi hugmyndin um sameiningu sveitarfélaganna algerlega á tilkomu ganganna.

GRÉTAR ÞÓR EYÞÓRSSON

Að þeirri staðreynd ljósri að ekki yrði sameinað stórt í Eyjafirði var ákveðið að fylgja málum eftir í einu sveitarfélögunum þar sem meirihluti íbúa var með sameiningu. Á bæjarstjórnarfundum á Siglufirði og í Ólafsfirði í nóvember 2005 var það síðan samþykkt samhljóða að samþykkja tillögu *Samstarfsnefndar um sameiningu Siglufjarðar og Ólafsfjarðar*.¹ Sú vinna sem þegar hafði verið innt af hendi vegna stóru sameiningarinnar var ekki látin nægja sem efnisleg umfjöllun og rök fyrir sameiningu sveitarfélaganna tveggja. Samstarfsnefndin fól Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri að móta tillögur um stjórnkerfi og þjónustu hins nýja sveitarfélags þegar í nóvembermánuði og lágu tillögurnar fyrir í janúarmánuði árið eftir.

Það má því ljóst vera að tilvist og tilkoma hins nýja sveitarfélags sem myndað var snemma árs 2006 byggir algerlega á tilkomu jarðganganna um Héðinsfjörð. Að öðrum kosti má fullyrða að ávinningur af sameiningu yrði lítill sem enginn. Þær athuganir og skýrslur sem gerðar hafa verið, bæði vegna tilkomu ganganna og vegna mögulegrar sameiningar, og raktar hafa verið hér að framan sýna berlega fram á þetta. Ljóst virðist vera að Siglufirðingar hafa um margt haft frumkvæði í sameiningarþreifingum, bæði hvað varðar stóra sameiningu við Eyjafjörð og minni sameiningu við utanverðan fjörðinn. Það er fyrst og fremst vilji Siglufirðinga til að tengjast betur og með afgerandi hætti inn á Eyjafjarðarsvæðið sem ræður þar för.

Fulltrúalýðræðið í Fjallabyggð

Í Ólafsfirði voru alls 7 bæjarfulltrúar og þriggja manna bæjarráð. Í sveitarstjórnarkosningunum árið 2002 fékk sameiginlegur listi Samfylkingarinnar og Vinstri hreyfingarinnar græns framboðs 4 fulltrúa kjörna, en Sjálfstæðisflokkurinn 3 fulltrúa. Vinstri öflin höfðu því hreinan meirihluta á kjörtímabilinu. Á vegum bæjarfélagsins störfuðu alls 12 nefndir. Þetta eru: Almannaþingarnefnd, barnaverndarnefnd, Útey, félagsmálanefnd, fræðslunefnd, húsnæðisnefnd, landbúnaðarnefnd, menningar- og ferðamálanefnd, skipulags- og umhverfisnefnd, starfskjaranefnd, stjórn veitustofnana og tólmstundanefnd (Hjalti Jóhannesson o.fl., 2006).

Á Siglufirði voru alls 9 bæjarfulltrúar og þriggja manna bæjarráð. Í kosningunum 2002 fékk Samfylkingin 5 fulltrúa af 9 og því hreinan meirihluta. Sjálfstæðisflokkur fékk 3 menn og Framsóknarflokkur 1. Líkt og í Ólafsfirði voru því vinstri öflin við völd á Siglufirði er að sameiningu kom árið 2006. Nefndir á vegum bæjarins voru alls 9 að tölu: Almannaþingarnefnd, félagsmálanefnd, hafnarstjórn, húsnæðisnefnd, íþrótt- og æskulýðsnefnd, kjörstjórn, skoðunarmenn, skóla- og menningarnefnd og tækni- og umhverfisnefnd (Hjalti Jóhannesson o.fl., 2006).

Árið 2010 var 9 manna sveitarstjórn og 5 manna bæjarráð í Fjallabyggð. Bæjarfulltrúum hefur því fækkað úr 16 í 9 og bæjarráðsmönnum úr 6 í 5. Í fyrstu kosningum til sveitarstjórnar Fjallabyggðar, árið 2006, fékk Framsóknarflokkur 2 fulltrúa af 9, Sjálfstæðisflokkur 4 og Listi félagshyggjufólks og óháðra 3 fulltrúa. Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur mynduðu meirihluta í sveitarstjórn kjörtímabilið 2006-2010 og endurnýjuðu það samstarf eftir kosningarnar 2010.

Í sveitarfélögunum tveimur starfaði alls 21 nefnd á vegum þeirra fyrir sameiningu, en eftir hana eru nefndirnar 14. Þar hefur því orðið fækkun, líkt og í fjölda bæjarfulltrúa. Starfandi nefndir eru: Almannaþingarnefnd, atvinnu- og ferðamálanefnd, barnaverndarnefnd, Útey, félagsmálanefnd, frístundanefnd, fræðslunefnd, hafnarstjórn, heilbrigðisnefnd SSSNV, húsnæðisnefnd, menningarnefnd, skipulags- og umhverfisnefnd, undirkjörstjórn í Ólafsfirði, undirkjörstjórn á Siglufirði og yfirkjörstjórn Fjallabyggðar.

¹http://www.fjallabyggd.is/is/greinar/view/24_november_2005_baejarstjorn;
<http://www.olafsfjordur.is/fundir/fundir.asp?fundur=4&cid=798>

Sameiningin hefur fækkað kjörnum fulltrúum fólksins um alls sjö frá því fyrir sameiningu. Tölfræðilega þýðir þetta lýðræðishalla fyrir íbúana, en ekki þarf þó að vera sjálfgefið að fækkun kjörinna fulltrúa þýði versnandi skilyrði fyrir lýðræði. Í rannsókn teymis danskra stjórnmálafræðinga á samspili stærðar sveitarfélaga og lýðræðis frá 2003 eru það meginniðurstöðurnar að lýðræði í stærri sveitarfélögum sé ekki minna en í þeim minni. Þetta er byggt m.a. á athugunum á áhuga fólks á sveitarstjórnarmálum og þekkingu þess á málefnum sveitarfélagsins (Kjær og Mouritzen, 2003). Í rannsókn Gunnars Helga Kristinssonar frá 2001 kemur þó fram að íbúar minni sveitarfélaga telja möguleika sína á að hafa áhrif á ákvarðanir ívið meiri en í stærri sveitarfélögum, en á hinn bóginn að áhugi á sveitarstjórnarmálum sé jafnvel ívið meiri meðal íbúa þeirra stærri (Gunnar Helgi Kristinsson, 2001). Rannsókn Grétars Þórs Eypórssonar og Hjalta Jóhannessonar frá 2002 meðal íbúa 37 sveitarfélaga sem höfðu verið sameinuð sýnir þó skýr merki þess að fólk almennt telji möguleika sína til áhrifa hafa versnað eftir sameiningu og jafnframt að það telji aðgengi sitt að kjörnum fulltrúum hafa þróast til hins verra (Grétar Þór Eypórsson og Hjalti Jóhannesson, 2002). Almennt virðist því raunin ekki vera sú að stærri sveitarfélög þurfi endilega að þýða minna lýðræði, en að í sveitarfélögum sem hafa sameinast upplifi íbúarnir lýðræðishalla miðað við það sem var, a.m.k. einhverjum árum seinna.

Tafla 1. Mat íbúa á aðgengi sínu að kjörnum fulltrúum sveitarfélagsins.

Afstaða (%)	Ólafsfjörður	Siglufjörður	Allir
Mjög óánægður	9,8	9,4	9,5
Frekar óánægður	14,9	13,7	14,2
Hvorki né	51,1	52,4	51,9
Frekar ánægður	18,5	16,5	17,3
Mjög ánægður	5,8	8,1	7,2
Alls	100,1	100,1	100,1
N	276	495	671
Jafnvægisgildi	-0,4	1,5	0,8

Með hliðsjón af þessu er því rétt að skoða hvernig íbúar Siglufjarðar og Ólafsfjarðar upplifa þetta þremur árum eftir sameininguna í Fjallabyggð. Í töflu 1 má sjá hvernig fólk mat aðgengi sitt að kjörnum fulltrúum í könnun sem unnin var haustið 2009 í tengslum við rannsóknaverkefnið *Samgöngubætur og byggðapróun*. Ekki verður annað séð af niðurstöðunum í töflu 1 en að skoðanir á þessu séu skiptar. Fyrir utan að ríflega helmingur aðspurðra er hvorki ánægður né óánægður er lítill sem enginn munur á þeim sem eru ánægðir eða óánægðir.

Tafla 2. Mat íbúa á möguleikum sínum á að hafa áhrif á ákvarðanir.

Afstaða (%)	Ólafsfjörður	Siglufjörður	Allir
Mjög óánægður	12,5	16,5	14,8
Frekar óánægður	17,1	14,2	15,4
Hvorki né	56,4	58,2	57,5
Frekar ánægður	11,8	8,2	9,7
Mjög ánægður	2,1	2,8	2,5
0,7	99.	99,9	99,9
N	280	388	668
Jafnvægisgildi	-15,7	-19,7	-18

GRÉTAR ÞÓR EYÞÓRSSON

Jafnvægisgildi er reiknað með því að draga samanlagt hlutfall þeirra sem eru mjög og frekar óánægðir frá samanlögðu hlutfalli mjög og frekar ánægðra. Þannig er jafnvægisgildið fyrir Ólafsfjörð $5,8 + 18,5 (24,3) - 9,8 + 14,9 (24,7) = -0,4$. Þótt jafnvægisgildið fyrir Siglufjörð sé jákvætt en neikvætt fyrir Ólafsfjörð munar svo litlu að enginn munur telst vera á þessari afstöðu milli bæjanna. Það er þó fjórði til fimmti hver sem er óánægður.

Nokkuð öðru máli gegnir um mat íbúanna á möguleikum sínum á að hafa áhrif á ákvarðanir. Reyndar eru það heil 57,5 prósent sem eru hvorki ánægð né óánægð og verður því að telja meginniðurstöðuna vera á þann veg. Það eru þó nokkru fleiri sem eru óánægðir en ánægðir; um 30 prósent í hvoru sveitarfélagi eru mjög eða frekar óánægð með möguleika sína til að hafa áhrif á ákvarðanir á meðan 11–14 prósent eru ánægð. Ekki verður af þessu séð að íbúar Fjallabyggðar upplifi mikinn lýðræðishalla í lok fyrsta kjörtímabils í hinu nýja sveitarfélagi – meirihlutinn er hvorki ánægður né óánægður með ástand mála.

Stjórnsýsla Fjallabyggðar

Árið 2005 voru 5,5 stöðugildi á bæjarskrifstofu Ólafsfjarðar, að meðtöldum bæjarstjóra. Helstu stofnanir bæjarfélagsins voru: bæjarskrifstofur, leikskóli, grunnskóli, tónskóli, bókasafn, náttúrugripasafn, félagsmiðstöð, félags- og skólaþjónusta, íþróttamiðstöð, veitustofnanir og áhaldahús, og Hafnasamlag Eyjafjarðar.

Á Siglufirði voru að meðtöldum bæjarstjóra 8,5 stöðugildi á bæjarskrifstofum á árinu 2005. Þetta voru skrifstofustjóri, aðalbókari, ritari, starfsmaður launadeildar, félagsmálastjóri, deildarstjóri málefna fatlaðra, bæjartæknifræðingur, byggingarfulltrúi og hálf stöðugildi garðyrkjustjóra. Helstu stofnanir bæjarins voru: bæjarskrifstofur, leikskóli, grunnskóli, tónlistarskóli, bókasafn, íþróttahús, hafnarskrifstofa, áhaldahús, slökkvistöð og Síldarminjasafnið. Veturinn 2009–10 störfuðu 20 manns í 18,5 stöðugildum á skrifstofu hins sameinaða sveitarfélags.

Fjármál og rekstur

Samkvæmt skýrslu Rannsóknarstofnunar Háskólans á Akureyri frá 2006 var rekstrarkostnaður í hærri kantinum á bæði Siglufirði og Ólafsfirði miðað við hóp nokkurra samanburðarsveitarfélaga. Í nokkrum málaflokkanna munaði verulega á útgjöldum sveitarfélaganna tveggja, einkanlega í félagsþjónustu og í íþrótt- og æskulýðsmálum, en í báðum málaflokkunum voru hlutfallsleg útgjöld Siglufirðinga umtalsvert hærri (75% hærri í félagsþjónustu og 50% í æskulýðs- og íþróttamálum) (Hjalti Jóhannesson o.fl., 2006).

Sé litið til fjárhagsstöðu sveitarfélaganna fyrir og eftir sameiningu má sjá að sé Siglufirði og Ólafsfirði slegið saman hefur rekstrarniðurstaða sveitarsjóðs batnað úr tæplega 40 þúsund króna halla á íbúa árið 2004 í um 135 þúsund króna afgang árið 2007, þegar sveitarfélagið hafði verið sameinað. Sambærilegur samanburður á þróun skuldastöðu sýnir þó að mestu óbreytta stöðu milli árána, eða skuldir upp á 577 þúsund krónur á mann árið 2004 og 559 þúsund krónur á mann árið 2007 (Samband íslenskra sveitarfélaga, e.d.). Séu Siglufjörður og Ólafsfjörður bornir saman á þessu tímabili eru meginatriðin þau að Siglufjörður hafði bæði meiri rekstrarafgang og minni skuldir árið fyrir sameiningu.

Niðurstaðan er því í fyrsta lagi sú að Siglufjörður stóð öllu betur fjárhagslega fyrir sameiningu en Ólafsfjörður, jafnvel þótt útgjöld til ákveðinna málaflokka hafi þar verið verulega hærri hlutfallslega. Í öðru lagi eru fyrstu merki um áhrif sameiningar á fjárhag Fjallabyggðar jákvæð hvað rekstur varðar, en fremur lítil á skuldastöðu enn sem komið er. Frekari hagræðingar er að vænta hjá sveitarfélaginu í kjölfar opnunar Héðinsfjarðarganga og þar með að líkindum lækkunar skulda til lengri tíma litið.

Þjónusta sveitarfélags og ríkis

Í könnun RHA sem unnin var fyrir Sameiningarnefnd Eyjafjarðarsvæðisins er m.a. að finna niðurstöður úr könnun sem gerð var meðal íbúa sveitarfélaganna haustið 2004 (Grétar Þór Eyþórsson, Jón Þorvaldur Heiðarsson og Hjalti Jóhannesson, 2004). Í könnuninni voru íbúar sveitarfélaganna beðnir í einni spurningu að meta gæði þjónustuþátta í eigin sveitarfélagi með því að gefa þeim einkunn á bilinu 1-5. Tafla 3 að neðan sýnir einkunnagjöf fólks á Siglufirði og í Ólafsfirði fyrir nokkra þjónustuþátta, samanborið við meðaltal úr þeim níu sveitarfélögum í Eyjafirði sem athugunin náði til. Meðaltalseinkunn fyrir Eyjafjörð er meðaltal allra sveitarfélaga í könnuninni nema Grímseyjarhrepps. Þar var mat fólks oft á tíðum mjög frábrugðið mati annarsstaðar, auk þess sem sveitarfélagið dró sig á endanum út úr sameiningarferlinu árið 2005.

Tafla 3. Mat íbúa Siglufjarðar og Ólafsfjarðar á þjónustu borið saman við íbúa í öllum sveitarfélögum á Eyjafjarðarsvæðinu árið 2004.

Þjónusta	Félagsþjón.	Heilsug.	Leikskólar	Grunnskólar	Menning	Æskulýðs/ Íþróttamál	Sorpmál
Siglufjörður	3,11	3,55	3,49	3,29	3,07	3,09	3,09
Ólafsfjörður	2,81	3,2	3,38	3,07	2,51	2,93	3,05
Meðaltal:							
Eyjafjörður	2,95	2,95	3,37	3,3	2,91	3,08	2,97

Taflan sýnir í fyrsta lagi að í öllum tilvikum eru Siglufirðingar ánægðari með þjónustuna en Ólafsfirðingar, þó að í þremur málaflokkum (leikskólamálum, æskulýðs- og íþróttamálum og sorpmálum) muni reyndar litlu. Sé ánægja Siglufirðinga og Ólafsfirðinga borin saman við meðaltal í 9 sveitarfélögum á Eyjafjarðarsvæðinu kemur í ljós að Ólafsfirðingar eru undir meðaltalinu í 4 málaflokkum af 7 en Siglufirðingar aðeins einu sinni. Siglufirðingar voru því greinilega ánægðari með þjónustuna í sínu sveitarfélagi en Ólafsfirðingar haustið 2004, um einu og hálfu ári áður en þessi tvö sveitarfélög voru orðin að einu.

Af þessu má álykta að Ólafsfirðingum hafi ekki tekist að halda úti þjónustu sem þeir sjálfir voru ánægðir með að öllu leyti, að minnsta kosti í samanburði við nágrannasveitarfélög. Ávinningur Ólafsfirðinga af sameiningu við Siglufjörð ætti því að hafa orðið meiri en Siglufirðinga af sameiningu við Ólafsfjörð sé mið tekið af þessu. Rétt er að hafa það hugfast að almennt hefur verið talið að hagræðingarmöguleikar Siglufirðinga af sameiningu og opnun Héðinsfjarðarganga séu mestir og hafa þeir löngum haft frumkvæðið, ekki síst í ljósi þess.

Tafla 4 sýnir okkur hins vegar stöðu mála eins og hún mældist í könnun rannsóknahóps Héðinsfjarðarverkefnisins haustið 2009. Hér kemur á daginn að Ólafsfirðingar eru nú ánægðari en Siglufirðingar með 5 af 7 málaflokkum sem spurt er um. Um er að ræða félagsþjónustu, íþrótta- og tómstundamál og grunnskóla-, leikskóla- og framhaldsskólamál, en í fjórum af þessum málaflokkum voru Siglufirðingar ánægðari en Ólafsfirðingar árið 2004. Annað hvort hefur þá sameiningin haft jákvæðari áhrif fyrir Ólafsfirðinga eða mál hafa horfið til verri vegar á Siglufirði. Þar sem mælieiningar eru ekki þær sömu milli kannana er ekki hægt að bera niðurstöður þeirra beint saman.

Tafla 4. Hlutfall íbúa Siglufjarðar og Ólafsfjarðar sem segjast vera mjög eða frekar ánægðir með þjónustu í völdum málaflokkum.

Málaflokkur	Ólafsfjörður	Siglufjörður	Allir	N
Leikskólar	61,7	55,4	57,9	708
Grunnskólar	62	57,8	59,5	708
Íþrótt- og tómstundamál	68,5	67,4	67,8	708
Félagsþjónusta	54,3	53,5	52,9	708
Heilbrigðisþjónusta	76,6	85,9	82,3	708
Framhaldsskólamál	56	27,4	38,8	708
Löggæsla	44,6	56,6	51,9	708

Í ljósi þessa er athyglisvert að Siglufirðingar eru marktækt ánægðari með þjónustu sveitarfélagsins – 58,4% þeirra eru mjög eða frekar ánægðir en 51,8% Ólafsfirðinga (sjá töflu 5). Rétt er að fram komi að ekki var spurt um alla málaflokka og því gæti munurinn á viðhorfum einnig skýrst af meiri ánægju á Siglufirði með þá málaflokka sem ekki var spurt um í könnuninni haustið 2009. Óverulegur munur er hins vegar milli bæjanna þegar spurt er um þjónustu ríkisins.

Tafla 5. Hlutfall íbúa Siglufjarðar og Ólafsfjarðar sem segjast vera mjög eða frekar ánægðir almennt með þjónustu ríkis og sveitarfélags.

Þjónusta	Ólafsfjörður	Siglufjörður	Allir	N
Þjónusta ríkis	42,8	45	44,1	669
Þjónusta sveitarfélags	51,8	58,4	55,8	680

Þótt kannanir árána 2004 og 2009 séu ekki fyllilega sambærilegar gefur samanburður milli þeirra vísbendingar um að viðhorf fólks til þjónustu sveitarfélagsins hafi breyst á tímabilinu. Hvort það megi rekja til sameiningarinnar 2006 er þó óvíst, en tafla 6 gefur ákveðnar vísbendingar um það efni. Þar er að finna almenn viðhorf til þess hvernig sameining sveitarfélaganna hafi tekist. Viðhorf til þróunar þjónustu ættu að skipta verulegu máli fyrir slíkt mat, en vitanlega geta fleiri þættir komið þar við sögu, eins og t.d. þróun lýðræðis, tilfinning fyrir valdajafnvægi, fyrirkomulag stjórnsýslu og fjármál (Grétar Þór Eypórsson, 1998; Grétar Þór Eypórsson og Hjalti Jóhannesson, 2002).

Tafla 6. Hlutfall íbúa í Ólafsfirði og á Siglufirði sem eru mjög eða frekar sammála því að sameiningin í Fjallabyggð hafi tekist vel.

Afstaða	Ólafsfjörður	Siglufjörður	Allir
Mjög ósammála	10,7	8,8	9,6
Frekar ósammála	20,3	14	16,5
Hvorki né	26,3	29,5	28,2
Frekar sammála	34,5	34	34,2
Mjög sammála	8,2	13,6	11,4
Alls	100	99,9	99,9
N	280	388	701
Jafnvægisgildi	11,7	24,8	19,5

Niðurstaða úr töflu 6 er í samræmi við niðurstöðuna úr töflu 5. Siglfirðingar eru heldur ánægðari með þjónustuna almennt og eru, eins og þessi tafla sýnir, heldur sáttari við árangur af sameiningunni – jafnvægisgildi fyrir Siglufjörð er 24,8 en í Ólafsfirði 11,7. Það virðist því hægt að segja með vissu að Siglfirðingar séu almennt ánægðari með sameininguna í Fjallabyggð en Ólafsfirðingar. Eftir stendur þó sú staðreynd að á sama tíma eru Ólafsfirðingar ánægðari með þjónustuna í grunnskólum, leikskólum, félagsþjónustu og í íþrótta- og tómstundamálum. Fullyrða má að ofangreindir málaflokkar séu hornsteinar nærþjónustu sveitarfélaga og því hlýtur þetta að koma nokkuð á óvart. Skýringa verður því að leita í öðrum þáttum en þjónustunni.

Lokaorð

Hér að framan hafa verið tíunduð ýmis áhrif og væntanlegur ávinningur íbúa Fjallabyggðar og sveitarfélagsins í heild af Héðinsfjardargöngum. Í samhengi við þetta hefur einnig verið litið til sameiningar sveitarfélaganna árið 2006.

Ávinningurinn er í fyrsta lagi almennur hvað varðar sveitarfélagið og starfsemi þess og bolmagn á ýmsum sviðum. Í öðru lagi varðar hann rekstur þess, í þriðja lagi stjórnsýsluna og stjórnkerfið og í fjórða lagi þjónustu sveitarfélagsins. Allt þetta er tilkomið vegna sameiningar sveitarfélagsins sem er algerlega grundvölluð á tilkomu jarðganganna.

Almennan ávinningur má telja að hið nýja sveitarfélag verður stærra og öflugra til þess að sækja fram í atvinnu- og byggðamálum og einnig öflugri heild gagnvart samskiptum við ríkisvaldið um hvers kyns mál. Rekstrarlegur ávinningur er að öllum líkindum ekki enn kominn í ljós. Þó sýna fyrstu merki um rekstrarniðurstöðu að einhver hagræðing hafi þegar náðst í rekstri sveitarfélagsins, jafnvel þó tekin séu með í reikninginn stór framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna sameiningarinnar. Miðað við reynslu annarsstaðar frá, sem og það mat sem ýmsir sérfræðingar hafa lagt fram á því hvers vænta megi, má búast við frekari hagræðingu nú eftir opnun jarðganganna. Má þar nefna áhrif á fræðslumál, íþrótta- og tómstundamál, rekstur hafna og fleiri þætti. Þetta næst ýmist með sameiningu krafta eða samnýtingu mannvirkja.

Hvað varðar stjórnkerfi og stjórnsýslu eru áhrif vegna sameiningar og jarðganga óljósari. Augljóst er að þegar hefur bæjarfulltrúum samanlagt fækkað um sjö, auk þess sem eitt bæjarstjóraembætti hefur sparast. Ljóst er að ekki sparast þar frekar nú þegar göngin hafa verið opnuð. Hið pólitíska litróf hefur breyst á þann hátt að á síðasta, sem og nú á yfirstandandi kjörtímabili 2010-2014, starfar meirihluti hægra megin við miðju, en eins og fram hefur komið voru vinstrimenn við völd í báðum bæjunum fyrir sameiningu. Fjöldi stöðugilda á bæjarskrifstofu hefur aukist samanlagt úr 14 í 18,5 frá því skömmu fyrir sameiningu. Þar er því um að ræða aukin umsvif og litla hagræðingu, en þess er þó að geta að í einhverjum tilfellum hafði ráðningum í stöður verið frestað vegna yfirvofandi sameiningar. Þá starfaði einnig sérstakur þróunarstjóri vegna sameiningarinnar hjá sveitarfélaginu fram til ársins 2010. Því kann þessi samanburður að vera varhugaverður að einhverju leyti.

Athyglisverðustu niðurstöðurnar varða viðhorf íbúa til þjónustunnar og til sameiningarinnar, en þar er einnig byggt á gögnum úr könnun sem rannsóknateymið úr HA gerði haustið 2009. Siglfirðingar voru mun ánægðari með þjónustu síns sveitarfélags árið 2004 en Ólafsfirðingar. Aukinheldur var ánægja Ólafsfirðinga með þjónustu síns bæjarfélags undir meðaltali í sveitarfélögum á Eyjafjarðarsvæðinu í sömu könnun. Þetta gat bent til þess að töluverður ávinningur fyrir Ólafsfirðinga gæti falist í opnun Héðinsfjardarganganna, en nú ættu jákvæð áhrif sameiningar sveitarfélaganna að geta farið að njóta sín að fullu. Þetta hefur að

GRÉTAR ÞÓR EYÞÓRSSON

sumu leyti komið á daginn og að sumu leyti ekki. Ólafsfirðingar eru í dag ánægðari en Siglfirðingar með þjónustuna í veigamestu málaflökkunum. Siglfirðingar eru engu að síður ánægðari en Ólafsfirðingar með þjónustu sveitarfélagsins og einnig sameininguna almennt. Hvað veldur þessu „misræmi“ er ekki auðvelt að segja til um. Viðhorf til lýðræðis benda ekki til þess að Ólafsfirðingar upplifi meiri lýðræðishalla. Skýringanna verður því að leita annarsstaðar og þá á seinni stigum þessa rannsóknarverkefnis þegar sameiningin hefur komið að fullu til framkvæmda eftir opnun ganganna.

Heimildir

Árbók sveitarfélaga 2005. Reykjavík, Samband íslenskra sveitarfélaga.

Árbók sveitarfélaga 2006. Reykjavík, Samband íslenskra sveitarfélaga.

Árbók sveitarfélaga 2007. Reykjavík, Samband íslenskra sveitarfélaga.

Árbók sveitarfélaga 2008. Reykjavík, Samband íslenskra sveitarfélaga.

Bjarkey Rut Gunnlaugsdóttir. 2005. *Sameiningarmöguleikar Siglfjarðar: samanburður á sameiningu Siglfjarðar annars vegar við Ólafsfjörð og hins vegar við önnur átta sveitarfélög á Eyjafjarðarsvæðinu.* Óbirt B.S.-ritgerð: Háskólinn á Akureyri, Viðskiptadeild.

Fjallabyggð. 200, nóvember). *Fundargerðir.* Sótt 11. ágúst 2009 af http://www.fjallabyggd.is/is/greinar/view/24._november_2005_baejarstjorn

Grétar Þór Eyþórsson. 1998. *Kommunindelningspolitik i Island. Staten, kommunerna och folket om kommunsammanslagningar.* Göteborg: CEFOS (Centrum för forskning om offentlig sektor).

Grétar Þór Eyþórsson. 2003. Af smáum sveitahreppum og stöndugum kaupstöðum. Um þróun sveitarstjórnarstigsins á Íslandi. Í Sigríður Stefánsdóttir, Kristján Kristjánsson og Jón Hjaltason (ritstjórar), *Afmaliskevðja til Háskóla Íslands* (bls.139-156). Bókaútgáfan Hólar, Akureyri.

Grétar Þór Eyþórsson. 2005. Viðhorf til sameiningar sveitarfélaga. Í Úlfar Hauksson (ritstjóri), *Rannsóknir í félagsvísindum VI* (bls 572-574). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Grétar Þór Eyþórsson og Hjalti Jóhannesson. 2002. *Sameining sveitarfélaga. Ábrif og afleiðingar. Rannsókn á 7 sveitarfélögum.* Akureyri: Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri.

Grétar Þór Eyþórsson, Jón Þorvaldur Heiðarsson og Hjalti Jóhannesson. 2004. *Eyfirðingar í eina sæng? Mat á áhrifum sameiningar allra sveitarfélaga í Eyjafirði í eitt.* Akureyri: Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri.

Gunnar Helgi Kristinsson 2001: *Staðbundin stjórnmál.* Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Hagstofa Íslands. 2008. *Mannfjöldatölur.* Sótt 8. ágúst 2009 af <http://www.hagstofa.is/mannfjoldi/sveitarfelog>.

Hjalti Jóhannesson, Grétar Þór Eyþórsson og Kjartan Ólafsson. 2001. *Jarðgöng og vegagerð á norðanverðum Tröllaskaga. Mat á umbverfisáhrifum.* Reykjavík: Vegagerðin.

Hjalti Jóhannesson, Valtýr Sigurbjarnarson og Ögmundur Knútsson. 2006. *Sameining Ólafsfjarðarbæjar og Siglfjarðar-kaupstaðar – Tillögur að skipulagi stjórnkerfis og þjónustu ásamt mati á hagkvæmni.* Akureyri: Rannsókn- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri.

Kjær, Ulrik og Mouritzen, Poul Erik (ritstjórar). 2003: *Kommunstorrelse og lokalt demokrati.* Odense. Syddansk Universitetsforlag.

Stjórnsýsluráðgjöf. 2008. *Átak um eflingu sveitarstjórnarstigsins. Úttekt.* Reykjavík: Félagsmálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga.

http://www.fjallabyggd.is/is/greinar/view/24._november_2005_baejarstjorn.

<http://www.olafsfjordur.is/fundir/fundir.asp?fundur=4&id=798>.

Starfsemi ríkis og sveitarfélags í Fjallabyggð haustið 2009

Grétar Þór Eypórsson
Ásta Arnbjörg Pétursdóttir
Martha Elena Laxdal

Inngangur

Ein helsta röksemdin fyrir sameiningum sveitarfélaga hefur verið sú að með þeim megi hagræða í rekstri og stjórnsýslu (Grétar Þór Eypórsson, 1998; Grétar Þór Eypórsson og Hjalti Jóhannesson, 2002). Haustið 2009 voru liðin þrjú ár frá því að sveitarfélagið Fjallabyggð varð til með sameiningu Siglufjarðar og Ólafsfjarðar. Grunnforsenda þeirrar sameiningar var tilkoma Héðinsfjarðarganganna og þeir hagræðingarmöguleikar sem sköpuðust með þeim. Að nokkru leyti var slíkt komið til framkvæmda þegar haustið 2009, jafnvel þótt göngin hafi þá ekki verið opin fyrir umferð. Áhrifa ganganna er því þegar farið að gæta í starfsemi hins sameinaða sveitarfélags. Svipuðu máli gegnir um þjónustu ríkisvaldsins. Þegar hefur verið hagrætt á ýmsum sviðum og má búast við frekari hagræðingu nú eftir opnun ganganna. Í þessum kafla er opinber stjórnsýsla og þjónusta í Fjallabyggð kortlögð eins og staðan var haustið 2009. Annars vegar verður fjallað um starfsemi sveitarfélagsins sjálfs og hins vegar starfsemi ríkisins innan sveitarfélagsins. Jafnframt verður gerður greinarmunur á stjórnsýsluþáttum og þjónustuþáttum. Byggt er á opinberum gögnum á borð við vefsíður og opinberar skrár en jafnframt var eftir þörfum leitað til viðkomandi stofnana varðandi frekari upplýsinga um umfang starfsemi.

Stjórnkerfi Fjallabyggðar

Stjórnkerfi Fjallabyggðar er dreift á milli Ólafsfjarðar og Siglufjarðar og eru skrifstofur í báðum bæjarkjörnum. Bæjarstjóri hafði aðsetur á Siglufirði og fasta viðveru á Ólafsfirði einu sinni í viku fram að opnun Héðinsfjarðarganga.¹ Skipta má stjórnkerfinu upp í pólitískt kerfi annars vegar og stjórnsýslu hins vegar. Innan pólitíska kerfisins eru pólitískt kjörnir fulltrúar Fjallabyggðar og í stjórnsýslunni eru starfsmenn sem vinna í umboði bæjarstjórnar.

Pólitískt kerfi Fjallabyggðar samanstendur af bæjarstjórn, bæjarráði og ellefu nefndum auk þess sem Fjallabyggð á fulltrúa í 3 sameiginlegum nefndum með öðrum sveitarfélögum. Bæjarstjórn er skipuð níu kjörnum fulltrúum og fer með æðsta vald í ákvörðunartöku þeirra verkefna sem sveitarfélagið annast. Bæjarráð er þriggja manna byggðarráð sveitarfélagsins. Bæjarráð hefur umsjón með stjórnsýslu sveitarfélagsins auk þess að fara með framkvæmda- og fjármálastjórn ásamt bæjarstjórn.

Nefndir Fjallabyggðar eru níu talsins. Að auki starfa undirkjörstjórnir í Ólafsfirði og á Siglufirði auk yfirkjörstjórnar Fjallabyggðar. Allar fastanefndir sveitarfélagsins eru skipaðar 5 fulltrúum, nema almannavarnanefnd sem hefur 9 fulltrúa. Hafa þær sér til fulltingis starfsmann úr stjórnsýslunni. Alls sitja því 49 fulltrúar í þessum nefndum fyrir sveitarfélagið.

Almannavarnarnefnd hefur það helsta hlutverk að gera viðbragðsáætlanir og samræma björgunaraðgerðir, hjálparstarf og viðbúnað þegar náttúruhamfarir hafa orðið eða eru yfirvofandi. Atvinnu- og ferðamálanefnd hefur umsjón með aðgerðum til eflingar atvinnulífs í Fjallabyggð, þ.m.t. eflingu ferðamannaíðnaðar. Helstu verkefni félagsmálanefndar eru á sviði félagsmála, forvarnarmála, jafnréttismála og málefna fatlaðra, aldraðra og innflytjenda.

¹ Hér er lýst stöðu mála eins og hún var haustið 2009.

GRÉTAR ÞÓR EYÞÓRSSON O.FL.

Frístundanefnd hefur yfirumsjón með frístundamálum á vegum sveitarfélagsins. Fræðslunefnd hefur yfirumsjón með öllum stigum skóla- og fræðslumála í sveitarfélaginu, þ.m.t. íslenskukennslu fyrir innflytjendur og dagvistun í heimahúsum. Hafnarstjórn hefur umsjón með hafnarþjónustu og rekstri Fjallabyggðahafna. Húsnæðisnefnd er fimm manna nefnd sem fer með málefni sem varða félagslegt leiguhúsnæði sveitarfélagsins. Skrifstofu- og fjármálastjóri er starfsmaður nefndarinnar. Menningarnefnd fer með málefni safna sveitarfélagsins og umsjón með menningarmálum. Skipulags- og umhverfisnefnd hefur vítt verkswið en helstu málefni hennar eru skipulagsmál, byggingamál, umhverfismál, umferðamál, gróður- og náttúruverndarmál, landbúnaðarmál, veitumál og búfjár- og gæludýrahald.

Fjallabyggð á jafnframt í samstarfi við önnur sveitarfélög í 3 nefndum. Barnaverndarnefnd ÚtEy er sameiginleg barnaverndarnefnd Fjallabyggðar og Dalvíkurbyggðar. Fjallabyggð á þrjá fulltrúa af fimm í nefndinni. Fjallabyggð á einnig einn fulltrúa af sex í heilbrigðisnefnd Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra (SSNV). Nefndin starfar samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og annast heilbrigðiseftirlit á Siglufirði (Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra, 2009). Hins vegar annast heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra heilbrigðiseftirlit á Ólafsfirði en í þeirri nefnd á Fjallabyggð ekki fulltrúa (Jón Hrói Finnson, 2009a). Alls eru í sameiginlegum nefndum 4 fulltrúar.

Alls eru því 9 bæjarfulltrúar og 53 fulltrúar í samstarfsnefndum og nefndum Fjallabyggðar. Í heild tilheyrja því 62 aðalfulltrúar hinu pólitíska kerfi Fjallabyggðar. Talsvert færri einstaklingar standa þó að baki þessum 62 sætum. Þannig sitja kjörnir fulltrúar yfirleitt í fleiri en einni nefnd.

Á skrifstofum Fjallabyggðar starfa 19 starfsmenn í 18 stöðugildum, auk 50% stöðugildis iðjuþjálfara sem starfar innan skólans en heyrir undir fræðslufulltrúa í skipuriti Fjallabyggðar (Jón Hrói Finnson, 2009b). Í yfirstjórn sveitarfélagsins eru tvær stöður, bæjarstjóri og þróunarstjóri. Í tæknideild eru fjórar stöður, garðyrkju- og umhverfisfulltrúi, skipulags- og byggingafulltrúi og tveir tæknifulltrúar. Í félagsþjónustu eru 2,5 stöðugildi; félagsmálastjóri, félagsráðgjafi og deildarstjóri við félagsþjónustu og málefni fatlaðra. Í íþrótt- og tómstundadeild er ein staða íþrótt- og tómstundafulltrúa. Í fræðslu- og menningardeild er 1,5 stöðugildi; staða fræðslu- og menningarfulltrúa og hálf staða iðjuþjálfara. Í fjármála- og stjórnsýsludeild eru sjö stöður; skrifstofu- og fjármálastjóri, aðalbókari, bókari, gjaldkeri/innheimtufulltrúi, ritari/skjalastjóri, þjónustufulltrúi og staða launafulltrúa. Undir markaðs- og atvinnumálum er hálf staða markaðs- og kynningarfulltrúa.

Hér hefur aðeins verið farið yfir umfang stjórnkerfisins en virkni þess sem slíks hins vegar lítill gaumur gefinn. Helstu hlutverk nefndanna hafa verið reifuð en virkni þeirra er þó mismikil eins og fram kemur af fundargerðum sveitarfélagsins. Allar nefndirnar eru til ráðgjafar fyrir bæjarstjórn en þó hafa sumar nefndirnar meira valdsvið en aðrar og geta tekið fullnaðarákvarðanir í ákveðnum málum.

Þjónusta sveitarfélagsins

Til þjónustu sveitarfélagsins telst sú starfsemi sem sveitarfélagið stendur beint að, önnur en stjórnsýsla og stjórnkerfi, sem gerð hafa verið skil að ofan. Starfsstöðvar félagsþjónustunnar eru bæði á Siglufirði og í Ólafsfirði. Félagsmálanefnd fer með málefni hennar í umboði bæjarstjórnar. Stöðugildi árið 2009 voru **21,37**. Þetta eru félagsmálastjóri, félagsráðgjafi og hálf stöðugildi ráðgjafa/deildarstjóra við félagsþjónustu og málefni fatlaðra, starfsmenn heimaþjónustu og starfsmenn Skálarhlíðar. Verkefni félagsþjónustunnar í Fjallabyggð eru sambærileg þjónustu annarra sveitarfélaga, en þau felast einkum í félagslegri ráðgjöf, fjárhagsaðstoð, húsaleigubótum, félagslegu leiguhúsnæði, þjónustu við fólk með fötlun, félagslegri heimaþjónustu, dagþjónustu aldraðra, barnavernd og aðstoð við áfengissjúka ásamt

STARFSEMI RÍKIS OG SVEITARFÉLAGS Í FJALLABYGGÐ

vímuefnavörnum, auk þess sem hún sinnir forvarnarstarfsemi (Félagsþjónusta Fjallabyggðar, 2009).

Þjónusta við fatlaða. Þjónusta við fatlaða skiptist í liðveislu, dagþjónustu fyrir fullorðna og þjónustu við fötluð börn og fjölskyldur þeirra. Liðveislan felst í persónulegum stuðningi, við börn og fullorðna, og er henni ætlað að rjúfa félagslega einangrun og aðstoða við athafnir daglegs lífs, hvort sem er inni á heimilum eða í samfélaginu (Þjónusta fatlaðra í Fjallabyggð, 2009). Almenn er þjónusta við fatlaða tvíþætt; sveitarfélög sjá um liðveislu fatlaðra, ferliþjónustu og heimaþjónustu en önnur þjónusta er á vegum ríkisins. Hins vegar hafa ríkisstjórn Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga nýlega gert með sér samkomulag um að færa þjónustuna frá ríki til sveitarfélaga en enn hefur ekki verið gengið formlega frá þeim málum (Samband íslenskra sveitarfélaga, 2009). Fjallabyggð og Dalvíkurbyggð reka barnaverndarnefnd í sameiningu og skipta með sér þjónustu sérfræðinga sem tengist félags- og skólaþjónustu við utanverðan Eyjafjörð (Útey). Þjónusta við aldraða felst í heimaþjónustu, akstri og heimsendingarþjónustu.

Fræðslumál. Í árslok 2009 voru fræðslustofnanir Fjallabyggðar 6 talsins; 2 leikskólar, 2 grunnskólar og 2 tónlistarskólar, auk þess sem boðið er upp á fjarnám á framhaldsskólastigi í námsverum sem starfrækt eru bæði á Siglufirði og í Ólafsfirði (Fræðslumál í Fjallabyggð, 2009). Heildarfjöldi starfsmanna við þessar stofnanir var 96 manns í **83,1** stöðugildi, auk aðkeyptrar sérfræðiþjónustu. Á haustönn voru nemendur við Grunnskóla Siglufjarðar 168 talsins en 124 nemendur voru við Grunnskóla Ólafsfjarðar. Alls sinntu 32 starfsmenn í 28,3 stöðugildum kennslu og stjórnunarstörfum við Grunnskóla Siglufjarðar skólaárið 2009–2010. Við grunnskóla Ólafsfjarðar voru stöðugildi 25 en þar af hafði ekki tekist að manna 1,5 stöðugildi veturinn 2009–2010. Stöðugildum hefur fækkað um 5,3 á Siglufirði en fjölgað um 3,2 í Ólafsfirði frá árinu 2006 (Upplýsingaveita Sambands íslenskra sveitarfélaga, 2009).

Fjallabyggð býður öllum 5 ára börnum upp á fría leikskóladvöl. Við leikskólann Leikskála á Siglufirði voru starfræktar 3 deildir. Skólaárið 2009-2010 var samtals 51 barn í námi. Þess má geta að árið 2008 voru 44 börn við skólann og árið 2006 voru þau 50 (Upplýsingaveita Sambands íslenskra sveitarfélaga, 2009). Fjöldi leikskólabarna á Siglufirði hefur því svo til staðið í stað síðustu 3 ár. Heildarfjöldi stöðugilda við leikskólann er 12,1. Auk leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra starfa við leikskólann 2 deildarstjórar, 1 aðstoðarleikskólakennari, 5 leiðbeinendur og 2 aðrir starfsmenn. Við leikskólann Leikhóla í Ólafsfirði voru starfræktar tvær deildir. Skólaárið 2009–2010 voru samtals 34 börn í námi við skólann. Til samanburðar voru 50 börn í námi við skólann árið 2006 og hefur þeim því fækkað talsvert. Heildarfjöldi stöðugilda er 11. Auk leikskólastjóra starfa við leikskólann 2 deildarstjórar, 4 leiðbeinendur, 1 sérkennari og 1 matráður, auk 2 starfsmanna sem sinna afleysingum. Enginn aðstoðarleikskólastjóri er við leikskólann. Við Tónlistarskóla Siglufjarðar starfar einn skólastjóri. Auk hans starfa 3 tónlistarkennarar við skólann og heildarfjöldi stöðugilda er 3,5. Auk skólastjóra Tónskóla Ólafsfjarðar starfa 5 tónlistarkennarar við skólann og heildarfjöldi stöðugilda er 3,5. Heildarfjöldi nemenda skólaárið 2009-2010 var 86; 65 nemendur í hljóðfæranámi og 21 nemandi í forskóla.

Fræðslunefnd sveitarfélagsins hefur lagt til að fræðslustofnunum verði fækkað í þrjár – grunnskóla, leikskóla og tónskóla. Formaður fræðslunefndar bendir á að nú þegar sé tveimur árgöngum samkennt á báðum stöðum og að á næstu árum muni börnum á leik- og grunnskólaaldri fækka enn frekar (Ríkisútvarpið, 2009). Því sjái sveitarfélagið fram á að innan fárra ára þyrfti að óbreyttu að samkenna þremur árgöngum. Með sameiningu skóla verði nemendum því búið betra skólasamfélag. Fræðslunefndin leggur auk þessa til að skólahúsnaði á Ólafsfirði og Siglufirði verði sameinað þannig að strax eftir opnun Héðinsfjarðarganganna

GRÉTAR ÞÓR EYÞÓRSSON O.FL.

haustið 2010 verði hægt að sameina kennslu eldri skólastiga (8.-10. bekk) í skólahúsinu við Hlíðarveg á Siglufirði. Haustið 2012 væri þá hægt að sameina kennslu á yngri skólastigum í skólahúsinu við Tjarnarstíg í Ólafsfirði. Í fréttabréfi Fjallabyggðar (2009) kemur fram að fyrirhugaðar skipulagsbreytingar muni leiða til fækkunar stjórnenda en hafi að öðru leyti ekki hrif á fjölda kennslustöðugilda. Ljóst er þó að í farvatninu er hagræðing og fækkun starfa á sviði fræðslumála, hver svo sem íbúaþróun verður.

Æskulyðs- og íþróttamál. Sveitarfélagið rekur tvær félagsmiðstöðvar og tvær íþróttamiðstöðvar, auk skíða- og knattspyrnusvæða í Ólafsfirði. Á Siglufirði var umsjón þessara svæða boðin út árið 2008 og því starfa engir starfsmenn á vegum Fjallabyggðar lengur við þau. Rekstur er engu að síður í höndum sveitarfélagsins. Félagsmiðstöðin Æskó er starfrækt á Siglufirði og Félagsmiðstöðin Tunglið í Ólafsfirði og hefur íþrótta- og tómsfundafulltrúi Fjallabyggðar yfirumsjón með starfi þeirra. Báðar eru þær opnar nemendum í 8.-10. bekk, að jafnaði 3 kvöld í viku. Heildarfjöldi starfsmanna er 4 og skipta þeir með sér einu stöðugildi.

Íþróttamiðstöðvar Fjallabyggðar eru tvær og hefur íþrótta- og tómsfundafulltrúi yfirumsjón með þeim, en báðar hafa þær forstöðumenn. Þar starfa samtals 11 starfsmenn í 10,1 stöðugildi. Í Íþróttamiðstöðinni á Siglufirði er fjölnota íþróttasalur, tækjasalur, innisundlaug, heitur útipottur og ljósabekkir. Í Íþróttamiðstöð Ólafsfjarðar er vel búinn íþróttasalur í löglegri stærð, tækjasalur, 8x25 m útisundlaug, nuddpottur, heitur pottur, setlaug og gufubað. Við skíðasvæðið í Tindaöxl í Ólafsfirði starfa 2 starfsmenn í 1,5 stöðugildum. Um jól og páska eru ráðnir viðbótarstarfsmenn á tímakaupi. Á skíðasvæðinu er ein 650m lyfta og venjulega eru 3 brekkur troðnar, ein 600m og tvær 350m langar. Einn troðari er á svæðinu og aðgangur að öðrum á álagstímum. Brettaaðstaða er fyrir hendi og geta brettaáhugamenn nýtt sér hryggi á svæðinu auk þess sem þeir hafa hönd í bagga við að útbúa stökkpalla. Rekstur skíðasvæðisins í Skarðsdal á Siglufirði er í höndum verktaka samkvæmt þjónustusamningi við sveitarfélagið. Þrjár skíðalyftur eru á svæðinu. Aðstaða fyrir skíðagöngu er við Íþróttamiðstöðina að Hóli. Tvö knattspyrnufélög eru í Fjallabyggð, Knattspyrnufélagið Leiftur í Ólafsfirði og Knattspyrnufélag Siglufjarðar (KS). Ráðið er í eitt 100% sumarstarf á vegum sveitarfélagsins við knattspyrnuvöllinn í Ólafsfirði. Félögin eru með sameiginlegt lið í 2. deild meistaraflokks karla.

Menningarmál. Tvö bókasöfn eru í Fjallabyggð, Bókasafn Siglufjarðar og Bókasafn Ólafsfjarðar. Í tengslum við bókasafnið á Siglufirði er rekið héraðsskjalasafn, sem framvegis mun þjóna Fjallabyggð allri. Á miðju ári 2008 voru 2 starfsmenn í 1 stöðugildi við störf hjá Bókasafni Ólafsfjarðar; forstöðumaður í 50% starfi og starfsmaður í afgreiðslu í sama starfshlutfalli. Á bókasafni Siglufjarðar starfa tveir starfsmenn; forstöðumaður og afgreiðslumaður í samtals 1,5 stöðugildi. Forstöðumaðurinn sinnir skjalavörslu hjá Héraðsskjalasafni Siglufjarðar og hefur umsjón með listaverkasafni sveitarfélagsins samhliða störfum á bókasafninu. Fyrirhugað hefur verið að eftir opnun Hédinsfjarðarganga verði bókasöfnin sameinuð en starfsstöðvar verði áfram á báðum stöðum. Sveitarfélagið rekur einnig Náttúrugripasafn Ólafsfjarðar, sem er fyrst og fremst fuglasafn og þykir mjög gott sem slíkt. Þar er einnig að finna m.a. eggjasafn, plöntusafn og ísbjörn sem skotinn var á Grímseyjarsundi. Safnið er opið á sumrin frá þriðjudegi til föstudags frá kl. 14-17 en hópar geta samið um opnun utan þess tíma (Náttúrugripasafn Ólafsfjarðar, 2009). Sumarið 2009 var 1 starfsmaður í um 45% stöðu í 3 mánuði og er því um að ræða 0,1 stöðugildi á ársgrundvelli. Því eru samtals 3 stöðugildi við menningarmál í Fjallabyggð.

Aðrar stofnanir Fjallabyggðar. Aðrar stofnanir Fjallabyggðar eru tvær þjónustumiðstöðvar (áhaldahús) og tvær slökkvistöðvar, auk tveggja hafnarskrifstofa. Fjallabyggð rekur þjónustumiðstöðvar sínar í tvennu lagi sem sérstakar rekstrareiningar. Nokkur munur er á starfsemi þjónustumiðstöðvanna tveggja, en það er þeim sameiginlegt að hafa umsjón með rekstri vatnsveitu og fráveitu, minniháttar viðhaldi og þrifum á gatnakerfi, snjómokstri,

STARFSEMI RÍKIS OG SVEITARFÉLAGS Í FJALLABYGGÐ

umferðarmerkingum, minniháttar viðhaldi fasteigna og snyrtingu opinna svæða. Í áhaldahúsinu á Siglufirði starfa nú 8 starfsmenn að meðtöldum verkstjóra sem fer með stjórnun og úthlutun verkefna og hefur að auki umsjón með flugvelli. Einn smiður er í starfsmannahópnum og sinnir hann aðallega viðhaldi fasteigna bæjarins. Meðal verkefna áhaldahússins á Siglufirði eru snjómokstur fyrir eldri borgara, viðhald grunnskóla, leikskóla og hafnarmannvirkja, skólaakstur fyrir grunnskólann og akstur með matarbakka fyrir aldraða, auk undirbúningsvinnu og frágangs ýmissa viðburða á hátíðum sem haldnar eru á Siglufirði. Í áhaldahúsinu í Ólafsfirði starfa 3 starfsmenn að meðtöldum verkstjóra en voru 4 fram til áramóta 2009-2010. Hjá áhaldahúsinu starfar einn smiður, sem sinnir viðhaldsverkefnum en gengur einnig í öll önnur störf. Verkefnin eru fábreyttari en á Siglufirði og ná ekki til öldrunarþjónustunnar og fræðslumála. Í skýrslu sem Stjórnsýsluráðgjöf (2009) vann fyrir bæjarstjórn Fjallabyggðar kemur fram að umfang þjónustumiðstöðvanna hefur minnkað undanfarin ár samfara fækkun verkefna. Lagt er til að áhaldahúsin haldi sér á báðum stöðum en verði sameinuð bæði rekstrar- og stjórnunarlega. Starfsmönnum verði fækkað í 4 á hvorum stað undir stjórn eins bæjarverkstjóra.

Tvær hafnir eru í Fjallabyggð; Ólafsfjarðarhöfn og Siglufjarðarhöfn, og eru báðar reknar af Hafnarsjóði Fjallabyggðar. Siglufjarðarhöfn telst til stórskipahafna en Ólafsfjarðarhöfn til meðalstórra hafna. Fram til ársins 2007 var Ólafsfjarðarhöfn aðili að Hafnasamlagi Eyjafjarðar en gekk inn í Hafnarsjóð Fjallabyggðar þegar Hafnasamlagið var lagt niður. Hafnarverðir eru þrjú talsins auk yfirhafnarvarðar og bæjarstjóra Fjallabyggðar sem gegnir embætti hafnarstjóra. Yfirhafnarvörður á Siglufirði fer með daglega stjórn hafnanna.

Tafla 1. Fjöldi stöðugilda hjá sveitarfélaginu Fjallabyggð í október 2009.

Starfsemi	Stöðugildi
Stjórnsýsla	13,5
Félagsþjónusta	21,37
Fræðslumál	83,14
Íþrótta- og tómstundamál	13,62
Menningarmál	2,95
Aðrar stofnanir	17,55
Alls	152,13

Slökkvilið Fjallabyggðar er rekið sem ein stjórnunareining, þótt í raun sé um að ræða tvö sjálfstæð útkallslíð. Tvær slökkvistöðvar eru í Fjallabyggð; Slökkvistöðin á Siglufirði og Slökkvistöðin í Ólafsfirði. Slökkviliðsstjórinn er staðsettur á Siglufirði en varðstjóri og aðstoðarslökkviliðsstjóri eru staðsettir í Ólafsfirði. Einungis slökkviliðsstjórnarnir eru í föstu hlutastarfi og stöðugildin eru 1,2. Á Siglufirði eru jafnframt 20 skráðir slökkviliðsmenn en á Ólafsfirði eru þeir 15. Þeir eru ekki fastir starfsmenn og því ekki taldir með í samantekt stöðugilda. Í Ólafsfirði eru 2 dælubílar með tilheyrandi búnaði en á Siglufirði eru 2 dælubílar, körfubíll og tækjabíll. Á báðum stöðvum er til björgunarbúnaður en á Siglufirði er að auki til mengunarbúnaður til að hreinsa upp spilliefni. Vegna Héðinsfjarðarganga keypti Fjallabyggð nýjan slökkvibíl, sem smíðað var í Ólafsfirði, en vegna ganganna þarf liðið að fá aukinn búnað til að geta ráðið við það sem úrskaiðis getur farið í göngum (bruna, mengunarslys og bílslys). Strákagöng og Múlagöng eru einnig á svæði Slökkviliðs Fjallabyggðar en þar hafa ekki orðið stór slys hingað til.

Heildarfjöldi fastráðinna starfsmanna sveitarfélagsins Fjallabyggðar er **174** manns, auk nefndarfólks og lausráðinna starfsmanna (t.d. í liðveislu við fatlaða og við slökkvilið). Samtals

GRÉTAR ÞÓR EYÞÓRSSON O.FL.

eru starfsmenn Fjallabyggðar 254 í 152,1 stöðugildi fastráðinna starfsmanna. Yfirlit um skiptingu starfa milli einstakra flokka starfsemi má sjá í töflu 1.

Að lokum er fjöldi stöðugilda hjá sveitarfélaginu dreginn saman í töflu sem byggir á upplýsingum sem settar hafa verið fram í þessum kafla.

Samkvæmt upplýsingum frá Jóni Hróa Finnssyni, fyrrverandi þróunarstjóra Fjallabyggðar, voru 40 einstaklingar í hlutastarfi hjá sveitarfélaginu haustið 2009. Nákvæmar tölur um samanlögð stöðugildi tímaráðinna eru ekki fyrir hendi, en heildarlaun fyrir tímavinnu í október 2009 voru um 4,6 milljónir. Þar af voru nefndarlaun 1 milljón. Út frá þeim tölum má áætla að heildarfjöldi tímaráðinna stöðugilda sé 13-15, sé miðað við verkamannalaun. Segja má því með þokkalegri vissu að heildarfjöldi stöðugilda hjá sveitarfélaginu sé um 165.

Ríkisvaldið í Fjallabyggð

Í Fjallabyggð er margvísleg starfsemi á vegum ríkisins eða fyrirtækja í eigu þess. Þannig eru lögreglustöðvar, kirkjur og heilbrigðisstofnanir í báðum bæjarkjörnum og á Siglufirði eru Skattstofa Norðurlands vestra, Vinnueftirlit ríkisins, RARIK og Sýslumaðurinn á Siglufirði. Alls starfa 136 manns á vegum ríkisins í 98,3 stöðugildum í Fjallabyggð.

Heilbrigðismál. Í Fjallabyggð eru starfræktar 2 heilbrigðisstofnanir sem tilheyra báðar heilbrigðisumdæmi Norðurlands. Þetta eru Heilbrigðisstofnun Siglufjarðar og Heilsugæsla Ólafsfjarðar. Frá og með 1. janúar 2010 hafa þessar tvær stofnanir verið sameinaðar í *Heilbrigðisstofnun Fjallabyggðar*. Haustið 2009 störfuðu 67 manns við Heilbrigðisstofnun Siglufjarðar í 48,3 stöðugildum, en stöðugildum hefur farið fækkandi frá árinu 2006. Starfsemin skiptist í heilsugæsluvið, hjúkrunarvið og sjúkra- og bráðasvið. Heilsugæsluvið fer með ungbarna- og mæðravernd, heimahjúkrun og skólaheilsugæslu. Á hjúkrunar-, sjúkra- og bráðasviði eru að jafnaði 16-18 rúm fyrir hjúkrunarsjúklinga á annarri hæð hússins og á þriðju hæð dvelja að jafnaði 11-12 vistmenn. Ein ljósmóðir er á staðnum, einn heilsugæslulæknir, einn framkvæmdastjóri lækninga, einn skólahjúkrunarfræðingur og einn deildarstjóri hjúkrunarsviðs, auk annarra hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða. Aðstaða er til að sinna minni háttar rannsóknum og til staðar er fullbúin skurðstofa, sem þó hefur ekki verið í notkun undanfarin ár. Sé um alvarlegri veikindi að ræða, eða meiriháttar rannsóknir, er sjúklingum vísað annað hvort á Sjúkrahúsið á Akureyri eða til Reykjavíkur.

Dvalar- og hjúkrunarheimilið Hornbrekka í Ólafsfirði er sjálfseignarstofnun sem rekin er að hluta til af sveitarfélaginu ásamt daggjöldum frá ríkinu. Starfsemin skiptist í hjúkrunardeild (20 rými), dvalardeild (11 rými) og dagvist (6 rými). Haustið 2009 störfuðu 38 manns í 21,8 stöðugildi við stofnunina. Heilsugæslan er rekin á framlögum frá ríki. Þar er öll almenn heilsugæsla, móttaka lækni og hjúkrunarfræðings, heimahjúkrun, ungbarnavernd, mæðravernd og skólahjúkrun. Starfsmenn heilsugæslunnar eru 9 og fylla 4,9 stöðugildi. Auk þess starfa 5 sjúkraflutningamenn hjá heilsugæslunni í aukastarfi og sinna útköllum þegar á þarf að halda.

Löggæsla. Þann 1. janúar 2007 tók sýslumaðurinn á Akureyri við lögreglustjórn í umdæmi sýslumannsins í Fjallabyggð og heyrir því lögregla á Siglufirði og í Ólafsfirði undir lögreglustjórn á Akureyri (Ríkislögreglustjórn, 2008). Í Ólafsfirði eru 2 lögreglumenn í fullu starfi og starfa með lögreglunni á Dalvík, þar sem einnig eru 2 lögreglumenn. Að auki er einn héraðslögreglumaður tiltækur á álagstímum. Á Siglufirði starfa 2 lögreglumenn í fullu starfi og einn lögreglumaður í 25% starfi. Að auki eru 2 héraðslögreglumenn tiltækir á álagstímum og við afleysingar. Til stendur að Dalvík, Ólafsfjörður og Siglufjörður sameinist í eitt varðsvæði nú eftir opnun Héðinsfjarðarganganna og hugsanlega mun fækka um einn starfsmann vegna niðurskurðar á fjárlögum ríkisins.

STARFSEMI RÍKIS OG SVEITARFÉLAGS Í FJALLABYGGÐ

Kirkjur. Tvær kirkjur eru starfræktar á vegum Þjóðkirkjunnar í Fjallabyggð. Haustið 2009 voru þrjú launaðir starfsmenn við Ólafsfjarðarkirkju í 2,4 stöðugildum. Sóknarprestur og kirkjuvörður eru í 100% starfi hvor og organisti er í 40% starfshlutfalli. Í Siglufjarðarkirkju starfar sóknarprestur, einn kirkjuvörður og annar til vara, og umsjónarmaður kirkjugarða. 2 konur sjá um barnastarfið og einn starfsmaður er í starfi organista. Ekki eru upplýsingar um samanlagðan fjölda stöðugilda en miðað við upplýsingar um Ólafsfjarðarkirkju má gera ráð fyrir u.þ.b. þremur stöðugildum við Siglufjarðarkirkju.

Framhaldsskóli. Nýr framhaldsskóli tók til starfa í Ólafsfirði haustið 2010. Vonir standa til þess að með framhaldsskólanum muni nemendur sækja nám í heimabyggð í stað þess að flytja í önnur bæjarfélög. Því fylgir mikil hagræðing fyrir fjölskyldur menntaskólanema að þurfa ekki að senda unglingana um langan veg til að afla sér menntunar.

Tafla 2. Fjöldi stöðugilda á vegum ríkisins í Fjallabyggð árið 2009.

Starfsemi	Stöðugildi
Heilbrigðismál	70,1
Heilbrigðisstofnun	48,3
Hornbrekka	21,8
Löggæsla	4
Skattstofa	7,5
Sýslumaður	6
RARIK	6
Siglufjarðarkirkja	2,3
Ólafsfjarðarkirkja	2,4
Alls	98,3

Aðrar stofnanir. Skattstofa Norðurlands vestra er staðsett á Siglufirði og er heildarfjöldi starfsmanna 8, þar af er einn starfsmaður í hálfu starfi. Stöðugildi embættisins á Siglufirði eru 7,5. Skrifstofa Sýslumannsins á Siglufirði er staðsett á Siglufirði en útibú er frá embættinu í Ólafsfirði og er sýslumaður til viðtals þar á þriðjudögum. Verkefni embættisins eru m.a. útgáfa vegabréfa og ökuskírteina, umboð almannatrygginga, innheimta opinberra gjalda, ýmis skráningarleyfi og skírteini, útgáfa sakavottorða, lögskráning sjómanna, tækifærisleyfi og tímabundin vínveitingaleyfi. Haustið 2009 störfuðu 7 manns hjá embættinu í 6 stöðugildum. Rafmagnsveitur ríkisins (RARIK) sjá um hitaveitu og raforkusölu á Siglufirði ásamt raforkusölu í Ólafsfirði. Norðurorka keypti hitaveituna á Ólafsfirði og tók yfir reksturinn frá og með 1. janúar 2006. Heildarfjöldi starfsmanna Rarik á Siglufirði er 6 manns í jafnmörgum stöðugildum.

Í töflu 2 er umfang starfsemi ríkisins í Fjallabyggð tekið saman. Heilbrigðismálin eru langveigamesti þátturinn í starfseminni með alls um 70 stöðugildi af rúmum 98.

Lokaorð

Hér hefur verið veitt yfirlit um umfang og eðli opinberrar starfsemi í Fjallabyggð. Þetta yfirlit veitir nauðsynlegar grunnupplýsingar til þess að á seinni stigum verði hægt að skoða áhrif Héðinsfjarðarganga á opinbera starfsemi í Fjallabyggð. Margvísleg hagræðing hefur þegar átt sér stað á sveitarstjórnarstiginu í tengslum við sameiningu sveitarfélagana og enn frekari hagræðing er fyrirhuguð á þeim vettvangi. Með sama hætti er líklegt að ríkisvaldið dragi saman starfsemi sína nú eftir opnun ganganna. Tíminn mun hins vegar leiða í ljós að hversu miklu

GRÉTAR ÞÓR EYÞÓRSSON O.FL.

leyti hagræðingin skilar sér í ódýrari þjónustu og að hversu miklu leyti hún skilar sér í meiri þjónustu fyrir sama verð.

Hér hefur komið fram að hlutur hinna opinberu aðila í atvinnulífinu í Fjallabyggð er mikill. Hjá sveitarfélaginu eru 152 stöðugildi og hjá ríkisvaldinu ríflega 98 stöðugildi – alls rétt um 250 stöðugildi. Aukinheldur eru til um 80 störf eða hlutverk sem tengjast hinu pólitíska kerfi – ekki full störf, en launuð að einhverju leyti og eru því hluti af tekjum viðkomandi einstaklinga. Íbúar Fjallabyggðar eiga því mikið undir opinberri starfsemi og því kann öll hagræðing með tilkomu Héðinsfjarðarganga og sameiningu sveitarfélagsins að hafa áhrif á afkomu fólks.

Heimildir

Félagsþjónusta Fjallabyggðar. Sótt 18/09/2009 af <http://fjallabyggd.is/is/page/felagsthjonusta>.
http://www.fjallabyggd.is/skrar/.pdf/fb_rekstur_b_kasafna_valkostagr_v8_opinb.pdf.

Fjallabyggð: úttekt á rekstri þjónustumiðstöðva. (Stjórnsýsluráðgjöf, 2009).

Fréttabréf Fjallabyggðar. Sótt 18/12/2009 af
http://www.fjallabyggd.is/skrar/.pdf/frettabref_desi_2009_skjal.pdf.

Fræðslumál í Fjallabyggð. Sótt 19/09/2009 af <http://fjallabyggd.is/is/page/fraedsla>.

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra. www.hnv.is.

Jarðgöng og vegagerð á norðanverðum Tröllaskaga. Mat á umhverfisábrifum. Verkefni unnið fyrir Vegagerðina, 2001. Hjalti Jóhannesson, Grétar Þór Eyþórsson og Kjartan Ólafsson. Akureyri: Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri.

Jón Hrói Finnsson. 2009a. Tölvupóstur dags. 17. nóvember 2009.

Jón Hrói Finnsson. 2009b. Tölvupóstur dags. 25. nóvember 2009.

Lögregluvefurinn. www.logreglan.is.

Náttúrugripasafn Ólafsfjarðar. 2009. Sótt 19/11/2009 af
http://fjallabyggd.is/is/information/natturugripasafn_olafsfjardar/.

Ríkisútvarpið, ruv.is. Sótt 21/12/2009 af
<http://dagskra.ruv.is/akureyri/4514013/2009/12/16/8/>.

Ríkislögreglustjórinn. Ársskýrsla 2008. Resktur og starfsemi. Ríkislögreglustjóri. Reykjavík.

Samband Íslenskra Sveitarfélaga. www.samband.is.

Samband íslenskra sveitarfélaga, fréttir 13.3.2009. Sótt 30/11/2009 af
<http://www.samband.is/rekstrar-og-utgafusvid/rekstrar-og-utgafusvid/frettir/nr/1519/>.

Sigluþjónustukirkja. www.sigluþjónustukirkja.is.

Sýslumaðurinn. Vefur sýslumanna. www.syslumenn.is.

Upplýsingaveita Sambands íslenskra sveitarfélaga. www.samband.is. *Upplýsingaveita: Stöðugildi í grunnskólum.* sótt 12/10/2009 af <http://upplýsingaveita.samband.is/dialog/Saveshow.asp>.

Vefsetrið leikskolinn.is www.leikskolinn.is.

Vefsíða Fjallabyggðar www.fjallabyggd.is.

Þjónusta fatlaðra í Fjallabyggð. http://fjallabyggd.is/is/page/thjonusta_fatladr.

Heilbrigðismál Fjallabyggðar

Sonja Stelly Gústafsdóttir

Kristjana Fenger

Sigríður Halldórsdóttir

Inngangur

Í íslenskum lögum um heilbrigðisþjónustu segir að „allir landsmenn skulu eiga kost á fullkornustu heilbrigðisþjónustu, sem á hverjum tíma eru tók á að veita til verndar andlegri, líkamlegri og félagslegri heilbrigði“ (Lög um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007). Eins og heilbrigðisþjónusta er skilgreind í lögnum tekur hún til hvers kyns heilsugæslu, heilbrigðiseftirlits, lækningarannsókna, lækninga og hjúkrunar í sjúkrahúsum, lækisfræðilegs endurhæfingarstarfs, tannlækninga og sjúkraflutninga.

Markmið Fjallabyggðar enduróma þetta vel. Í kynningarbæklingi fyrir Fjallabyggð segir að „heilbrigði og öryggi íbúa og gesta komandi í Fjallabyggð verði tryggt eftir mætti með vandaðri heilbrigðisþjónustu, löggæslu, þjónustu við aldrada, sjúkraflutningum og brunavörnum.“ Þá segir einnig að Fjallabyggð skuli „stuðla að almennri vitund íbúa um heilbriggt mataræði og hreyfingu, sem og mikilvægi góðrar andlegrar heilsu,“ og að „Trygg áframhaldandi heilsugæsla og hjúkrunarþjónusta sé byggðarlaginu mikilvæg og grunnur að bættum búsetuskilyrðum“ (*Aðalskipulag Fjallabyggðar 2008-2028. Fjallabyggð fyrir frumkvöðla*). Í Fjallabyggð er m.a. sjúkrahús og tvær heilsugæslustöðvar, en innan Heilbrigðis- og félagsþjónustu svæðisins eru um 114 störf þar sem um 13% vinnuafis byggðarlagsins starfa (Sigríður K. Þorgrímsdóttir og Halldór V. Kristjánsson, 2008).

Bætt heilbrigðisþjónusta og tryggara aðgengi að viðhlítandi þjónustu allan ársins hring eru meðal mikilvægustu áhrifa samgöngubóta á landsbyggðinni. Með Héðinsfjarðargöngum skapast möguleikar á hagræðingu, eflingu og sérhæfingu þeirrar þjónustu sem þegar er í boði í Ólafsfirði og á Siglufirði, jafnframt því sem auðveldara verður að sækja fjölbreyttari heilbrigðisþjónustu til Akureyrar og tryggja að allir íbúar Fjallabyggðar fái þá heilbrigðisþjónustu sem stefnt er að í íslenskri heilbrigðisáætlun (sbr. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 2001).

Aðgengi og fjölbreytileiki heilbrigðisþjónustu

Samkvæmt reglugerð um heilbrigðisumdæmi er landinu skipt í sjö heilbrigðisumdæmi, þ.e. höfuðborgarsvæðið, Vesturland, Vestfirði, Norðurland, Austurland, Suðurland og Suðurnes. Skipulag almennrar heilbrigðisþjónustu tekur mið af þessum umdæmum með það að markmiði að tryggja landsmönnum jafnan aðgang að þjónustunni (Reglugerð um heilbrigðisumdæmi nr. 785/2007). Í hverju umdæmi á að vera starfrækt heilbrigðisstofnun eða -stofnanir sem veita almenna heilbrigðisþjónustu, þ.e. heilsugæsla, almenn sjúkrahúsþjónusta og hjúkrunarþjónusta, eftir því sem við á og að því marki sem sveitarfélögum eða öðrum aðilum hefur ekki verið falið að veita þjónustuna samkvæmt lögum eða með samningum við ríkið (Reglugerð um heilbrigðisumdæmi nr. 785/2007). Þrátt fyrir þessa skiptingu landsins í heilbrigðisumdæmi eiga sjúklingar jafnan rétt á að leita til þeirrar heilsugæslustöðvar eða heilbrigðisstofnunar sem þeir eiga auðveldast með að ná til hverju sinni (Lög um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007).

Heilbrigðisþjónusta í Fjallabyggð tilheyrir heilbrigðisumdæmi Norðurlands, en umdæmið nær yfir 22 sveitarfélög. Breytingar hafa orðið innan umdæmisins með sameiningu stofnana þar sem 1. janúar 2009 voru átta stofnanir í umdæminu sameinaðar í fimm. Þar á meðal voru heilbrigðisstofnunin á Siglufirði, heilsugæslustöðin á Dalvík og heilsugæslustöðin í Ólafsfirði

SONJA STELLY GÚSTAFSDÓTTIR O.FL.

sameinaðar í Heilbrigðisstofnun Dalvíkur og Fjallabyggðar (Reglugerð um heilbrigðisumdæmi nr. 785/2007). Þann 1. janúar 2010 sameinuðust Heilbrigðisstofnunin á Siglufirði og Heilsugæslustöðin í Ólafsfirði undir nafninu Heilbrigðisstofnun Fjallabyggðar (Reglugerð um sameiningu heilbrigðisstofnana nr. 764/2008).

Heilbrigðisþjónusta sem veitt var á Siglufirði og Ólafsfirði fyrir opnun Héðinsfjarðarganga náði á hvorum stað um sig yfir heilsugæslu og stofnun fyrir aldraða, auk þess sem sjúkrahús er staðsett á Siglufirði. Í töflu 1 má sjá þá þjónustu sem var í boði á stöðunum.

Tafla 1. Heilbrigðisþjónusta í Fjallabyggð 2009.

Sigluþfjörður	Heilbrigðisstarfsmenn (stöðugildi)	Legupláss
Heilsugæslusvið <ul style="list-style-type: none"> • Ungbarnavernd • Mæðravernd • Heimahjúkrun • Skólahjúkrun 	Læknir (1,8) Hjúkrunarfræðingur (1,5) Ljósmodir (0,5) Sjúkraliði (0,5) Síma- og móttökuritun (2,0) Rannsókn (1,5)	
Hjúkrunarsvið	Á báðum sviðum starfa um 35-40 manns: hjúkrunarfræðingar (6,3), læknar (0,2), sjúkraliðar (2,5), sjúkraþjálfari (0,4) og annað starfsfólk (15,7)	28 Hjúkrunarrými
Sjúkra- og bráðasvið		7 Sjúkra- og bráðasvið
Ólafsfjörður	Heilbrigðisstarfsmenn (stöðugildi)	Legupláss
Heilsugæslustöðin Hornbrekka <ul style="list-style-type: none"> • Ungbarnavernd • Mæðravernd • Heimahjúkrun • Skólahjúkrun 	Læknir (1,0) Hjúkrunarfræðingur (0,8) Ljósmodir (0,25) Sjúkraliði (0,7) Læknaritari (0,7) Móttökuritari (1,0)	
Dvalar- og hjúkrunarheimilið Hornbrekka <ul style="list-style-type: none"> • Öldrunarheimili • Sjúkradeild • Dagvist 	Heilsugæslan sinnir lækniþjónustu: hjúkrunarfræðingar (2,3), sjúkraliðar (4,0) og annað starfsfólk (14,7). Sjúkraþjálfari er með aðstöðu í húsnæðinu	20 hjúkrunarrými 11 dvalarrými 6 dagvistarrými

Á heilbrigðisstofnun Siglufjarðar eru starfrækt þrjú svið: heilsugæslusvið, hjúkrunarsvið og sjúkra- og bráðasvið. Undir heilsugæslusvið fellur öll almenn ungbarnavernd, mæðravernd, heimahjúkrun og skólahjúkrun, en fæðingarhjálp var hætt þar árið 2006 (Konráð Baldvinsson, 2010).

Í Ólafsfirði var heilsugæslustöðin Hornbrekka tekin í notkun 1982. Þar er öll grunnþjónusta í boði, s.s. ungbarnavernd, mæðravernd, heimahjúkrun, skólahjúkrun, móttaka lækna, öldrunarheimili og sjúkradeild. Sjúkrabíll er á staðnum og eru sjúkraflutningamenn á bakvakt allan sólarhringinn. Fæðing barna fer yfirleitt fram á Akureyri nema bæði læknir og ljósmodir séu búnin að ganga úr skugga um að fæðing sé örugg í Ólafsfirði (Rúnar Guðlaugsson, 2010).

Fjöldi rannsókna hérlendis og erlendis hafa beinst að notkun almennings á heilbrigðisþjónustu. Þessar rannsóknir sýna að auk veikinda hafa ýmsir sálfræðilegir, félagslegir og efnahagslegir þættir áhrif á hvort og í hvaða mæli almenningur notar heilsugæslu- og lækniþjónustu (Rúnar Vilhjálmsson, 2001; Rúnar Vilhjálmsson o.fl., 2001). Rannsóknir benda til þess að aukin vegalengd á milli búsetu og heilbrigðisþjónustu dragi almennt úr notkun

heilbrigðisþjónustu þar sem íbúar dreifbýlisstaða nota þjónustuna minna en íbúar þéttbýlisstaða (Chan, Hart og Goodman, 2006; Graves, 2009; Nemet og Bailey, 2000).

Ferðatími að heilbrigðisþjónustu virðist einna helst skipta máli (Graves, 2009; Rúnar Vilhjálmsson o.fl., 2001) og þannig má segja að heilsa sé landfræðilega aðgreind eftir búsetu (Graves, 2009). Ísland er strjálbýlasta land Evrópu og óblíð náttúra og erfið ferðaskilyrði geta oft gert langar vegalengdir torfærar. Íbúar í dreifðari byggðum landsins sitja því ekki við sama borð og íbúar höfuðborgarsvæðisins hvað varðar aðgengi að heilbrigðisþjónustu og fjölbreytni hennar (Björn Gunnarsson o.fl., 2007). Aðgengi að heilsugæslu hefur þó aukist til muna vegna þess að almenningur hefur gert kröfur um slíkt og má m.a. rekja þær breytingar til byltingar í samgöngum, fjarskiptum, tækni og þekkingu í læknisfræði (Gísli Ólafssonar og Jóhann Ágúst Sigurðsson, 2000).

Gæði heilbrigðisþjónustu

Heilbrigðisþjónusta er um margt afar ólík annarri þjónustu því þjónustuþegar hennar eru oft viðkvæmir hópar, svo sem barnshafandi konur, fjölskyldur veikra eða fatlaðra barna, veikt fólk eða slasað og aldraðir. Grundvallaratriði er að gera kröfur um gæði í heilbrigðisþjónustu því lítil gæði bitna á þjónustuþegum og samfélaginu auk þess sem heilbrigðisstofnanir eru fyrst og fremst metnar út frá gæðum (Lawrence, 1997). Erfitt er að skilgreina *gæði* því hugtakið er að hluta til félagslegt fyrirbæri og tengist gildismati einstaklinga að einhverju marki, svo sem hvaða væntingar þeir hafa til heilbrigðisþjónustunnar og hlutverks hennar (Koch, 1992). Gæði heilbrigðisþjónustu geta því haft mismunandi merkingu fyrir þjónustuþega, heilbrigðisstarfsmenn og t.d. sveitarfélög.

Nú á tímum niðurskurðar í allri opinberri þjónustu á Íslandi hlýtur áherslan á gæði að verða enn mikilvægari. Landlæknisembættinu er ætlað að tryggja gæði en samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007 og lögum um landlækni nr. 41/2007 hefur embættið faglegt eftirlit með heilbrigðisstofnunum og heilbrigðisstéttum. Landlæknisembættið safnar margvíslegum gögnum úr heilbrigðisþjónustu í þeim tilgangi að afla þekkingar um heilsufar og heilbrigðisþjónustu, sinna eftirliti, meta árangur og gera áætlanir um gæðaþróun í heilbrigðisþjónustu og það sinnir einnig athugunum að beiðni stjórnvalda. Embættið notar margvíslegar leiðir til að uppfylla þessi lagaákvæði og styðst meðal annars við gæðaviðmið Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar.

Með eftirlitsstarfi sínu hefur embættið það að leiðarljósi að árangursríkasta leiðin til að bæta gæði og öryggi heilbrigðisþjónustu er að efla samstarf og samráð við stjórnendur og starfsfólk heilbrigðisstofnana. Undir eftirlit landlæknis heyra mörg hundruð rekstrareiningar. Anna Björg Aradóttir (2008) hjá landlæknisembættinu hefur bent á að þeir sem starfa í heilbrigðisþjónustunni eða tengjast henni með einum eða öðrum hætti telji að efla þurfi gæði þjónustunnar. Hún bendir á að markvisst gæðastarf endurspeglar meðal annars í heilsufari, árangri meðferðar, kostnaði, aðgengi að þjónustu og ánægju sjúklinga.

Mat á gæðum heilbrigðisþjónustu

Það er vandasamt verk að meta gæði í heilbrigðisþjónustu en Brook, McGlynn og Shekelle (2000) telja að það sé hægt með því hafa skýra gæðavísu, að tryggt sé að heilbrigðisstarfsmenn fari eftir þeim og að þjónustuþegar staðfesti að heilbrigðisstarfsmenn hafi í öllu farið eftir gæðavísunum. Kavanagh, Adams og Wang (2009) taka undir þetta en telja að meiri áherslu verði að leggja á gæðavísu á hinum mismunandi sérsviðum heilbrigðisþjónustunnar.

SONJA STELLY GÚSTAFSDÓTTIR O.FL.

Á Íslandi var sett reglugerð um gerð gæðavísa (nr. 1148/2008) sem notaðir eru til að meta gæði og árangur innan heilbrigðisþjónustunnar. Markmið reglugerðarinnar er „að kveða á um val, notkun og birtingu gæðavísa í þeim tilgangi að stuðla að umbótum innan heilbrigðisþjónustunnar og efla gæði og öryggi” (gr. 2).

Markmið með notkun gæðavísa er „að fylgjast með gæðum og öryggi heilbrigðisþjónustunnar og stuðla að því að þessir þættir séu sýnilegir þannig að notendur heilbrigðisþjónustu, stjórnvöld, stjórnendur heilbrigðisstofnana og heilbrigðisstarfsmenn geti metið gæði þjónustunnar og tekið ákvarðanir á faglegum grundvelli” (gr. 4). Enn fremur er þeim ætlað að veita heilbrigðisstarfsmönnum og heilbrigðisstofnunum aðhald við veitingu heilbrigðisþjónustu, auka gæðavitund og skapa samkeppni um árangur og gæði, og stuðla þannig að umbótum innan heilbrigðisþjónustunnar (gr. 4). Gæðavísar vísa til öryggis notenda, rétttrar tímasetningar, skilvirkni þjónustu, jafnræðis, notendamíðaðrar þjónustu og árangurs (gr. 5).

Samkvæmt skýrslu norrænu ráðherranefndarinnar um gæðamælingar í heilbrigðisþjónustu á Norðurlöndunum (*Kvalitetsmæling i sundbedsvæsenet i Norden*) árið 2007 er árangur og gæði íslensku heilbrigðisþjónustunnar á sumum sviðum með því besta sem gerist á Norðurlöndunum. Þannig er dánartíðni sjúklinga sem liggja á sjúkrahúsi og deyja innan 30 daga eftir kransæðastíflu lægri hér á landi en annars staðar á Norðurlöndunum. Konur sem lifa fimm árum eftir greiningu brjóstakrabbameins eru hlutfallslega flestar hér á landi og dánartíðni sjúklinga sem liggja á sjúkrahúsi og deyja innan 30 daga eftir kransæðablástur (PTCA) er lægst hér á landi. Þá er nýburadaudi á Norðurlöndum lægstur á Íslandi (Heilbrigðisráðuneytið, 2007).

Tafla 2. Bakgrunnsupplýsingar.


	Siglufjörður	Ólafsfjörður
Staður	60%	40%
Kyn		
- karlar	50%	50%
- konur	46%	54%
Aldur		
18–25	10%	8%
25–40	14%	21%
41–66	56%	51%
67 ára og eldri	20%	21%
Menntun		
- grunnskólapróf	68%	62%
- iðnréttindi	26%	25%
- framhaldsskólastig	19%	23%
- stúdentspróf	10%	10%
- háskólapróf	9%	16%
- annað	9%	9%

Eins og áður hefur komið fram geta gæði heilbrigðisþjónustu haft mismunandi merkingu eftir því hver það er sem metur hana. Laura Scheving Thorsteinsson (2002) bendir á mikilvægi þess að þjónustuþegar séu hafðir með í ráðum við mat á gæðum heilbrigðisþjónustunnar. Athyglisvert er að niðurstöður bandarískrar rannsóknar benda til þess að þjónustuþegar meti gæði á svipaðan hátt í þéttbýliskjörnum og á landsbyggðinni þótt aðstæður utan þéttbýliskjarna geti verið mjög mismunandi (Peterson, 2009).

Í þessum hluta verður greint frá niðurstöðum úr íbúakönnun þar sem skoðuð var ánægja íbúanna í Ólafsfirði og á Siglufirði með heilbrigðisþjónustu almennt og einnig ánægja þeirra með aðgengi, fjölbreytileika og gæði þjónustunnar. Alls tóku 732 þátt í könnuninni og voru 60% þeirra frá Siglufirði (n=439) og 40% frá Ólafsfirði (n=293). Í töflu 2 má sjá hlutfallslega skiptingu þátttakenda eftir kyni, aldri og menntun innan og milli staðanna tveggja.

Ánægja með heilbrigðisþjónustu

Svarhlutfall við spurningu um ánægju með heilbrigðisþjónustuna var tæplega 97%, þar sem 708 manns svöruðu. Niðurstöður könnunarinnar benda sterklega til þess að íbúar á Siglufirði og í Ólafsfirði séu almennt ánægðir með heilbrigðisþjónustuna á sínu svæði. Mikill meirihluti þátttakenda (mynd 1) var frekar ánægður eða mjög ánægður með heilbrigðisþjónustuna eða 82% og 11% voru hvorki ánægð né óánægð.



Mynd 1. Ánægja með heilbrigðisþjónustu

Í töflu 3 er ánægja með heilbrigðisþjónustu skoðuð eftir aldri, kyni og búsetu. Þegar horft er til ánægju með heilbrigðisþjónustu eftir aldri má sjá að hlutfall þeirra sem voru mjög og frekar ánægðir með heilbrigðisþjónustuna eykst með hækkandi aldri. Í elsta aldurshópnum voru 93% mjög eða frekar ánægð með þjónustuna á móti 68% í þeim yngsta. Þeir einstaklingar sem tilheyrðu elsta aldurshópnum, 67 ára og eldri voru flestir mjög ánægðir með þjónustuna (55%), þar á eftir þátttakendur 41–66 ára (38%), svo 26–40 ára (26%) og að lokum 18–25 ára (21%). Þeir sem voru hvorki ánægðir né óánægðir voru hlutfallslega flestir í tveimur yngstu aldurshópnum, þ.e. 26–40 ára (20%) og 18–25 ára (21%). Í yngsta aldurshópi voru líka hlutfallslega flestir sem voru frekar óánægðir (11%).

Skýringa á hlutleysi og óánægju yngsta aldurshópsins má ef til vill finna í rannsókn Rúnars Vilhjálmssonar o.fl. frá 1999 en þar kom fram að fólk á aldrinum 18–24 ára nýtir sér lækniþjónustu minna en aðrir aldurshópar. Hátt hlutfall hlutleysis í svörun væri því hægt að skýra með því að sá hópur treysti sér ekki eða getur ekki tekið afstöðu til heilbrigðisþjónustunnar vegna lítillar reynslu af henni. Það sem vekur ef til vill undrun eru viðbrögð þeirra sem eru á aldrinum 26–40 ára, þar sem þeir eru á virkasta barneignaraldri og því mætti ætla að þeir leituðu til heilbrigðisþjónustunnar vegna meðgöngu, ungbarnaeftirlits og veikinda barna.

SONJA STELLY GÚSTAFSDÓTTIR O.FL.


Ánægja með heilbrigðisþjónustuna eftir kyni sýnir að konur voru almennt ánægðari með heilbrigðisþjónustuna þar sem 85% þeirra voru mjög eða frekar ánægðar á móti 79% karla. Fleiri karlar (13%) en konur (9%) voru hvorki ánægðir né óánægðir með þjónustuna.

Könnun á ánægju með heilbrigðisþjónustuna eftir búsetu leiddi í ljós að fleiri Siglufirðingar (86%) en Ólafsfirðingar (76%) voru mjög og frekar ánægðir með heilbrigðisþjónustuna, þar sem 47% íbúa Siglufjarðar voru mjög ánægðir með þjónustuna á móti 22% íbúa Ólafsfjarðar. Hægt er að leiða líkum að því að skýringu á þessum mun sé að finna í þeirri þjónustu sem í boði er á stöðunum. Eins og áður hefur komið fram er á Siglufirði staðsett m.a. sjúkrahús sem er ekki til staðar í Ólafsfirði.

Tafla 3. Ánægja með heilbrigðisþjónustu eftir aldri, kyni og búsetu.

	Mjög óánægður	Frekar óánægður	Hvorki né	Frekar ánægður	Mjög ánægður
Aldur					
18-25	0%	11%	21%	47%	21%
26-40	3%	5%	20%	46%	26%
41-66	3%	3%	9%	47%	38%
67 ára og eldri	2%	1%	4%	38%	55%
Kyn					
Karl	3%	5%	13%	43%	36%
Kona	3%	3%	9%	46%	39%
Búseta					
Ólafsfjörður	3%	7%	14%	54%	22%
Siglufjörður	3%	2%	9%	39%	47%

Ánægja með heilbrigðisþjónustuna eftir menntun dreifðist nokkuð jafnt, en ánægðastir voru þeir sem eru með grunnskólamenntun (40%). Þegar ánægja með heilbrigðisþjónustuna var skoðuð eftir aldri og byggðakjarna fengust sömu niðurstöður og í heildarhópnum, þ.e.a.s. ánægjan jókst með hækkandi aldri þátttakenda og að sama skapi varð óánægjan minni.




Mynd 2. Ánægja með heilbrigðisþjónustu eftir kyni og stað.

Á mynd 2 er ánægja með heilbrigðisþjónustuna skoðuð eftir kyni og byggðakjarna. Þar kemur ákveðin samsvörun í ljós. Karlar og konur á Siglufirði voru ánægðari með heilbrigðisþjónustuna en konur og karlar í Ólafsfirði. Nær helmingur karla á Siglufirði var mjög ánægður með heilbrigðisþjónustuna (46%) á meðan meirihluti karla í Ólafsfirði var frekar ánægður (57%). Á Siglufirði var tæpur helmingur kvenna mjög ánægður með heilbrigðisþjónustuna (49%) á meðan rúmur helmingur kvenna í Ólafsfirði var frekar ánægður (52%).

Konur á Siglufirði voru ánægðastar með heilbrigðisþjónustuna. Hugsanlega er hægt að skýra ánægju siglfirskra kvenna með þjónustuna með því að rannsóknir hafa bent til þess að konur noti heilbrigðisþjónustuna meira en karlar vegna sjálfra sín, barna sinna eða aldraðra foreldra (Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 2000). Einnig er sjúkrahús staðsett á Siglufirði, eins og fram hefur komið hér að framan, og þar er aðgengi að heilbrigðisþjónustunni því betra og fjölbreytileiki hennar nokkru meiri en í Ólafsfirði.

Aðgengi að heilbrigðisþjónustu

Svarhlutfall spurningar um ánægju með aðgengi að heilbrigðisþjónustu var 96% þar sem 706 svöruðu. Mikill meirihluti þátttakenda er mjög ánægður eða frekar ánægður með aðgengi að heilbrigðisþjónustunni (mynd 3) eða 89% og einungis 4% þeirra eru frekar óánægð eða mjög óánægð.



Mynd 3. Ánægja með aðgengi að heilbrigðisþjónustu.

Ánægju með aðgengi að heilbrigðisþjónustu eftir aldri, kyni og búsetu má sjá í töflu 4. Þar kemur fram að ánægja með aðgengi að heilbrigðisþjónustu eftir aldurshópum var á sama veg og ánægja með þjónustuna, þ.e. í elsta hópnum voru flestir mjög eða frekar ánægðir með aðgengið (94%) og síðan minnkar hún lítillega (91%) hjá 41–66 ára og er 80% hjá tveimur yngstu aldurhópnum. Í yngri hópnum tveimur voru mun fleiri hvorki ánægðir né óánægðir samanborið við eldri hópana. Fáir voru mjög eða frekar óánægðir með aðgengi að heilbrigðisþjónustunni eða frá 3–5%.

Dvalarheimili fyrir aldraða og sjúkratými er fyrir hendi bæði í Ólafsfirði og á Siglufirði þannig að aldraðir íbúar þurfa ekki að flytja úr heimahögunum ef þeir ráða ekki við að hugsa um sig sjálfir. Ungir fullorðnir, fólk á aldrinum 18-40 ára, eru hvað hlutlausastir með þá þætti sem kannaðir voru. Þetta vekur nokkra undrun þar sem þetta er fólk á barneignaraldri og mætti ætla að það noti þjónustuna talsvert fyrir sig og sína nánustu. Einnig er þetta áhugavert í ljósi þess að ákveðið skarð hefur myndast í íbúahóp byggðarlagsins þar sem þennan aldurshóp


SONJA STELLY GÚSTAFSDÓTTIR O.FL.

vantar að miklu leyti í Fjallabyggð (sjá Þóroddur Bjarnason o.fl., 2010). Jafn hlutfall kvenna og karla (51%) var mjög ánægt með aðgengið. Fleiri karlmenn (10%) en konur (4%) voru hvorki ánægðir né óánægðir.

Tafla 4. Ánægja með aðgengi að heilbrigðisþjónustu eftir aldri, kyni og búsetu.

	Mjög óánægður	Frekar óánægður	Hvorki né	Frekar ánægður	Mjög ánægður
Aldur					
18-25	0%	3%	17%	44%	36%
26-40	3%	2%	15%	43%	37%
41-66	2%	2%	5%	38%	53%
67 ára og eldri	2%	3%	1%	32%	62%
Kyn					
Karl	2%	1%	10%	36%	51%
Kona	2%	3%	4%	40%	51%
Búseta					
Ólafsfjörður	1%	5%	13%	51%	30%
Siglufjörður	3%	0%	2%	29%	66%

Þegar aðgengi að heilbrigðisþjónustunni var skoðað út frá búsetu mátti sjá að fleiri Siglfirðingar voru mjög eða frekar ánægðir með aðgengið (95%) samanborið við Ólafsfirðinga (81%), en rúmlega tvöfalt fleiri Siglfirðingar voru mjög ánægðir með aðgengið miðað við Ólafsfirðinga. Fáir voru óánægðir, aðeins 3% Siglfirðinga og 6% Ólafsfirðinga. Hægt er að leiða líkum að því að skýringin á þessum niðurstöðum sé sú sama og hvað varðar ánægju með heilbrigðisþjónustuna, þ.e. að á Siglufirði er sjúkrahús en ekki í Ólafsfirði.




Mynd 4. Ánægja með aðgengi að heilbrigðisþjónustu eftir kyni og stað.

Ánægja með aðgengi að heilbrigðisþjónustunni eftir menntun sýndi að stærsti hópurinn sem var mjög ánægður voru íbúar með iðnmenntun (53%), en þeir sem voru hvorki ánægðir né óánægðir með aðgengi komu flestir úr hópi þeirra sem voru í námi á framhaldsskólastigi (11%).

Þegar horft er til ánægju með aðgengi að heilbrigðisþjónustu eftir kyni og stað (mynd 4) voru flestir Siglfirðingar mjög ánægðir eða tveir þriðju kvenna (66%) og karla (66%), en flestir Ólafsfirðingar voru frekar ánægðir eða um helmingur kvenna (52%) og karla (50%).

Fjölbreytileiki heilbrigðisþjónustu

Svarhlutfall spurningar um ánægju með fjölbreytileika heilbrigðisþjónustu var tæplega 94% þar sem 687 svöruðu. Meirihluti svarenda (69%) var frekar eða mjög ánægður með fjölbreytileika heilbrigðisþjónustu (mynd 5). Hlutfallslega flestir voru frekar ánægðir (43%) og mjög ánægðir (26%). Hins vegar voru 23% hvorki ánægðir né óánægðir með fjölbreytileika þjónustunnar.



Mynd 5. Ánægja með fjölbreytileika heilbrigðisþjónustu.

Ánægju með fjölbreytileika heilbrigðisþjónustunnar eftir aldri, kyni og búsetu má sjá í töflu 5. Þar kom fram að íbúar 67 ára eða eldri voru hlutfallslega ánægðastir með fjölbreytileika heilbrigðisþjónustunnar þar sem 82% voru mjög eða frekar ánægð með hana á móti 54% í yngsta aldurshópnum, þ.e. 18–25 ára. Milli 30–31% þeirra sem tilheyra tveimur yngstu aldurshópnum voru hvorki ánægðir né óánægðir með fjölbreytileikann en óánægðastir voru þeir sem tilheyrðu yngsta aldurshópnum, en þar voru 15% mjög eða frekar óánægðir. Ánægja með fjölbreytileika jókst með hækkandi aldri íbúa í báðum byggðakjörnum.

Kynin virðast fylgjast nokkuð að varðandi ánægju með aðgengi. Hlutfall þeirra sem voru mjög ánægðir var þó aðeins hærra meðal karla (27%) en kvenna (25%). Fleiri karlar (25%) en konur (21%) voru hvorki ánægðir né óánægðir með fjölbreytileika þjónustunnar.

Þegar ánægja með fjölbreytileika heilbrigðisþjónustu var borin saman milli staða kom í ljós að fleiri Siglfirðingar (77%) en Ólafsfirðingar (56%) voru mjög eða frekar ánægðir með fjölbreytileikann. Hærra hlutfall Siglfirðinga (36%) var einnig mjög ánæggt með fjölbreytileika þjónustunnar. Fjölbreytileiki heilbrigðisþjónustu var það atriði innan þessa hluta könnunarinnar sem íbúar í báðum byggðakjörnum tóku síst afstöðu til, þ.e. voru hvorki ánægðir né óánægðir með, eða um þriðjungur Ólafsfirðinga og hlutfallslega helmingi færri Siglfirðingar, eða sjötti hluti þeirra. Einnig var fjölbreytileikinn sá liður sem íbúar voru óánægðastir með, eða

SONJA STELLY GÚSTAFSDÓTTIR O.FL.


10% Ólafsfirðinga en 7% Siglufirðinga. Þessar niðurstöður ættu ekki að koma á óvart þar sem íbúar beggja byggðarlaga þurfa að leita út fyrir heimabyggð til að fá sérhæfða heilbrigðisþjónustu.

Tafla 5. Ánægja með fjölbreytileika heilbrigðisþjónustu eftir aldri, kyni og búsetu

	Mjög óánægður	Frekar óánægður	Hvorki né	Frekar ánægður	Mjög ánægður
Aldur					
18-25	2%	13%	31%	38%	16%
26-40	2%	6%	30%	42%	20%
41-66	2%	7%	22%	43%	26%
67 ára og eldri	2%	2%	14%	44%	38%
Kyn					
karl	2%	7%	25%	39%	27%
kona	2%	6%	21%	46%	25%
Búseta					
Ólafsfjörður	2%	8%	34%	45%	11%
Siglufjörður	2%	5%	16%	41%	36%

Ánægja með fjölbreytileika heilbrigðisþjónustunnar var skoðuð eftir menntun. Íbúar með grunnskólapróf (28%) voru líklegastir til að vera mjög ánægðir ásamt þeim sem voru með iðnréttindi (27%). Íbúar með háskólapróf (31%) tóku síst afstöðu, þ.e. voru líklegastir til að vera hvorki ánægðir né óánægðir. Hlutfallslega óánægðastir voru þeir sem lokið höfðu stúdentsprófi.


Þegar horft var til ánægju með fjölbreytileika eftir kyni og búsetu (mynd 6) kom í ljós að konur og karlar á Siglufirði voru líklegri til að vera mjög ánægð með fjölbreytileika heilbrigðisþjónustunnar, 36% hvort kynið, samanborið við 12% karla og 10% kvenna í Ólafsfirði. Um þriðjungur karla (38%) og kvenna (30%) í Ólafsfirði var hvorki ánægður né óánægður með fjölbreytileikann á móti um sjötta hluta karla (17%) og kvenna (15%) á Siglufirði. Mesta óánægja eftir kyni og búsetu er á meðal kvenna í Ólafsfirði, 12%.



Mynd 6. Ánægja með fjölbreytileika heilbrigðisþjónustu eftir kyni og stað.

Gæði heilbrigðisþjónustu

Svarhlutfall við spurningu um ánægju með gæði heilbrigðisþjónustu var tæplega 95% þar sem 694 svöruðu spurningunni. Meirihluti þátttakenda var frekar ánægður eða mjög ánægður með gæði heilbrigðisþjónustunnar eða 78% (mynd 7). Hlutfall þeirra sem voru hvorki ánægðir né óánægðir með gæðin var 16%.



Mynd 7. Ánægja með gæði heilbrigðisþjónustu.

Í töflu 6 má sjá ánægju með gæði heilbrigðisþjónustunnar eftir aldri, kyni og búsetu. Elsti hópurinn, 67 ára eða eldri, var líklegastur til að vera mjög ánægður með gæði heilbrigðisþjónustunnar (46%). Rúmur fjórðungur þeirra sem tilheyra tveimur yngri aldurshópunum, þ.e. 26–40 ára og 18–25 ára, tók ekki afstöðu, þ.e.a.s. var hvorki ánægður né óánægður með gæði þjónustunnar.

Tafla 6. Ánægja með gæði heilbrigðisþjónustu eftir aldri, kyni og búsetu.


	Mjög óánægður	Frekar óánægður	Hvorki né	Frekar ánægður	Mjög ánægður
Aldur					
18-25	0%	7%	28%	42%	23%
26-40	1%	6%	27%	44%	22%
41-66	2%	4%	14%	47%	33%
67 ára og eldri	2%	2%	7%	43%	46%
Kyn					
karl	2%	4%	16%	44%	34%
kona	1%	5%	15%	46%	33%
Búseta					
Ólafsfjörður	2%	8%	26%	50%	14%
Siglufjörður	2%	2%	9%	42%	45%

Ánægja með gæði þjónustunnar eftir kyni var nokkuð jöfn þar sem 78% karla og 79% kvenna voru mjög og frekar ánægð. Tæplega sjötti hluti karla (16%) og kvenna (15%) var

SONJA STELLY GÚSTAFSDÓTTIR O.FL.

hvorki ánægður né óánægður með gæði þjónustunnar. Hlutfallslega fleiri Siglfirðingar (87%) en Ólafsfirðingar (64%) voru mjög eða frekar ánægðir með gæðin, þar af voru 45% Siglfirðinga mjög ánægð. Rúmlega fjórðungur Ólafsfirðinga (26%) var hvorki ánægður né óánægður með gæði þjónustunnar en aftur á móti voru 10% þeirra frekar og mjög óánægð.

Rúmlega þriðjungur íbúa með grunnskólapróf (34%), stúdentspróf (34%) og iðnréttindi (34%) var mjög ánægður með gæði heilbrigðisþjónustunnar. Um 20% þeirra sem voru í námi á framhaldsskólastigi, 22% þeirra sem höfðu lokið stúdentsprófi og 19% þeirra sem höfðu háskólapróf voru hvorki ánægð né óánægð með heilbrigðisþjónustuna. Sami hópur var hlutfallslega óánægðastur með gæðin, frá 5 til 8%.



Mynd 8. Ánægja með gæði heilbrigðisþjónustu eftir kyni og stað.

Þegar horft var til ánægju með gæði heilbrigðisþjónustunnar eftir kyni og búsetu (mynd 8) mátti sjá að kynin fylgdust nokkuð vel að innan hvors byggðakjarna, en ekki að sama skapi á milli þeirra. Hlutfall þeirra sem voru mjög ánægðir var hæst á Siglufirði, 45% karla og 45% kvenna. Hins vegar var aðeins um sjötti hluti kvenna (16%) og karla (12%) á Ólafsfirði mjög ánægður með gæðin. Um helmingur karla (52%) og kvenna (48%) í Ólafsfirði var þó frekar ánægður með þjónustuna á móti 45% kvenna og 40% karla á Siglufirði. Hins vegar var rúmlega fjórðungur karla (26%) og kvenna (27%) í hópi Ólafsfirðinga hvorki ánægður né óánægður með gæðin, en það var mun hærra hlutfall en á Siglufirði, bæði hjá konum (10%) og körlum (8%). Óánægja með gæði heilbrigðisþjónustunnar var mest í Ólafsfirði en þar voru 10% kvenna og 9% karla frekar eða mjög óánægð meðan aðeins 4% siglfirskra kvenna og karla voru í þeim hópi.

Framtíðarsýn

Að mörgu er að hyggja þegar fjallað er um heilbrigðisþjónustu og mat á henni. Þótt viðhorf almennings til heilbrigðisþjónustunnar sé mikilvægt er það einungis eitt sjónarhorn. Mikilvægt er að skoða fleiri þætti þjónustunnar til að fá heildarmynd. Þegar heilbrigðisþjónusta er metin þurfa markmið hennar að vera skýr, þ.e. að hvaða marki er stefnt, í hverju árangurinn felst og hvernig hægt er að meta hann. Mikilvægt er að heilbrigðisþjónustan sé samstíga yfirlýstri stefnu stjórnvalda og að markmiðin séu tengd því að efla lífsgæði og hvetji heilbrigðisstarfsfólk til að ná þeim markmiðum.

Alþingi Íslendinga samþykkti *Heilbrigðisáætlun til ársins 2010* á fundi sínum 20. maí 2001 með 46 samhljóða atkvæðum. Áætlunin naut viðtæks stuðnings í öllum stjórn mála flokkunum. Um svipað leyti og áætlunin var í smíðum, eða í september 1998, samþykkti Evrópuþing WHO nýja Evrópuáætlun með 21 meginmarkmiði sem ná í flestum tilvikum til ársins 2020. Eðlilegt þótti því að tekið yrði mið af Evrópuáætlun WHO við endurskoðun á íslenskri heilbrigðisáætlun. Í Evrópuáætluninni var lögð áhersla á jafnrétti og samábyrgð í verki, bætt heilsufar, forvarnir, þverfaglegar aðgerðir, árangursríka heilbrigðisþjónustu og breytta stjórnunarhætti. Íslenska heilbrigðisáætlunin tók mjög mið af þessari Evrópuáætlun (Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 2001). Kostur íslensku heilbrigðisáætlunarinnar er að sett voru fram mælanleg markmið sem hægt er að vinna að hvar sem er á landinu. Markmiðin eru á eftirtöldum sviðum: 1. Áfengis-, vímuefna- og tóbaksvarnir. 2. Heilsa barna og ungmenna. 3. Heilsa eldri borgara. 4. Geðheilbrigði. 5. Hjarta- og heilavernd. 6. Krabbameinsvarnir og 7. Slysavarnir.

Þegar niðurstöður úr könnun sem þessari eru kynntar vakna oft fleiri spurningar en svör fást við. Stefnt er að því að taka viðtöl við íbúa Fjallabyggðar til að kafa dýpra í efnið og safna frekari upplýsingum um viðhorf þeirra til gæða, aðgengis og fjölbreytileika heilbrigðisþjónustu Fjallabyggðar eða annað varðandi þjónustuna. Einnig væri fýsilegt að safna samskonar upplýsingum og hér eru settar fram nú eftir tilkomu Héðinsfjarðarganganna til að kanna hvort einhverjar breytingar hafa orðið á sýn fólks á heilbrigðisþjónustu byggðarlagsins.

Þegar gæði heilbrigðisþjónustu eru metin er rétt að taka mið af mælanlegum markmiðum og æskilegt væri að lagt yrði mat á það hversu vel gengi að ná markmiðum íslenskrar heilbrigðisáætlunar innan heilbrigðisþjónustu Fjallabyggðar.

Heimildir

- Aðalskipulag Fjallabyggðar 2008-2028. Fjallabyggð fyrir frumkvöðla*: Markmiðssetning – tillaga. Kynningarbæklingur um Fjallabyggð gefinn út í september 2007. Sótt 10.2.2010: http://www.fjallabyggd.is/skrar/.pdf/markmi_fjallabygg_151208.pdf
- Anna Björg Aradóttir 2008. Rannsóknir í hjúkrun og gæði heilbrigðisþjónustu. *Tímarit hjúkrunarfræðinga*, 84(2), 6-7.
- Björn Gunnarsson, Hildigunnur Svavarsdóttir, Sveinbjörn Dúason og Helga K. Magnúsdóttir 2007. Sjúkraflutningar í dreifbýli. *Læknablaðið*, 93, 359-363.
- Brook, R.H., McGlynn, E.A. og Shekelle, P.G. 2000. Defining and measuring quality of care: A perspective from US researchers. *International Journal for Quality in Health Care*, 12, 281-295.
- Chan, L., Hart, L.G. og Goodman, D.C. 2006. Geographic access to health care for rural Medicare beneficiaries. *Journal of Rural Health*, 22(2), 140-146.
- Gísli Ólafsson og Jóhann Ágúst Sigurðsson 2000. Out-of-hours service in rural areas. An observational study of accessibility, attitudes and quality standards among general practitioners in Iceland. *Scandinavian Journal of Primary Health Care*, 18, 75-79.
- Graves, A. 2009. A model for assessment of potential geographical accessibility: A case for GIS. *Online Journal of Rural Nursing and Health Care*, 9(1), 46-55.
- Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 2000. *Heilsufar kvenna. Álit og tillögur nefndar um heilsufar kvenna*. Sótt 5.3.2010 á http://www.heilbrigdisraduneyti.is/media/Skyrslur/Heilsa_kvenna.pdf
- Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 2001. *Heilbrigðisáætlun: Langtímamarkmið í heilbrigðismálum*. Reykjavík: Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið. Sótt 10.2.2010 á slóðina: <http://www.heilbrigdisraduneyti.is/media/Skyrslur/htr2010.pdf>

SONJA STELLY GÚSTAFSDÓTTIR O.FL.

- Heilbrigðisráðuneytið 2007. *Ný norræn skýrsla um gæði heilbrigðisþjónustunnar*. Sótt 10.2.2010 á <http://www.heilbrigdisraduneyti.is/frettir/nr/2500>
- Kavanagh, P.L., Adams, W.G. og Wang, C.J. 2009. Quality indicators and quality assessment in child health. *Archives of Disease in Childhood*, 94, 458-463. doi:10.1136/adc.2008.137893.
- Koch, T. 1992. A review of nursing quality assurance. *Journal of Advanced Nursing*, 17, 785-794.
- Konráð Baldvinsson, munnleg heimild, 22. mars 2010.
- Laura Scheving Thorsteinsson 2002. The quality of nursing care as perceived by individuals with chronic illnesses: The magical touch of nursing. *Journal of Clinical Nursing*, 11, 32-40.
- Lawrence, D.M. 1997. Quality lessons for public policy: A health plan's view. Insight from Kaiser Permanente on improving quality. *Health Affairs*, 16(3), 72-76.
- Lögum um heilbrigðisþjónustu*, nr. 40/2007.
- Lög um landlækni* nr. 41/2007.
- Nemet, G.F. og Bailey, A.J. 2000. Distance and health care utilization among the rural elderly. *Social Science and Medicine*, 50, 1197-1208
- Norræna ráðherranefndin 2007. *Kvalitetsmaling i sundbedsvasenet i Norden: Nordiske Ministerråds arbejdsgruppe vedrorende kvalitetsmaling*. TemaNord 2007:519 Kaupmannahöfn: Norræna ráðherranefndin. Sótt 10.2.2010 á slóðina:
http://www.heilbrigdisraduneyti.is/media/frettir_fylgiskjol/Kvalitetsmaling_i_sundbedsvasenet_i_Norden.pdf
- Peterson, L.E. 2009. Associations between self-reported quality of care and county characteristics are largely similar in rural and urban settings. *Quality Management in Healthcare*, 18(4), 256-267. Sótt í gegnum Pubmed 2.2.2010.
- Reglugerð um gerð gæðavísa* nr. 1148/2008
- Reglugerð um heilbrigðisumdæmi* nr. 785/2007 með áunnum breytingum nr. 1084/2008
- Reglugerð um sameiningu heilbrigðisstofnana* nr. 764/2008 með áunnum breytingum nr. 562/2009.
- Rúnar Guðlaugsson, munnleg heimild, 4. mars 2010.
- Rúnar Vilhjálmsson 2001. Hverjir leita til hjúkrunarfræðinga í heilsugæslunni? Niðurstöður úr nýlegri heilbrigðiskönnun meðal Íslendinga. Í Herdís Sveinsdóttir og Ari Nyysti (ritstjórar), *Framtíðarsýn innan heilsugæsluhjúkrunar*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands og Háskólaútgáfan.
- Rúnar Vilhjálmsson, Edda Jörundsdóttir, Hrönn Sigurðardóttir og Þórunn Björg Jóhannsdóttir 2001. Þættir tengdir aðgengi að lækniþjónustu á Íslandi. Í Herdís Sveinsdóttir og Ari Nyysti (ritstjórar), *Framtíðarsýn innan heilsugæsluhjúkrunar*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands og Háskólaútgáfan.
- Rúnar Vilhjálmsson, Ólafur Ólafsson, Jóhann Ág. Sigurðsson og Tryggvi Þór Herbertsson 1999. *Aðgangur að heilbrigðisþjónustu á Íslandi*. Reykjavík: Háskóli Íslands.
- Sigríður K. Þorgrímsdóttir og Halldór V. Kristjánsson 2008. *Byggðalög með viðvarandi fólksfækkun - Fjallabyggð*. Reykjavík: Bygðastofnun.

Skólamál í Fjallabyggð

Grétar Þór Eypórsson

Staða fræðslumála fyrir opnun Héðinsfjarðarganga

Þegar sveitarfélög hafa verið sameinuð á Íslandi hefur starfsemi og tilvist grunnskóla í hlutaðeigandi sveitarfélögum oftast en ekki orðið tilefni mikilla og harðra deilna. Þetta hefur helst orðið raunin þar sem um er að ræða sameiningu dreifbýlis og þéttbýlis. Þannig hefur krafa um niðurlagningu fámennra og hlutfallslega dýrra skóla í dreifbýlinu gjarnan komið upp fljótlega eftir að sameinað hefur verið. Hér er nærtækt að nefna sameiningu ellefu sveitarfélaga í Skagafirði árið 1998, en í kjölfar hennar komu upp kröfur um niðurlagningu lítilla skóla á Steinsstöðum og Sólgörðum í Fljótum.

Einnig urðu harðar deilur um skólamál vegna niðurlagningar grunnskóla á Laugum í Sælingsdal í eftir að Dalir voru sameinaðir í eitt sveitarfélag (utan Saurbæjarhrepps) árið 1994 (Grétar Þór Eypórsson og Hjalti Jóhannesson, 2002). Loks er nærtækt að nefna harðar deilur vegna niðurlagningar Húsabakkaskóla í Svarfarðardal, en sú aðgerð kom í kjölfar sameiningar þriggja hreppa í Dalvíkurbyggð árið 1998. Hagræðing í skólamálum með niðurlagningu skóla hefur gjarnan verið talin einföld og skjót leið til sparnaðar, enda víða að finna fámenna skóla sem eru hlutfallslega dýrir í rekstri. Ekki hafa þó hagræðingarhugmyndir þessar alltaf náð fram að ganga.

Staða grunnskólamála í Fjallabyggð er ekki mjög hliðstæð því sem verið hefur í mörgum sameiningum, samanber dæmin að framan. Um er að ræða sameiningu tveggja þéttbýliskjarna með tiltölulega stórum grunnskólum á íslenskan mælikvarða. Benda má á að þegar þrjú þéttbýlissveitarfélög á Austurlandi voru sameinuð í Fjarðabyggð árið 1998 voru skólamál þar lítt í brennidepli, enda varla gerlegt að standa fyrir sameiningum vegna samgangna og enginn skólanna lítill eða sérlega óhagkvæmur (Grétar Þór Eypórsson og Hjalti Jóhannesson, 2002). Víst er að í Fjallabyggð eru skólar allstórir, en nálægðin milli þeirra eftir opnun Héðinsfjarðarganga gerir það að verkum að ýmsir samnýtingar- og hagræðingarmöguleikar kunna að verða uppi á borðinu.

Fræðslustofnanir á vegum Fjallabyggðar eru í dag sex talsins; 2 leikskólar, 2 grunnskólar og 2 tónlistarskólar, eitt af hvoru í hvorum bæjanna tveggja. Í töflu 1 er að finna yfirlit yfir umfang starfseminnar. Alls eru 291 grunnskólanemi, 78 leikskólanemar og 170 tónskólanemar í sveitarfélaginu. Heildarfjöldi stöðugilda við skólana er rétt um 82.

Endurskoðun á fyrirkomulagi fræðslumála

Fyrir sameiningu sveitarfélaganna árið 2006 var Rannsóknarstofnun Háskólans á Akureyri (RHA) fengin til að gera tillögur að skipulagi stjórnkerfis og þjónustu nýs sveitarfélags ásamt mati á hagkvæmni sameiningar. Sérfræðingar RHA skiluðu tillögum í janúar 2006. Í skýrslunni er öll stjórnsýsla og rekstrareiningar beggja sveitarfélaganna skoðuð og dregnar eru ályktanir um væntar breytingar á þessu við sameiningu.

Í stuttu máli var það niðurstaða RHA um fræðslu- og skólamál í Fjallabyggð að ný fræðslunefnd skipulegði nýtt fyrirkomulag þannig að sameining fræðslumála ætti sér stað. Þá var lagt til að stöður stjórnenda leikskólanna yrðu óbreyttar, en að einn skólastjóri yrði yfir grunnskólanum ásamt tveimur aðstoðarskólastjórum. Einn skólastjóri yrði yfir tónskólanum og einn aðstoðarskólastjóri. Þá kom það mjög skýrt fram að leita bæri hagræðingar og leiða til að

GRÉTAR ÞÓR EYÞÓRSSON

auka hagkvæmni reksturs fræðslustofnana í kjölfar sameiningar (Hjalti Jóhannesson, Valtýr Sigurbjarnarson og Ögmundur Knútsson, 2006).

Í júní árið 2009 kom út skýrsla byggð á úttekt rannsóknarstofnunarinnar *Símenntun, rannsókenir og ráðgjöf Menntavísindasviðs Háskóla Íslands* (SRR) á fræðslumálum í Fjallabyggð. Í skýrslunni eru settar fram tvær leiðir í fræðslumálum sveitarfélagsins (Ellert Borgar Þorvaldsson og Þorvaldur Finnsson, 2009):

Sú fyrri (**valkostur A**) felur í sér sameiningu *grunnskólanna* í eina stofnun, leikskólanna í eina stofnun og tónlistarskólanna í eina stofnun. Gert er ráð fyrir að starf grunnskólanna fari fram á þremur stöðum, einum í Ólafsfirði, þar sem börnum í 1.- 6. bekk væri kennt, og tveimur í Siglufirði, annar svegar 1. - 6. bekk eins og í Ólafsfirði og hins vegar unglingsdeild þar sem unglingum frá báðum bæjum væri kennt. Yfir grunnskóla Fjallabyggðar yrði einn skólástjóri sem hefði sér til fulltingis skrifstofustjóra til að sjá um fjármál, innkaup o.þ.h., en sæi sjálfur um faglega stjórnun skólans. Í hverri starfsstöð væru svo deildarstjórar sem væru staðbundnir stjórnendur með faglegt húsvald. Höfuðstöðvar *tónlistarskólans* yrðu í húsnæði tónlistarskólans á Siglufirði, en skólinn hefði þó starfsstöðvar í báðum bæjum. Yfir tónlistarskólanum yrði skólástjóri með aðsetur á Siglufirði en í Ólafsfirði yrði deildarstjóri sem færi með daglega stjórnun starfsins þar. Starfsemi *Leikskóla Fjallabyggðar* yrði áfram í tveimur starfsstöðvum, en leikskólástjóri hefði aðal aðsetur í Ólafsfirði og deildarstjóri væri settur yfir leikskólahúsið á Siglufirði.

Síðari leiðin (**valkostur B**) felur í sér að fræðslustofnanirnar yrðu allar sameinaðar í eina stofnun með einn skólástjóra sem aðalstjórnanda. Starf skólans færi fram í 6 starfsstöðvum sem væru þær sömu og í valkosti A. Skólástjórinn hefði sér til fulltingis aðstoðarskólástjóra, auk skrifstofustjóra og 6 deildarstjóra, einn yfir hverri starfsstöð.

Fjárhagsleg hlið tillagnanna var sú að valkostur A myndi skila sveitarfélaginu um 4,7 milljóna króna sparnaði í launakostnaði á mánuði, eða 56,4 milljónum á ári, og valkostur B um 4,8 milljónum (57,6 milljónir á ári). Þá er lækkun kostnaðar af rekstri skólahúsnæðis áætluð um 12,2 milljónir króna á ári. Á móti kæmi aukinn kostnaður við skólaakstur, um 6,3 milljónir á ári.

Árlegur sparnaður af breytingunum er því áætlaður frá 68,3-69,6 milljónir króna á ári. Í fjárhagslegu tilliti var því eftir miklu að slægjast fyrir ekki stærra sveitarfélag.

Tafla 1. Fjöldi stöðugilda og nemenda við grunnskóla, leikskóla og tónskóla í Fjallabyggð, haustið 2009.

Skólar	Stöðugildi	Nemendur
Grunnskóli	51,81	291
Siglufjörður	28,3	168
Ólafsfjörður	23,51	123
Leikskóli	23,13	78
Siglufjörður	12,13	44
Ólafsfjörður	11	34
Tónskóli	7	170
Siglufjörður	3,5	84
Ólafsfjörður	3,5	86
Alls	81,94	539

Í tillögum Fræðslunefndar Fjallabyggðar frá því í desember 2009 (Framtíðarskipan fræðslumála í Fjallabyggð. Tillögur fræðslunefndar. 2009) er tekið mið af vinnu ráðgjafanna frá SRR og lagt til að **valkosti A** verði fylgt í meginatriðum. Í tillögunum telur Fræðslunefnd að

sameina beri skólastofnanir í Fjallabyggð, en að mikilvægt sé að halda í fagskólastjóra á hverju skólastigi, þ.e. að yfir hverri stofnun sé faglegur yfirmaður með góðan skilning á því starfi sem undir hann heyrir. Það er því niðurstaða nefndarinnar að ekki sé vænlegt að sameina skólastofnanir í eina eins og lagt er til í leið B. Fræðslunefnd leggur því til að grunnskólar Fjallabyggðar verði sameinaðir í einn grunnskóla, leikskólar í einn leikskóla og tónlistarskólar í einn tónlistarskóla. Þó taldi nefndin að æskilegt væri að víkja frá tillögum ráðgjafanna í nokkrum atriðum:

- Að ekki verði ráðinn rekstrarstjóri við grunnskólann.
- Að nemendum yngra stigs verði kennt á einum stað í stað tveggja innan fárra ára, þar sem gera megi ráð fyrir að nemendafjöldi á næstu árum leyfi að skólabyggingum grunnskóla verði fækkað um tvær, ef ekki verður breyting á þróun íbúafjölda í sveitarfélaginu.
- Að ráðnir verði aðstoðarskólastjórar við skólana þrjá, en ekki deildarstjórar, til að tryggja faglega stjórnun.
- Að skipulagður verði skólaakstur á milli bæjarkjarnanna.
- Að gerðar verði nauðsynlegar endurbætur á skólahúsnæði vegna skipulagsbreytinganna.
- Að verkefni sem varða viðhald fasteigna verði færð til eignasjóðs.
- Að skólastarf og frístundastarf í Fjallabyggð verði samþætt.
- Að húsnæðismál tónskóla í Ólafsfirði verði leyst samhliða endurskipulagningu.

Á fundi sínum þann 21. janúar 2010 samþykkti bæjarstjórn Fjallabyggðar síðan þessar tillögur fræðslunefndar með 9 atkvæðum. Eftirfarandi bókun var einnig lögð fram:

Bæjarstjórn Fjallabyggðar samþykkir framlagðar tillögur fræðslunefndar um framtíðarskipan fræðslumála í Fjallabyggð sem kynntar voru á fundi bæjarstjórnar þann 15 desember síðastliðinn. Í þeim felst að Tónskóli Ólafsfjarðar og Tónlistarskóli Siglufjarðar verði sameinaðir í eina stofnun, Leikskólarnir Leikhólar og Leikskálar í eina stofnun og Grunnskóli Ólafsfjarðar og Grunnskóli Siglufjarðar í eina stofnun. Við það verða þrjár fræðslustofnanir í Fjallabyggð, þ.e. Tónskóli Fjallabyggðar, Leikskóli Fjallabyggðar og Grunnskóli Fjallabyggðar, í stað sex eins og nú er. Nýjar stofnanir taki til starfa að hausti 2010. Allar stofnanirnar reki starfsstöðvar á Siglufirði og í Ólafsfirði. Skipulagður verði skólaakstur milli byggðarkjarnanna fyrir 7. - 10. bekk eftir opnun Héðinsfjarðarganga og stefnt að sameiningu yngra stigs skólaárið 2012-13. Ráðnir verði skólastjórar og aðstoðarskólastjórar við allar stofnanir sem hafi starfsstöð hvor í sínum bæ til að tryggja aðgengi að stjórnanda. Bæjarstjórn felur bæjarstjóra að auglýsa eftir skólastjórum nýrra skólastofnana og útfæra breytingarnar með tilliti til starfsmannamála, í samráði við lögfræðinga og hlutadeigandi stéttarfélög. Tillögurnar skulu lagðar fyrir bæjarstjórn á fundi hennar í febrúar (Fundargerð bæjarstjórnar Fjallabyggðar 21. Janúar 2010).

Ljóst er því að breið pólitísk samstaða er í bæjarstjórn Fjallabyggðar um breytingarnar sem koma til framkvæmda haustið 2010.

Viðhorf íbúanna

Í kaflanum, þar sem farið var yfir viðhorf íbúanna til þjónustu sveitarfélagsins, kom fram í töflu 3 að nokkur meirihluti íbúa beggja sveitarfélaganna var mjög eða frekar ánægður með bæði leikskólamáli og grunnskólamáli. Í Ólafsfirði er viðhorfið nokkuð jákvæðara, en þar eru yfir 6 af hverjum 10 ánægðir með leikskólana og grunnskólana. Samsvarandi tölur á Siglufirði eru um 55,4 – 57,8 prósent fyrir leikskólana og grunnskólana. Munurinn á viðhorfinu milli bæjarkjarnanna er þó ekki marktækur; ánægjan er heldur meiri með leikskólamálin í Ólafsfirði, en jafnvægisgildið segir okkur að í skólamálinum sé enginn munur milli bæjarkjarna. Almennt séð er ánægjan með þjónustuna í fræðslumálum mikil haustið 2009 og þeir óánægðu með þessa málaflokka eru verulega miklu færri en þeir ánægðu, eins og næsta tafla sýnir.

Tafla 2. Ánægja og óánægja íbúa Fjallabyggðar með *grunnskólamáli* samkvæmt könnun Háskólans á Akureyri, haustið 2009 (%).

Afstaða	Ólafsfjörður	Siglufjörður	Allir
Mjög óánægður	2,8	1,6	2,1
Frekar óánægður	5,3	2,3	3,5
Hvorki né	29,8	38,3	34,9
Frekar ánægður	37,2	28,2	31,8
Mjög ánægður	24,8	29,6	27,7
Alls	99,9	100	100
N	282	426	708
Jafnvægisgildi	53,9	53,9	53,9

Enda þótt þeir sem eru mjög ánægðir séu hlutfallslega aðeins fleiri á Siglufirði má túlka heildarniðurstöðuna út frá jafnvægisgildinu þannig að munur milli bæjarkjarnanna sé enginn. Þeir sem hafa ekki skoðun þarna eru reyndar 10 prósentustigum fleiri á Siglufirði en í Ólafsfirði. Vart er því hægt að staðhæfa að þarna muni nokkru milli kjarnanna.

Næsta tafla sýnir sambærilega greiningu þegar litið er til leikskólamála. Þar má finna eilítinn mun milli bæjarkjarna þó hann sé ekki marktækur. Ólafsfirðingar virðast heldur ánægðari með leikskólamálin, en munurinn er þó fyrst og fremst meðal þeirra sem eru frekar ánægðir – ekki þeirra mjög ánægðu. Munur milli bæjarkjarnanna er ekki tölfræðilega marktækur. Almennt má því segja að viðhorfið í Fjallabyggð til grunnskóla og leikskóla sé jákvætt eða hlutlaust.

Tafla 3. Ánægja og óánægja íbúa Fjallabyggðar með *leikskólamáli* samkvæmt könnun Háskólans á Akureyri, haustið 2009 (%).

Afstaða	Ólafsfjörður	Siglufjörður	Allir
Mjög óánægður	1,4	2,3	2
Frekar óánægður	1,8	0,9	1,3
Hvorki né	35,1	41,3	38,8
Frekar ánægður	30,5	25,1	27,3
Mjög ánægður	31,2	30,3	30,6
Alls	100	99,9	100
N	280	388	668
Jafnvægisgildi	58,5	52,2	54,6

Framtíðin

Þær hagræðingaradgerðir sem sveitarfélagið Fjallabyggð hefur nú gripið til í fræðslumálum munu leiða til fækkunar stöðugilda, en þar munu sparast tæpar 5 milljónir á mánuði í launakostnaði eingöngu. Aukinheldur mun grunnskólahlald að hluta til færast frá Ólafsfirði til Siglufjarðar, þ.e. eldri grunnskólabörnum verður ekið frá Ólafsfirði til Siglufjarðar. Adgerðir sem þessar, þó nauðsynlegar kunni að vera frá sjónarmiðum hagræðingar og rekstrar, eru í eðli sínu alltaf umdeilanlegar. Það segir okkur reynslan annarsstaðar frá af landinu þar sem sameining sveitarfélaga hefur leitt til fækkunar skóla og lengingar akstursvegalengda fyrir hluta skólabarna. Nægir þar að nefna sveitarfélögin Dalabyggð, Vesturbyggð og Skagafjörð (Grétar Þór Eyþórsson og Hjalti Jóhannesson, 2002), síðar Dalvíkurbyggð og nú allra síðast Borgarbyggð.

Hvort slíkt verður uppi á teningnum í Fjallabyggð er þó alls ekki víst. Vegalengdir eru heldur ekki miklar innan sveitarfélagsins nú eftir að Héðinsfjarðargöng hafa verið opnuð. Reynslan verður að skera úr um þessi mál og mun þróun þeirra verða fylgt eftir á síðari stigum þessarar rannsóknar teymisins frá Háskólanum á Akureyri á samfélagslegum áhrifum Héðinsfjarðarganga, en eins og ljóst er grundvallaðist sameining Siglufjarðar og Ólafsfjarðar í Fjallabyggð á tilkomu jarðganganna.

Heimildir

Framtíðarskiptan fræðslumála í fjallabyggð. Tillögur fræðslunefndar. Fjallabyggð, desember 2009.

Fundargerð bæjarstjórnar Fjallabyggðar 21. janúar 2010. Sótt 3. febrúar 2010 á http://www.fjallabyggd.is/is/greinar/view/21.01.2010_baejarstjorn

Ellert Borgar Þorvaldsson og Þorvaldur Finnsson 2009. *Fjallabyggð. Úttekt á fræðslumálum 2009.* Unnið fyrir Menntavísindasvið HÍ. Reykjavík, Háskóli Íslands.

Grétar Þór Eyþórsson og Hjalti Jóhannesson 2002. *Sameining sveitarfélaga. Ábrif og afleiðingar. Rannsókn á sjö sveitarfélögum.* Akureyri, Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri.

Hjalti Jóhannesson, Valtýr Sigurbjarnarson og Ögmundur Knútsson 2006. *Sameining Ólafsfjarðarbæjar og Siglufjarðarkaupstaðar.* Akureyri, Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri.

Félagslegur auður Fjallabyggðar

Kolbeinn H. Stefánsson
Sveinn Arnarsson

Inngangur

Þétt félagsleg tengsl, gagnkvæmur stuðningur, samheldni og traust eru mikilvæg auðlind sem virkja má í þágu einstaklinga og samfélagsins í heild. Innan félagsfræðinnar er talað um slík jákvæð félagsleg tengsl sem félagslegan auð til aðgreiningar frá auði peninga og mannlegum auði sem felst í menntun og hæfni einstaklinganna (Bourdieu, 1980; Coleman, 1988; Putnam, 1995).

Í þessum kafla skoðum við þann félagslega auð sem samfélögin á norðanverðum Tröllskaga búa yfir og metum hugsanleg áhrif hans á sameiningarferli Ólafsfjarðar og Siglufjarðar í sveitarfélagið Fjallabyggð. Héðinsfjarðargöngin munu að líkindum hafa margvísleg áhrif á félagslegan auð í Fjallabyggð og framtíðarhorfur sveitarfélagsins. Sérstaklega verður horft til stöðu ungs fólks, kvenna og aðkomufólks í því samhengi, en rannsóknir benda til þess að áhrif félagslegs auðs á þessa hópa geti í sumum tilvikum verið tvíbent (Gabriel 2002; Glendinning o.fl. 2003; Stockdale 2002). Göngin breyta öllum forsendum svæðisins og skapa hinu nýja og sameinaða sveitarfélagi fjölmörg sóknarfæri. Á endanum skiptir öllu máli hvernig tekst að nýta þau færi og þá skiptir samfélagið sjálft ekki síst máli. Gott og fjölbreytt mannlíf og sterk samfélagsleg tengsl eru á meðal helstu þátta sem gera bæi að álitlegum búsetukostum.

Hugtakið félagslegur auður er víðfeðmt og hefur verið notað í nokkuð margvíslegri merkingu. Fræðimenn eru heldur ekki á eitt sáttir um bestu skilgreiningu félagslegs auðs (sjá t.d. Bankston og Zhou, 2002; Fulkerson og Thompson, 2008; Portes, 1998; Schafft og Brown, 2003). en þó má greina fjóra meginþætti sem umtalsverðu máli virðast skipta. Í fyrsta lagi skiptir samstaða og samsömun íbúanna með samfélaginu miklu máli (Coleman, 1988; Durkheim, 1984 [1893]; Etzioni, 1995, Putnam, 2000). Í öðru lagi er traust fólks hvers til annars og tilfinningin fyrir því að fólk sé traustsins vert auðlind sem vex eftir því sem nýting hennar eykst (Coleman, 1988; Portes, 1998; Fulkerson og Thompson, 2008). Í þriðja lagi bindur þátttaka í formlegum félagasamtökum einstaklinga sterkum böndum við samfélagið (Portes, 1998; Putnam, 2000; Swaroop og Morenoff, 2006). Í fjórða lagi eru óformleg félagstengsl innan samfélagsins (Ashida og Heaney, 2006; Coleman, 1988; Wellman og Wortley, 1990; Granovetter, 1973; Morgan & Sorensen, 1999; Putnam, 2000).

Með örum vexti borgarsamfélagsins á nítjándu öld beindist athygli fræðimanna að þeim mun sem þeir töldu sig greina á milli persónulegra, óformlegra og tilfinningaríkra samskipta í sveitum og smáþorpum annars vegar og ópersónulegra, formlegra og marksækinna samskipta stórborgarinnar hins vegar (Durkheim, 1984 [1893]; Simmel, 1978 [1900]; Tönnies, 1957 [1887]). Í félagsfræði samtímans hafa sumir fræðimenn lagt áherslu á mikilvægi þess að endurheimta nærsamfélagið (t.d. Etzioni, 1995; Putnam, 2000) en aðrir hafa talið það forsendu þátttöku í nútímasamfélagi að slíta öll bönd uppruna (t.d. Bauman, 2001; Harré, 2001; Tseilon, 1992). Rannsóknir hafa sýnt að nán tengsl íbúanna við samfélagið geta haft margvísleg jákvæð áhrif á líf þeirra (Claibourn og Martin, 2007; Goddard, 2003; Lake og Huckfeldt, 1998; Parks-Yancy, 2006). Á hinn bóginn benda rannsóknir einnig til þess að fámenn, þétt samfélög einkennist einatt af skorti á friðhelgi og fáum tækifærum til að máta sig í mismunandi hlutverkum (Gabriel 2002; Glendinning o.fl. 2003; Þóroddur Bjarnason 2007). Sterkt félagslegt taumhald nærsamfélagsins í strjálbýli kann til dæmis að vera lykilkáttur í því að hrekja burtu ungar stúlkur, samkynhneigða og aðra hópa sem taumhaldið beinist gegn (Stockdale 2002).

James Coleman (1988) lagði ríka áherslu á mikilvægi stöðugra samskipta í lokaðri félagsgerð fyrir uppbyggingu trausts og félagslegs auðs. Hann taldi ákveðna þversögn innbyggða í þátttöku einstaklinga í samfélaginu þar sem gagnkvæmt traust væri öllum í hag en jafnframt þjónaði það oft skammtímahagsmunum einstaklinga að bregðast trausti annarra, til dæmis með því að stela eða svikja loforð. Í stórum, ópersónulegum samfélögum getur óheiðarleiki oft borgað sig þar sem líkurnar á því að hitta fórnarlambið að nýju geta verið sáralitlar. Í litlum, þéttum samfélögum þar sem fólk veit að það mun hittast aftur og aftur um langan aldur getur kostnaðurinn af óheiðarleika hins vegar verið mikill. Slík lokun félagsgerðarinnar verði því til þess að það borgar sig að reynast traustsins verður og því byggist smám saman upp mikið innbyrðis traust í samfélaginu.

Robert Putnam (2000) telur virkni fólks í hvers kyns félagsstarfi mikilvæga undirstöðu félagslegs auðs. Í slíku samfélagi eru samskipti á milli einstaklinga tíðari og tengsl sterkari. Sjálfur taldi Putnam sig greina minnkandi félagsauð í Bandaríkjunum á 10. áratug síðustu aldar, en margir hafa gagnrýnt þá niðurstöðu og bent á að hefðbundnar mælingar á félagslegri virkni kunni að líta framhjá því að félagsauður finni sér nýjan farveg (Portes, 1998). Sem dæmi má nefna að á sama tíma og dregur úr þátttöku í formlegu félagsstarfi á vegum samtaka getur verið að fólk sé í auknum mæli að taka þátt í hverskyns óformlegu félagsstarfi, s.s. undirskriftasöfnunum, bréfaskriftum til ráðamanna, hreinsunarátaki í hverfinu sem það býr í, eða annarri starfsemi sem má segja að sé sjálfsprottin og snúist um eitthvert tiltekið verkefni þannig að samstarfið líður undir lok um leið og markmiðinu er náð. Slíkt félagsstarf er oftast en ekki sveigjanlegra en formlegt félagsstarf og hentar því fólki betur sem hefur ekki tíma til fastrar fundasetu, auk þess sem framfarir í upplýsinga- og fjarskiptatækni hafa gert skipulag slíkrar starfsemi auðveldari en áður.

Loks eru óformleg félagsleg tengsl milli einstaklinga ein mikilvægasta uppspretta félagslegs auðs en jafnframt sá þáttur sem erfiðast getur verið að festa hendur á. Putnam (2000) bendir á mikilvægi þess að gera greinarmun á bindandi (e. bonding) félagstengslum annars vegar og brúandi (e. bridging) félagstengslum hins vegar. Með bindandi félagstengslum er átt við náin tengsl innan skýrt afmarkaðs hóps á borð við fjölskyldu, vinnustað, borgarhverfi eða þorp. Rannsóknir sem gerðar hafa verið á félagslegum stuðningi (sjá t.d. Ashida og Heaney, 2008; House, Umberson og Landis, 1988; Pilgrim, Rogers og Bentall, 2009) snúast að verulegu leyti um slík bindandi félagstengsl, jafnframt því sem þær tengjast beint hugmyndum Colemans (1988) um lokun félagsgerðarinnar. Með brúandi félagstengslum er hins vegar átt við félagsleg tengsl sem tengja einstaklinga innan hóps við aðra hópa og þannig samfélagið í heild. Almenn er talið að mikill félagslegur auður geti falist í slíkum brúandi tengslum þar sem þau veiti aðgang að margvíslegum efnislegum og félagslegum gæðum sem ekki eru til staðar í nærhópnum (Granovetter, 1973; Morgan og Sorensen, 1999). Það gerist til dæmis þannig að fólk sem við tengjumst kemur okkur í samband við einstaklinga eða lánar okkur bjargir á grundvelli vinskapar, gagnkvæmra hagsmuna eða annarra slíkra þátta.

Félagsleg virkni

Þátttaka í félagsstarfi er algengur mælikvarði á þann félagsauð sem samfélög búa þegar yfir. Slíkar mælingar einkenna helst þær rannsóknir sem byggja á kenningum Putnams sem telur að félagsauður sé einkenni samfélaga fremur en einstaklinga, eins og kom fram hér að ofan. Þrátt fyrir að nálgun Putnams hafi hlotið mikla gagnrýni (Portes, 2000; Skocpol, 1996) byggir hún á nokkuð traustri hugmynd um að félagsstarf ýti undir samskipti og tengslamyndun. Fyrir vikið má líta á slíka starfsemi sem vissa vísbendingu þó hún fangi ekki allar hliðar félagsauðs.

Tafla 1. Þátttaka í félagsstarfi – hlutfall íbúa sem taka aldrei þátt í tilteknu félagsstarfi, sundurgreint eftir kyni og bæjarkjarna.

	Siglufjörður		Ólafsfjörður	
	Karlar	Konur	Karlar	Konur
Íþróttafélagi	52,4	46,3	56,6	60,0
Björgunarsveit	22,3	9,4	25,6	21,3
Tónlistarstarfi	21,4	26,1	25,6	32,0
Góðgerðarfélagi	29,1	52,2	33,3	58,7
Stjórnmalaflokk	19,9	17,2	31,0	21,3
Verkalýðsfélagi	20,9	24,1	22,5	24,0
Foreldrafélagi	25,2	29,1	17,8	44,0
Trúarlegu starfi	15,5	24,6	28,7	38,7
Kvenfélagi	---	37,0	---	32,0
Öðru félagsstarfi	47,6	49,3	55,8	60,0

Í töflu 1 sjáum við hlutfall einstaklinga sem stunda aldrei tiltekna gerð félagsstarfs. Sjá má vísbendingar um kynbundna verkaskiptingu. Á Siglufirði tekur herra hlutfall karla einhvern þátt í björgunarsveitarstarfi en umtalsvert herra hlutfall kvenna er virkt í góðgerðarsamtökum. Þá er virkni karla í íþróttafélögum meiri en kvenna, þó rétt sé að halda því til haga að bæði kynin eru með virkara móti á því sviði samanborið við flest hinna. Í Ólafsfirði tekur mun herra hlutfall kvenna en karla þátt í góðgerðarstarfsemi og starfi foreldrafélaga. Þá virðast konur einnig vera ögn virkari í trúar- og tónlistarlífi bæjarins. Karlar í Ólafsfirði eru hins vegar virkari í stjórnmalastarfi en konurnar.

Ef við berum bæjarkjarnana saman eftir kyni sjáum við að karlar í Ólafsfirði eru virkari í stjórnmalastarfi og starfi trúfélaga en kynbræður þeirra á Siglufirði. Siglufirskar karlmenn eru hins vegar virkari í starfi foreldrafélaga. Konur í Ólafsfirði eru hins vegar virkari á öllum sviðum en kynsystur þeirra á Siglufirði, ef undan eru skilin starf verkalýðsfélaga, þar sem virknin er áþekkt, og þátttaka í kvenfélögum, þar sem siglufirskar konur eru ögn virkari en þær frá Ólafsfirði.

Það er því ljóst að það er allnokkur munur á félagsstarfsemi kynjana innan hvors bæjarkjarna fyrir sig og á milli einstaklinga af sama kyni á milli bæjarkjarna. Að lokum er ástæða til að benda á að mjög hátt hlutfall íbúa beggja bæjarkjarna af báðum kynjum er virkt í einhverskonar félagsstarfi. Virkastar eru komur í Ólafsfirði, en rúm 96% þeirra stunda eitthvert félagsstarf. Minnst er virknin hins vegar á meðal karla á Siglufirði, en tæp 85% þeirra eru engu að síður virk í félagsstarfi.

Samsömun

Önnur leið til að mæla félagsauð er að spyrja fólk hvernig því líður gagnvart því samfélagi sem það býr í. Spurningakönnunin sem við gerðum í Fjallabyggð innihélt 6 slíkar spurningar. Í töflu 2 má sjá meðaltal þeirra svara sem svarendur gáfu, sundurgreint eftir kyni og bæjarkjarna. Það fyrsta sem vert er að benda á er að almennt virðist fólk hafa sterka samsömun við samfélagið sem það býr í. Spurningunum var svarað á fimm punkta kvarða þar sem lægsta gildið var einn en það hæsta var fimm. Meðaltöl allra hópa við allar spurningar voru um eða yfir fjórum, sem verður að teljast vísbending um að íbúar Fjallabyggðar samsami sig nokkuð sterkt því samfélagi sem þeir búa í.

Tafla 2. Samsömun við samfélag: Meðaltal svara um samsömun sundurgreint eftir kyni og búsetu.

	Siglufjörður		Ólafsfjörður	
	Karlar	Konur	Karlar	Konur
Tengsl mín við aðra bæjarbúa skipta mig miklu máli	4,35	4,29	4,13	4,37
Ég get leitað til annarra bæjarbúa ef ég þarf á aðstoð að halda	4,24	4,23	4,14	4,36
Ég er tilbúin/n að vinna með öðrum bæjarbúum að því að gera bæinn betri	4,52	4,45	4,33	4,53
Ég spjalla reglulega við aðra bæjarbúa á förnum vegi	4,41	4,39	4,19	4,47
Ég hef svipuð viðhorf til lífsins og aðrir bæjarbúar	4,11	4,13	3,91	4,17
Þegar á heildina er litið, hversu ánægður eða óánægður ert þú með að búa á Ólafsfirði?	4,59	4,48	4,42	4,49

Ef við rýnum nánar í töfluna sjáum við einnig að meðaltöl kvenna í Ólafsfirði eru hærri en meðaltöl karla í Ólafsfirði og kvenna á Siglufirði og á það við um allar spurningar. Í stuttu máli sagt samsama konur í Ólafsfirði sig meira því samfélagi sem þær búa í en hinir hóparnir þrír. Á hinn bóginn samsama karlar á Siglufirði sig samfélaginu sterkar en karlar í Ólafsfirði. Það á líka við um allar spurningar. Það er sérkennilegt að samsömun skuli vera mest fyrir konur í Ólafsfirði en minnst hjá karlskyns Ólafsfirðingum. Þetta verðskuldar nánari skoðun á félagslífi og tengslum kynjanna í Ólafsfirði. Slík greining verður þó að bíða betri tíma.

Að lokum voru svarendur beðnir að lýsa því hve ánægðir eða óánægðir þeir væru með að búa í Ólafsfirði eða á Siglufirði. Almennt var ánægjustigið mjög hátt. Meðaltölin náðu frá rúmlega 4,4 og upp í tæplega 4,6 á fimm punkta skala, sem verður að teljast harla gott.

Tafla 3. Samsömun við samfélag: Meðaltal svara um samsömun eftir aldri.

	18-25 ára	26-40 ára	41-66 ára	67 ára +
Tengsl mín við aðra bæjarbúa skipta mig miklu máli	3,78	4,03	4,34	4,65
Ég get leitað til annarra bæjarbúa ef ég þarf á aðstoð að halda	3,78	4,11	4,26	4,53
Ég er tilbúin/n að vinna með öðrum bæjarbúum að því að gera bæinn betri	4,10	4,26	4,51	4,70
Ég spjalla reglulega við aðra bæjarbúa á förnum vegi	3,84	4,09	4,47	4,64
Ég hef svipuð viðhorf til lífsins og aðrir bæjarbúar	3,39	3,78	4,18	4,46
Þegar á heildina er litið, hversu ánægður eða óánægður ert þú með að búa á Ólafsfirði?	4,13	4,34	4,53	4,72

Það sem hefur drifið fólksfjöldaþróun í Fjallabyggð á undanförunum árum er að ungt fólk, og þá sérstaklega ungar konur, hefur flutt í burtu og snýr í mun minna mæli aftur en gengur og gerist í öðrum bæjarfélögum (sjá Þóroddur Bjarnason, Kjartan Ólafsson og Kolbeinn Stefánsson í þessu bindi). Því er vert að huga að tengslum aldurs og samsömunar enda má ætla

KOLBEINN STEFÁNSSON OG SVEINN ARNARSSON

að því veikari sem samsömun fólks er því líkegra sé að það flytji (og að sama skapi minni líkur á því að það snúi aftur).

Tafla 3 sýnir tengsl aldurs og samsömunar. Myndin sem taflan gefur er ansi skýr. Samsömun er minnst í yngsta aldurshópnum og hækkar jafnt og þétt með hverju aldursbilinu. Þetta á við um allar spurningarnar. Þetta mynstur á sínar skýringar. Fyrir það fyrsta breytast væntingar fólks þegar það eldist. Fólk verður rótgrónara í samfélaginu sem það býr í og löngun til brottflutninga minnkar. Þá hafa einhverjir í eldri aldursbilunum flutt í burtu en snúið aftur og þannig svarað þeirri ævintýraþrá sem veldur því að sumir leggja land undir fót. Þetta getur þýtt að í yngri hópnum eru enn einhverjir sem hugsa sér til hreyfings og sennilega munu einhverjir þeirra flytja í burtu til lengri eða skemmri tíma. Þá er stór hluti yngsta árgangsins þegar farinn.

Það kann að draga enn frekar úr samsömun þeirra sem eftir sitja enda er jafningjahópur þeirra minni en annarra aldurshópa og ekki ósennilegt að fólksflóttinn skapi einhverskonar upplausnartilfinningu hjá þeim sem horfa á eftir jafnöldrum sínum. Þetta er eitthvað sem íbúar Fjallabyggðar þurfa að huga að enda lykilatíði að gera bæinn að aðlaðandi búsetukosti fyrir fólk á barneignaldri ef það á að takast að snúa mannfjöldaþróuninni við.

Tafla 4. Hversu miklu máli skipta eftirtaldir staðir eða svæði þig persónulega? – Meðaltal sundurgreint eftir kyni og bæjarkjarna, og aldri.

	Bæjarhluti	Sveitarfélag
Siglufirðingar		
Karlar	4,67	4,14
Konur	4,75	4,05
18-25 ára	4,85	3,90
26-40 ára	4,60	3,93
41-66 ára	4,73	4,20
67 ára og eldri	4,71	4,08
Ólafsfirðingar		
Karlar	4,72	4,05
Konur	4,69	4,22
18-25 ára	4,77	3,73
26-40 ára	4,56	3,93
41-66 ára	4,73	4,25
67 ára og eldri	4,89	4,31

Svarendur í spurningakönnuninni voru einnig beðnir að svara því hve miklu máli sveitarfélagið og bæjarkjarninn (Siglufjörður eða Ólafsfjörður) sem þeir búa í skipta þá. Svörin voru gefin á fimm punkta skala þar sem lægsta gildið var einn en hæsta gildið fimm. Tafla 4 sýnir meðaltöl svarenda við þessum spurningum, sundurgreind eftir bæjarkjarna, kyni og aldri. Eins og við mátti búast skiptir bæjarkjarninn fólk meira máli en hið nýja sameinaða sveitarfélag. Engu að síður er athyglisvert að sveitarfélagið nýja virðist skipta fólk umstalsverðu máli þar sem meðaltölin fyrir alla hópa eru um eða yfir 4. Ef til vill helgast það af því að íbúar beggja bæjarkjarna gera sér grein fyrir mikilvægi hins nýja sveitarfélags til að tryggja hagstæð búsetuskilyrði í framtíðinni. Ef svo er getur vel verið að íbúar beggja bæjarkjarna muni leggja sig fram um að mynda heildstætt og samhent samfélag í hinu nýjar sveitarfélagi.

Við og þau?

Eins og fram hefur komið eru ekki öll áhrif félagslegs auðs jákvæð. Hópar sem eru ríkir af félagsauði eiga það til að útiloka utanaðkomandi, oft með neikvæðum afleiðingum fyrir sjálfa sig og þá sem þeir útiloka (Hardin, 1995). Í ljósi þeirra breytinga sem eru framundan á Fjallabyggð er því gagnlegt að fá nánari mynd af hugmyndum íbúa beggja bæjarkjarna um „hinn helminginn“. Til þess að nálgast þessar upplýsingar báðum við svarendur könnunarinnar að meta hve vel 13 mismunandi jákvæð skapgerðareinkenni eiga við um íbúa hvors bæjarkjarna um sig. Svörin voru gefin á fimm punkta kvarða þar sem fólk átti að merkja við herra gildi ef það taldi einkennin sterk en lægri gildi ef þau væru veik. Niðurstöðurnar eru birtar í töflu 5.

Tafla 5. Hversu vel telur þú eftirfarandi lýsingar eigi við um Ólafs- og Siglfirðinga almennt? – Meðaltöl, sundurgreind eftir bæjarkjörnum.

	Siglfirðingar		Ólafsfirðingar	
	Siglfirðingar	Ólafsfirðingar	Siglfirðingar	Ólafsfirðingar
Áreiðanlegir	4,07	3,61	3,65	4,00
Félagslyndir	4,27	3,69	3,91	4,08
Frumkvöðlar	3,52	3,48	3,50	3,71
Glaðlyndir	4,19	3,60	3,81	4,21
Skemmtilegir	4,16	3,60	3,75	4,15
Heiðarlegir	4,02	3,54	3,59	3,99
Hljýrir	4,08	3,54	3,60	4,08
Lítillátir	3,45	3,22	3,28	3,33
Samviskusamir	4,01	3,58	3,61	4,05
Stoltir	4,28	3,72	3,92	4,28
Tillitssamir	3,90	3,50	3,60	3,88
Vinnusamir	4,28	3,73	3,83	4,46
Örlátir	3,92	3,44	3,48	3,92

Það kemur ekki á óvart að íbúar hvors bæjarkjarna meta íbúa síns kjarna herra á öllum þeim einkennum sem við spurðum um. Engu að síður meta þeir íbúa hins bæjarkjarnans nokkuð hátt sem bendir til þess að íbúar Siglufjarðar og Ólafsfjarðar hafi almennt jákvæð viðhorf til nágrannabæjarins. Ef eitthvað eimir eftir af sögulegum rígg þessara tveggja bæja er sennilega um að ræða góðlátlegan vinaríg fremur en þann fjandskap sem stundum myndast á milli tveggja samheldinna hópa sem telja sig vera í samkeppni um takmarkaðar bjargir, sem í þessu tilfelli gætu t.d. verið ráðstöfun almannaþjár í kjölfar sameiningarinnar og staðsetning þjónustu eftir opnun ganganna.

Þess má geta að íbúar hvors bæjarkjarna telja lítillæti síst vera kost íbúa hins kjarnans, sem er í skemmtilegu samræmi við þá staðreynd að þeir telja það einnig eiga við um sinn eigin bæjarkjarna. Það er minnstur munur á bæjunum varðandi lítillæti frá sjónarhorni Ólafsfirðinga en Siglfirðingar telja að minnstu muni á bæjarkjörnunum á sviði frumkvöðlastarfsemi. Siglfirðingar telja sjálfa sig hins vegar helst vera stolta og vinnusama. Ólafsfirðingar deila þessari skoðun á Siglfirðingum hvað stoltið varðar en hvað varðar vinnusemina er hún það skapgerðareinkenni sem Ólafsfirðingar telja helst skilja þá frá Siglfirðingum. Það helgast þó

ekki af grunsemdum um vinnuleti Siglfirðinga heldur af því að Ólafsfirðingar telja vinnusemi vera það sem helst einkennir þá sjálfa. Mestur munurinn, frá sjónarhorni Siglfirðinga, felst í glæðlyndi sem þeir telja einkenna sjálfa sig í mun meira mæli en nágretta sína handan ganganna.

Það er ljóst að ef á að snúa mannfjöldaþróun í Fjallabyggð við verða bæjarbúar að vera tilbúnir að taka aðkomufólki opnum örmum enda hæpið að það nægði að ná öllum heim sem hafa flutt á brott á undanförunum árum. Til að meta það báðum við fólk að taka afstöðu til þess hvort hvetja ætti aðkomufólk til að setjast að í sveitarfélaginu. Fólk var beðið að taka afstöðu til íslensks og erlends aðkomufólks. Tafla 6 sýnir meðaltöl svara á fimm punkta kvarða þar sem hærri meðaltöl eru til marks um jákvæðara viðhorf.

Tafla 6. Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingum: Hvetja ætti fleira íslenskt/erlent aðkomufólk til að setjast að í Fjallabyggð – Meðaltöl sundurgreind eftir búsetu og kyni.

	Íslenskt aðkomufólk	Erlent aðkomufólk
Siglfirðingar	4,20	2,99
Ólafsfirðingar	4,19	2,97
Karlar	4,11	2,92
Konur	4,27	3,02

Almennt er fólk áfram um að hvetja aðkomufólk til að flytjast til bæjarins. Fólk er vissulega mun jákvæðara í garð aðkomufólks af íslenskum uppruna en á heildina litið er fólk engu að síður fremur jákvætt en neikvætt í garð aðkomufólks af erlendum uppruna. Almennt er ekki marktækur munur á milli bæjarkjarna en hins vegar eru konur nokkuð jákvæðari en karlar í garð íslensks aðkomufólks. Þessar niðurstöður benda til þess að aðkomufólki verði tekið opnum örmum í hinu nýja sveitarfélagi en slík viðhorf gera bæinn að góðum búsetukosti. Ef aðkomufólki er tekið fagnandi er það líklegt til að samlagast bæjarlífinu og verða virkir þátttakendur í samfélaginu, og það eykur líkurnar á því að það setjist að til frambúðar í Fjallabyggð.

Samantekt og umræða

Þær niðurstöður sem hér hafa verið kynntar benda til þess að báðir bæjarkjarnar Fjallabyggðar séu ríkir af félagsauði. Þátttaka í hverskyns félagsstarfi er mikil. Félagstarf getur skipt lykilmáli við að mynda samkennd á milli íbúa Ólafsfjarðar og Siglufjarðar þar sem félagsstarf er vettvangur þar sem tengsl á milli fólks verða til og er viðhaldið, auk þess sem samstarf að sameiginlegum markmiðum er líklegt til að ýta undir samkennd og samstöðu.

Á heildina litið samsama íbúar beggja bæjarkjarna sig því samfélagi sem þeir búa í, sem er önnur vísbending um mikinn félagsauð á svæðinu. Hins vegar eru skýr tengsl á milli aldurs og slíkrar samsömunar, sem er nokkuð sem verður að horfa til ef ætlunin er að snúa mannfjöldaþróuninni við. Vandinn er að yngri árgangarnir eru fámennari en þeir eldri. Það getur þýtt að sjónarmið þeirra verði útundan í stefnumótun sveitarfélagsins þar sem hagsmunir annarra aldurshópa hafa meira pólitískt vægi. Slíkt væri afar óheppilegt þar sem yngra fólk er

lykilhópur fyrir uppbyggingu sveitarfélagsins. Að því leyti má segja að hagsmunir yngri aldurshópanna standi nær almannahagsmunum sveitarfélagsins en annarra aldurshópa og fyrir vikið þurfi þeir síðarnefndu að hafa sjónarmið hinna til hliðsjónar við alla ákvarðanatöku. Það á sérstaklega við um sjónarmið ungra kvenna. Þá gæti verið gagnlegt að kanna hug brottflutts ungs fólks um hvað þurfi að breytast til að gera það að aðlaðandi kosti að flytja aftur heim.

Þá benda gögnin ekki til þess að mikill félagsauður Ólafsfirðinga og Siglfirðinga komi til með að hamla samfélagsmyndun í kjölfar opunar Héðinsfjarðarganga. Þó þeir hafi vissulega meira álit á sjálfum sér en hvorir á öðrum eru viðhorf íbúa bæjarkjarnanna hvorra í garð annarra fremur jákvæð. Þá telja báðir hópar að hið nýja sameinaða sveitarfélag sé þeim persónulega mikilvægt þó sá bæjarkjarni sem þeir búa í sé þeim enn sem komið er mikilvægari. Raunar er jákvæðnin í garð sameinaðs sveitarfélags athyglisverð í ljósi þess að þangað til að göngin voru opnuð var í raun um tvö samfélög að ræða. Hér verður þó að setja þann fyrirvara að aukin nálægð bæjarkjarnanna getur breytt forsendum og skapað árekstra sem geta haft áhrif á þróunina. Þá eru íbúar Fjallabyggðar mjög áfram um að hvetja aðkomufólk til að setjast að í bæjarfélaginu. Hvort tveggja kann að vera vísbending um að íbúar sveitarfélagsins átti sig á mikilvægi samrunaferlisins og þess að laða til sín aðkomufólk til að tryggja áframhaldandi búsetu á svæðinu og til að byggja upp samfélagið til lengri tíma litið. Það er því óhætt að segja að samfélögin í Fjallabyggð séu vel í stakk búin til að nýta þau tækifæri sem felast í hinu nýja sameinaða sveitarfélagi og Héðinsfjarðargöngum.

Heimildir

- Ashida, Sato og Catherine A. Heaney. 2008. Differential associations of social support and social connectedness with structural features of social networks and the health status of older adults. *Journal of Aging and Health*, 20, 872–893.
- Bauman, Z. 2001. *Community: Seeking Safety in an Insecure World*. Cambridge: Polity Press.
- Bourdieu, P. 1980. Le Capital Social: notes provisoires. *Actes de la recherche en sciences sociales*, 31, 2-3.
- Claibourn, M., og P. Martin. 2007. The Third Face of Social Capital: How Membership in Voluntary Associations Improves Policy Accountability. *Political Research Quarterly*, 60, 192-201.
- Coleman, J. 1990. *Foundations of Social Theory*. Cambridge, MA, og London: The Belknap Press of Harvard University Press.
- Durkheim, E. 1984 [1893]. *The Division of Labour in Society*. New York: Free Press.
- Etzioni, A. 1995. *The Spirit of Community: Rights, Responsibilities and the Communitarian Agenda*. London: Fountain Press.
- Fulkerson, Gregory M. og Gretchen H. Thompson. 2008. The evolution of a contested concept: A meta-analysis of social capital definitions and trends. *Sociological Inquiry*, 78, 536–557.
- Gabriel, Michelle. 2002. Australia's regional youth exodus. *Journal of Rural Studies*, 18, 209–212.
- Glendinning, Anthony, Mark Nuttall, Leo Hendry, Marion Kloep og Sheila Wood. 2003. Rural communities and well-being: a good place to grow up? *Sociological Review*, 51, 129-156.
- Goddard, R. 2003. Relational Networks, Social Trust, and Norms: A Social Capital Perspective on Students' Chances of Academic Success. *Educational Evaluation and Policy Analysis*, 25, 59-74.
- Granovetter, Mark S. 1973. The strength of weak ties. *American Journal of Sociology*, 78, 1360–80.

KOLBEINN STEFÁNSSON OG SVEINN ARNARSSON

- Hardin, R. 1995. *One For All: The Logic of Group Conflict*. Princeton: Princeton University Press.
- Harré, R. 2001 'Metaphysics and Narrative: Singularities and Multiplicities of the Self', í J. Brockmeier og D. Carbaugh (ritstj.) *Narrative and Identity: Studies in Autobiography, Self, and Culture*, bls. 59–73. Amsterdam: Benjamins.
- Morgan, Stephen L. og Aage B. Sorensen. 1999. Parental networks, social closure, and mathematics learning: A Test of Coleman's social capital explanation of school effects. *American Sociological Review*, 64, 661–681.
- House, J.S., D. Umberson og K.R. Landis. 1988). Structures and processes of social support. *Annual Review of Sociology*, 14, 293–318.
- Lake, R., og R. Huckfeldt. 1998). Social Capital, Social Networks, and Political Participation. *Political Psychology*, 19, 567-584.
- Parks-Yancy, R. 2006). The Effects of Social Group Membership and Social Capital Resources on Careers. *Journal of Black Studies*, 36, 515-545.
- Pilgrim, David, Anne Rogers og Richard Bentall. 2009). The centrality of personal relationships in the creation and amelioration of mental health problems: the current interdisciplinary case. *Health*, 13, 235–254.
- Portes, A. 1998. Social Capital: Its Origins and Applications in Modern Sociology. *Annual Review of Sociology*, 24, 1-24.
- Portes, A. 2000. The Two Meanings of Social Capital. *Sociologica Forum*, 15, 1-12.
- Putnam, R. 1995. Bowling Alone: America's Declining Social Capital. *Journal of Democracy*, 6, 65-78.
- Putnam, R. 2000. *Bowling Alone: The Collapse and Revival of American Community*. New York: Touchstone.
- Simmel, G. 2004 [1978]. *The Philosophy of Money* (3. útgáfa.). London og New York: Routledge.
- Skocpol, T. 1996. Unraveling from above. *The American Prospect*, 25, 20-25.
- Stockdale, Aileen. 2002. Out-migration from rural Scotland: the importance of family and social networks. *Sociologia Ruralis*, 42, 41–64.
- Swaroop, Sapna og Jeffrey D. Morenoff JD. 2006. Building community: The neighborhood context of social organization. *Social Forces*, 84, 1665–1695.
- Tönnies, Ferdinand. 1957 [1887]. *Community and Society*. New York: Harper & Row.
- Tseëlon, E. 1992 'Is the Postmodern Self Sincere? Goffman, Impression Management, and the Postmodern Self', *Theory, Culture, and Society*, 9, 115–28.
- Wellman, Barry og Scot Wortley. 1990. Different strokes from different folks: Community ties and social support. *American Journal of Sociology*, 96, 558 – 588.
- Póroddur Bjarnason. 2007. *Á leið af landi brott? Framtíðaráform íslenskra unglunga vorið 2007. Afmálisrit Háskólans á Akureyri*. Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

Kynferði og samgöngubætur

Þóra Kristín Þórsdóttir
Kjartan Ólafsson

Inngangur

Árið 2007 ákvað ríkisstjórnin að grípa til mótvægisáðgerða sem ætlað var að draga úr neikvæðum áhrifum af tímabundnum samdrætti í aflamarki þorsks (fjármálaráðuneytið, 2007). Meðal þess sem áformað var vegna þessa var að verja umtalsverðum fjárhæðum til flýti framkvæmda í samgöngumálum. Ýmsir urðu hins vegar til að gagnrýna þá ráðstöfun og bentu í því sambandi á að konur væru líklegri en karlar til að missa vinnuna vegna aflasamdráttar í þorski á meðan boðaðar mótvægisáðgerðir gögnuðust fyrst og fremst körlum á vinnumarkaði og voru framkvæmdir í samgöngumálum þar nefndar sem dæmi („Áðgerðirnar gagnast frekar körlum“, 2008). Einar K. Guðfinnsson, þáverandi sjávarútvegsráðherra, taldi hins vegar einmitt að áðgerðir í samgöngumálum væru dæmi um eitthvað sem gagnaðist báðum kynjum (sama heimild). Það væri jú þannig að jafnt konur sem karlar notuðu vegina. Þeir sem héldu því fram að flýti framkvæmdir í samgöngumálum gögnuðust frekar körlum en konum litu til þess að þeir sem starfa að slíkum framkvæmdum eru að stórum hluta karlar og því hæpið að tefla vegaframkvæmdum fram sem lausn á tímabundnu atvinnuleysi hóps sem búast má við að sé að stórum hluta konur (starfsfólk í fiskvinnslu).

Í rannsókn sem gerð var á Vesturlandi árið 2003 til að kanna áhrif Hvalfjarðarganga á samfélag og byggð kom fram að áhrif ganganna hefðu ekki verið að öllu leyti þau sömu fyrir karla og konur og að tilhneigingin væri sú að konur yrðu síður fyrir áhrifum en karlar. Þannig voru karlar fremur en konur á þeirri skoðun að tilkoma Hvalfjarðarganga hefði haft breytingar í för með sér og þá kannski einkum á atvinnutekjum og atvinnumöguleikum (Hjördís Sigursteinsdóttir og Kjartan Ólafsson, 2004). Rannsókn sem framkvæmd var haustið 2004 í sveitarfélögum í nágrenni höfuðborgarsvæðisins (Akranesi, Borgarbyggð og Árborg) gefur vísbendingar í sömu átt, það er að segja um mun milli karla og kvenna. Þannig störfuðu um 20% karla á vinnumarkaði í þessum sveitarfélögum utan síns heimasveitarfélags í samanburði við um 10% kvenna (Björk Sigurgeirsdóttir, 2004).

Þessar rannsóknir benda til þess að karlar og konur noti vegakerfið ekki með sama hætti og að sá munur sé sennilega tengdur þeim mun sem er á stöðu karla og kvenna á vinnumarkaði. Það er í samræmi við niðurstöður rannsókna sem benda til þess að atvinnumöguleikar séu mjög ráðandi þáttur í búsetuvali fólks á Íslandi (Bygðarannsóknastofnun og Hagfræðistofnun Háskóla Íslands, 2003). Erlendar sem innlendar rannsóknir sýna ennfremur að hefðbundin kynhlutverk, þar sem karlinn ber meiri ábyrgð á að afla heimilinu tekna og konan ber höfuðábyrgð á heimili og börnum, er grundvallarþáttur í samfélagsskipan nútímasamfélagsins. Ef litið er á hugmyndina um fyrirvinnuhlutverk karla sér hennar meðal annars stað í því að karlar hafa oft hærra laun en konur fyrir sömu vinnu (Hagstofa Íslands, 2010; Presser, 1994), fá frekar yfirvinnu og vinna lengri vinnutíma (Kolbeinn H. Stefánsson, 2008). Karlar eru einnig ólíklegri en konur til að taka frí vegna veikinda fjölskyldumeðlima. Konur eru aftur á móti líklegri en karlar til að vera ekki í vinnu eða vinna hlutastarf (Bardasi og Gornick, 2008), vinna um tvo þriðju heimilisstarfanna (Þóra Kristín Þórsdóttir, 2007) og bera meiri ábyrgð á uppeldi barna (t.d. Brayfield, 1990; Casper og O'Connell, 1998). Þar sem ábyrgðin á velferð heimilismæðlima skipar oft stóran sess í lífi margra kvenna eru þær mun líklegri en karlar til að skipuleggja vinnu sína utan heimilis svo að segja í kringum heimilið (Kwan, 2000). Í þessu

KYNFERÐI OG SAMGÖNGUBÆTUR

sambandi má benda á að konur eru mun líklegri en karlar til að koma við í leikskóla eða skóla á leið í eða úr vinnu. Ennfremur að konur vörðu árið 2003 að meðaltali um 10 mínútum skemmri tíma en karlar í ferðir milli heimilis og vinnustaðar (Hjalti Jóhannesson og Kjartan Ólafsson, 2004).

Breytingar á viðhorfum til kynjanna síðustu áratuginna og mikil fjölgun kvenna á vinnumarkaði og í menntakerfinu virðast ekki að sama skapi hafa leitt til jöfnunar á fjölskylduábyrgð karla og kvenna (Coltrane, 2000) því jafnvel konur í fullri vinnu bera sambærilega ábyrgð á fjölskyldu og heimili og heimavinnandi konur (Kitterød og Pettersen, 2005). Í þessu sambandi er mikilvægt að hafa í huga að rannsóknir á dreifðari byggðum hafa sýnt að verkaskipting kynjanna þar er almennt hefðbundnari, þar skipar fjölskyldan veigameiri sess og áherslan á móðurhlutverkið er ríkari þar en í þéttari byggðum. Að auki er treyst á konur til að halda uppi ýmiss konar samfélagsþjónustu, svo sem barnagæslu fyrir nágranna og félagsstarfi, og má því segja að þær haldi uppi samfélaginu (Dahlström, 1996; Little og Austin, 1996).

Þar sem kynin hafa þessum ólíku hlutverkum að gegna innan heimilisins hafa þau líka ólíkan lífsstíl. Tekjuöflunarkrafan sem lögð er á karla og heimilisábyrgðin sem konur bera leiða ekki aðeins af sér ólíkan vinnutíma heldur einnig það að sjálfsagðara þykir að karlar sækji vinnu lengra í burtu eða fari frá heimilinu í lengri eða skemmri tíma vegna vinnu, svo sem við sjómennsku eða störf í mannvirkjageiranum. Á móti verja konur meiri tíma í ferðir vegna innkaupa, barna og annarra fjölskyldumeðlima (Hjorthol, 2000; Kwan, 2000; Sandow, 2008; Sandow og Westin, 2010).

Af þessu má sjá að vænta má þess að tilkoma Héðinsfjarðarganga hafi ólík áhrif á karla og konur. Það er í samræmi við upplifun fólks á Vesturlandi, sem áður hefur verið nefnd, þegar spurt var um breytingar í kjölfar þess að Hvalfjarðargöng voru tekin í notkun. Hins vegar er ekki ljóst að hve miklu leyti karlar og konur hafa ólíkar hugmyndir um mögulegar breytingar í samfélaginu með tilkomu Héðinsfjarðarganga. Mögulegt er að konur á Siglufirði sjái fyrir sér að göngunum fylgi fleiri skutlferðir með börn í íþróttastarf til Ólafsfjarðar á meðan karlar á Siglufirði horfi frekar á þann möguleika sem opnast með göngunum til að sækja vinnu á Ólafsfirði, Dalvík eða Akureyri. Af sömu ástæðum mætti búast við því að kynin hefðu að einhverju leyti ólíkar væntingar til áhrifa ganganna á samfélögin, til dæmis að karlar legðu frekar áherslu á væntanlega hækkun fasteignaverðs og konur hefðu frekar áhyggjur af áhrifum ganganna á opinberar stofnanir.

Hér á eftir verður leitað svara við tveimur meginspurningum; annars vegar hvort munur er á ferðavenjum íbúa í Fjallabyggð eftir kynferði og hins vegar hvort karlar og konur í Fjallabyggð hafa ólíkar hugmyndir um mögulegar breytingar með tilkomu Héðinsfjarðarganga og þá bæði hvað varðar eigin ferðavenjur og samfélagsbreytingar almennt. Notast er við svör í spurningakönnun sem lögð var fyrir íbúa í Fjallabyggð 18 ára og eldri haustið 2009. Samtals svöruðu 732 könnuninni, 293 búsettir í Ólafsfirði og 439 á Siglufirði. Til að skoða ferðavenjur var notast við spurningaramma sem er í meginatriðum samskonar og í fyrri rannsóknum á samgöngum og ferðavenjum á Íslandi (sjá til dæmis Hjalti Jóhannesson og Kjartan Ólafsson, 2004).

Ferðamynstur í Fjallabyggð

Ferðum fólks má í stórum dráttum skipta í tvennt. Annars vegar eru ferðir sem tengdar eru atvinnu og hins vegar aðrar ferðir sem þá má setja undir einn hatt sem einkaerindi. Í könnuninni haustið 2009 var spurt sérstaklega um ferðir vegna atvinnu og ferðir til að sækja

ÞÓRA KRISTÍN ÞÓRSDÓTTIR OG KJARTAN ÓLAFSSON

þjónustu. Hins vegar var einnig spurt almennt: Hversu oft kemur þú til eftirtalinna staða? Siglufjarðar (fyrir íbúa á Ólafsfirði), Ólafsfjarðar (fyrir íbúa á Siglufirði), Dalvíkur, Sauðárkróks, Akureyrar, höfuðborgarsvæðisins og að lokum annarra landa. Almenn má segja um ferðir íbúa í Fjallabyggð að ef litið er á meðalfjölda ferða er Akureyri mikilvægasti þjónustustaðurinn fyrir bæði Siglufjörð og Ólafsfjörð (Jón Þorvaldur Heiðarsson, Kjartan Ólafsson, Sveinn Arnarsson og Þóroddur Bjarnason, 2010). Fyrir Siglufjörð er Ólafsfjörður (næsti bær til suðurs) næst mikilvægasti staðurinn og höfuðborgarsvæðið sá þriðji mikilvægasti. Athygli vekur að Siglufirðingar sækja meira til Dalvíkur en Sauðárkróks. Fyrir Ólafsfjörð virðist sem Dalvík (næsti bær til suðurs) sé næst mikilvægasti þjónustustaðurinn og höfuðborgarsvæðið sá þriðji mikilvægasti. Þetta munstur fyrir bæina tvo er líkara en fyrirfram mætti ætla. Fyrir báða er röðin svona: Akureyri, næsti bær til suðurs, höfuðborgarsvæðið (sama heimild).

Tafla 1 sýnir hlutfall karla og kvenna sem kemur vikulega eða oftár á þá staði sem spurt var um í könnuninni. Eins og búast má við í ljósi fyrri rannsókna á ferðavenjum fólks á Íslandi eru karlar að jafnaði heldur líklegri en konur til að koma vikulega eða oftár á staðina sem um ræðir.

Tafla 1. Hlutfall karla og kvenna sem koma vikulega eða oftár á tiltekna staði.

% sem kemur vikulega eða oftár til...	Karlar	Konur	Allir
Ólafsfjarðar / Siglufjarðar	8	3	5
Dalvíkur	17	14	15
Sauðárkróks	3	1	2
Akureyrar	18	16	17
Höfuðborgarsvæðisins	6	3	5

Rétt er að vekja athygli á þeim hópi (um 5%) sem segist koma vikulega eða oftár á höfuðborgarsvæðið. Hér skiptir máli að öllum íbúum í Fjallabyggð var gefinn kostur á að svara spurningalistanum. Hins vegar bendir rannsókn sem gerð var sumarið 2009 til þess að af ríflega tvö þúsund íbúum í Fjallabyggð séu um 12% þar í fimm mánuði eða minna á ári hverju (Kjartan Ólafsson og Þóroddur Bjarnason, 2009). Í þeim hópi sem segist vera vikulega eða oftár á höfuðborgarsvæðinu getur þannig að hluta til verið um að ræða einstaklinga sem aðeins eru í Fjallabyggð lítinn hluta ársins.

Til að skoða hversu mikið fólk ferðast til annarra bæja í vinnutengdum erindum var spurt í könnuninni „Hversu oft ertu á eftirtöldum stöðum vegna vinnu þinnar?“ og var þá spurt um hinn bæinn (Ólafs-/Siglufjörð), Dalvík, Sauðárkrók og Akureyri. Tafla 2 sýnir hlutfall þeirra sem segjast koma á þessa staði vikulega eða oftár vegna atvinnu og er þá aðeins litið á þann hóp sem er í vinnu. Mynstrið er svipað því sem er í töflu 1 að því leyti að karlar eru líklegri en konur til að vera á ferðinni utan heimabyggðar vegna atvinnu og að næst á eftir hinum bænum í Fjallabyggð liggur leið flestra til Akureyrar.

Tafla 2. Hlutfall karla og kvenna sem koma vikulega eða oftár vegna vinnu á tiltekna staði.

% sem kemur vikulega eða oftár vegna vinnu til...	Karlar	Konur	Allir
Ólafsfjarðar / Siglufjarðar	7	4	5
Dalvíkur	3	2	2
Sauðárkróks	1	1	1
Akureyrar	5	1	3

KYNFERÐI OG SAMGÖNGUBÆTUR

Til að skoða nánar hvað það er sem hefur áhrif á ferðavenjur íbúa í Fjallabyggð og að hvaða marki kynferði skiptir máli umfram aðra þætti er ekki með góðu móti hægt að reiða sig eingöngu á töflur þar sem borið er saman hlutfall karla og kvenna eins og gert er í töflum 1 og 2. Þar kemur meðal annars til að sá fjöldi svara sem unnið er með í könnuninni gefur ekki færi á að skoða hvort munur eftir kynferði er til staðar að teknu tilliti til annarra þátta (svo sem atvinnuþátttöku og fjölskylduábyrgðar) nema beitt sé tölfræðilegum aðferðum þar sem samtímis er lagt mat á framlag einstakra þátta til að skýra þann breytileika sem er í fjölda ferða.

Áður en lengra er haldið má hins vegar spyrja hvort nauðsynlegt sé að gera greinarmun á ferðum til einstakra staða og hvort ekki megi þess í stað leitast við að meta þann tíma sem varið er í ferðir út fyrir heimabyggð. Í töflu 3 eru sýndir annars vegar svarmöguleikarnir sem í boði voru í könnuninni og hins vegar sá fjöldi daga á einu ári sem hver einstaklingur hefði þurft að vera á ferðinni til og frá viðkomandi stað miðað við búsetu í Fjallabyggð. Þannig er áætlað að sá sem segist vera 1-3 sinnum í viku á Akureyri fari 104 ferðir á ári milli Fjallabyggðar og Akureyrar.

Tafla 3. Áætlaður fjöldi ferðadaga með hverjum svarmöguleika í könnun á ferðavenjum.

Svarmöguleikar í könnun	Áætlaður fjöldi daga á ári
Aldrei	1
Sjaldnar en einu sinni á ári	2
1-5 sinnum á ári	3
6-11 sinnum á ári	9
1-3 sinnum í mánuði	24
1-3 sinnum í viku	104
4-5 sinnum í viku	234
Oftar	312

Í töflu 4 er yfirlit um vegalengdir frá Ólafsfirði og Siglufirði til þeirra staða sem voru tilgreindir í könnuninni (Vegagerðin, e.d.). Á grundvelli þessara vegalengda er búinn til stuðull fyrir ferðatíma (miðað við 80 km meðalhraða). Þegar um er að ræða ólíkar leiðir þar sem önnur er ekki fær allan ársins hring er miðað við meðaltal sumar- og vetrarleiða.

Tafla 4. Fjarlægðir frá Ólafsfirði og Siglufirði og metinn ferðatími á ársgrundvelli.

Til	Frá Ólafsfirði			Frá Siglufirði		
	Sumar (km)	Vetur (km)	Meðal aksturs tími	Sumar (km)	Vetur (km)	Meðal aksturs tími
Ólafsfjarðar / Siglufjarðar	59	232	1,82	59	232	1,82
Dalvíkur	17	17	0,21	77	215	1,83
Sauðárkróks	108	161	1,68	95	95	1,19
Akureyrar	61	61	0,76	120	191	1,94
Höfuðborgarsvæðisins	398	429	5,17	386	386	4,83

Á grundvelli þeirra upplýsinga sem eru í töflum 3 og 4 má áætla þann tíma sem hver einstaklingur í könnuninni notar í ferðir utan heimabyggðar á viku hverri með því að margfalda

saman fjölda ferða og metinn meðalaksturstíma. Rétt er að ítreka að sú tala sem þannig fæst er alltaf háð verulegri óvissu fyrir hvern og einn einstakling í könnuninni en getur hins vegar dugað ágætlega til að gefa heildarmynd af ferðatíma einstakra hópa og, það sem mestu máli skiptir hér, þeim mun sem er milli einstakra hópa.

Tafla 5 sýnir aðhvarfslíkan þar sem metin eru áhrif aldurs, kynferðis, stöðu á vinnumarkaði og fjölskylduábyrgðar á þann tíma sem varið er í ferðir utan heimabyggðar fyrir einstaklinga sem hafa verið búsettir í Fjallabyggð í að minnsta kosti sjö af sl. 12 mánuðum fyrir könnunina. Líkanið í heild sinni er marktækt ($F_{(6, 597)} = 4,94$; $p > 0,001$) og með þessum tilteknu þáttum má skýra samtals um 5% af dreifingu í ferðatíma utan heimabyggðar.

Áhrif aldurs eru metin með þremur staðgengilsbreytum þar sem þrjú aldurshópar eru bornir saman við þann fjórða (fólk á aldrinum 41-66 ára) og þar má sjá að elsti aldurshópurinn ver um 31% minni tíma í slíkar ferðir en samanburðarhópurinn. Konur verja að meðaltali um 12% minni tíma en karlar í ferðir utan heimabyggðar.

Tafla 5. Áhrif einstakra þátta á metinn ferðatíma almennt vegna ferða utan heimabyggðar.

	Hallastuðull (b)	Hlutfallsleg áhrif (EXP-b)	p-gildi
Ólafsfjörður (mv Siglufjörð)	0,00	0%	0,94
67 ára eða eldri (mv 41-66 ára)	-0,37	-31%	0,00
26-40 ára (mv 41-66 ára)	0,05	6%	0,53
18-25 ára (mv 41-66 ára)	0,24	28%	0,06
Konur	-0,13	-12%	0,02
Í vinnu	-0,07	-7%	0,42
Með börn yngri en átján ára á framfæri	-0,10	-9%	0,15
Fasti	1,26		

Vert er að staldra við nokkur atriði í þessu sambandi. Í fyrsta lagi er enginn munur á íbúum á Siglufirði annars vegar og í Ólafsfirði hins vegar þegar litið er á metinn ferðatíma. Íbúar í Ólafsfirði fara reyndar fleiri ferðir en íbúar á Siglufirði en á móti kemur að þær ferðir sem íbúar á Siglufirði fara eru lengri og það skilar sér hér í því að ekki er munur á heildarferðatíma. Einnig er áhugavert að sá munur sem er á þeim tíma sem karlar og konur verja í ferðir utan heimabyggðar virðist ekki vera tilkominn vegna mismunandi atvinnuþátttöku og ekki heldur vegna fjölskylduábyrgðar. Þó ber að hafa í huga að sá munur sem er á þeim sem hafa börn undir 18 ára aldri á sínu framfæri og hinum sem ekki gera það kynni að mælast marktækur ef litið væri á svör frá fleiri einstaklingum.

Tafla 6 sýnir aðhvarfslíkan þar sem metin eru áhrif aldurs, kynferðis og fjölskylduábyrgðar á þann tíma sem varið er í ferðir utan heimabyggðar vegna atvinnu fyrir einstaklinga sem hafa verið búsettir í Fjallabyggð í að minnsta kosti sjö af sl. 12 mánuðum fyrir könnunina. Líkanið í heild sinni er marktækt ($F_{(7, 602)} = 8,94$; $p > 0,001$) og með þessum tilteknu þáttum má skýra samtals um 9% af dreifingu í ferðatíma utan heimabyggðar.

Niðurstaðan er í meginatriðum sú sama og fyrir ferðir utan heimabyggðar almennt. Sá munur sem er eftir aldri er heldur minni en fyrir ferðir almennt en hins vegar er áfram svipaður munur milli kynja og á þann hátt að konur verja um 11% minni tíma en karlar í ferðir vegna atvinnu. Fjölskylduábyrgð (það að hafa börn yngri en 18 ára á heimilinu) virðist ekki hafa sjálfstæð áhrif á ferðatíma vegna atvinnu. Athugað var hvort mögulega væri til staðar samvirkni

KYNFERÐI OG SAMGÖNGUBÆTUR

milli kynferðis og fjölskylduábyrgðar í áhrifum á ferðatíma vegna atvinnu (með öðrum orðum að fjölskylduábyrgð hefði ólík áhrif á ferðatíma karla og kvenna) en ekki er vísbending um að slík áhrif séu til staðar.

Tafla 6. Áhrif einstakra þátta á metinn ferðatíma vegna atvinnu utan heimabyggðar.

	Hallastuðull (b)	Hlutfallsleg áhrif (EXP-b)	p-gildi
Ólafsfjörður (mv Siglufjörð)	-0,03	-3%	0,36
67 ára eða eldri (mv 41-66 ára)	-0,21	-19%	0,00
26-40 ára (mv 41-66 ára)	0,08	9%	0,13
18-25 ára (mv 41-66 ára)	-0,05	-5%	0,55
Konur	-0,12	-11%	0,00
Með börn yngri en átján ára á framfæri	-0,04	-4%	0,38
Fasti	0,51		

Sömu sögu er að segja um fjölda ferða vegna atvinnu og fjölda ferða út fyrir heimabyggð almennt, þ.e. íbúar í Ólafsfirði fara fleiri ferðir en íbúar á Siglufirði (um 30% fleiri) og konur fara um 34% færri ferðir en karlar. Þetta er metið með aðhvarfslíkani líkt og ferðatíminn en niðurstöður þeirrar greiningar eru ekki að öðru leyti sýndar hér.

Tafla 7 sýnir svo að lokum aðhvarfslíkan þar sem metin eru áhrif aldurs, kynferðis, stöðu á vinnumarkaði og fjölskylduábyrgðar á þann tíma sem varið er í ferðir utan heimabyggðar til að sækja þjónustu fyrir einstaklinga sem hafa verið búsettir í Fjallabyggð í að minnsta kosti sjö af sl. 12 mánuðum fyrir könnunina. Líkanið í heild sinni er marktækt ($F_{(7, 602)} = 3,96$; $p > 0,001$) og með þessum tilteknu þáttum má skýra samtals um 4% af dreifingu í ferðatíma utan heimabyggðar. Það vekur kannski athygli að þeir sem eru í vinnu verja um 26% minni tíma en þeir sem ekki eru í vinnu í ferðir vegna þjónustu. Þetta getur hins vegar stafað af því að þeir sem eru í vinnu geta sinnt öðrum erindum þegar þeir eru staddir utan heimabyggðar en líta samt ef til vill svo á að atvinna sé tilefni ferðarinnar.

Tafla 7. Áhrif einstakra þátta á metinn ferðatíma vegna þjónustu sem sótt er utan heimabyggðar.

	Hallastuðull (b)	Hlutfallsleg áhrif (EXP-b)	p-gildi
Ólafsfjörður (mv Siglufjörð)	0,05	5%	0,23
67 ára eða eldri (mv 41-66 ára)	-0,31	-27%	0,00
26-40 ára (mv 41-66 ára)	0,09	9%	0,19
18-25 ára (mv 41-66 ára)	0,18	20%	0,07
Konur	0,02	2%	0,70
Í vinnu	-0,17	-16%	0,01
Með börn yngri en átján ára á framfæri	-0,07	-7%	0,18
Fasti	0,89		

Eins og áður er enginn munur milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar á heildarferðatíma vegna þjónustu og ekki er hér heldur munur milli þeirra sem eru með börn yngri en 18 ára á heimilinu og annarra. Elsti aldurshópurinn ver minni tíma í ferðir vegna þjónustu líkt og í ferðir vegna

atvinnu og ferðir almennt. Enginn munur er milli kynja á þeim tíma sem varið er í ferðir vegna þjónustu.

Breytt ferðamynstur í kjölfar ganga?

Meðal þess sem ýmsir vænta að taki mestum breytingum er þjónustusókn, annars vegar innan Fjallabyggðar og hins vegar frá Siglufirði og til Eyjafjarðar. Til að kanna hvaða breytinga íbúar í Fjallabyggð vænta í þessu sambandi var í könnuninni spurt hversu oft fólk áætlaði að það myndi sækja verslun og þjónustu á nokkra tilgreinda staði eftir að göngin hefðu opnað. Með samanburði við svör sömu einstaklinga við spurningu þar sem spurt var um fjölda ferða til sömu staða mánuðunum fyrir könnunina má meta hvort viðkomandi telja að ferðatíðnin muni breytast. Tafla 8 sýnir hlutfall þeirra, eftir bæði búsetu og kynferði, sem vænta þess að ferðum þeirra á þessa tilgreindu staði muni fjölga eftir að göngin verða opnuð.

Tafla 8: Hlutfall karla og kvenna sem telja að ferðum á tiltekna staði til að sækja þjónustu muni fjölga með tilkomu Héðinsfjarðarganga, eftir búsetu.

% sem væntir þess að ferðum vegna þjónustu muni fjölga til...	Siglufjörður			Ólafsfjörður		
	Karlar	Konur	Allir	Karlar	Konur	Allir
Ólafsfjarðar / Siglufjarðar	59,0	55,2	57,1	77,4	90,7	84,5
ΔP =	6,7	6,7	4,7	7,1	4,7	4,2
Dalvíkur	42,9	41,9	42,4	9,8	9,3	9,5
ΔP =	6,7	6,7	4,7	5,1	4,7	3,4
Sauðárkróks	10,5	11,4	11,0	20,3	22,0	21,2
ΔP =	4,2	4,3	3,0	6,9	6,7	4,8
Akureyrar	60,5	66,7	63,6	9,8	4,7	7,1
ΔP =	6,6	6,4	4,6	5,1	3,4	3,0
Höfuðborgarsvæðisins	4,3	9,0	6,7	6,8	4,0	5,3
ΔP =	2,7	3,9	2,4	4,3	3,1	2,6
n =	210	210	420	133	150	283

Í töflunni eru sýnd vikmörk (ΔP) miðað við 5% α -mörk og má þannig áætla hversu nákvæmar niðurstöðurnar eru. Sem dæmi þá áætla um 59% karla á Siglufirði sem svara könnuninni að ferðum þeirra til Ólafsfjarðar til að sækja þjónustu muni fjölga með tilkomu ganganna og með 95% vissu má því áætla að þetta eigi við um á bilinu 52% til 66% karla á Siglufirði.

Í meginatriðum virðist sá munur sem er á svörum fólks annars vegar þegar spurt er um fjölda ferða fyrir opnun ganganna og hins vegar um áætlaðan fjölda ferða eftir opnun vera tengdur búsetu. Þannig gera um 57% ($\pm 4,7\%$) íbúa á Siglufirði ráð fyrir að ferðum þeirra til Ólafsfjarðar til að sækja þjónustu muni fjölga og sambærilegt hlutfall íbúa í Ólafsfirði sem telur að ferðum til Siglufjarðar muni fjölga er um 84% ($\pm 4,2\%$). Innan bæjanna er hins vegar ekki afgerandi munur milli kynja.

Til að meta hvort væntingar um breytingar á þjónustusókn í kjölfar þess að Héðinsfjarðargöng verða opnuð má búa til vísitölu væntinga með því að leggja saman svör við öllum spurningunum um þjónustusókn. Þetta er gert með því að bera saman svör við spurningum um það annars vegar hversu oft tiltekinn einstaklingur kemur á fimm tilgreinda staði vegna þjónustu og svo hversu oft viðkomandi býst við að vera á þessum sömu stöðum eftir opnun Héðinsfjarðarganga. Breytingavísitalan gefur til kynna að hve miklu leyti viðkomandi svarar með ólíkum hætti spurningum um ferðir fyrir opnun ganganna og eftir

KYNFERÐI OG SAMGÖNGUBÆTUR

opnun þeirra. Þannig má finna tölu sem gefur til kynna hvort viðkomandi vænta þess að tíðni ferða á nokkra tilgreinda staði verði eftir opnun ganganna lík eða ólík því sem hún var á mánuðunum fyrir könnun.

Ef litið er á aldur, kynferði, búsetu og fjölskylduábyrgð (það hvort börn undir 18 ára aldri eru á heimilinu) er niðurstaðan sú að enginn afgerandi munur er á því hversu umfangsmiklar þær breytingar eru sem viðkomandi vænta á ferðum vegna þjónustu ($F_{(8, 587)} = 1,95$; $p=0,05$). Þetta er í samræmi við álit viðmælenda í rannsókn sem gerð var vegna umhverfismats Héðinsfjarðarganga; þeir virtust almennt ekki búast við umtalsverðum breytingum á ferðamynstri sínu (Hjalti Jóhannesson, Grétar Þór Eypórsson og Kjartan Ólafsson, 2001).

Umræða

Ferðamynstur íbúa í Ólafsfirði og Siglufirði eins og það var fyrir opnun Héðinsfjarðarganganna skýrist að miklu leyti af landfræðilegri legu bæjanna tveggja. Ólafsfirðingar sóttu meira til Dalvíkur og Akureyrar og Siglufirðingar fóru meira til Sauðárkróks. Vegna legu bæjanna má líka búast við að ferðamynstur Siglufirðinga breytist meira en ferðamynstur Ólafsfirðinga við göngin, enda stytta þau fjarlægðina frá Siglufirði á þrjá staði en fyrir Ólafsfirðinga aðeins á einn.

Fyrirfram var búist við að ólík staða karla og kvenna á vinnumarkaði kæmi fram með þeim hætti að karlar væru líklegri til að ferðast utan heimabyggðar vegna vinnu og er sú tilgáta studd af gögnunum. Þannig fara karlar bæði fleiri ferðir en konur og verja meiri tíma í ferðir vegna slíkra ferða. Ekki er afgerandi munur á þeim tíma sem karlar og konur nota í ferðir vegna þjónustu. Hins vegar notar fólk sem er með börn undir 18 ára aldri á heimilinu minni tíma í ferðir vegna þjónustu og virðist það eiga jafnt við um karla og konur. Þegar svarendur voru beðnir um að meta hve oft þeir myndu fara til nágrennbæja eftir að göngin yrðu opnuð sást heldur ekki mikill kynjamunur.

Almennt er niðurstaðan hér í samræmi við það sem vænta má í ljósi fyrri rannsókna þar sem komið hefur fram munur á ferðavenjum karla og kvenna á þann hátt að karlar verji heldur meiri tíma í ferðir utan heimabyggðar og fari fleiri ferðir. Það er hins vegar athyglisvert að sá munur sem er milli Ólafsfjarðar og Siglufjarðar virðist fyrst og fremst vera í fjölda ferða en að mögulega sé ekki afgerandi munur á þeim tíma sem varið er í ferðir. Þannig fara íbúar á Ólafsfirði (jafnt karlar sem konur) fleiri og styttri ferðir en íbúar á Siglufirði.

Heimildir

- Aðgerðirnar gagnast frekar körlum 2008, 31. janúar. *24 stundir*, bls. 4.
- Bardasi, Elena og Janet C. Gornick 2008. "Working for less? Women's part-time wage penalties across countries," *Feminist Economics*, 14:1, bls. 37-72.
- Björk Sigurgeirsdóttir 2004. *Atvinnu- og skólasókn til höfuðborgarsvæðisins. Könnun meðal íbúa Árborgar, Akraness og borgarbyggðar árið 2004*. Akureyri, RHA.
- Brayfield, April 1995. "Juggling jobs and kids: The impact of employment schedules on fathers' care for children," *Journal of Marriage and the Family*, 57, bls. 321-332.
- Bygðarannsóknastofnun og Hagfræðistofnun Háskóla Íslands 2003. *Fólk og fyrirtæki: Um búsetu og starfsskilyrði á landsbyggðinni*. Akureyri og Reykjavík, Bygðarannsóknastofnun og Hagfræðistofnun Háskóla Íslands.
- Casper, Lynne M. og Martin O'Connell 1998. "Work, income, the economy and married fathers as childcare providers," *Demography*, 35:2, bls. 243-250.

ÞÓRA KRISTÍN ÞÓRSDÓTTIR OG KJARTAN ÓLAFSSON

- Coltrane, Scott 2000. "Research on Household Labor: Modeling and Measuring the Social Embeddedness of Routine Family Work," *Journal of Marriage and the Family*, 62, 1208-1233.
- Dahlström, Margareta 1996. "Young Women in a Male Periphery – Experiences from the Scandinavian North," *Journal of Rural Studies*, 12:3, bls. 259-271.
- Fjármálaráðuneytið 2007. Fjármálaráðuneytið, fréttatilkynning nr. 17/2007 : Mótvægisáðgerðir ríkisstjórnarinnar vegna samdráttar í þorskafla. Sótt á:
<http://www.fjarmalaraduneyti.is/frettir/frettatilkynningar/frettatilkynningar/nr/9115>
- Hagstofa Íslands 2010. *Launamunur kynjanna – Skýrsla unnin vegna samstarfsverkefnis Hagstofu Íslands, Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins um launamun kvenna og karla byggt á gagnasöfnum Hagstofunnar*. Reykjavík: Launa- og kjaramáladeild.
- Hjalti Jóhannesson, Grétar Þór Eypórsson og Kjartan Ólafsson 2001. Jarðgöng og vegagerð á Norðanverðum Tröllaskaga. Akureyri, RHA.
- Hjalti Jóhannesson og Kjartan Ólafsson 2004. Samgöngubætur og félags- og efnahagsleg áhrif þeirra. Akureyri, RHA.
- Hjorthol, Randi Johanne 2000. "Same city – different options. An analysis of the work trips of married couples in the metropolitan area of Oslo," *Journal of Transport Geography*, 8, bls. 213-220.
- Hjördís Sigursteinsdóttir og Kjartan Ólafsson 2004. *Áhrif Hvalfjarðarganga á samfélag og byggð á Vesturlandi. Niðurstöður könnunar meðal íbúa á svæðum norðan ganga árið 2003*. Akureyri, RHA.
- Jón Þorvaldur Heiðarsson, Kjartan Ólafsson, Sveinn Arnarsson og Þóroddur Bjarnason 2010. Umferð á norðanverðum Tröllaskaga – erindi og áfangastaðir. Í *Fjallabyggð fyrir Héðinsfjarðargöng: Samgöngur, samfélag og byggðapróun*, ritstjórar Þóroddur Bjarnason og Kolbeinn H. Stefánsson. Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Kitterød, Ragni Hege og Silje Pettersen 2005. "Making up for mothers' employed working hours? Housework and childcare among Norwegian fathers," *Work, Employment and Society*, 20:3, bls. 473-492.
- Kjartan Ólafsson og Þóroddur Bjarnason 2009. Að heiman. Munur á skráðri og raunverulegri búsetu á Íslandi. Í Gunnar Þór Jóhannsson og Helga Björnsdóttir (eds.) *Rannsóknir í félagsvísindum X*. Reykjavík, Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands
- Kolbeinn H. Stefánsson 2008. "Samspil vinnu og heimilis – álag og árekstrar," Working papers, 1, Reykjavík: Rannsóknarstöð Þjóðmála.
- Kwan, Mei-Po 2000. "Gender differences in space-time constraints," *Area*, 32:2, bls. 145-156.
- Little, Jo og Patricia Austin 1996. "Women and the Rural Idyll," *Journal of Rural Studies*, 12, 101-111.
- Presser, Harriet 1994. "Employment Schedules Among Dual Earner Spouses and the Division of Household Labour By Gender," *American Sociological Review*, 59, bls. 348-364.
- Sandow, Erika 2008. "Commuting behaviour in sparsely populated areas: evidence from northern Sweden," *Journal of Transport Geography*, 16, bls. 14-27.
- Sandow, Erika og Kerstin Westin 2010. "The persevering commuter – Duration of long distance commuting," *Transportation Research*, Part A 44, bls. 433-445.
- Þóra Kristín Þórsdóttir 2007 *Diverging perceptions? The division of household labour in Iceland*, óbirt meistaraaritgerð unnin við London School of Economics.
- Vegagerðin (e.d.) Leiðir frá ýmsum stöðum, sótt 27. september 2010 frá
<http://www.vegagerdin.is/vegakerfid/vegallengdir/>.

Nokkur orð um mikilvægi þess að fá að sofa heima hjá sér

Björn Þorláksson

Sumir Siglfirðingar bíða þess enn að síldin komi aftur. Biðin er orðin löng því síldin hvarf fyrir meir en 40 árum og má segja að byggðarlagið hafi síðan þurft að spila varnarleik. Hér voru á fjórða þúsund íbúar ekki alls fyrir löngu, þrisvar sinnum fleiri en í dag. Hér var helsta gjaldeyrisuppspretta þjóðarbúsins, brunnur sem virtist endalaus af síld og aftur síld, uppgangur á uppgang ofan. En svo fór að ekki var hægt að sækja í þennan brunn nema eftir kenjum náttúrunnar. Það komu hallærissumur. Og að lokum þvarr silfrið í sjónum og þá féll fljótt á byggðina og mannlífið. Fólksflóttinn hófst.

Ég lít á úrið og velti fyrir mér orðum kunningja míns, brottflutts af landsbyggðinni. Hann var meðal hinna fyrstu sem fóru burt úr hans þorpi þegar harðna tók á dalnum og hefur æ síðan sagt bæði í gríni og alvöru að þeir fari fyrstir sem mest sé varið í. Hann hefur lesið lærðar kenningar um *brain drain* í hnignandi byggðum. Spekileka svokallaðan. Ekki þarf annað en rýna í bandaríska kvikmyndagerð til að sjá að í bíó búa bara lubbar í dreifbýlinu fyrir westan. En þetta er ekki Ameríka. Þetta er fyrrum síldarbærinn Siglufjörður. Mér hefur stundum fundist að fólkið sem situr eftir í íslenskum sveitum og íslenskum bæjum hafi ekki minna til brunns að bera en þeir sem renna inn í borgarfljótin, kannski er þetta að sumu leyti bara spurning um þrjósku? Ég á þó örugglega eftir að laumast til að skyggast um eftir spekileka hér og þar eða athuga hvort hér sé fólk í hrönnum að bíða bara til að bíða, kannski svolítið eins og í leikritinu hans Samuels Beckett, þar sem beðið var eftir Godot án þess að hann kæmi nokkru sinni fram og án þess að áhorfandinn hefði nokkra vissu um að Godot þessi væri yfirhöfuð til.

Erindi mitt í dag er að skrá sögu öldunganna hér á staðnum með svokölluðum eigindlegum rannsóknaraðferðum. Tala við öldungana um þá sjálfa og byggðina alla. Þegar maísólin gengur til viðar í kvöld verð ég búinn að taka mörg viðtöl og skil vonandi betur hvernig heimamenn hugsa. Síðar koma Ólafsfirðingarnir. Spurningarnar sem mig langar að spyrja eru, sem dæmi, hvaða skýringar öldungarnir hafi helstar á hnignun bæjanna tveggja? Hverju sameining sveitarfélaganna hafi breytt? Hvað göngin boði? Og hvers vegna öldungarnir séu ekki sjálfir farnir? Auðvitað langar mig sem rannsakanda að finna einhvern stóran sannleik, mig langar að geta skrifað stórar setningar að vinnu lokinni, mig langar í niðurstöður. En þær getur enginn pantað fyrirfram. Sá er nú gallinn við vísindin!

Ég hef þó nokkurn tíma til að skoða bæinn áður en viðtölin hefjast. Best að leggja bílnum og fá sér göngutúr í blíðunni, röltu fram hjá kirkjunni og kirkjutróppunum öllum, niður í átt að Aðalgötunni. Ég mæti öldungi, sem þó er ekki bókaður í viðtal, hann heilsar mér, ég heilsa á móti. Hann spyr hvort ég heiti Sigurður, hvort ég sé Sigurður rafvirki? Ég hristi hausinn og finn vantrú gagnvart dagsverkunum framundan. Er góð hugmynd að ætla sér að gera vísindalega rannsókn byggða á upplýsingum frá öldruðu fólki og hugsanlega minnisskertu? Mér verður hugsað til gamallar kennslubókar þar sem segir: „Þekking gamla fólksins skiptir okkur engu máli. Hún er talin „úrelt“ í nútíma iðnaðarsamfélögum, sem einkennast af mjög hraðri þróun og breytingum.“ (Garðar Gíslason, 1998, bls. 13–14). Reyndar telur höfundur þetta vonda þróun, en samt: Þegar hugsanlegur spekileki mætir elli og gleymsku verður þá ekki útkoman algjör sulta?

Fæturnir leiða mig til suðurs, niður að höfninni þar sem glittir í einn bát á sjó. Einn bát. Það er af sem áður var, síðar í dag á ég eftir að hitta mann sem segir: „Ja, það er ótrúlegt eiginlega að segja frá hvernig þetta var þá, því þá á sumrin var fjörðurinn fullur af bátum, alveg út undir nes, það var gaman að horfa á þetta stundum, ég tala ekki um þegar þeir voru farnir að

NOKKUR ORÐ UM AÐ SOFA HEIMA HJÁ SÉR

róa á haustin, þá var einn sem að kveikti á blysi þegar mátti fara af stað og svo var bara dömb, dömb, dömb, dömb, dömb, maður var bara að hlusta á þetta lengi.“

Svona hafði þetta verið árið 1930. Og þessi maður átti eftir að ná til mín. Speki hans hafði ekki lekið burt þótt hann sæti eftir. Hann var hlýr og vitur og vænn og góður og þegar augun hans voru ekki lengur gömul heldur ljómuðu við minninguna um konuna hans látnu, kvöldsólina og allt fjörið á síldarplönunum fór ég að heyra tónlist, dálítið svipaða þeirri sem alltaf var spiluð undir spaghettivestrunum í sjónvarpinu í gamla daga. Og kannski er sitthvað líkt með Siglufirði fortíðarinnar og Villta vestrinu. Á báðum stöðum gildi átakið, aflsmunurinn, að grípa tækifærin og gera úr þeim verðmæti en láta allar stórar spurningar bíða betri tíma. Útróðraheimurinn var ekki rómantíkin ein, ekki bara kvöldsól og dömbdömbdömb, heldur líka lífshætta. Og í landi kostaði meira harðræði, meira blóð, svita og tár að gera síldina klára en nútímamenn ímynda sér. Það kostaði villimennsku á köflum, ekki fór mikið fyrir síðmenningunni í síldinni þegar mest gekk á. Þetta á ég allt eftir að fræðast betur um á næstu dögum.

Hér verður ekki fjallað um atvinnulausar síldarstúlkur sem seldu blíðu sína í hallærum fyrir eitt brauð þegar hungrið var að drepa þær (Benedikt Sigurðsson, 1990). Hér verður ekki heldur fjallað um álagseinkenni eins og hvernig fólkið í síldinni neyddist til að ganga örna sinna í miðri verkun. Öldungarnir sem ég á eftir að ræða við í dag munu edlilega öngvar slíkar sögur segja heldur svona fremur leggja áherslu á hið jákvæða. Okkur hættir til þess þegar við tölum við fólk. Værum við ekki annars bara leiðinleg? Öldungarnir eiga eftir að tönnlast á sögum um vinnu, vinnu og aftur vinnu. Þeir eiga eftir að lýsa því hvernig launin hafi ekki verið aðalatriðið í allri þessari vinnu heldur fyrst og fremst það að hafa eitthvað fyrir stafni, „...hafa ekki þessa umkomuleysistilfinningu að maður komi hvergi að gagni og sé hvergi nothæfur sem slíkur,“ eins og einn þeirra orðar það.

Sumir segja Siglufjörð þröngan fjörð, sjálfum finnst mér það nú fremur þar sem ég stend á bryggjunni og mæni upp í fjöllin, á bústað tröllanna, hverra búið er að hneppa í spennitreyju. Snjóflóðagardar strengjast um brjóst þeirra, gardar sem eru til vitnis um hve allt hefur breyst hratt á undraskömmum tíma. Siglufirðingar voru í gamla daga ekki hræddir við neitt, hvorki sjóinn, snjóinn, né fjöllin, öldungarnir eiga sumir seinna í dag eftir að hrista hausinn og fussa og sveia yfir varnargörðunum í mín eyru, þeir höfðu vanist öllu, líka hættunum, öllu má venjast svo gott þyki. Ég á eftir að tala við fólk sem hefur dvalið á Siglufirði í níu áratugi en ólst þó upp annars staðar. Ég á eftir að tala við konu sem finnst fjöllin ekki þrengja að sér, ekki í samiburði við dalinn hennar, fæðingarstaðinn, fyrir henni er vítt til veggja og hátt til lofts á Siglufirði og veröld hennar sprettur upp af þessum tveimur stöðum aðeins. Kannski er það ein ástæða þess að henni hefur aldrei dottið í hug að fara. Kannski flyst sá síður frá Siglufirði sem engan aðgang hefur að internetinu og hefur aldrei ferðast neitt en hinn sem fer í hnattreisu á hverju ári, rafræna að minnsta kosti. Þar komum við að nægjusteminni sem reynist hér eitt leiðarstefið: „Mér fannst ég aldrei einangruð, aldrei, aldrei, aldrei,“ segir öldungur og heldur áfram við hannyrðirnar.

Það á eftir að koma í ljós að gamlingjarnir sem ég ræði við eru tregir til ferðalaga, bæði hér og í Ólafsfirði. Kannski finnst þeim nóg að horfa upp í fjöllin sín, í fjöllunum er samspil ljóss og skugga síbreytilegt og fannirnar ólíkar dag frá degi. Ég á eftir að tala við fólk sem hefur aldrei komið til útlanda, hvað ætti það að sækja þangað, mun það spyrja í forundran. Ég á eftir að tala við fólk sem hefur komið aðeins einu sinni til Reykjavíkur eða bara tvisvar til Akureyrar. Ég á eftir að tala við fólk sem finnst að það taki of langan tíma að kynnast Eyfirðingum til að það borgi sig og ég á eftir að tala við fólk sem trúir að höfuðborgarsvæðið sé vondur staður. Fálæti borgarbúa gagnvart náunganum er verst, finnst þeim. Kannski eru aldurshöfðingjar Siglufjarðar eins og snýttir út úr nösum Karls Marx, þeir segja að lífið í Reykjavík beri keim af

tómlæti, að íbúarnir þar hljóti að vera illa rættir og undarlega settir, eins og Jón Helgason komst að orði í sonnettu sinni. Marx hefði sagt að eins og í öllum öðrum borgum væru Reykjavíkingar firrtir náttúrunni, umhverfi sínu, framleiðslu, edli. Og Siglfirðingarnir sem virðast fylgja Marx að málum (án þess endilega að vita það sjálfir) segja að aldrei komi til greina að flytjast til Reykjavíkur, ekki þótt þeir fengju borgað fyrir það. „Ég myndi ekki reka út úr mér tunguna fyrir sunnan af hættu við að henni yrði stolið,“ segir kona ein. Og annar frá Ólafsfirði orðar það þannig að hann myndi frekar vilja „fara alveg“ en fara til Reykjavíkur. Á hinn bóginn viðurkennir einstaka maður að ekki hafi alltaf allt verið til fyrirmyndar í plássunum á Tröllaskaga. Einn aldurshöfðinginn á eftir að lýsa muninum á Reykjavík og Ólafsfirði þannig um miðja síðustu öld: „Hér óð maður upp í hné í drullu og slori meðan maður var bara á blankskónum á Reykjavíkursvæðinu.“

Ég er ekki á blankskóm heldur strigaskóm og nú vill svo til að það hefur losnað skóreim vinstra megin. Ég krýp á bryggjunni sem geymir býsna marga báta en er þó mannlaus fyrir utan tvo jálka sem eru að dytta að skammt frá. Hnýti skóþveng minn fyrir átökin. Hreinsa hugann og bý mig undir orrustuna við öldungana. Ber hafnaraðstöðuna saman við myndir sem ég hef skoðað af svæðinu hér þegar allt flaut í silfraða smáfiskinum. Þegar mest gekk á var 21 síldarsöltunarstöð í bænum. Í Siglufirði var ríkisrekin stóriðja, allt að 800 störf tengdust síld á einn eða annan hátt. Einn öldunganna orðar það þannig: „Ég get nefnt að það var ekki óalgengt þegar börn voru búin með þetta skyldunám, að ef það var hægt að koma þér í góða vinnu, það er að segja hjá stóriðjunni, ríkinu, þá varstu hólpinn. Það var nú ekkert flóknara en það.“

En Adam var ekki endalaust hólpinn í Paradís. Það hafði sína kosti en líka sína galla að nánast allir Siglfirðingar höfðu bara einn vinnuveitanda, ríkið. Þegar síldin hvarf brást ríkið við einsog flugmóðurskip, segja heimamennirnir, það tók skipið óratíma að venda og gera nýja siglingaráætlun. Einhæfni atvinnulífsins hafði verið allt of mikil. Menn höfðu sett öll egginn sín í sömu körfu og við tók langvinn kreppa þar sem tilraunir til úrbóta virðast örvæntingarfullar sumar. Einn íbúinn reyndi að framleiða viskí til að fylla upp í svartholið sem síldartorfurnar skildu eftir. Framleiðslan hlaut nafnið Friðjónsson viskí sem er náttúrlega ágætis nafn á viskí en eigi að síður var viskíframleiðslunni hætt eftir tiltölulega skamman tíma. Og aldráðir Siglfirðingar eru eftir þetta brölt allt saman ekki hrifnir af stóriðjum almennt. Einn segir: „Menn tala mikið um stóriðju en ég held að ef menn skoði stöðu hennar, bæði héraðs og erlendis, að þá sjái menn að stóriðjan er hér vegna eigin hagsmuna, hér eru þeir vegna þess að þeir hafa hag af því, þeir hafa farið frá öðrum stöðum þar sem er fjárhagslega of dýrt fyrir þá að vera.“

Annar siglfirskur héraðshöfðingi orðar það svona: „Það má í raun segja að það hafi verið ólán að Síldarverksmiðjur ríkisins voru hér allt í öllu án þess að taka að sér að sjá sínu fólki fyrir atvinnu eins og viðunandi væri.“

Hrunið 2008 er barnaleikur miðað við það sem Siglfirðingar þurftu að ganga í gegnum eftir að síldin hvarf. Vofa atvinnuleysis lagðist yfir plássið. Áður höfðu verið of fáar hendur til að vinna störfín. Nú voru engin störf til fyrir allar hendurnar. Sumir unnu upp á von og óvon, óvissir um hvort þeir bæru laun úr bítum. „Það var einu sinni lítið að gera og það kemur bátur með fullfermi, togari með fullfermi af saltfiski af Grænlandsmiðum. Ég hugsa að það hafi verið tuttugu á bryggjunni að reyna að fá vinnu en svo minnkaði hópurinn svolítið en svo stóð ég svona á kantinum og þá segir einhver: Stökktu um borð og fáðu þér vinnu og ég gerði það og ég var munstraður eins og hinir um kvöldið, ég reyndi að vinna eins og ég gat, ég hafði ekki hugmynd um hver sagði þetta.“ Svona er ein hetjusagan.

NOKKUR ORÐ UM AÐ SOFA HEIMA HJÁ SÉR

Þessi sama hvunndagshetja svarar þannig þegar ég spyr hvers vegna sumir hafi farið en aðrir setið eftir að loknu síldarævintýrinu: „Ja, það er bara, að þeir sem vildu eignast meira, þeir fóru.“

Hann þurfti ekki meira og því fór hann hvergi. Nú fjölgar mávunum yfir höfði mér, einn lætur dritklessu mikla vaða, ég næ með fimi að víkja mér undan sendingunni. Mér verður hugsað til allra minnisvarða sóðaskaparins sem stóðu árum saman á Siglufirði, líkt og fólki til viðvörunar, löngu eftir að ævintýrinu lauk. Siglufjörður varð frægur staður fyrir niðurníðslu. „...manni fannst alveg rosalegt að sjá hvernig þetta grotnaði niður hérna eftir síldarárin. En þessir eigendur sem svo voru, þeir bara yfirgáfu þetta og létu mannvirkin drabbast niður. Hér varð eftir fullt af drasli og það fannst mér ömurlegt alla tíð að sjá hvernig þetta fór.“ Segir einn.

Heimamenn eiga sem sagt eftir að skella skuldinni á þá sem áttu útgerðirnar. En í dag er löngu búíð að taka til og Siglufirðingar sjá aukin tækifæri í ferðaþjónustu, tækifæri sem tengjast sögunni. Þeir hafa áður þurft að kúvenda. Saga uppgangs og hnignunar í bænum er saga endalausra breytinga, endalausra öfga. Annað hvort var allt í botni eða steindautt.

Loks eru klukkuvísarnir á réttum stað og leið mín liggur á dvalarheimilið í bænum. Í skjóðu geymi ég forlata upptökutæki sem mér er sagt að sé svo næmt að sérhver andardráttur heyrir. Tækið á eftir að skrá sögu margra heiðurskvenna á Tröllaskaga, hvernig þær sjá sitt eigið líf. Karlarnir munu aftur á móti vilja tala meira um samfélagið en eigið líf. Flestir þeirra að minnsta kosti.

Hinir öldruðu íbúar taka mér allir vel, sem og starfsfólkið í Skálarhlíð. Reynist enginn munur á gestrisni milli íbúða. Öldungarnir bjóða ekki bara uppá kaffi heldur eru niðursoðnir ávextir líka í boði, suðusúkkulaði og ég veit ekki hvað og hvað. Ég spyr í hálfkæringi hvort lúxusinn sé samræmdur á Siglufirði. Er svarað án nokkurs hálfkærings að fólki í bænum hafi snemma verið kennt að ganga í takt. Siglufjörður sé vagma verkalýðsbaráttunnar á Íslandi. Þegar kom að nýjum kjarasamningum hafi Reykvíkingar og aðrir landsmenn samið að fyrirmynd Siglufirðinga, heimamenn hafi brotið brimið fyrir aðra. Og þeir gömlu ganga enn í takt, jafnt í suðusúkkulaðinu sem öðru. Þeir sem eftir sitja. En hvað þá um þá sem ekki vildu ganga í takt? Neyddust þeir til að fara? Var helstu kapítalístunum kannski ekki vært í bæ sem þessum, pössuðu kapítalístarnir betur inn í pláss eins og Ólafsfjörð? Ég minnst sagna af inútum en í þeirra samfélagi tíðkast að veiðimaðurinn deili bráð sinni með öllum í samfélaginu, annars er hann útskúfaður. Voru Siglufirðingar þannig? Var það skylda þeirra að deila, voru þeir annars útskúfaðir? Kratar og kommúnistar voru sterkir á Siglufirði, þurrkaðist bærinn kannski upp af kapítalístum? Hvað gerir bær án kapítalista, vantar hann frumkvæði, vantar hann hvata til að græða? Voru kapítalístarnir á hinn bóginn aðeins of margir í Ólafsfirðingum? Þeir eiga eftir að segja mér Ólafsfirðingarnir (þar sem sjálfstæðismenn réðu meirihlutanum áratugum saman) að ástæðan fyrir fólksfækkuninni þar hafi ekki síst verið sú að eigendur aflaheimildanna seldu þær úr bænum, hugsuðu um eigin hag en ekki þorpsins. Er það kapítalismi græðginnar? Eru kapítalistar og kommúnistar kannski best geymdir í einni sæng, hlið við hlið í íbúðahverfunum? Þarf að vera jafnvægi í þessu líkt og öðru?

Áfram líður dagurinn og lífshættan ýmist eykst eða dvínar, veltur á viðmælanda og skapi og eiginleikum spyrils. Ég spyr um uppvöxt öldunganna og í ljós kemur að furðu margir þeirra voru á vergangi í bernsku. Þeir lærðu snemma að bæla tilfinningar sínar. Má draga einhvern lærdóm af því? Við ræðum landið, sjóinn, fjöllin og himininn. Einangrunina, rof einangrunarinnar, vegabæturnar, Strákagöngin, Lágheiðina. Jújú, svo sem, segja þeir en samt er eins og að þeir telji að fyrrnefndar samgöngubyltingar hafi ekki skipt sköpum. Ekki fyrir þá sjálfa. Ein spurningin er hvort Siglufirðingar séu þannig þenkjandi sem „hópur“ að ferðalög skipti þá almennt litlu máli eða þá hvort rétt sé að snúa spurningunni við og spyrja hvort

samgöngurnar hafi verið svo erfiðar fyrir Siglfirðinga í árána rás að þess vegna leggi þeir ennþá lítið upp úr því að hreyfa sig milli svæða. Það er að segja þeir sem enn sitja eftir. Kannski liggur einhvers staðar dulið svar við dálítilli kenningu. En svo höfðu þeir náttúrlega töfraskipið Drang sem sá Siglfirðingum og Ólafsfirðingum fyrir léttum vistum og afþreyingu. „Drangur fékk aldrei veður,“ segir gömul kona. Undraferjan sú skilaði ávallt af sér mjólk og dagblöðum og öllu því sem íbúarnir þurftu á að halda. Tvisvar í viku. Það var nóg.

Svo koma sögurnar. Allar stuttu mannlífssögurnar sem þó vísa sumar hverjar út fyrir sig, dæmisögurnar. Kunnuglegt þema er nægjusemin eins og fyrr er getið. Hún er eiginlega rauður þráður. Nægjusemi í mat og drykk, nægjusemi í vinnu. Nóg var að hafa einhverja atvinnu, ekki skipti máli við hvað maður vann, segir gamla fólk. Sögurnar endurspeglar nægjusemi í búsetu og nægjusemi í afþreyingu. Sá sem hefur búið á tveimur stöðum er sigldur á mælikvarða þessa gamla fólks. Einn bjó í Fljótum áður en hann kom til Siglufjarðar og mælir nokkuð drýgindalega en í fullri alvöru: „Þannig að þú sérð að ég er búinn að fara víða.“ Ég spyr hvort hann hafi aldrei langað að flytja til Reykjavíkur, en hann neitar því með útskýringu um að það hafi alltaf „verið nóg“. Með því á hann við að það hafi verið nóg heima að bíta og brenna og sá sem ekki þurfti að ferðast vegna hungurs hafði í hans huga enga ástæðu til að ferðast.

Fleiri sögur, litlar sögur, stórar sögur, frásögn konunnar sem sagðist aldrei hafa passað inn í samfélagið en samt hafði hún lifað í því í hartnær hundrað ár. Hún gat ekki eignast börn og harmaði það alla tíð. Var betra að eignast aldrei barn eða að missa barn? Hún vissi það ekki, hafði bara prófað annað. Hallaðist þó að því að skárri væri að eignast aldrei neitt en að missa allt. Ég var eins og tröllabarn á meðal manna, sagði hún, kannski var hún sammála George Simmel (1858-1918) sem taldi að það að vera útlendingur væri sérstakt samskiptaform. Jafnvel á Siglufirði. Sjálfur var Simmel *outsider* allt sitt líf, eins og konan, mörg okkar eru það og kannski sum án þess að átta okkur á því. Fleiri sögur. Ást og virðing. Maður þarf hins vegar að grafa stundum undir yfirborðið til að finna tilfinningarnar. Ekki síst hjá körlunum. Ég fæ að heyra af konu sem gat látið öll óþæg börn hlýða. Það var dálítið mikilvægt löngu fyrir tíma rítalíns. Svo er athyglisvert að tala við konuna sem eldar enn mat handa tengdasyni sínum þótt hún sé komin á elliheimili. Félagsfræðingurinn Dahlström hefði sagt að eldamennska konunnar á elliheimilinu gæti verið dæmi um að konur þurfi sífellt að vera að í dreifbýlinu. Hlutskipti þeirra sé erfiðara en karlanna þar sem atvinnulífið, tómsundur og annað sé sniðið að heimi karlanna. Þess vegna fari þær frekar. En ég gat ekki séð betur en að hádegisverðarboðin væru æskileg og tilhlökkun bundin því að fá enn gesti í mat. Hjá þessari konu.

En hvað með Héðinsfjarðargöngin? Hverju breyta nýju göngin? „Öllu,“ segir einn. „Litlu“, svarar annar. „Engu,“ segir sá þriðji. Flestir eru sammála um að göngin muni þýða aukna umferð til bæjarins, en að það muni ekki endilega treysta heilsársbúsetu. Gæti allt eins þróast í hina áttina. Tíminn einn hefur svarið. En gaman að heyra spekuleringarnar.

Dagurinn flýgur áfram og eru flestir fúsir að svara misgáfulegum spurningum. En ég tala líka við öldunga sem eru eins og siglfirski stálið í hamraveggjunum. Kostuleg er viðureignin milli mín og þess sem hefur svo mikla sögu að segja af langri ævi en ætlar bara að geyma hana fyrir sig. Ég steyti hvað eftir annað á skeri í spurningum mínum, eins atkvæðis orð eru nánast það helsta sem ég get vænst. Gildir þá einu þótt ég þrástagsist á að nafnleysi viðmælenda sé tryggt. Það er ekki fyrr en ég slekk á upptökutækinu og þakka vonsvikinn fyrir mig að glettnisglampi kviknar í hundrað ára gömlum augum og viðmælandi segir: „Þú ætlar ekkert að reyna að pumpa meir upp úr mér?“

Svona er húmorinn. Hann fer ekkert endilega þótt maður sé orðinn hundrað ára, enda lífið og tilveran algjört grín ef út í það er farið og mikilvægast kannski bara að taka ekki sjálfan sig of alvarlega í þeim farsa öllum. Síðust á mælendaskrá í dag er kona úti í bæ. Hún er í hópi þeirra

NOKKUR ORÐ UM AÐ SOFA HEIMA HJÁ SÉR

sem tala ekki frá sér vitið, en á þó eitt tilsvor sem fær mig til að sjá flókinn hlut með einföldum augum. „Ég vildi bara sofa heima hjá mér,“ segir hún þegar ég spyr hvers vegna hún hafi orðið eftir. Það var ekki flóknara en það og gilti þá einu þótt vinirnir, skyldmennin og allt hennar nánasta fólk hafi flúið burt frá Siglufirði. Kannski er það hinn stærsti sannleikur sem ég á eftir að finna í dag – þótt hann láti lítið yfir sér.

Deגי hallar, gott í bili. Upptökutækið fullt af gössi sem allskonar fræðingar, sérmenntaðir á sviði félagsvísinda, eiga eftir að vinna ítarlega úr. Engir mávar reyna nú að skíta á hausinn á mér heldur syngur hún fyrir mig sólskrikjan og allt er einhvern veginn breytt síðan í morgun. Ég fer að velta fyrir mér að sennilega sé ég nú bara nauðalíkur honum Sigurði rafvirkja, ætli það ekki bara hreint. Og með það lyftist ég í sporinu í átt að miðbænum. Hægi þó brátt á mér og skoða í nokkra búðarglugga. Hér eru furður. Hvernig stendur á því að í svo fámennum bæ skuli enn vera svo margvísleg og fjölbreytt þjónusta í boði eftir allt sem á undan er gengið? Hvernig bera ellefuhundruð sálir allt þetta? Þarna er bakarí sem stillir út glænýjum brauðum og ilmandi kökum. Svo hefur mér verið sagt að hér sé fínasta sundlaug en nú sé ég að í þessum bæ er ekki bara sundlaug heldur líka efnalaug! Reyndar er hún ekki opin nema brot úr degi en mér er alveg sama, er ekki spes að í 1100 manna bæ skuli bæði vera efnalaug og fatahreinsun? Skyldi mega þakka það einangruninni? Hvernig mun fara fyrir efnalauginni eftir Héðinsfjarðargöng? Eða er ég á villigötum? Er efnalaugin hér enn við lýði burtséð frá öllum samgöngum, einfaldlega vegna þess hve heimamenn hafa ríka hefð á bak við sig í að spássera um í sparifötunum? Í gamla daga fóru þeir í sparifötin á vetrum og lögðust í félagslífið af fullum þunga. Kannski geta þeir núna verið í sparifötum allan ársins hring eftir að síldin fór. Það truflar þá ekki slorið núna. Kannski er efnalaugin ennþá til vegna hins rómaða félagslífs sem enn er haldið við lýði. Ég hef tekið eftir að öll börn leika sér saman hér, allt frá fjögurra ára og upp í fimmtán. Kannski eru allir í einhverju klúbba- og félagastarfi. Nema tröllabarnið. Sú sem líkist Simmel.

Ramminn sér fólki á Siglufirði enn fyrir fiski og störfum og strandveiðar eru í sókn eins og víðar. Það er í sjálfu sér ekki sjálfgefið lengur að stundun sé sjósókn í sjávarbyggðum en mikið kemur á óvart að sjá fiskbúð standa ekki ýkja langt frá bakaríinu. Fiskbúðin er opnuð hvern morgun í rauðabýtið. Ég væri þakklátur fyrir svo góða þjónustu heima hjá mér. Árum saman var engin fiskbúð starfrækt á Akureyri, en Siglufirðingar kaupa enn fisk úr búðinni sinni og eru þó u.þ.b. fimmtán sinnum færri en Akureyringar.

En næst er sturta. Svo út að borða. Ég stilli mér upp við barinn og litast um meðan ég bíð eftir þjónustu. Þarna er ekkert góðari í hillunum, varla flösku að sjá. Bíð við barinn mínútum saman. Er ég sjálfur farinn að bíða eftir Godot? Ræski mig svo undir tekur í fjöllunum og þá loks birtist drengur á stuttermá bol. Hann lítur út fyrir að vera á grunnskólaaldri en spyr eins og fullorðinn maður hvort ég vilji matseðil. Ég segir já, renni yfir matseðilinn og ákveð að taka enga sénsa heldur bara hamborgara. Drengnum virðist létt. En þegar ég spyr hvort hægt sé að fá „ís með einhverju“ í eftirrétt fölnar hann. „Bíddu, ég skal sjá til.“ Hverfur svo.

Ég sest niður með glósur dagsins, sest niður með söguna um drenginn sem vildi frekar vera hundur en barn, af því að honum var sagt að bíða heima meðan foreldrarnir voru að vinna. Þær voru langar tarnirnar og sum börn sáu lítið af foreldrum sínum vikum saman þegar mest gekk á. Hundarnir voru hins vegar frjálisir, léku sér úti í sólinni og voru engum háðir. Raunaleg saga. Ég held áfram í minnispunktunum en ber hóflegar væntingar í brjósti um kvöldmatinn, enda hefur það runnið upp fyrir mér að litli dagnaðarforkurinn í eldhúsinu er ekki bara þjónn og dyravörður heldur líka kokkur. Svo kemur hamborgarinn og er svona eins og við má búast. En það ætlar að dragast að ég fái ísinn. Ég er að verða búinn að skrifa út öll blöð þegar ég heyri þann stutta tala í símann og skömmu síðar greini ég hvernig bakdyr opnast frá eldhúsinu, kvenrödd og hrærivél sem fer í gang.

BJÖRN ÞORLÁKSSON

Nokkrum mínútum síðar færir drengurinn mér ís í fallettri skál. Ekkert stjörnuljós (eins og ég var farinn að sjá fyrir mér) en með ísnum fylgir bæði þeyttur rjómi og karamellusósa. Þetta er sem sagt: Ís með einhverju eins og um var beðið og karamellusósan er hreinlega sú besta sem ég hef smakkað útá ís. Ég lofa eftirréttinn og sé andlit hins unga vinar míns ljóma. Hann hefur fylgst með mér úr fjarska frá barnum síðan ég fékk ísinn og er greinilega ánægður með að ég skuli vera ánægður. Svona gera þeir þetta, Siglfirðingarnir, þeir sögðu mér frá því fyrr í dag. Hjálpast að við að leysa verkefni, jafnvel þótt verkefni séu færri og minni í sniðum í dag en stundum fyrr. Eftir nokkra daga mun ég taka viðtal við síldarstúlku sem hafði mætt á síldarplanið á morgnana aðeins sex ára til að hjálpa mömmu sinni. Það er dálítið gróft eins og Ísland var allt á þessum tíma en í þessum bæjum hefur fram til dagsins í dag þótt tilhlýðilegt að krakkar tækju þátt í störfum samfélagsins. Eins og einn öldungurinn orðar það: „Ég held að fólk svona í mínum aldursflokki að það herna sé allt sammála um að það skaði ekki unglínga að taka þátt, að hjálpa til í sambandi við það sem þarf að gera á heimilum og í umhverfinu og það er oft bara til bóta að þeir vinni svona með sínum frítíma.“

Ungi veitingamaðurinn hefur lokið sinni vakt. Í kvöld hefur hann ekki bara haldið uppi merkjum siglfirskrar ferðaþjónustu heldur hefur hann einnig þurft að takast á við sjálfan sig, átta sig á takmörkunum sínum, deila ábyrgðinni, kalla út sérfræðinginn þegar upp kom akútstaða, „ís með einhverju“, það á eftir að verða mikið úr þessum strák, kannski er hann efni í fengsælan skipstjóra. Kannski síldarskipstjóra? Hver veit nema hún komi aftur? Konan sem svaraði kalli hans er kannski dæmigerður siglfirskur kvenmaður, kannski kona eins og Dahlström skrifar um, kona sem alltaf er á vaktinni. Þar sem fólk er alltaf á vakt er enginn einn, þannig er Siglufjörður, segir mér gömul kona: “Ef þú missir vasaklút á gólfíð, á götuna, þá myndi næsti maður rétta þér hann.“

Á heimleiðinni til Akureyrar daginn eftir, þegar ég er búinn að fylla höfuðið og upptökutækið af enn fleiri viðtölum, fer það eins og elding um hugann að fram til þessa hef ég ekki á fundið á Siglfirði nein sérstök ummerki um blessaðan spekilekann. Kannski er enginn spekileki hér. Kannski leggjum við bara mismikið upp úr því að fá að sofa heima hjá okkur...

Heimildir

Benedikt Sigurðsson. 1990 *Braudstrit og barátta* – Úr sögu byggðar og verkalýðshreyfingar á Siglfirði. Myllu Kobbí

Birgir Sigurðsson. 1992 *Svartur sjór af síld*. Forlagið: Reykjavík.

Dahlström. M 1996. Young Women in a Male Periphery – Experiences from the Scandinavian North. *Journal of Rural Studies*, 12, 259-271.

Garðar Gíslason. 1998. *Félagsfræði I: einstaklingur og samfélag*. Mál og menning: Reykjavík.